Dómar Félagsdóms
1943-1947

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Gallar á bls. XXII, XXIV, 29, 74, 77-78, 122, 132, 146, 165, og 175.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

II. BINDI

1943—1947

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR

REYKJAVÍK — 1948

Verkamannasamband
Íslands

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

II. BINDI

1943—1947

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1948

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Verkamannasamband Íslands

Félagsdómur, verkefni hans og skipun.

Með lögum nr. 16 frá 26. febrúar 1943 um orlof, voru mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim lögum lögð undir Félagsdóm og gengu dómar í nokkrum orlofsmálum, en með lögum nr. 29 frá 12. febrúar 1945 voru mál þessi látin sæta almennri meðferð einkamála.

Í ársbyrjun 1943 áttu þessir menn sæti í Félagsdómi.
Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, forseti dómsins,
Gunnlaugur E. Briem, stjórnarráðsfulltrúi,
Kristján Kristjánsson, fulltrúi,
Sigurjón Á. Ólafsson, alþingismaður, og
Jón Ásbjörnsson, hæstaréttarlögmaður.

Varamenn voru:
Ísleifur Árnason, prófessor,
Sigtryggur Klemenzson, cand. jur.,
Björn Steffensen, endurskoðandi,
Sigurgeir Sigurjónsson, hæstaréttarlögmaður, og
Sigurjón Jónsson, fyrrv. útibússtjóri.

Í septembermánuði 1944 voru þessir menn nefndir í dóminn til þriggja ára:

Af Hæstarétti:
Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, forseti dómsins,
Gunnlaugur E. Briem, stjórnarráðsfulltrúi.

Til vara:
Ísleifur Árnason, prófessor, og
Sigtryggur Klemenzson, cand. juris.

Af félagsmálaráðherra:
Árni Tryggvason, borgardómari.

Til vara:
Einar Arnalds, fulltrúi.

Af Alþýðusambandi Íslands:
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.

Til vara:
Þorsteinn Pétursson, ritari.

Af Vinnuveitendafélagi Íslands:
Jón Ásbjörnsson, hæstaréttarlögmaður.

Til vara:
Sigurjón Jónsson, fyrrv. útibússtjóri.

Í aprílmánuði 1945 voru þeir Árni Tryggvason, borgardómari, og Jón Ásbjörnsson, hæstaréttarlögmaður, skipaðir dómarar í Hæstarétti og hættu þeir þá störfum í Félagsdómi. Félagsmálaráðherra nefndi þá Ísleif Árnason, prófessor, til setu í dóminum í stað Árna Tryggvasonar, en Hæstiréttur nefndi Ragnar Jónsson, settan sakadómara, sem varamann í stað Ísleifs Árnasonar. Í stað Jóns Ásbjörnssonar nefndi Vinnuveitendafélag Íslands Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmann.

Í október 1947 voru þessir menn nefndir til setu í Félagsdómi til þriggja ára:

Af Hæstarétti:
Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, forseti dómsins, og
Gunnlaugur E. Briem, skrifstofustjóri.

Til vara:
Ragnar Jónsson, hæstaréttarlögmaður, og
Sigtryggur Klemenzson, cand. juris.

Af félagsmálaráðherra:
Ísleifur Árnason, prófessor.

Til vara:
Einar Arnalds, borgardómari.

Af Alþýðusambandi Íslands:
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.

Til vara:
Þorsteinn Pétursson, ritari.

Af Vinnuveitendafélagi Íslands:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.

Til vara:
Sigurjón Jónsson, fyrrv. útibússtjóri.

Registur

við dóma Félagsdóms (II. bindi) ásamt skrá yfir málsaðilja og lög, sem vitnað er til í þessu bindi dómanna.

I. Nafnaskrá.

Bls.

Alliance, hlutafélag 5
Alþýðusamband Íslands 47, 48, 56, 81, 88
Ásgeir Bergsson 143, 145, 150
Atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs 33
Axel Sveinsson 14
Ástþór Matthíasson 172, 180
Baldur, verklýðsfélag 9, 44
Bergur Eiríksson 143, 145, 150
Bergþór Baldvinsson 146
Bifreiðastjórafélagið Hreyfill 138
Bjarni Þorsteinsson 55, 110
Dagsbrún, verkamannafélag 14, 53, 66, 70, 73, 107, 115, 119, 122, 134
Djúpavík, hlutafélag 12
Eimskipafélag Íslands, hlutafélag 163, 170
Einar Sigurðsson 172, 180
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda 5, 110
Félag íslenzkra hljóðfæraleikara 19
Félag íslenzkra iðnrekenda 31, 41, 63, 66
Félag kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum 153
Finnbogi Guðmundsson 26, 56, 95, 115
Friðrik Guðjónsson 37
Hanníbal Einarsson 37
Haraldur Böðvarsson & Co. 129
Hlíf, verkamannafélag 26, 27, 95, 99, 103, 184
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja 159
Hrafnaflóki, hlutafélag 55, 110
Hreyfill, bifreiðastjórafélag 138
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík 31, 41, 63
Ísfélag Vestmannaeyja, hlutafélag 172, 180
Jenni Jónsson 138
Jóhann Sigurður Jónsson 143, 145, 150
Jóhannes Jósefsson 19
Jökull, verklýðsfélag 142
Kristján Steindórsson 138
Læknafélag Reykjavíkur 125

Bls.
Magnús Guðbjartsson 172, 180
Miðnes, hlutafélag 27, 88, 103, 122
Niðursuðuverksmiðja S.Í.F. 63
Ríkissjóður 33
Ríkisstjórn Íslands 47, 48
Síldarverksmiðjur ríkisins 28, 186
Shell á Íslandi, hlutafélag 73
Sjómannadeild Verklýðsfélags Akraness 129
Sjómannafélag Ísafjarðar 37
Sjómannafélag Hafnarfjarðar 55, 110
Sjómannafélag Reykjavíkur 5, 163, 170
Sjúkrasamlag Reykjavíkur 125
Skipaafgreiðsla Ólafsfjarðar 142
Skipaútgerð ríkisins 1, 188
Stáltunnugerð J. B. Péturssonar 66
Steindór Einarsson 138
Útvegsmannafélag Norðfjarðar 143, 145, 150
Vélstjórafélag Íslands 1, 188
Vélstjórafélag Vestmannaeyja 159, 172, 180
Verklýðsfélag Árneshrepps 12
Verklýðsfélag Norðfirðinga 143, 145, 150
Verklýðsfélag Svalbarðsstrandar 33
Verkalýðsfélag Akraness, sjómannadeild 129
Verkalýðsfélag Akureyrar 146
Verkalýðsfélagið Baldur 9, 44
Verkalýðsfélagið Jökull 142
Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða og Miðneshrepps 56, 81, 88
Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar 146, 174
Verkamannafélagið Dagsbrún 14, 53, 66, 70, 73, 107, 115, 119, 122, 134
Verkamannafélagið Hlíf 26, 27, 95, 99, 103, 184
Verkamannafélagið Þróttur 28, 186
Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga 153
Vinnuveitendafélag Akureyrar 174
Vinnuveitendafélag Ísfirðinga 9, 44
Vinnuveitendafélag Íslands 12, 53, 70, 107, 134, 184
Vinnuveitendafélag Siglufjarðar 37
Þórður Guðmundsson 27, 81, 99, 119
Þróttur, verkamannafélag 28, 186

II. Skrá

yfir lög, sem vitnað er til í II. bindi.

1930 nr. 41 19. maí. Sjómannalög.
27. gr. 130.
28. gr. 130.
32. gr. 130.
41. gr. 112..

56. gr. 171.
57. gr. 41.
1930 nr. 53 19. maí. Lög um lögskráning sjómanna.
7. gr. 61, 86, 93.
1936 nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
13. gr. 108, 109.
71. gr. 19, 67, 75.
113. gr. 61.
115. gr. 54.
120. gr. 142, 145, 173.
222. gr. 144.
1936 nr. 104 23. júní. Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum 189, 190.
1938 nr. 80 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, 21, 22, 23, 46, 50, 51, 52, 75, 76, 77, 103, 107, 121, 148, 154, 156, 157, 158.
II. kafli. 19, 24, 44, 51, 67, 69, 86, 97, 98, 99, 101, 102, 105, 106, 117, 118, 120, 121, 123, 124, 185.
1. gr. 147, 148, 149, 156, 157, 162.
2. gr. 149.
3. gr. 77, 148, 149.
5. gr. 156, 158.
6. gr. 177.
14. gr. 21, 22, 50, 51.
15. gr. 23, 24, 49, 50, 51, 52, 53, 61, 68, 69, 76, 77, 78, 80, 86, 92, 93, 97, 101, 105, 116, 117, 118, 121, 124.
16. gr. 23, 24, 61, 69, 86, 93, 97, 101, 105, 116, 117, 118, 121, 124, 185.
17. gr. 97, 101, 105, 116, 118, 120, 123, 161.
18. gr. 46, 50, 64, 65, 68, 118, 185.
22. gr. 107, 109.
28. gr. 54, 108, 109, 110, 135.
32. gr. 161.
44. gr. 8, 131.
45. gr. 55, 148, 149, 178.
56. gr. 142, 145.
69. gr. 19, 54, 61, 75, 142, 145, 172.
70. gr. 24, 62, 67, 70, 93, 118.
1943 nr. 16 26. febrúar. Lög um orlof, 125, 128, 141, 144.
1. gr. 38, 39, 40, 41, 126, 127, 128, 151, 152, 153.
2. gr. 141.
3. gr. 128.
4. gr. 38, 40, 127, 128, 151.
19. gr. 143, 144.
1944 nr. 33 17. júní. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
69. gr. 148, 149.
73. gr. 147, 148.
1945 nr. 29 12. febrúar. Lög um breyting á lögum um orlof 144.

III. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Aðgerðaleysisverkanir.
Aðild.
Aðiljaskýrslur.
Afgreiðslubann.
Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.
Áhættuþóknun.
Aldur.
Atvinnufrelsi. Sjá atvinnuréttindi.
Atvinnurekendur. Sjá vinnuveitendur.
Atvinnuréttindi.
Bifreiðar.
Dómsvald Félagsdóms.
Eftirvinna. Sjá vinnulaun.
Fastir starfsmenn.
Félagsútgerð.
Fiskveiðar. Sjá siglingar, hlutaskipti.
Forgangsréttur.
Frávísun.
Frestir.
Frídagar.
Gervismiðir.
Greiðsla.
Helgidagar. Sjá frídagar.
Hjálparmenn. Sjá verkaskipting, vélsmiðjur.
Hljóðfæraleikarar.
Hlutaskipti, sbr. kjarasamningar.
Járnsmiðir. Sjá vélsmiðjur, verkaskipting.
Kjarasamningar, sbr. hlutaskipti.
Kvittun. Sjá greiðsla.
Leiga.
Lýsisvinnsla.
Læknar.
Lögskráning.
Lög, lögskýring.
Málflutningur.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Miðlunartillögur.
Netja- og nótavinna.
Orlof, sbr. sumarleyfi.
Refsingar. Sjá sektir.
Samúðarverkföll.
Sáttanefndir. Sjá sáttasemjarar.
Sáttasemjarar.
Sáttaumleitanir. Sjá sáttasemjarar.
Sektir.
Sératkvæði.
Siglingar.
Síldarverksmiðjur. Sjá kjarasamningar, vinnulaun.
Sjómenn. Sjá siglingar, hlutaskipti.
Sjúkrasamlög.
Skaðabætur.
Stéttarfélög.
Stríðsáhættuþóknun. Sjá áhættuþóknun.
Sumarleyfi, sbr. orlof.
Trúnaðarmannaráð.
Trúnaðarmenn.
Umboð.
Uppsögn.
Úrskurðir.
Vaktaskipti. Sjá vinnulaun.
Veikindaforföll.
Vegavinna. Sjá kjarasamningar.
Vélsmiðjur.
Vélstjórar.
Venja.
Verkaskipting.
Verkbann.
Verkföll, sbr. samúðarverkföll.
Verklýðsfélög. Sjá stéttarfélög.
Verzlunarfólk.
Vinnulaun, sbr. hlutaskipti.
Vinnusamningar. Sjá kjarasamningar.
Vinnuveitendur.
Vitni.

B. Efnisskrá.

Aðgerðaleysisverkanir.

Um langt skeið hafði útgerðarmaðurinn H framkvæmt hlutaskiptasamning milli verklýðsfélagsins A og útgerðarmanna svo, að hann tók af óskiptum afla greiðslur vegna veikindaforfalla háseta. Árið 1941 mótmælir A skilningi H á samningnum, semur þó hálfu ári síðar með sama orðalagi um þetta samningsatriði, án nokkurs áskilnaðar. Þetta m. a. talið hafa firrt A möguleika til þess að geta 1944 krafizt þess, að H framkvæmdi samningsákvæði þetta á annan hátt, en hann hafði áður gert 129

Aðild.

Sambandi verklýðsfélaga stefnt til refsiábyrgðar og greiðslu skaðabóta í máli út af ólögmætu verkfalli verklýðsfélags 56, 81, 88

Í vinnudeilu milli vinnuveitandans F o. fl. annars vegar og verklýðsfélagsins G hins vegar stöðvuðust bátar, sem F gerði út, vegna ólögmætra aðgerða G. Í máli er F höfðaði á hendur G til greiðslu sekta og skaðabóta bar G fram, meðan gagnasöfnun stóð yfir, þá ástæðu sér til sýknu, að F væri ekki eigandi bátanna, og í munnlegum málflutningi bar hann fyrst fram sér til sýknu, að ekki væri sannað, að F væri útgerðarmaður bátanna. Sagt var, að ekki skipti máli um aðild F, hvort hann væri eigandi bátanna eða ekki. Hins vegar hefði hann þegar í stefnu staðhæft, að hann gerði bátana út, og þar sem G hefði ekki fyrr en svo síðla haft uppi mótmæli, og það órökstudd, gegn aðild F, yrðu þau ekki tekin til greina 56

Vinnuveitendafélag talið réttur aðili til þess að vera í fyrirsvari vegna félagsmanns þess, í máli út af ágreiningi um það, hvort kjarasamningur væri í gildi milli þessa félagsmanns og verklýðsfélags 174

Aðiljaskýrslur.

Formaður stéttarfélags lýsir yfir því, að tilgangur samþykktar, sem gerð var á félagsfundi og rétt þótti að jafna til verkfallsákvörðunar, hafi verið að koma í veg fyrir, að vinnuveitandi réði til sín færri menn, en stjórn stéttarfélagsins vildi vera láta 19

Formanni verklýðsfélags synjað um það að staðfesta fyrir dómi skýrslu um málavexti, þar sem skýrsla hans var talin brjóta í bág við fyrirmæli 28. gr. laga nr. 80/1938 109

Aðiljum gefinn kostur á að gefa ýtarlegri skýrslur 142, 145, 172

Bifreiðarstjóri, J, sem sótti bifreiðareiganda, K, til greiðslu orlofsfjár, kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína um viðskipti aðilja. Fyrirsvarsmaður K, sem samið hafði við J og annazt öll skipti við hann, kom ekki fyrir dóm til skýrslugjafar þrátt fyrir áskorun gagnaðiljans og ábending dómsins. Þetta m. a. talið styðja skýrslu J 138

Afgreiðslubann, sbr. samúðarverkföll.

Verklýðsfélagið G á Suðurnesjum átti í kaupdeilu og hóf verkfall. Verklýðsfélagið D í Reykjavík samþykkti þá að afgreiða ekki báta né bíla þeirra vinnuveitenda, er í verkfallinu áttu. Vinnuveitandinn F átti vöru í skipaafgreiðslunni S. Stjórn D ritaði S, að öll afgreiðsla á vörum til F væri óheimil og bannaði félagsmönnum sínum í þjónustu S að afgreiða eða vísa á vörur F, þó að hann léti sækja þær. Talið var, að þetta hefði valdið því, að F fékk ekki vöru sína, og var dæmt, að hér hefði verið um að ræða samúðarverkfall af hálfu D 115

Verklýðsfélagið G á Suðurnesjum átti í kaupdeilu við vinnuveitendur á félagssvæðinu og hóf verkfall. Verklýðsfélögin D í Reykjavík og H í Hafnarfirði samþykktu að afgreiða ekki á sínu félagssvæði báta eða bíla þeirra vinnuveitenda, sem í verkfallinu áttu. Félögin voru sótt til sakar fyrir að hafa boðað afgreiðslubann, en þar sem ekki var sannað, að þau hefðu beitt því í verki gegn eigendum þeirra báta eða bíla, sem upp höfðu verið taldir í afgreiðslubannssamþykktinni, var ekki talið, að grundvöllur fyrir refsiábyrgð eða skaðabótaskyldu væri fyrir hendi 95, 99, 103, 119, 122

Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.

Áhættuþóknun.

Í kjarasamningi milli vélstjórafélags og útgerðarfélags var svo kveðið á, að áhættuþóknun vélstjóra skyldi vera 80 krónur á dag, þegar skipin voru í millilandasiglingum, en annars 15 krónur, nema í sumarleyfum, þá skyldi engin áhættuþóknun greiðast. Eitt af skipum félagsins var til viðgerðar í Reykjavík, sem stóð yfir í ca. þrjá mánuði, og vildu vélstjórar fá 15 krónur á dag, meðan á viðgerð stóð, en útgerðin taldi sér óskylt að greiða nokkra áhættuþóknun þann tíma. Talið var, að útgerðinni væri skylt að greiða áhættuþóknunina, þótt skipið væri í viðgerð. Hafði orðalagi eldri kjarasamnings, sem gilti þar til skömmu áður en viðgerð hófst, verið breytt. Þá var og upp komið, að vélstjórar höfðu, eftir að síðast var samið, fengið áhættuþóknun meðan á viðgerð skips stóð, án nokkurs fyrirvara af hálfu útgerðarinnar 1

Sagt að samkvæmt kjarasamningi milli sjómanna og skipafélaga eigi sjómenn að fá sömu áhættuþóknun meðan skip dvelur í erlendri höfn og þeir fá, er skip siglir milli landa, og gildi þetta jafnt, þó land það, er siglt væri til, ætti ekki lengur í ófriði 163

Aldur.

Svo var um samið í kjarasamningi, að 14—16 ára unglingar skyldu fá kr. 1.40 um klst., en fullorðnir kr. 2.10. Deila kom upp um það milli samningsaðilja, hvort unglingar á sautjánda aldursári skyldu fá hærra eða lægra kaupið. Rétt var talið, að þeir, sem náð hefðu 16 ára aldri, fengju hærra kaupið 12

Atvinnufrelsi. Sjá atvinnuréttindi.

Atvinnurekendur. Sjá vinnuveitendur.

Atvinnuréttindi.

Dæmt að forgangsréttarákvæði í samningi verklýðsfélags og vinnuveitenda sé ekki andstætt ákvæðum íslenzkra laga eða almennum reglum um rétt manna til atvinnu 146

Bifreiðar.

Samkvæmt kjarasamningi milli bílstjóradeildar verklýðsfélagsins B og vinnuveitendafélagsins V, skyldi vinnuveitendum, sem áttu vörubifreiðar, óheimilt að selja þær á leigu né taka á leigu bifreiðar, sem ekki væru í eign félagsmanna í bílstjóradeild B. Verzlunin E, sem var félagi í V, tók á leigu vörubifreið frá hlutafélaginu K, sem ekki var félagi í V. Aðeins bifreiðin sjálf var seld á leigu, en E skyldi sjá um allan reksturskostnað og viðhald og leggja til bifreiðarstjóra. B taldi, að leigumáli þessi væri ekki í samræmi við kjarasamninginn. V vildi ekki fallast á það og höfðaði mál til þess, að fá ákveðið með dómi, að E hefði verið rétt og heimilt að selja bifreiðina á leigu á þann hátt, sem gert var. Dæmt var, að skilningur V væri ekki samrýmanlegur ákvæðum kjarasamningsins 9

Bifreiðastjóradeild verklýðsfélags gerir verkfall. Verkamönnum sama félags talið vítalaust, án þess að boða samúðarverkfall, að leysa ekki af hendi flutninga, sem bifreiðarstjórarnir væru vanir að annast 44

Dæmt um rétt bifreiðarstjóra til orlofsfjár úr hendi bifreiðaeigenda 138

Dómsvald Félagsdóms.

Aðiljar máls voru sammála um, að Félagsdómur beitti heimild 3. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938 til að dæma um það, hvort vanefndir hefðu átt sér stað á ráðningarsamningi. Félagsdómur taldi ekki, eins og á stóð, rétt að beita nefndu lagaákvæði, og þar sem úrlausn þessa atriðis var ekki talin falla undir dómsvald Félagsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. sömu laga, var atriði þessu vísað frá dómi .. 5

Félagsdómur dæmir orlofsmál, sem gagnsöfnun var lokið í 30. janúar 1945, en ekki var flutt munnlega fyrr en eftir gildistöku laga nr. 29 frá 12. febrúar 1945 143

Eftirvinna. Sjá vinnulaun.

Fastir starfsmenn.

Hásetinn B var lögskráður á togarann K 12. okt. og fór á ísfiskveiðar með skipinu. Hinn 28. s. m. fór togarinn til Englands með aflann. B varð þá eftir í landi ásamt fleiri skipverjum, því skipverjar voru samkvæmt venju færri í söluferð heldur en á veiðum. Samkvæmt gildandi kjarasamningum áttu skipverjar þeir, sem eftir voru í landi, að halda mánaðarkaupi og fæðispeningum, meðan togari

væri í söluferð. B fór ekki aftur á togarann, er hann kom úr umræddri söluferð, og neitaði útgerðarmaður K að greiða B mánaðarkaup og fæðispeninga þann tíma, er K var í söluferð. Byggði hann neitun sína á því, að þeir hásetar einir, sem telja mætti fasta skipverja, þ. e. hefðu starfað á sama skipi a. m. k. tvær eða fleiri veiðiferðir, ættu rétt til nefndra gæða. Dæmt var, að réttur B til mánaðarkaups og fæðispeninga yrði ekki bundinn því skilyrði, að hann gæti talizt fastur starfsmaður, eða hefði verið lengri tíma á skipinu en eina veiðiför 5

Læknar, sem unnu samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, taldir fastir starfsmenn sjúkrasamlagsins í merkingu orlofslaganna 125

Félagsútgerð.

Í máli út af ágreiningi um skilning á ákvæði í hlutaskiptasamningi var því haldið fram af hálfu útgerðarmanns, að um félagsútgerð væri að ræða milli hans og sjómanna. Dæmt var, að hér væri aðeins að ræða um samning um kaup og kjör og væru hlutarmenn launþegar í þjónustu útgerðarmanns 129

Fiskveiðar. Sjá siglingar, hlutaskipti.

Forgangsréttur.

Stéttarfélag hljóðfæraleikara samþykkti, að félagsmönnum þess væri óheimilt að spila í hljómsveit hótelsins B, nema jafnmargir menn væru í hljómsveitinni og verið hefðu og skyldu þeir félagsmenn, sem þar hefðu verið að undanförnu, „hafa forgang“. Hóteleigandinn mótmælti lögmæti samþykktar þessarar. Dæmt var, að 14. gr. laga nr. 80/1938 heimilaði félaginu ekki að beita verkfalli, til þess að knýja fram þá kröfu, að hóteleigandinn tæki tiltekna félagsmenn þess í vinnu, því það væri réttur vinnuveitandans að ákveða, hvaða menn hann veldi til starfs úr ákveðnum flokki, ef slíkt væri ekki bundið samningum eða sérstaklega ákveðið á annan hátt 19

Verklýðsfélagið A og vinnuveitendafélag kváðu svo á í kjarasamningi, að félagsmenn í A skyldu sitja fyrir um verkamannavinnu. B, sem ekki var félagsmaður í A, krafðizt þess, að þetta forgangsréttarákvæði yrði metið ógilt. Sagt var, að krafa þessi hefði ekki stoð í íslenzkum lögum, og var hún því ekki tekin til greina 146

Frávísun.

Hásetinn B var lögskráður á togarann K þann 12. okt. og fór þá á ísfiskveiðar. Hinn 28. s. m. varð hann eftir í landi, er togarinn sigldi til útlanda með aflann. Samkvæmt kjarasamningum milli útgerðarmanna og sjómanna áttu skipverjar þeir, sem ekki sigldu með togara í sölufór, að halda kaupi og fæðispeningum meðan skipið var í söluferðinni. B var ekki ráðinn á skipið aftur, og neitaði útgerðin að greiða honum kaup og fæðispeninga meðan skipið var í söluferð, þar sem hann hefði aðeins farið eina veiðiför á skipinu. Stéttarfélag B höfðaði þá mál fyrir Félagsdómi á

hendur útgerð togarans, til greiðslu á þeirri fjárhæð, sem B taldi sig eiga hjá útgerðinni. Í málinu hafði útgerðin einnig uppi þá varnarástæðu, að B hefði, með vanefndum á ráðningarsamningi sínum, misst rétt sinn til umdeildrar fjárhæðar. Dæmt var, að B hefði átt rétt til kaups og fæðispeninga. Hins vegar var talið, að úrlausn þess, hvort B hefði vanefnt ráðningarsamninginn, heyrði ekki undir Félagsdóm samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80 1938 og var fjárkröfunni því vísað frá dómi. Höfðu þó báðir málflytjendur óskað þess, að beitt yrði hér ákvæðum 3. mgr. 44. gr. sömu laga 5

Máli vísað frá dómi vegna þess, að ekki hafði um málshöfðun verið gætt fyrirmæla 45 gr. laga nr. 80/1938 55

Varakröfu vísað frá dómi sökum þess, hve óákveðin hún var 70

Í máli út af ágreiningi um skilning á hlutaskiptasamningi krafðizt útgerðarmaður sýknu á þeim grundvelli, að um félagsútgerð væri að ræða. Sagt, að málsástæða þessi hefði leitt til frávísunar, ef hún hefði orðið tekin til greina 129

Lokið var gagnsöfnun í orlofsmáli 30. janúar 1945. Er málið skyldi flutt munnlega í marz sama ár krafðizt stefndi frávísunar á þeim grundvelli, að með lögum nr. 29 frá 12. febr. 1945 hefðu orlofsmál verið tekin undan dómsvaldi Félagsdóms. Dómurinn tók frávísunarkröfuna ekki til greina 143

Í máli út af deilu um lögmæti uppsagnar og eftirfarandi verkfalls var krafizt sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hefði ekki umboð til þess að fara með málið. Sagt að málsástæða þessi, sem ekki þótti á rökum reist, hefði átt að leiða til frávísunar 174

Frestir.

Máli frestað 26, 27, 47, 53

Synjað um frest 186

Frídagar.

Sagt, að þess séu ekki dæmi hér á landi, að verkamönnum, sem ráðnir eru fyrir ákveðið kaup um klukkustund, sé greitt kaup fyrir helgidaga þjóðkirkjunnar eða aðra frídaga, nema unnið sé þá daga eða svo um samið sérstaklega 41

Deilt um rétt sjómanna til frídaga, er skip þeirra liggur í heimahöfn 170

Gervismiðir.

Verkamenn, sem vinna sem gervismiðir, fá sumarleyfiskaup miðað við hið raunverulega kaup þeirra 14

Greiðsla.

Bifreiðarstjórinn J, sem ók bifreið K, krafðist orlofsfjár úr hendi hans. K bar fyrir sig, að J hafði í mánuði hverjum kvittað fyrir kaupi sínu svo, að í hverri kvittun stóð: „Fullnaðargreiðsla fyrir þann mánuð.“ Sannað þótti, að orlofsfé hefði ekki í raun og veru verið falið í mánaðargreiðslum þeim, er K innti af hendi, og með tilvísun til

2. mgr. 2. gr. orlofslaganna var J ekki, þrátt fyrir kvittanir þessar, talinn hafa firrt sig rétti til orlofsfjár 138

Helgidagar. Sjá frídagar.

Hjálparmenn. Sjá vélsmiðjur, sbr. verkaskipting.

Hljóðfæraleikarar.

Á fundi í félagi hljóðfæraleikara var samþykkt tillaga þess efnis, að félagsmönnum væri óheimilt að vinna á hótelinu B, nema jafnmargir hljóðfæraleikarar ynnu þar og áður hefði tíðkazt, og við sömu kjör. Enn fremur var samþykkt, að þeir hljóðfæraleikendur, sem starfað hefðu á B skyldu sitja fyrir vinnu. Vegna þessarar samþykktar fengust ekki neinir hljóðfæraleikarar til vinnu á B. Með því að ákvörðun þessi hafði ekki verið samþykkt með þeim hætti, sem tilskilið var í 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, var talið, að hér væri um ólögmætt verkfall að ræða. Auk þess var félaginu dæmt óheimilt að setja það skilyrði fyrir vinnu félagsmanna þess á hótel B, að tilteknir félagar væru teknir til vinnu þar 19

Hlutaskipti, sbr. hlutarmenn, kjarasamningar.

H var háseti á mótorskipi á síldveiðum. Samkvæmt kjarasamningi þeim, er hann var ráðinn eftir, skyldu sjómenn fá 35% af veiði skipsins. Þeir áttu að fæða sig sjálfir og leggja til salt, til þess að „salta með lausa síld í lest eða á dekk um borð í skipinu". Þetta var ekki talin hluttaka í útgerðarkostnaði af hálfu H. Sagt, að það væri venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna hér á landi, að sjómenn fæddu sig sjálfir, og yrði fæðið í þessu sambandi að teljast til sérþarfa þeirra svo sem hlífðarföt og þess háttar. Þátttaka H í saltkostnaði var hins vegar svo lítil yfir vertíðina, 4—5 krónur, að hún var ekki talin þátttaka í útgerðarkostnaði samkv. 1. gr. orlofslaganna. H voru því dæmd 4% í orlofsfé af aflahlut sínum samkvæmt 4. gr. laganna 37

Verklýðsfélagið A og útgerðarmaðurinn H deila um það, hvort vinna sem aðrir en skipverjar leysa af hendi vegna veikindaforfalla skipverja, skuli greiðast af óskiptum afla 129

Í máli þessu var því haldið fram af hálfu útgerðarmanns, að í hlutaskiptasamningnum fælist í raun og veru það, að um félagsútgerð væri að ræða milli hans og sjómanna. Dæmt var, að hlutaskiptasamningurinn væri aðeins samningur um kaup og kjör og hlutarmenn launþegar í þjónustu útgerðarmanns 129

S var háseti á mótorbát, er stundaði þorskveiðar með línu. Samkvæmt hlutaskiptasamningi þeim, sem hann var ráðinn eftir, skyldu hásetar skila bát og veiðitækjum hreinum og ganga frá veiðarfærum að loknum veiðitíma. Þetta var metið S til þátttöku í útgerðarkostnaði og fékk hann því ekki nema 2% af andvirði aflahlutar síns í orlofsfé 150

Svo var ákveðið á í samningi þessum, að hásetar skyldu greiða salt að sínum hluta. En með því að bátur sá, er S var á, seldi allan aflann

ferskan, kom þetta ákvæði ekki til álita, er það var metið, hvort S hefði tekið þátt í útgerðarkostnaði 150

Járnsmiðir. Sjá vélsmiðjur, verkaskipting.

Kjarasamningar, sbr. hlutaskipti.

Í kjarasamningi milli vélstjórafélags og útgerðarfélags var svo samið, að áhættuþóknun skyldi vera 80 krónur á dag, þegar skipin væru í millilandasiglingum, en annars 15 krónur. Vélstjórar kröfðust áhættuþóknunar meðan skip var í höfn til viðgerðar um þriggja mánaða skeið, en útgerðin taldi sér því aðeins skylt að greiða áhættuþóknun að skipið væri í siglingum. Í eldri kjarasamningi sömu aðilja hafði verið greint á milli strandsiglinga og millilandasiglinga, en við síðustu samningsgerð var breytt um orðalag. Fellt niður orðið „strandsiglingar", en upp tekið orðalagið „en annars 15 krónur". Þessi orðalagsbreyting var talin hagstæðari vélstjórunum, og leiddi hún m. a. til þess, að þeim var dæmdur réttur til áhættuþóknunar, þótt skip væri í höfn til viðgerðar 1

Sá var háttur um togara, sem sigldu með afla sinn til útlanda til sölu, að miklu færri hásetar voru á skipinu í söluferð heldur en á veiðum. Samkvæmt kjarasamningum sjómannafélaganna og útgerðarmanna skyldu þeir skipverjar, sem ekki sigldu á skipinu í söluför, halda mánaðarkaupi og fæðispeningum meðan skipið var í söluferð. Hásetinn B var skráður á togarann 12. okt. og fór þá í veiðiför. Hinn 28. s. m. varð hann eftir í landi ásamt fleiri skipverjum, er togarinn sigldi til Englands með aflann, og kom B ekki aftur á skipið. Útgerðin neitaði að greiða B kaup og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem togarinn var í söluferð í umrætt skipti og bar við, að nefnt samningsákvæði ætti aðeins við um þá sjómenn, sem telja mætti fastamenn, væru orðnir vanir, og hefðu a. m. k. farið tvær veiðiferðir. Dæmt var, að ákvæði kjarasamningisns væru það víðtæk, að réttur háseta til kaups og fæðispeninga, meðan skip færi í söluferð, yrði ekki bundinn þeim skilyrðum, sem útgerðarmaðurinn hélt fram. Var réttur B til nefndra gæða því viðurkenndur 5

Bílstjóradeild verklýðsfélags og vinnuveitendafélag höfðu kveðið svo á í kjarasamningi, að vinnuveitendum, sem ættu vörubifreiðar, væri óheimilt að selja þær á leigu og ekki mættu þeir heldur taka á leigu bifreiðar, sem ekki væru í eigu félagsmanna í bílstjóradeildinni. Verzlunin E, sem var félagi í vinnuveitendafélaginu, tók á leigu bifreið af hlutafélaginu H. Skyldi E leggja til bifreiðarstjóra og annast allt viðhald. Þessi leigumáli þótti ekki samrýmanlegur kjarasamningnum. Talið var, að tilgangur ákvæðisins væri sá, að tryggja félagsmönnum bílstjóradeildarinnar þann akstur, sem í boði væri á hverjum tíma, og væri það af atriði fyrir bifreiðastjóra, að vinnuveitendur kepptu ekki við þá með bifreiðum sínum 9

Í kjarasamningi var svo ákveðið, að kaup unglinga 14—16 ára skyldi vera kr. 1.40 um klst., en kaup fullgildra verkamanna kr. 2.10 fyrir

klst. Ágreiningur reis um það, hvort þeir, sem voru fullra 16 ára ættu að fá hærra eða lægra kaupið. Kjarasamningurinn, sem gilti um vinnu norður í Árneshreppi, var gerður í Reykjavík og undirritaður af framkvæmdastjóra alþýðusambandsins og framkvæmdastjóra hlutafélags, er rak atvinnu norður þar. Voru þeir báðir búsettir í Reykjavík. Upp var komið í málinu, að sá háttur gilti í Reykjavík, að þeir, sem væru fullra 16 ára, fengu kaup fullgilds verkamanns, og að svipuð regla væri á Ísafirði og Hólmavík, en þetta atriði hafði ekki borið á góma við samningsgerðina. Talið var rétt, að leggja staðhætti á samningsstað og nágrenni vinnustaðar til grundvallar og dæmt, að þeir, sem væru fullra 16 ára, skyldu fá kaup fullgilds verkamanns 12

Á hernámsárunum tíðkaðist, að lagtækir verkamenn, svokallaðir „gervismiðir“, leystu af hendi vinnu, sem iðnlærðir menn höfðu áður talið sér einum heimila. Vinnuveitandinn A, sem gerzt hafði aðili að kjarasamningi verkamannafélagsins D og vinnuveitendafélags, hafði í þjónustu sinni nokkra „gervismiði“. Í samningi þessum var m. a. svo um samið, að verkamenn skyldu fá sumarleyfi með dagvinnukaupi. A taldi, að „gervismiðir“ ættu ekki rétt til sumarleyfis, þótt þeir væru félagsmenn í D, þar sem vinna sú, er þeir leystu af hendi, væri ekki verkamannavinna og þeir fengju hærra kaup, en greitt væri fyrir verkamannavinnu. Vinna „gervismiðanna“, sem var á mörkum þess að vera verkamannavinna og iðnlærðra manna vinna, var ekki talin þess eðlis, að hún svipti verkamennina þeim hlunnindum, sem kjarasamningurinn kvað á um, þótt hún væri goldin hærra kaupi. Var dæmt, að þeir ættu rétt til sumarleyfis og skyldu þeir fá það dagvinnukaup í leyfi sínu, sem þeir unnu fyrir, þótt það væri hærra en venjulegt verkamannakaup samkvæmt kjarasamningnum 14

Í kjarasamningi verklýðsfélagsins Þ og síldarverksmiðja ríkisins var m. a. samið um, hversu háttað skyldi matar- og kaffitímum og greiðslu fyrir þá, ef þá væri unnið. Giltu þessi ákvæði jafnt um það, hvort verkamenn fengu tímakaup eða mánaðarkaup. Svo hagaði til, að unnið var í vöktum meðan síldarvinnsla stóð yfir, og skyldu verkamenn þeir, sem gengu á vaktir, en þeir voru ráðnir með mánaðarkaupi, skila 45 klst. vinnu vikulega gegn mánaðarkaupinu. Ágreiningur reis um það, hvort verkamenn ættu að fá greidda sérstaklega þá kaffi- og matartíma, sem féllu inn í vinnu tímabil þeirra. Þar sem ákvæði samningsins um matar- og kaffitíma gátu gilt bæði um mánaðar- og tímakaupsmenn og engin sérákvæði voru um matar- eða kaffitíma, er unnið var í vaktavinnu, var talið, að þurft hefði að taka það sérstaklega fram í samningnum, ef aðrar reglur áttu að gilda í vaktavinnunni 28

Kjarasamningur geymdi ákvæði þess efnis, að vinnutími skyldi vera 8 st. á tímabilinu frá kl. 8 til kl. 18, þó þannig, að í þessum 8 stundum skyldu felast 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju. Þó var heimilað, að vinnutímabil mætti byrja eða enda á öðrum tímum, en ef vinnutímabil hæfist eftir kl. 17, skyldi það aðeins vera 7 virkar stundir. Verklýðsfélagið, sem að samningnum stóð, gerði kröfu til þess, að dæmt yrði, að í þessum 7 stundum fælust 2

stundarfjórðungar til kaffidrykkju, eins og gert var ráð fyrir í 8 stunda vinnutímabilinu. Þessi krafa var ekki talin hafa stoð í ákvæðum kjarasamningsins, sem gerði ráð fyrir 7 virkum vinnustundum, og enda andstæð framkvæmd samhljóða samningsákvæðis undanfarin samningstímabil 31

Svo var um samið milli ríkisstjórnarinnar og alþýðusambandsins vorið 1943, að í vegavinnu um land allt þá um sumarið skyldi „greitt tímakaup samkvæmt núgildandi samningum þess verklýðsfélags innan sömu sýslu, sem næst er þeim stað, sem vinnan er framkvæmd á". Með bréfi 2. maí staðfestir vegamálastjóri skriflega samning um þetta og lætur fylgja lista yfir kaupsvæðin. Að tilhlutan alþýðusambandsins voru gerðar tvær breytingar á lista þessum, en ekki hreyft við hann athugasemdum að öðru leyti, enda gerður eftir upplýsingum þess. Nokkru eftir að vegavinna hófst, sendir verklýðsfélagið S alþýðusambandinu kjarasamning, er það hafði gert 5. febr. s. á., og var kaup samkvæmt honum hærra en gert hafði verið ráð fyrir á kaupsvæðaskrá vegamálastjóra. Alþýðusambandið krafðist þá þess, að greitt yrði vegavinnukaup í samræmi við samning S, í stað þess að fara eftir kaupsvæðaskránni. Þessi krafa var ekki tekin til greina. Var dæmt, að kaupsvæðaskráin yrði að teljast hluti af samningi vegamálastjóra og alþýðusambandsins, og vegamálastjóra því óskylt að sinna því, þó síðar kæmi í ljós, að hún reyndist ekki að öllu í samræmi við kjarasamninga, þar sem hann hefði, er gengið var frá samningum, mátt gera ráð fyrir, að alþýðusambandið hefði í höndum fullnægjandi upplýsingar um kaup á hinum ýmsu stöðum, og enginn fyrirvari gerður af hálfu gagnaðilja 33

Svo var kveðið á í kjarasamningi, að vinnulaun skyldu greiðast vikuða mánaðarkaupi. Nokkrir vinnuveitendur réðu til sín menn, sem þeir greiddu laun miðað við tímakaup. Verklýðsfélagið krafðist þess, að þeir fengju einnig kaup fyrir helgidaga, aðra en sunnudaga, fyrsta sumardag og 1. maí. Sannað þótti, að verkamenn bæru eigi minna úr býtum yfir árið, þó að ekki væri greitt samkvæmt viku- og mánaðarkaupsákvæðum samningsins. Og þar sem ekki lá fyrir, að samið hefði verið um greiðslu á frí- eða helgidögum, þótt ekki væri unnið, var krafa félagsins ekki tekin til greina 41

Meðan á vinnudeilu um kaup og kjör landverkafólks stóð hafði verklýðsfélagið G orðið þess valdandi með ólögmætum hætti, að niður féllu róðrar á bátum útgerðarmannsins F. Samningar tókust um kjör landverkafólksins og voru þeir m. a. undirritaðir af F. Síðar höfðaði hann mál til greiðslu skaðabóta úr hendi G vegna tjóns, er hlotizt hefði af því, að ekki var róið. G bar fyrir sig sér til sýknu, að F hefði undirritað kjarasamninginn án nokkurs áskilnaðar um skaðabótarétt og hefði hann þar með firrt sig slíkum rétti. Dæmt var, að þar sem G hefði ekki við undirskrift samningsins eða á annan hátt undanþegið sig bótaskyldu, væri hún ekki, þrátt fyrir undirskrift F, fallin niður, enda hefði verið um ólögmætan verknað að ræða gagnvart F 56

Í verksmiðjunni N, sem var í félagi iðnrekenda, var flest allt starfsfólkið verkakonur úr félaginu F, en tveir voru þar úr félagi verk-

smiðjufólks, I. Félagið I hóf verkfall hjá félagi iðnrekenda og lögðu þá þeir tveir menn úr I, er unnu í N, niður vinnu. Verkakonurnar úr F voru ráðnar og tóku laun hjá N samkvæmt sérstökum samningi N og F og lutu ákvæðum hans. Snerti verkfallið þær því ekki, enda höfðu þær hvorki félagsréttindi í Í, né höfðu tekið þátt í verkfallsákvörðun þess félags 63

Í verksmiðjunni S, sem var í félagi iðnrekenda, voru flestir starfsmenn félagar í verkamannafélaginu D. Voru þeir ráðnir samkvæmt ákvæðum kjarasamnings milli D og S og tóku laun samkvæmt honum. Einn starfsmaður S var þó úr félagi verksmiðjufólks, I. Félagið I hóf verkfall hjá félagi iðnrekenda. Náði það einnig til S, og lagði þessi eini félagsmaður I niður vinnu. Samkvæmt fyrirmælum D lögðu þeir starfsmenn S, er í því félagi voru, einnig niður vinnu. En þar sem þeir voru ráðnir og tóku laun samkvæmt samningi S og D, var sá samningur grundvöllur réttarsambands þeirra við S. Var því talið, að verkfall I snerti þá ekki, enda voru þeir ekki félagar í því félagi 66

Í kjarasamningi milli verkamannafélagsins D og vinnuveitendafélagsins V var svo um samið, að „hjálparvinna í vélsmiðjum“ skyldi goldin hærra kaupi en almenn dagvinna verkamanna. Áður en samningur þessi var gerður, hafði komizt á munnlegt samkomulag um það, að greiða verkamönnum í vélsmiðjum kaup eftir reglum, sem fólu í sér flokkun þeirra í þrjá flokka. Eftir samningsgerðina hafði D uppi kröfur um flokkun, sem leitt hefði til annarrar skipunar en verið hafði samkvæmt munnlega samkomulaginu, og óhagstæðari fyrir vélsmiðjurnar. Talið var, að V hefði mátt ganga út frá því við samningsgerðina, að byggt væri á þeim reglum um skiptingu, er áður hafði verið fylgt, og bæri því að leggja hana til grundvallar við skýringu á þessu samningsákvæði 70

Verkamannafélagið D og vinnuveitendafélagið V höfðu gert samning sín á milli um kaup og kjör í tímavinnu og annan um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna hjá hlutafélaginu S, sem var félagi í V. Mánaðarkaupssamningurinn féll úr gildi fyrir uppsögn, og er samningar tókust ekki hóf D. verkfall hjá S og lögðu tímakaupsmenn þá niður vinnu hjá S jafnhliða mánaðarkaupsmönnum. V taldi verkfall tímakaupsmanna löglaust, þar sem í gildi væri samningur um kaup og kjör þeirra. Upp var komið, að vinna tímakaups- og mánaðarkaupsmanna væri svo samofin, að þeir síðarnefndu yrðu ekki taldir til sérstaks starfsflokks. Var dæmt, að það gæti verið hagsmunamál fyrir alla félagsmenn í D, hvert mánaðarkaupið væri, og tímakaupsmönnum því heimilt að leggja niður vinnu hjá S þrátt fyrir tímakaupssamninginn, enda voru ekki hafðar uppi neinar þær kröfur, er brutu í bág við þann samning 73

Í kjarasamningi sjómanna og útgerðarmanna var svo um samið, að skipverjar þeir, er í landi dvöldu, er togari sigldi til útlanda með afla, skyldu halda kaupi og fæðisþeningum meðan skipið væri í ferðinni. Togarinn G, sem var á leið til Englands í söluferð, lenti í árekstri, og sökum viðgerðar liðu tveir mánuðir frá burtfarardegi hans til komudags. Hásetar þeir, er í landi dvöldu, vildu

fá kaup allan tímann. Dæmt var, að greiðsluskylda útgerðarinnar takmarkaðist við þann tíma, sem það tæki togara að sigla til útlanda og heim aftur, þegar engar ófyrirsjáanlegar tafir hömluðu för skipsins. Skipverjar þeir, er í landi voru, höfðu fengið kaup og fæðispeninga fyrir 17 daga og var útgerðin sýknuð af frekari kröfum þeirra 110

Í kjarasamningi um hlutaskipti milli verklýðsfélagsins A og útgerðarmanns á félagssvæði þess, var svo um samið, að greiða skyldi af óskiptu vinnu, sem aðrir en skipverjar ynnu að aflanum. Stóð þetta í samningum þeim, sem gerðir voru árin 1938 til 1942 og svipað ákvæði hafði verið í samningum þessum mörg undanfarin ár. Útgerðarmaðurinn H hafði alla tíð framkvæmt þetta svo, að vinna vegna veikindaforfalla skipverja var tekin af óskiptu. Árið 1941 kvartaði A yfir þessari framkvæmd, en H sinnti því ekki og sömdu aðiljar enn seint á árinu 1942 og aftur síðar, og var þá enn að efni til haldið sama ákvæði um það, hvaða vinnu skyldi greiða af óskiptu. Þetta talið leiða til þess, að A hefði firrt sig því, að geta árið 1944 krafizt annarrar framkvæmdar á þessu samningsákvæði af hálfu H, en tíðkazt hafði til þess tíma 129

Sagt, að samningur um kaup og kjör háseta þar sem samið var um hlutaskipti, sé ekki samningur um félagsútgerð ..... -20

Í samningsuppkasti, sem samið var af verklýðsfélaginu D og lagt fyrir vinnuveitendafélagið V, var svo ákveðið, að „lýsisvinna“ skyldi greidd hærra kaupi en almenn dagvinna. Við samningsgerðina var, að tilhlutan sáttasemjara, sett orðið „lýsisbræðsla“ í stað „lýsisvinna“. Sáttasemjarar urðu ekki krafðir sagna um það, hvað felast ætti í þessari orðabreytingu. Talið var, að hún hefði leitt til þrengingar á kaupgjaldsákvæðum kjarasamningsins, og ætti þetta aðeins við um sjálfa lýsisbræðsluna, en ekki alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum 134

Verklýðsfélagi og vinnuveitendum talið rétt að kveða svo á í kjarasamningi, að félagar verklýðsfélagsins sætu fyrir um vinnu hjá vinnuveitendum 146

Sagt, að stéttarfélag geti við samningaumleitanir gert þá kröfu eina, að það sé viðurkennt sem réttur aðili til þess að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, og að því sé heimilt að gera verkfall til að framfylgja þeirri kröfu, ef þessi réttur þess sé ekki viðurkenndur af hálfu vinnuveitenda 153, 159

Félag vélstjóra, sem gert hafði kjarasamning við H, hóf samúðarverkfall hjá honum. Þar sem vélstjórar höfðu ekki uppi neinar kröfur á hendur H var ekki talið, að verkfall þeirra væri andstætt kjarasamningnum 159

Árið 1941 gerðu sjómannafélög og skipaútgerðarfélög með sér samning um stríðsáhættuþóknun o. fl., og árið 1942 gerðu sömu aðiljar viðbótarsamning. Voru samningar þessir síðan felldir saman. Er heimsstyrjöldinni lauk reis ágreiningur um það, hvort greiða skyldi áhættuþóknun meðan skip dveldi í höfn í landi, sem ekki ætti lengur í ófriði. Talið var, að síðari samningurinn fæli í sér víðtækari rétt fyrir sjómenn en verið hefði samkvæmt samningum frá 1941 og yrði að leggja það til grundvallar, enda þótt svo hefði tiltekizt, er þeir voru felldir saman, að haldið var orðalagi eldra

samningsins um áhættuþóknunina, en sú grein hans var berum orðum felld úr gildi með samningnum frá 1942 163
Vinnuveitendafélagið V samdi í júlí 1944 um kaup og kjör í almennri vinnu við verkamannafélagið A. Var netagerðarmaðurinn O þá félagsmaður í V. Í desember sama ár samdi O við A um kaup og kjör fólks, er hjá honum vann, að neta- og nótavinnu. Var samið um lægra kaup en almenna kaupið var samkvæmt samningi A og V. Haustið 1945 fékk starfsfólk O því framgengt, að því var goldið sama kaup og umsamið var með samningi A og V. Í júní 1946 sömdu A og V á nýjan leik, og féll þá niður samningur þeirra frá því í júlí 1944. Þann 30. ágúst 1946 sagði A upp samningi þeim við O, sem gerður var í desember 1944. Og er samningar tókust ekki, gerði A verkfall í neta- og nótavinnu. Vinnuveitendafélagið, sem kom fram fyrir hönd O, kvað verkfallið ólögmætt, þar sem nefndur samningur O og A hafði verið niður fellinn af sjálfu sér og nú samið um neta- og nótavinnu með samningnum frá því í júní 1946. Sýnt þótti, að með því að O var félagsmaður í V þegar er það félag samdi í júlí við A 1944, en gerði þó sérstakan samning við A haustið 1944, hefði ekki verið samið um netavinnu í júlí 1944 og þá ekki heldur í júní 1946. Önnur gögn bentu og til þess sama. Var því talið, að A hefði verið heimilt að krefjast nýrra samninga um netavinnuna og fylgja þeirri kröfu fram með verkfalli 174
Svo var um samið í samningi vélstjóra og vinnuveitenda í V-kaupstað, að ef grunnkaupsbreytingar yrðu hjá öðrum stéttarfélögum almennt, skyldi samningurinn endurskoðast samkvæmt því. Er kaup hækkaði hjá verklýðsfélaginu D í R-kaupstað og félagi nokkru í V-kaupstað, kröfðust vélstjórar þess, að kaup þeirra hækkaði um sama hundraðshluta. Dæmt var, að orðalag samningsins væri ekki nógu ákveðið til þess, að talið yrði, að aðiljar hefðu skilyrðislaust samið sig undir ákvarðanir þriðja aðilja um kaupið 180
Svo var ákveðið í samningi vélstjóra og útgerðarfélaga, að ef færri vélstjórar væru á skipi en um var samið og ákveðið í lögum, þá skyldi kaup það, er við það sparaðist, skiptast milli vélstjóranna. Er varðskipið Æ fór til útlanda til viðgerðar voru á því 3 vélstjórar í stað fjögurra. Útgerðin greiddi vélstjórunum kaup fjórða vélstjórans þá daga, er skipið sigldi milli landa, en synjaði greiðslu fyrir þann tíma, er viðgerð stóð yfir. Dæmt var, að ákvæði samningsins ætti ekki við, er skipi væri lagt í þurrkví til viðgerðar .. 188

Kvittun. Sjá greiðsla.

Leiga.

Svo var um samið í kjarasamningi milli vinnuveitendafélags og bílstjóradeildar verklýðsfélags, að vinnuveitendum, sem ættu vörubifreiðar, væri óheimilt að selja þær á leigu né heldur taka á leigu bifreiðar af þeim, sem ekki voru félagsmenn í bílstjóradeildinni. Verzlunin E, sem var félagi í vinnuveitendafélaginu, tók á leigu af hlutafélaginu H bifreið, með þeim leigumála, að E skyldi leggja til bifreiðarstjóra og bera allan kostnað af bifreiðinni. Þess konar leigumáli var ekki talinn vera í samræmi við kjarasamninginn 9

Lýsisvinnsla.

Í kjarasamningi var svo kveðið á, að vinna við lýsisbræðslu skyldi greidd hærra kaupi en almenn vinna. Dæmt var, að ákvæði þetta ætti við um sjálfa lýsisbræðsluna, en ekki alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum 134

Læknar.

Dæmt, að þeir læknar í Reykjavík, sem starfa samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, eigi rétt til orlofs 125

Lögskráning.

Vegna ólögmætrar vinnustöðvunar af hálfu hlutarmanna á nokkrum vélbátum féllu niður róðrar og kröfðust útgerðarmenn síðar bóta. Í málarekstri þessum kom í ljós, að ekki hafði verið lögskráð á suma þá báta, er hætta urðu róðrum. Ekki voru dæmdar skaðabætur vegna róðrartaps á þeim bátum, er svo var ástatt um 56, 81, 88

Lög, lögskýring.

Félagsdómur ekki talinn eiga úrlausn þess samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938, hvort háseti á togara hefði vanefnt svo ráðningarsamning sinn við útgerðina, að hann hefði af þeim sökum misst rétt til ákveðinnar fjárhæðar, sem honum annars bar samkvæmt gildandi kjarasamningi. Og dómurinn beitti ekki heimild 3. mgr. 44. gr. sömu laga, þó málflytjendur væru því samþykkir 5

Undantekningarákvæði 1. gr. orlofslaganna var ekki talið eiga við um sjómann, sem var á síldveiðum og ráðinn var með þeim kjörum, að sjómenn fengju 35% af afla skipsins, en legðu sér sjálfir til fæði. Var talið, að það væri venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna hér á landi, að skipverjar legðu það til, og bæri í þessu sambandi að telja það til sérþarfa þeirra, svo sem hlífðarföt og þess háttar 37

Sagt, að skýra beri 1. gr. orlofslaganna svo, að til þess að starfsmaður missi rétt til orlofsfjár, þurfi hann að vera ráðinn eftir reglum um hrein hlutaskipti og taka þátt í útgerðarkostnaði, en það séu hrein hlutaskipti, ef maður fær greiðslu fyrir vinnu sína með tilteknum hluta af afla, hvort sem hann tekur þátt í útgerðarkostnaði eða ekki 37, 150

Félag verksmiðjufólks, Í, hóf verkfall hjá S. Flestir starfsmenn voru hins vegar félagsmenn í verkamannafélaginu D og voru ráðnir og tóku laun samkvæmt samningi milli S og D. Þegar verkfall Í hófst, bauð D félagsmönnum sínum að leggja niður vinnu hjá S. Þeir starfsmenn S, sem félagsmenn voru í D, höfðu ekki félagsréttindi í Í. Þeir áttu ekki hlut að verkfallsboðun Í og lutu því ekki verkfallsboðun þess. Var talið, að líta yrði á athafnir D sem samúðarverkfall af þess hálfu. En með því að ekki hafði verið gætt fyrirmæla 15. og 16. gr. l. nr. 80/1938, var verkfall þetta metið ólögmætt .. 66

J, sem var í þjónustu K, kvittaði mánaðarlega fyrir kaupi sínu og stóð í kvittun hverri: „Fullnaðargreiðsla fyrir þann mánuð.“ J krafði síðar K um orlofsfé, en K bar fyrir sig, að samkvæmt kvittunum

J hefðu skipti þeirra hvern mánuð verið gerð upp að fullu. Þar sem 2. mgr. 2. gr. orlofslaganna heimilaði ekki takmarkanir á orlofsrétti, var K dæmdur til að greiða J orlofsfé, enda þótti sannað, að greiðsla þess hefði ekki í raun og veru farið fram 138
Í orlofsmáli, sem höfðað var fyrir Félagsdómi samkvæmt 19. gr. orlofslaganna, var gagnasöfnun lokið 30. janúar 1945. Þann 12. febrúar gengu í gildi lög nr. 29/1945, er mæltu svo, að orlofsmál skyldu dæmd af hinum almennu dómstólum, og hafði málið þá ekki enn verið flutt munnlega fyrir Félagsdómi. Félagsdómur dæmdi málið, þrátt fyrir mótmæli stefndu, m. a. með hliðsjón af 222. gr. laga nr. 85/1936 143
Sagt að forgangsréttarákvæði í samningi verklýðsfélags og vinnuveitenda bryti hvorki í bág við lög nr. 80/1938 né ákvæði 69. og 73. gr. stjórnarskrárinnar 146
Verklýðsfélagið D boðaði verkfall og skyldi það hefjast 7. júní. Þann 6. júní samþykkti verklýðsfélagið H verkbann frá og með 7. júní á allar vörur og flutningatæki, sem verkfall D næði til. Það lá fyrir, að verkbann H átti aðeins að ná til þeirrar vinnu, sem félagsmenn D unnu venjulega. Talið var, að vegna ákvæða 18. gr. laga nr. 80/1938 hefði H ekki þurft að boða þetta verkbann með fyrirvara þeim, er boðinn er í 16. gr. sömu laga 184
Sagt, að ekki sé skylt samkvæmt lögum nr. 104 frá 23. júní 1946, eða síðari lögum um vélgæzlu á íslenzkum skipum, að hafa tiltekna lágmarkstölu vélstjóra á skipi, sem ekki er í siglingu, en hefur verið tekið í þurrkví til viðgerðar 188

Málflutningur.

Í máli út af skilningi á ákvæði í kjarasamningi var stefnt til greiðslu ákveðinnar fjárhæðar. Sú varnarástæða var m. a. höfð uppi í málinu, af hálfu stefnda, að þó honum væri samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins skylt að greiða fjárhæðina, þá hefði greiðsluskylda sín samt fallið niður vegna vanefnda af hálfu þess manns, er hlut átti að máli, á ráðningarsamningi hans við stefnda. Lýstu málsaðiljar því yfir í málflutningi, að þeir samþykktu, að Félagsdómur dæmdi um þessa varnarástæðu samkvæmt heimild í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Dómurinn beitti þó ekki nefndri heimild og vísaði fjárkröfunni frá dómi 5
Í munnlegum flutningi máls, út af kröfu um skaðabætur og sektir vegna ólögmæts verkfalls, bar stefndi fyrst fram mótmæli gegn aðild stefnanda. Eins og á stóð þóttu ekki efni til að sinna mótmælum stefnda 56
Í sama máli, sem F höfðaði til greiðslu sekta og skaðabóta vegna þess, að bátar hans hefðu misst af róðrum vegna ólögmæts verkfalls, lagði stefndi fram vottorð, er sýndu, að hásetar á sumum bátum F höfðu ekki verið lögskráðir á þeim tíma, er bóta var krafizt fyrir róðrartöp, án þess að bera það beint fram sem sýknuástæðu af sinni hálfu. Dómurinn byggði þó á þessu atriði með tilvísun til 113. gr. laga nr. 85/1936 56
Bifreiðastjórafélag sótti bifreiðaeiganda K til greiðslu orlofsfjár vegna

bifreiðarstjórans J. Lögmaður sá, er flutti málið fyrir stéttarfélagið skýrði frá því í stefnu, með hvaða kjörum J hefði verið ráðinn, og byggði dómkröfur sínar á þeirri frásögn. Fór hann þar eftir skýrslu formanns stéttarfélagsins. Er J kom sjálfur fyrir dóm kom í ljós, að lögmaðurinn hafði ekki fengið réttar upplýsingar. Talið var, að hvorki ætti lögmaðurinn nokkra sök á þessu ósamræmi, né að það spillti málstað J 138

Málshöfðun.

Í máli út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi höfðaði verklýðsfélag mál vegna eins félagsmanns, B, og gerði kröfu til þess, að dæmd yrði tiltekin fjárhæð. Gagnaðilinn hafði fyrst og fremst uppi þær varnir, að skilningur verklýðsfélagsins á kjarasamningum væri rangur, en í öðru lagi að B hefði vanefnt ráðningarsamning sinn. Félagsdómur, sem taldi skilning verklýðsfélagsins á kjarasamningnum réttan, vísað fjárkröfunni frá, þar sem dómurinn ætti ekki úrlausn þess, hvort um vanefnd af hálfu B hefði verið að ræða 5

Í máli gegn hlutafélagi var vinnuveitendasambandi því, er hlutafélagið var í, ekki stefnt fyrir þess hönd. Þetta talið eiga að varða frávísun samkvæmt 45. gr. laga nr. 80/1938 55

Málskostnaður.

1. Málskostnaður látinn falla niður.
   a. Kröfur stefnanda teknar til greina að öllu eða nokkru leyti 5, 14, 37, 153, 163
   b. Kröfur stefnanda að engu leyti teknar til greina 28, 33, 73, 95, 99, 103, 110, 122, 129, 134, 159, 170, 180, 183
2. Stefnanda dæmdur málskostnaður.
   Kröfur hans teknar til greina að nokkru eða öllu leyti 1, 12, 19, 48, 56, 66, 81, 115, 125, 138, 150
3. Stefnandi tapar máli og er dæmt að greiða málskostnað 9, 31, 41, 44, 63, 70, 119, 146, 174
4. Máli vísað frá dómi.
   Málskostnaður felldur niður 35

Miðlunartillögur. Sjá sáttasemjarar.

Netja- og nótavinna.

Deilt um gildi kjarasamnings varðandi fólk, sem vann að netjaviðgerðum 174

Orlof, sbr. sumarleyfi.

H var háseti á mótorskipi á síldveiðum fyrir Norðurlandi. Ráðinn var hann með þeim kjörum, að skipverjar skyldu fá 35% af veiði skipsins. Skipverjar fæddu sig sjálfir. H krafðist orlofsfjár af útgerðarmanni, 4% af aflahlut sínum, samkv. 4. gr. orlofslaganna, en útgerðarmaðurinn vildi aðeins greiða 2%, þar sem H hefði tekið þátt í útgerðarkostnaði. Sagt var, að það væri föst venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna, að sjómenn legðu sér til fæði sjálfir, og sú

regla gilti almennt um hlutaskiptaútgerð hér á landi. Var ekki talið, að hlutarmenn tækju þátt í útgerðarkostnaði samkvæmt orlofslögunum, þó að þeir legðu sér til fæði, og var H því dæmt orlofsfé samkvæmt kröfu hans 37

Læknar í Reykjavík, sem starfa samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, eiga rétt til orlofs samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1943 125

Bifreiðarstjórinn J ók leigubifreið, sem K átti, og fékk 30% af aksturs-gjöldum í laun. Er hann krafði K um orlofsfé hélt K því fram, að ráðningarkjörin hefðu verið þau, að J hefði átt að fá 25% af aksturs-gjöldum í laun, en 5% af aksturs-gjöldum væri orlofsfé. Ráðning J fór fram alllöngu fyrir gildistöku orlofslaganna og þótti ekki sannað, að samið hefði verið um greiðslu orlofsfjár með þeim hætti, er K hélt fram. J kvittaði fyrir laun sín mánaðarlega með þeim hætti, að í hverri kvittun stóð: „Fullnaðargreiðsla fyrir þann mánuð.“ Þar sem sannað þótti, að greiðsla orlofsfjár hefði ekki verið innt af hendi, var dæmt, með hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. orlofslaganna, að J hefði ekki, þrátt fyrir kvittanir þessar, firrt sig rétti til að krefjast orlofsfjár úr hendi K 138

Krafa um frávísun orlofsmáls, sem höfðað var fyrir 12. febr. 1945, en ekki var flutt munnlega fyrr en eftir þann dag, var ekki tekin til greina 143

S var háseti á mótorbát, er stundaði þorskveiðar með línu. Samkvæmt hlutaskiptasamningi þeim, er hann var ráðinn eftir, skyldu hásetar greiða salt að sínum hluta og skila bát og veiðitækjum hreinum og ganga frá veiðarfærum, útgerð að kostnaðarlausu, að loknum veiðitíma. Talið var, að hér væri um þátttöku í útgerðarkostnaði að ræða, og fékk S því aðeins 2% af andvirði aflahlutar síns í orlofsfé 150

Refsingar. Sjá sektir.

Samúðarverkföll.

Bílstjóradeild verklýðsfélags átti í verkfalli við vinnuveitendur. Dag nokkurn, er von var á skipi, sem afferma þurfti, auglýsti verklýðsfélagið, að verkamönnum væri óheimilt að leysa af hendi vinnu, sem bílstjórarnir framkvæmdu vanalega. Um kvöldið, er skipið kom, varð ekki af vinnu við það, fyrr en samið hafði verið við bílstjórana. Vinnuveitendur töldu, að hér hefði verið um ólögmætt samúðarverkfall að ræða. Ekki þótti sannað, að verkamenn hefðu almennt neitað að hefja vinnu. Og þar sem upp var komið, að upp- og útskipun hafði um árabil verið svo háttað, að flutningar á vörum, að og frá skipi, færu fram á bílum, var verkamönnum talið vítalaust að framkvæma ekki flutninga, sem bílstjórarnir höfðu áður annazt með bifreiðum sínum. Var ekki talið, að um samúðarverkfall hefði verið að ræða 44

Talið var, að þótt auglýsing verklýðsfélagsins hefði að vísu ekki verið allskostar ótvíræð, yrði félagið samt ekki sakfellt fyrir ólögmætt samúðarverkfall, þar sem verkamenn fóru ekki út fyrir takmörk þess, sem leyfilegt var 44

Verklýðsfélagið G átti í kaupdeilu og hóf verkfall. Verklýðsfélögin D og H samþykktu þá, að afgreiða ekki báta né bíla þeirra atvinnurekenda, sem verkfall G beindist gegn. Félögin voru sótt til saka fyrir afgreiðslubann þetta. En þar sem ekki þótti sannað, að þau hefðu í verki beitt því gegn eigendum þeirra báta eða bíla, sem upp voru taldir í afgreiðslubannssamþykktinni, var ekki talið skipta máli, hvort félögin hefðu gætt fyrirmæla II. kafla laga nr. 80/1938, um boðun afgreiðslubannsins 95, 99, 103, 119, 122

Verklýðsfélagið G á Suðurnesjum átti í kaupdeilu við vinnuveitendur og hóf verkfall. Verklýðsfélagið D í Reykjavík samþykkti, að bátar og bílar vinnuveitenda þeirra, er í verkfallinu áttu, skyldu ekki fá afgreiðslu á félagssvæði D. Einn vinnuveitenda, F, átti kork geymt á skipaafgreiðslunni S í Reykjavík. Stjórn D tilkynnti S sérstaklega, að hún hefði lagt afgreiðslubann á báta og bíla vinnuveitenda þeirra, er í verkfallinu áttu, og auk þess tilkynnti hún S sérstaklega, að öll afhending á vörum til F væri óheimil og bannaði starfsmönnum S, sem voru félagsmenn í D, að vísa á eða afhenda korkið, þótt F léti sína eigin menn sækja það. Upplýst var, að það væri venjulegt verk starfsmanna S að láta vörur þær, er þaðan voru fluttar, á flutningatæki. Talið var, að þessi afstaða D hefði orðið þess valdandi, að F fékk ekki vöru sína. Var dæmt, að hér hefði verið um samúðarverkfall að ræða af hálfu D. Og þar sem ákvörðun um það hefði ekki verið tekin samkvæmt fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, var D talið hafa unnið til refsingar og orðið skaðabótaskylt gagnvart F 115

Félag verzlunarmanna í V-kaupstað átti í kaupdeilu við félag kaupsýslumanna og hóf verkfall hjá félagsmönnum þess. Félag vélstjóra hóf þá samúðarverkfall hjá hraðfrystistöðinni V, sem ekki var í félagi kaupsýslumanna. Eigandi V taldi verkfallið ólögmætt, þar sem vélstjórar væru bundnir kjarasamningi, er gerður hafði verið við hann, og auk þess væri hann ekki í kaupsýslumannafélaginu. Þar sem vélstjórar fóru ekki fram á neinar breytingar á samningi þeim, er félag þeirra hafði gert, varð verkfallið ekki metið ógilt af þeirri ástæðu, að það væri samningsbrot af þeirra hálfu. Þá var og upp komið, að einkaeigandi hraðfrystistöðvarinnar og kona hans áttu a. m. k. ⅘ hluta firmans H, sem var í félagi kaupsýslumanna. Var dæmt að nægilegt samband væri milli H og hraðfrystistöðvarinnar, til að heimila samúðarverkfallið 159

Þann 30. maí boðaði verklýðsfélagið D vinnuveitendafélaginu C, að það mundi hefja verkfall 7. júní. Þann 6. júní tilkynnti verklýðsfélagið H, að það hefði samþykkt „verkbann“ á allar þær vörur og flutningatæki, sem verkfall D næði til, frá og með 7. júní. Jafnframt boðaði H samúðarvinnustöðvun hjá nafngreindum firmum, sem voru félagar í C. C taldi „verkbann“ H ólögmætt vegna þess, að það hefði ekki verið tilkynnt með nægilegum fyrirvara. Það lá fyrir, að báðir aðiljar höfðu lagt þá merkingu í „verkbannstilkynningu“ H, að bannið næði aðeins til þeirrar vinnu, sem félagsmenn D leystu venjulega af hendi. Dæmt var, að vegna ákvæða 18. gr. laga nr. 80/1938 þyrfti ekki að boða það með frekari fyrirvara, en gert hafði verið 184

Þá taldi C, að samúðarvinnustöðvun H væri ólögmæt vegna þess, að ekki væri ljóst, til styrktar hvaða verkfalli samúðarvinnustöðvun væri gerð. Talið var, að C hefði mátt vera það fullljóst, og var krafa hans ekki tekin til greina 184

Sáttanefndir. Sjá sáttasemjarar.

Sáttasemjarar.

Ekki talið heimilt að leggja fyrir sáttamann, sem sæti átti í sáttanefnd samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938, tilteknar vitnaspurningar, þar sem talið var, að þær fælu í sér skýrslu um það, hvað aðiljar hefðu lagt til á sáttafundum 107

Í máli út af verkfalli, sem vinnuveitendur töldu ólögmætt, var því haldið fram, að sáttasemjari hefði borið fram miðlunartillögu og hún verið afgreidd með þeim hætti, að stofnazt hefði bindandi samningur. Þessari ástæðu var ekki sinnt, þar sem engar skýrslur lágu fyrir um þetta frá sáttasemjara 159

Sáttaumleitanir. Sjá sáttasemjarar.

Sektir.

Félag hljóðfæraleikara samþykkti á venjulegum félagsfundi, að félagsmönnum væri óheimilt að spila í hljómsveit á hótelinu B nema jafnmargir væru í hljómsveitinni og verið hefði að undanförnu. Enn fremur var ákveðið, að þeir hljóðfæraleikendur, sem höfðu unnið þar, „hefðu forgang“. Sannað þótti, að samþykkt þessi hefði valdið því, að hljóðfæraleikendur fengust ekki til starfa við hótelið, og var hún talin jafngilda ákvörðun um verkfall. En með því að félagið hafði ekki um ákvörðun þessa farið eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 var félagið sektað fyrir brot á ákvæðum 15. og 16. gr. sömu laga 19

Hóteleigandinn taldi og, að félagið hefði með samþykktinni brotið ákvæði 14. gr. sömu laga. Dæmt var, að félaginu hefði verið rétt að gera kröfu um ákveðna tölu hljóðfæraleikara og það því sýknað af kæru fyrir brot á 14. gr. Hins vegar var því talið óheimilt að krefjast þess, að tilteknir menn væru teknir til starfa, og framannefnd samþykkt talin ólögmæt að því leyti. En með því að ekki þótti sannað, að henni hefði að þessu leyti verið beitt í verki, þótti ekki ástæða til að beita sektum 19

Bílstjóradeild verklýðsfélags átti í verkfalli. Meðan á því stóð auglýsti verklýðsfélagið, að félagar þess mættu ekki leysa af hendi vinnu, sem bílstjórar væru vanir að annast. Vinnuveitendur héldu því fram, að tilkynning þessi hefði verið svo tvíræð, að hana hefði mátt skilja svo, að verkamönnum hefði almennt verið bannað að vinna og því hefði hér verið um ólögmætt samúðarverkfall að ræða. Dæmt var, að enda þótt tilkynningin hefði ekki verið allskostar ótvíræð, yrði félagið ekki sakfellt fyrir útgáfu hennar og birtingu, þar sem ekki var sannað, að verkamenn hefðu farið út fyrir takmörk þess, sem leyfilegt var 44

Verklýðsfélag dæmt til greiðslu sektar fyrir brot á II. kafla laga nr. 80/1938, en sannað þótti, að fyrirsvarsmenn þess hefðu komið því til leiðar, að sjómenn hættu róðrum með þeim hætti, að um ólögmætt verkfall var að ræða 56, 81, 88
Verkamannafélag dæmt til greiðslu sektar vegna ólögmæts samúðarverkfalls 66
Verklýðsfélag sýknað af kæru um ólögmætt verkfall 95, 99, 103, 119, 122
Verklýðsfélag dæmt til greiðslu sektar fyrir að hafa komið á og framkvæmt afgreiðslubann, er jafnað varð til samúðarverkfalls, en félagið hafði ekki gætt fyrirmæla II. kafla laga nr. 80/1938 115

Sératkvæði 1, 14, 19, 37, 56, 73, 81,, 88, 110, 115, 129, 134, 150, 159, 163

Siglingar.

Í kjarasamningi milli vélstjórafélags og útgerðarfélags var svo samið, að vélstjórar fengju 80 krónur á dag í áhættuþóknun í millilandasiglingum, en annars 15 krónur. Skipið var í höfn í þrjá mánuði til viðgerðar. Vélstjórarnir, sem unnu við skipið allan tímann meðan á viðgerð stóð, kröfðust áhættuþóknunar fyrir þann tíma, en útgerðin taldi sér ekki skylt að greiða áhættuþóknunina nema skipið væri í siglingum. Sagt var, að með tilliti til orðalags kjarasamningsins, eldri samnings og fyrri fordæma um greiðslu áhættuþóknunar, væri ekki hægt að binda rétt vélstjóranna til greiðslu áhættuþóknunar því skilyrði, að skipið væri í siglingum 1
Hásetinn B var lögskráður sem háseti á botnvörpunginn K og fór með skipinu á ísfiskveiðar 12. okt. Þann 28. s. m. sigldi togarinn til Englands með aflann. B ásamt 14 öðrum skipverjum varð eftir í landi, þar sem venja var, að færri skipverjar sigldu skipinu til útlanda, heldur en á því voru á veiðum. Samkvæmt samningum áttu skipverjar þeir, er í landi dvöldu, að halda mánaðarkaupi og fæðispeningum meðan skipið var í söluferð. B kom ekki aftur á togarann K, og er hann krafðizt kaups og fæðispeninga fyrir þann tíma, er skipið var í siglingu, neitaði útgerðin að greiða honum, þar sem dvöl hans á skipinu hefði verið lokið 28. okt. B var dæmdur réttur til mánaðarkaups og fæðispeninga, þar sem réttur hans til þessara gæða varð ekki samkvæmt kjarasamningum þeim, er giltu, bundinn því skilyrði, að hann yrði áfram á skipinu, eða hefði dvalið þar lengur en eina veiðiför 5
Svo var ákveðið í kjarasamningi, að þeir hásetar á botnvörpuskipum, sem ekki sigldu til útlanda með aflann skyldu halda kaupi, meðan skipið væri í ferðinni. Togarinn G, sem var á leið til Englands í söluferð, lenti í árekstri, og vegna viðgerðar kom hann ekki til Íslands fyrr en rúmum tveimur mánuðum eftir burtför sína. Skipverjar þeir, er í landi dvöldu, kröfðust kaups og fæðispeninga allan tímann. Dæmt var, að skilja yrði ákvæði samningsins svo, að greiðsluskylda útgerðarinnar takmarkaðist við þann tíma, sem það tæki togara að sigla til útlanda og heim aftur, þegar ófyrirsjáanlegar tafir hömluðu ekki för skipsins 110
Dæmt var, að samkvæmt kjarasamningi milli sjómanna og skipa-

félaga ættu skipverjar að fá sömu áhættuþóknun meðan skip dveldi í erlendri höfn og þeir fá, meðan siglt er milli landa. Gilti þetta einnig, þó að siglt væri til lands, sem ekki átti lengur í ófriði .. 163
Skorið úr um rétt sjómanna til frídaga, er skip liggur í heimahöfn 170
Á varðskipi, er fór til útlanda til viðgerðar, voru færri vélstjórar en um var samið í samningi vélstjóra og útgerðarfélags, og fengu þeir því samkvæmt samningum kaup þess vélstjóra, er vant var, meðan skipið var á siglingu. Vélstjórar kröfðust einnig kaups hans fyrir þann tíma, er viðgerð stóð yfir, en dæmt var, að hvorki orðalag samninga né venja veittu vélstjórum rétt til aukaþóknunarinnar, meðan viðgerð fór fram 188

Síldarverksmiðjur. Sjá kjarasamningar, vinnulaun.

Sjómenn. Sjá siglingar, hlutaskipti.

Sjúkrasamlög.

Læknar, sem starfa hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur samkvæmt samningi þess við Læknafélag Reykjavíkur, eiga rétt til orlofs 125

Skaðabætur.

Stéttarfélag dæmt skaðabótaskylt gagnvart vinnuveitanda vegna verkfalls, sem það hóf gagnvart honum, en það hafði ekki, er ákvörðun um verkfallið var tekin, fylgt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938 19
Verklýðsfélagið G átti í kaupdeilu um kaup landverkafólks. Að tilhlutan fyrirsvarsmanna félagsins hætti sjómenn, sem lutu sérstökum hlutaskiptasamningi, róðrum, án þess að löglega væri boðað verkfall af þeirra hálfu. Útgerðarmaður, sem gerði út báta, er stöðvuðust af þessum sökum, höfðaði skaðabótamál gegn verklýðsfélaginu og verklýðssambandi því, er félagið var í. Ekki þótti sannað, að um sök væri að ræða hjá sambandinu, en vegna aðgerða fyrirsvarsmanna G var félagið talið bótaskylt. Það kom í ljós, að ekki hafði verið lögskráð á alla bátana, og voru því ekki dæmdar bætur fyrir róðrar-tap þeirra báta, sem ekki hafði verið lögskráð á 56, 81, 88
Í málum út af verkfalli þessu hafði G uppi þá sýknuástæðu, að er kaupdeilunni lauk hefðu tveir vinnuveitenda skrifað undir kjarasamning án nokkurs fyrirvara, og þar með firrt sig rétti til skaðabóta út af því, sem á undan var gengið. Sagt var, að G hefði þurft að gera um það sérstakan áskilnað, ef réttur til skaðabóta átti að falla niður, enda hefði hér verið um ólögmætan verknað að ræða gagnvart vinnuveitendunum 56, 88
Verkamannafélag talið skaðabótaskylt vegna ólögmæts samúðarverkfalls, er það hóf hjá vinnuveitanda 66
Verklýðsfélag sýknað af kröfu um bætur vegna afgreiðslubanns 95, 99, 103, 119, 122
Verklýðsfélagið G á Suðurnesjum átti í kaupdeilu og hóf verkfall hjá vinnuveitendum þar. Verklýðsfélagið D í Reykjavík samþykkti þá

að afgreiða ekki báta né bíla þeirra vinnuveitenda, er í verkfallinu áttu, og leiddi þessi ákvörðun til þess, að einn þeirra, F, fékk ekki afgreidda vöru, sem hann átti á skipaafgreiðslu í Reykjavík. F höfðaði skaðabótamál á hendur D út af þessu. Talið var, að hér hefði verið um ólögmætan verknað að ræða af hálfu D, en með því að F gat ekki stutt skaðabótakröfu sína neinum gögnum, var D sýknað 115

Stéttarfélög.

Verklýðsfélagið F, stéttarfélag hljóðfæraleikara, samþykkti á venjulegum félagsfundi, að félagsmönnum væri óheimilt að vinna í hljómsveit á hótelinu B, nema jafnmargir menn væru framvegis í hljómsveitinni og verið hefði og upp á sömu kjör. Einnig samþykkti fundurinn, að þeir menn, sem hefðu unnið þar, skyldu „hafa forgang". Þessi samþykkt, sem metin var jöfn verkfallsákvörðun, var talin eiga að lúta ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 19

Hóteleigandinn hélt því fram, að verklýðsfélaginu væri óheimilt að beita verkfalli, til þess að knýja fram þau skilyrði, sem sett voru í samþykktinni fyrir vinnu hljóðfæraleikaranna á hótelinu. Dæmt var, að krafan um tiltekna tölu hljóðfæraleikara væri nægilega tengd eðlilegum hagsmunum stéttarfélagsins og væri því heimilt að fylgja henni fram með verkfalli samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938. Hins vegar taldi dómurinn, að sú krafa félagsins, að hóteleigandinn tæki ákveðna menn í þjónustu sína, nyti ekki verndar samkvæmt 14. gr., því það væri réttur vinnuveitandans að ákveða, hvaða menn úr félaginu hann veldi til vinnu 19

Konur úr verklýðsfélaginu F, sem unnu hjá iðnfyrirtækinu N, sem var í félagi iðnrekenda, og tóku laun samkvæmt sérstökum samningi milli N og F voru ekki taldir lúta verkfalli, sem Í, félag verksmiðjufólks, hóf hjá félagi iðnrekenda, þar sem þær voru ekki félagar í Í og höfðu því ekki átt hlut að verkfallsboðun Í 63

Verkamenn úr félaginu D, sem unnu í verksmiðjunni S, sem var í félagi iðnrekenda, og voru ráðnir samkvæmt samningi milli S og D voru ekki taldir eiga að lúta verkfalli, sem I, félag verksmiðjufólks, hóf hjá félagi iðnrekenda, þar sem þeir voru ekki félagar í I og höfðu því ekki átt hlut að verkfallsboðun þess félags 66

Sagt að ákvæði um forgangsrétt félagsmanna verklýðsfélags til vinnu hjá vinnuveitendum sé hagsmunamál verklýðsstéttarinnar, og stéttarfélögum því heimilt að hafa uppi kröfu um hann og fá ákvæði þess efnis sett í kjarasamninga 146

Félag var stofnað í V kaupstað af 55 mönnum og konum, er stunduðu verzlunar- og afgreiðslustörf, til þess að vinna að hagsmunamálum verzlunar- og skrifstofufólks í V-kaupstað. Félag þetta var talið löglega stofnað sem stéttarfélag samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 og því heimilt að krefjast kjarasamninga af vinnuveitendum. Var dæmt, að félagið hefði heimild til þess að beita verkfalli gagnvart vinnuveitendum, til þess að fá viðurkenndan rétt þess, til að gera kjarasamninga vegna þess fólks, sem í félaginu var 153

Véfengt var af hálfu vinnuveitenda, að félagið væri stéttarfélag sam-

kvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 vegna þess, að í félaginu væru ýmsir, sem ekki stunduðu verzlunar eða skrifstofustörf. Sannað þótti, að af 66 skráðum félögum mundu a. m. k. 38 fullnægja inntökuskilyrðum þess. Var dæmt, að það gæti ekki svipt félagið þeim eiginleika að vera stéttarfélag, þótt til félaga þar teldist eitthvað af fólki, sem ekki ætti lögvarinn rétt til inngöngu í það 153

Stríðsáhættuþóknun. Sjá áhættuþóknun.

Sumarleyfi, sbr. orlof.

Samkvæmt kjarasamningi milli vinnuveitendafélags og verkamannafélagsins D, sem gerður var áður en orlofslögin komu í gildi, skyldu verkamenn fá sumarleyfi tiltekinn tíma með fullu kaupi. Vinnuveitandinn A, sem gerðist aðili að kjarasamningnum, hafði á hernámsárunum í þjónustu sinni bæði verkamenn, sem fengu venjulegt verkamannakaup, og einnig svokallaða „gervismiði", þ. e. lagtæka menn, sem ekki höfðu iðnréttindi. Unnu þeir ýmsa vinnu, sem iðnlærðir smiðir höfðu áður talið sér einum heimila, og fengu hærra kaup, en venjulegt verkamannskaup. A taldi sér ekki skylt að greiða „gervismiðum" sumarleyfiskaup. Dómurinn taldi, að vinna sú, er „gervismiðirnir" ynnu, væri á mörkum þess að vera verkamannavinna og iðnlærðra manna vinna og taldi „gervismiðina" ekki hafa firrt sig rétti til sumarleyfis með fullu kaupi 14

Trúnaðarmannaráð.

Stjórn alþýðusambandsins fyrirskipaði verkfall í vega- og brúagerðarvinnu um land allt, en hafði áður á alþýðusambandsþingi fengið umboð til þess að semja um kaup í þessari vinnu. Ríkisstjórnin höfðaði mál til ógildingar verkfallinu og byggði sambandsstjórnin sýknukröfu m. a. á því, að alþýðusambandið væri í raun og veru trúnaðarmannaráð verklýðsfélaganna og gæti því boðað verkfall samkvæmt c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Sagt var, að ekkert væri fram komið um það, að samþykktir verklýðsfélaganna geymdu ákvæði þess efnis, og var þessi sýknuástæða, þegar af þeim sökum, ekki tekin til greina 48

Verkamannafélagið D, sem í voru nálega 3000 félagsmenn, hóf verkfall, og var ákvörðun um það tekin af trúnaðarmannaráði félagsins, en í því áttu sæti 9 menn, stjórn félagsins 5 að tölu og 4 félagsmenn aðrir. Vinnuveitendur töldu það andstætt lögum nr. 80 1938, að svo fáir menn í svo fjölmennu félagi gætu ákveðið verkfall. Dæmt var, að með því að tala í trúnaðarmannaráði væri ekki að neinu leyti ákveðin í lögum nr. 80/1938, hefði trúnaðarmannaráð D haft heimild til þess að ákveða verkfall, enda hefði félagsstjórnin ekki farið með fulla þrjá fjórðu hluta atkvæða á trúnaðarmannaráðsfundi þeim, sem ákvörðunina tók 73

Trúnaðarmenn.

Í máli út af kæru um ólöglegt verkfall þótti sannað, að formaður verklýðsfélags og aðrir trúnaðarmenn þess hefðu hvatt sjómenn

til þess að leggja niður vinnu, án þess að lögmælt skilyrði væru fyrir hendi. Þetta var metið verklýðsfélaginu til refsiábyrgðar og skaðabóta 56

Umboð.

Á alþýðusambandsþinginu 1942 hafði Alþýðusambandi Íslands verið gefið umboð til þess að semja við ríkisstjórnina um kaup í vega- og brúagerðarvinnu næsta sumar. Samningar tókust ekki og boðaði sambandið verkfall um land allt, án þess að ákvörðun um það hefði verið tekin í hverju einstöku félagi. Verkfall þetta var metið ógilt. Var sagt, að heimild til verkfallsákvörðunar hefði ekki getað falizt í þessu almenna umboði, og ekki var upp komið í málinu, að félögin hefðu gefið alþýðusambandsstjórninni sérstakt umboð samkvæmt b-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 48

Vinnuveitandinn Ó, sem var félagsmaður í vinnuveitendafélaginu V, gerði á eigin spýtur kjarasamning í neta- og nótavinnu við verklýðsfélagið A. Þegar A sagði samningi þessum upp og krafðist nýrra samninga vék Ó máli þessu til V, sem hann var félagsmaður í. Samningar tókust ekki og hóf A verkfall. V taldi það ólögmætt og sótti A til ábyrgðar. A bar fyrir sig, að V væri ekki bært til sóknar eða fyrirsvars vegna Ó. Þessi mótbára var ekki tekin til greina, þar sem bæði þótti sýnt, að ekkert skorti á umboð V eftir almennum reglum, en auk þess byggðist umboðsmennska V á 45. gr. laga nr. 80/1938 174

Uppsögn.

Í kjarasamningi, sem gerður var 21. desember 1944 var hvorki tekið fram um uppsögn né til hvaða tíma hann skyldi gilda, en svo um samið, að hann gilti frá 1. október 1944. Í samningnum var vísað til ákvæða annars kjarasamnings um þau ákvæði, sem ekki var sérstaklega samið um. Samkvæmt þeim samningi skyldi uppsagnarfrestur vera einn mánuður. Talið var, að kjarasamningnum frá 21. des. hefði réttilega verið sagt upp með mánaðar fyrirvara miðað við 1. okt. 1946 174

Úrskurðir.

Málum frestað 26, 27, 47, 53

Kveðið á um vitnaskyldu sáttamanna í vinnudeilu 107

Aðilja máls synjað um að staðfesta skýrslu um málsatvik fyrir dómi, þar sem skýrslan var talin fela í sér frásögn um tilboð, sem gert hafði verið á sáttafundi í vinnudeilu, en skýrslugjöf um það var andstæð 28. gr. laga nr. 80/1938 109

Úrskurður um frekari gagnasöfnun 142, 145, 172

Frávísunarkröfu hrundið 143

Synjað um framhaldsfrest 186

Vaktaskipti. Sjá vinnulaun.

Veikindaforföll.

Útgerðarmanni talið heimilt, eins og samningum var háttað, að taka af óskiptum afla greiðslur, sem inna þurfti af hendi vegna veikindaforfalla háseta, sem ráðnir voru samkvæmt samningi um hlutaskipti 129

Vegavinna. Sjá kjarasamningar.

Vélsmiðjur.

Verklýðsfélag og vinnuveitendafélag deila um það, hvað sé „hjálparvinna í vélsmiðjum“ 70

Vélstjórar.

Vélstjórar fá áhættuþóknun þó skip liggi í höfn til viðgerðar 1
Vélstjórar deila við vinnuveitendur um það, hvort þeir hafi átt samningslegan rétt til þess að kaup þeirra hækkaði, er kauphækkun varð hjá öðrum stéttarfélögum 180
Deilt um það, hvort vélstjórar, ef færri eru á skipi en umsamið er eða lögskylt, eigi að fá kaup þess vélstjóra, sem vant er, meðan skip dvelur í höfn vegna viðgerðar 188

Venja.

Vélstjórar kröfðust áhættuþóknunar þó skip það, er þeir störfuðu á, væri í höfn til viðgerðar. Upp kom í málinu, að vélstjórar hjá sama útgerðarfélagi höfðu fengið slíka greiðslu eftir að samningur sá, sem um var deilt, tók gildi. Dæmt var, meðal annars með hliðsjón af þessu fordæmi, að vélstjórarnir ættu að fá áhættuþóknunina 1
Sagt, að það sé venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna hér á landi, að sjómenn, sem svo eru ráðnir, leggi sér sjálfir til fæði. Hlutarmanni var því ekki metin það þátttaka í útgerðarkostnaði, þó hann legði sér til fæði 37
Það talin venja í kaupstaðnum I, að allir flutningar að og frá skipi, er fermt er eða affermt, fari fram með bifreiðum 44
Svo var um samið í hlutaskiptasamningi milli verklýðsfélags og útgerðarmanna, að vinna, sem aðrir en hásetar leystu af hendi vegna aflans, skyldi greidd af óskiptu. Sams konar ákvæði hafði staðið í samningum nefndra aðilja árum saman, og ætíð verið framkvæmt svo af hálfu útgerðarmannsins H, að vinna vegna veikindaforfalla háseta var greidd af óskiptu. Árið 1941 mótmælti félagið þessari framkvæmd, en samdi þó með sama hætti og áður árið 1942, án sérstaks áskilnaðar. Þetta talið hafa firrt félagið möguleika til þess að fá H skyldaðan til þess 1944 að framkvæma þetta samningsákvæði með öðrum hætti, en hann hafði áður gert 129
Sagt í máli út af ágreiningi um frí sjómanna, er skip dvelur í heimahöfn, að ekki hafi verið færðar sönnur á það, að skapazt hafi venja um frekari frítíma farmanna á lögboðnum helgidögum, en sjómannalögin greina 170

Sagt, að það sé ekki svo föst venja, að vélstjórar, ef færri eru á skipi en skylt er, fái í ofanálag kaup þess vélstjóra, sem vant er, að talið verði, að vélstjórum beri réttur til þess, hvernig sem á stendur 188

Verkaskipting.

Samkvæmt kjarasamningi milli verkamannafélagsins D og vinnuveitendafélags, sem gerður var áður en orlofslögin gengu í gildi, skyldu verkamenn fá sumarleyfi með fullu kaupi. Vinnuveitandinn A, sem gerzt hafði aðili að samningi þessum, hafði á hernámsárunum í þjónustu sinni ýmsa lagtæka verkamenn (gervismiði), sem unnu að ýmiss konar vinnu, sem iðnlærðir menn höfðu áður talið sér einum heimila, en nú eftirlátið verkamönnum. Menn þessir fengu hærra kaup en venjulegt verkamannskaup. A neitaði þessum mönnum um sumarleyfi með fullu kaupi, þar sem þeir ynnu ekki venjulega verkamannavinnu og ættu ákvæði kjarasamningsins því ekki við um þá. Dómurinn leit svo á, að vinna sú, er „gervismiðirnir“ unnu, væri á mörkum þess að vera verkamannavinna og iðnlærðra manna vinna, en taldi ekki nægilega ríkar ástæður fyrir hendi til þess, að verkamenn, sem hana stunduðu og fengu hærra kaup en fyrir venjulega verkamannavinnu, hefðu með því firrt sig rétti til sumarleyfis samkvæmt kjarasamningnum 14

Bílstjóradeild verklýðsfélags átti í verkfalli. Það var venja um árabil á stað þeim, sem verkfallið stóð yfir, að bílstjórar önnuðust með bifreiðum sínum alla flutninga á vörum að og frá skipum, sem fermd voru eða affermd. Verkamönnum var því talið rétt, án þess að boða samúðarverkfall, að framkvæma ekki flutninga, sem bílstjórarnir voru vanir að annazt 44

Í verklýðsfélagi, þar sem bæði voru sjómenn og landverkafólk, höfðu runnið út samningar um kaup landverkafólksins. Er samningar tókust ekki hófu landverkamenn verkfall með lögmætum hætti. Jafnframt hættu sjómenn róðrum, þótt gildandi samningi um hlutaskipti hefði ekki verið sagt upp. Talið var, að róðrar hefðu getað haldið áfram, þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, án þess að sjómennirnir hefðu þurft að fara inn á starfssvið þess. Ekki hafði verið boðað samúðarverkfall af hálfu hlutarmanna og var vinnustöðvun þeirra því metin ólögmæt 56, 81, 88

Félag verksmiðjufólks, I, hóf verkfall hjá félagi iðnrekenda. Hjá iðnrekendunum S og N voru flestir starfsmanna félagar í verklýðsfélögunum D og F og voru þeir ráðnir samkvæmt kjarasamningi milli iðnrekenda þessara og nefndra verklýðsfélaga. Talið var, að félagsmenn í D og F, sem unnu hjá nefndum iðnrekendum, ættu ekki að lúta verkfallsboðun I, og var S og N því rétt að halda áfram starfsemi sinni, enda unnu félagar úr D og F ekki þau störf, er félagsmenn úr I höfðu áður unnið 63, 66

Deilt um það, hvaða vinnu eigi að telja „hjálparvinnu“ í vélsmiðjum 70

Verkamannafélagið D og vinnuveitendafélagið V höfðu gert samning sín á milli um kaup og kjör í tímavinnu, og annan um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna, er unnu hjá hlutafélaginu S, sem var

félagi í V. Mánaðarkaupssamningurinn féll úr gildi, og er samningar náðust ekki á ný hóf D verkfall hjá S og lögðu tímakaupsmenn einnig niður vinnu. Þar sem vinna mánaðarkaups- og tímavinnukaupsmanna var svo samofin, að þeir fyrrnefndu urðu ekki taldir til sérstaks starfsflokks og það gat verið hagsmunamál fyrir alla félagsmenn D, hvert mánaðarkaupið væri, var verkfall tímakaupsmanna talið lögmætt 73

Verklýðsfélagið G á Suðurnesjum átti í kaupdeilu og gerði verkfall hjá vinnuveitendum. Einn þeirra, F, átti vörur á skipaafgreiðslu í Reykjavík. Verklýðsfélagið D í Reykjavík lýsti yfir afgreiðslubanni á báta og bíla F og bannaði félagsmönnum í D, er störfuðu á skipaafgreiðslunni, að afhenda F vörur sínar eða vísa á þær. Upp kom í málinu, að það var venjulegt verk verkamanna þeirra, er unnu á afgreiðslunni, að láta vörur þær, er þaðan eru afhentar, á flutningatæki. Fyrirmæli D til þeirra voru því ásamt fleiru talin leiða til þess, að um verkfall hefði verið að ræða af hálfu D 115

Verkbann.

Hóteleigandinn J sagði 30. apríl öllum hljómsveitarmönnum upp starfa þeirra frá 21. maí, en þá var hótelinu lokað vegna viðgerða. Hinn 26. s. m. samþykkti stéttarfélag hljóðfæraleikara á fundi, að öllum félagsmönnum væri óheimilt að vinna á hótelinu, nema fjöldi hljómlistarmanna væri sá sami og verið hefði og þeir nytu sömu kjara. Þessi samþykkt var metin jöfn verkfallsákvörðun, en félagið hafði ekki gætt ákvæða II. kafla laga nr. 80 1938. Í refsimáli og skaðabóta á hendur félaginu var því haldið fram af þess hálfu, að það hefði ekki þurft að gæta nefndra lagaákvæða vegna þess, að J hefði með uppsögn sinni 30. apríl lýst verkbanni á hendur félaginu. Dæmt var, að uppsögn J hefði ekki leyst stéttarfélagið frá því að fylgja ákvæðum II. kafla nefndra laga 19

Verkföll, sbr. samúðarverkföll.

Hóteleigandinn J, sem rak hótelið B, sagði upp öllum hljómsveitarmönnunum, 6 að tölu, frá 21. maí 1943. Að liðnum uppsagnarfresti hættu þeir störfum, enda hófst þá viðgerð á hótelinu, er stóð til 29. s. m. Eftir að uppsögn fór fram, falaði J 4 þeirra til vinnu þá um sumarið og taldi hann, að þeir hefðu ráðizt í þjónustu hans. Þann 26. maí var haldinn fundur í félagi hljóðfæraleikara (F) og þar gerð sú fundarsamþykkt, að öllum félagsmönnum skyldi óheimilt að spila á hótel B, nema jafnmargir menn væru í hljómsveitinni og verið hefðu undanfarið (þ. e. 6), og að þeir hefðu sama kaup og kjör. Enn fremur var svo kveðið á í samþykkt, að þeir hljómsveitarmenn, er þar unnu síðast, þ. e. fyrir 21. maí, skyldu hafa forgang til vinnu á B. Nægar sannanir þóttu fram komnar fyrir því, að nefnd samþykkt félagsins hefði valdið því, að J fékk ekki hljóðfæraleikendur til vinnu í hljómsveit hótels síns, er það var opnað aftur 29. s. m., enda var því lýst yfir af formanni F, að tilgangur félagsins hefði verið sá að knýja J til þess

að gera kjarasamning við félagið. Talið var, að samþykktin jafngilti ákvörðun um vinnustöðvun samkv. II. kafla laga nr. 80/1938 og hefði F því átt að fara eftir ákvæðum 15. og 16. gr. sömu laga. Í málinu hélt J því fram, að H hefði verið óheimilt að beita verkfalli til þess að knýja fram þau skilyrði fyrir vinnu félagsmanna F á hótel B, er í samþykktinni greinir. Talið var, að krafan um tiltekna tölu hljóðfæraleikara á hótel B væri nægilega tengd eðlilegum hagsmunum H, til þess að njóta réttarverndar samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938. Hins vegar var dæmt, að F væri óheimilt að beita verkfalli, til þess að knýja J til þess að taka í þjónustu sína ákveðna félagsmenn úr F 19

Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkfall í vega- og brúagerðavinnu um land allt. Verkfall þetta var metið ólöglegt, þar sem sambandið hafði ekki sjálfstæðan rétt til þess að fyrirskipa verkfall, og verklýðsfélög þau, er hófu verkfallið samkv. fyrirmælum sambandsins, höfðu ekki gætt fyrirmæla II. kafla laga nr. 80/1938 48

Verklýðs- og sjómannafélagið G hóf verkfall hjá nokkrum vinnuveitendum í deilu um kaup og kjör landverkafólks. Jafnframt því, að verkfall landverkafólksins hófst, lögðust niður róðrar á bátum þeim, er vinnuveitendur gerðu út, og var þó í gildi samningur milli G og þeirra um hlutaskipti á bátunum og sjómenn áttu ekki í neinni deilu um kjör sín. Sannað þótti, að hlutarmenn hefðu hætt róðrum að tilhlutan forráðamanna verklýðsfélagsins. Ekki hafði af hálfu hlutarmanna verið boðað samúðarverkfall, og upp kom í málinu, að róðrar gátu haldið áfram, án þess að hlutarmenn færu inn á verksvið landverkafólksins. Var þetta metið ólögmætt verkfall 56, 81, 88

Félag iðnverkafólks, I, átti í kaupdeilu við félag iðnrekenda og hóf verkfall. Í verksmiðjunni N, sem var í félagi iðnrekenda, unnu á þeim tíma, er verkfallið hófst, aðeins tveir menn úr I, og lögðu þeir niður vinnu, en að öðru leyti hélt öll vinna í verkmiðju þessari áfram, því vélstjóri og framkvæmdarstjóri hennar bættu við sig vinnu verkfallsmannanna tveggja. Starfsfólk N var að öðru leyti allt konur úr félaginu F, sem kaup tóku samkvæmt samningi þess félags við N. Þær voru ekki félagar í I og höfðu ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallið. Voru þær því ekki taldar eiga að hlíta verkfallsboðun I 63

Félag iðnverkafólks, I, átti í kaupdeilu við félag iðnrekenda og hóf verkfall í verksmiðjunni S, sem var í félagi iðnrekenda. Í verksmiðjunni S, sem var í félagi iðnrekenda, vann 1 maður úr I, og lagði hann niður vinnu, en hinir starfsmennirnir, sem flestir voru félagsmenn í verkamannafélaginu D, og tóku laun eftir samningi milli D og S, héldu áfram vinnu, án þess að þeir þyrftu að fara inn á verksvið þessa eina manns úr I. Verkamannafélagið D bauð félagsmönnum sínum að leggja niður vinnu og var þessi ákvörðun tilkynnt fyrirsvarsmanni S með rúmlega klukkustundar fyrirvara. Talið var, að hér hefði verið um samúðarverkfall af hálfu D að ræða, því félagsmenn þeir, er unnu hjá S, hefðu ekki þurft að fara eftir verkfallsboðun I, þar sem þeir voru ekki félagar þess félags, og því ekki tekið þátt í verkfallsákvörðun þess. Og með

því að ekki hafði verið gætt fyrirmæla 15. og 16. gr. laga nr. 80 1938, var samúðarverkfallið metið ólögmætt 66
Verkamannafélagið D og vinnuveitendafélagið V höfðu gert sín á milli samning um kaup og kjör í tímavinnu, og annan um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna hjá hlutafélaginu S, sem var félagi í V. Er samningar tókust ekki á ný hóf D verkfall, og lögðu tímakaupsmenn einnig niður vinnu, en samningur þeirra var áfram í fullu gildi, þar sem honum hafði ekki verið sagt upp. V taldi verkfall tímakaupsmanna löglaust. Upplýst var, að vinna tímakaupsmanna og mánaðarkaupsmanna væri svo samofin, að mánaðarkaupsmenn yrðu ekki taldir til sérstaks starfsflokks. Dæmt var, að það gæti verið hagsmunamál fyrir alla félagsmenn D, hvert mánaðarkaupið yrði og væri tímakaupsmönnum því heimilt að gera verkfall í deilu út af mánaðarkaupinu, enda voru ekki hafðar uppi neinar þær kröfur, sem samið hafði verið um með tímakaupssamningnum 73
Ákvörðun um verkfall þetta var tekin af trúnaðarmannaráði D, en í því áttu sæti 9 menn, stjórn félagsins og 4 menn aðrir. Í félaginu D voru nálega 3000 félagsmenn. V taldi að svo fámennt trúnaðarmannaráð í jafnfjölmennu félagi hefði ekki að lögum rétt til þess að taka ákvörðun um að hefja verkfall. Sagt var, að þar sem ekki væri í lögum nr. 80/1938 nein ákvæði um tölu í trúnaðarmannaráði yrði þessi skipun D að teljast lögmæt, enda var það upp komið, að stjórn D fór ekki með ¾ hluta atkvæða á trúnaðarmannaráðsfundi þeim, er ákvað að hefja verkfallið. Var það því talið lögmætt .. 73
Sagt, að það sé verkfall, er verklýðsfélag ákveði og valdi því, að félagsmenn þess framkvæmi ekki venjuleg störf sín, í þeim tilgangi að knýja fram lausn í kaupdeilu milli verkamanna og vinnuveitenda 115
Félag verzlunar- og skrifstofufólks krafðist samninga við vinnuveitendur, en þeir vildu ekki viðurkenna félagið sem réttan samningsaðilja. Var talið, að því væri þá rétt að hefja verkfall, til þess að fá viðurkenndan rétt þess, til að gera kjarasamninga vegna félagsmanna þess 153, 159

Verzlunarfólk.

Félag verzlunar- og skrifstofufólks gerir verkfall til þess að fá viðurkenndan rétt félagsins til samningsaðildar 153

Vinnulaun, sbr. hlutaskipti.

B var lögskráður sem háseti á togara 12. okt. og fór þá á ísfiskveiðar. Hinn 28 s. m. kom togarinn af veiðum og sigldi til Englands með aflann. B varð eftir í landi ásamt 14 skipverjum öðrum. Samkvæmt kjarasamningum milli útgerðarmanna og sjómannafélaganna skyldu skipverjar þeir, sem eftir urðu í landi halda mánaðarkaupi sínu og fæðispeningum, meðan skipið væri í söluferð. B var ekki ráðinn á skipið aftur í næstu veiðiför, og útgerðarmaðurinn neitaði að greiða honum kaup og fæðispeninga þann tíma, sem skipið var í söluferðinni, þar sem dvöl hans á skipinu hefði verið lokið 28. okt.

Byggði útgerðarmaður neitun sína á því, að nefnt ákvæði í samningum sjómannafélaganna og útgerðarmanna ætti aðeins við um þá háseta, sem telja mætti fastráðna, væru orðnir vanir og hefðu a. m. k. farið tvær veiðiferðir. Dæmt var, að B ætti kröfu til mánaðarkaups og fæðispeninga, þar sem réttur hans til þessara gæða varð ekki bundinn því skilyrði, að hann yrði áfram á skipinu, eða hefði dvalið þar lengri tíma en eina veiðiför 5
Deilt var um það, hvort menn, sem eru á sautjánda árinu, eigi að fá sama kaup og unglingar 14 og 15 ára, eða kaup fullgilds verkamanns 12
Dæmt, að svokallaðir „gervismiðir", sem talið var, að ættu rétt til sumarleyfis með fullu kaupi, skuli í sumarleyfi fá það dagvinnukaup, sem þeir raunverulega fengu fyrir vinnu sína, þó að það væri hærra en það kaup, sem samið var um fyrir venjulega verkamannavinnu í kjarasamningi þeim, sem talinn var geyma ákvæði um sumarleyfi þeim til handa 14
Verklýðsfélag og vinnuveitandi deila um það, hvort ákvæði kjarasamnings um kaup fyrir kaffi- og matartíma eigi við um það, þegar unnið er í vöktum 28, 31
Í kjarasamningi verklýðsfélags og iðnrekenda var aðeins gert ráð fyrir viku- og mánaðarkaupi. Nokkur iðnfyrirtæki tóku upp þann hátt að greiða tímakaup. Verklýðsfélagið gerði þá kröfu til þess, að einnig yrði greitt kaup fyrir helgidaga, þó ekki sunnudaga, 1. maí og fyrsta sumardag. Sannað þótti, að tímakaupsmenn bæru ekki minna úr býtum heldur en þó þeir tækju laun eftir beinum kaupákvæðum kjarasamningsins og var krafa verklýðsfélagsins ekki tekin til greina 41
Þeir hásetar, er í landi sátu, meðan togari sigldi með afla sinn til útlanda, skyldu samkvæmt samningi sjómanna og útgerðarmanna halda kaupi og fæðispeningum meðan skipið væri í ferðinni. Togarinn G, sem var á leið til Englands með afla sinn, lenti í árekstri, og vegna viðgerðar liðu rúmir tveir mánuðir frá burtför hans til heimkomu. Skipverjar þeir, er ekki sigldu, vildu fá kaup og fæðispeninga allan tímann. Dæmt var, að þeir ættu kaup þann tíma, sem það tæki togara að sigla til útlanda með afla sinn og heim aftur, þegar engar ófyrirsjáanlegar tafir kæmu fyrir. Hásetarnir höfðu fengið kaup fyrir 17 daga og var útgerðin sýknuð af frekari kröfum 110
Svo var um samið í kjarasamningi, að vinna við lýsisbræðslu skyldi greidd hærra kaupi en almenn dagvinna. Sagt, að þetta eigi aðeins við um sjálfa lýsisbræðsluna, en ekki alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum 134
Vélstjórar kröfðust kauphækkunar, er kauphækkun varð hjá félagsmönnum tveggja stéttarfélaga, og byggðu á því, að þeirra kaup skyldi hækka um sama hundraðshluta og kaup hækkaði hjá öðrum. Dæmt var, að umdeilt samningsákvæði væri ekki nógu ótvírætt til þess, að talið yrði, að samningsaðiljar hefðu skilorðslaust samið sig undir ákvörðun þriðja aðilja um hæð kaupsins 180
Ef færri vélstjórar voru á skipi en um samið var eða lögskylt, átti kaup þess vélstjóra, sem vant var, að skiptast milli hinna. Þetta var þó ekki talið gilda, ef skipi var lagt í þurrkvi til viðgerðar 188

Vinnusamningar. Sjá kjarasamningar.

Vinnuveitendur.

Sagt, að það sé réttur vinnuveitandans að ákveða, hvaða menn hann kýs að velja til starfa hjá sér úr ákveðnum flokki, og sé verklýðsfélögum ekki í 14. gr. laga nr. 80/1938, veitt réttarvernd til þess að knýja vinnuveitanda með verkfalli til þess að taka eða hafa í þjónustu sinni ákveðna menn, umfram það, sem leiði af samningsskyldum eða sé sérstaklega heimilað á annan hátt. Hins vegar var það talið nægilega tengt eðlilegum hagsmunum stéttarfélags, að það krefðist þess af vinnuveitanda og beitti verkfalli til þess að koma fram þeirri kröfu, að hann hefði í þjónustu sinni tiltekna lágmarkstölu af félagsmönnum stéttarfélagsins 19

Vitni.

Sáttamaður í vinnudeilu mætir fyrir dómi sem vitni vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi, er komst á fyrir milligöngu sáttasemjara og sáttanefndar 107

Þriðjudaginn 23. marz 1943.

Nr. 1/1943. **Vélstjórafélag Íslands**
(Guðmundur Í. Guðmundsson hrl.)
gegn
Skipaútgerð ríkisins
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af áhættuþóknun vélstjóra.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19. f. m., af Vélstjórafélagi Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins. Krefst stefnandi þess, að viðurkennt verði, að stefnda beri að greiða hverjum lögskráðum vélstjóra á e/s Súðinni 15 krónur á dag í áhættuþóknun, samkvæmt 1. gr. samnings frá 5. sept. 1942, milli nefndra aðilja, meðan e/s Súðin sé á Reykjavíkurhöfn, enda séu viðkomandi vélstjórar ekki í sumarleyfi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 5. sept. f. á. var undirritaður samningur milli Vélstjórafélags Íslands o. fl. annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. hins vegar. Er 1. gr. samnings þessa svo hljóðandi:

„Áhættuþóknun stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna skal vera 80 — áttatíu — kr. á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, en annars 15 — fimmtán — kr., nema í sumarleyfum, þá greiðist engin áhættuþóknun.“

Er samningur þessi gerður til breytinga á eldri samningi sömu aðilja um áhættuþóknun í millilandasiglingum og viðbótarþóknun í strandsiglingum vegna ófriðarins.

Í desembermánuði f. á. var e/s Súðin tekin til viðgerðar hér í Reykjavík, og mun þeirri viðgerð ekki hafa verið lokið fyrr en fyrri hluta þessa mánaðar. Skipstjóri, sem annast kaupgreiðslur til skipverja, greiddi vélstjórum, auk annars kaups þeirra, 15 krónur á dag í áhættuþóknun. En með bréfi til hans, dags. 4. febr. þ. á., neitar stefndi skyldu sinni til nefndrar greiðslu, þar sem honum beri ekki að inna hana af hendi, er skipi sé lagt upp til viðgerðar og kveðst munu krefjast endurgreiðslu á því, sem þannig hafi greitt verið. Stefnandi vildi ekki fallast á þennan skilning stefnda, og með því að samkomulag fékkst ekki, hefur hann höfðað mál þetta, svo sem áður getur og gert þær kröfur, sem að ofan greinir.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að ljóst sé samkvæmt orðalagi 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942, að vélstjórum beri umdeildar 15 kr. á dag meðan þeir eru skráðir á skip stefnanda og sé engin undantekning gerð frá þeirri reglu, nema að því er sumarleyfi varðar. Telur hann, að orðin „en annars 15 kr.“ séu víðtækari en svo, að greiðsla áhættuþóknunarinnar verði bundin því skilyrði, að skipið sé í strandsiglingum. Á það beri og að líta, að þó e/s Súðinni hafi verið lagt upp til viðgerðar, vinni vélstjórarnir eigi að síður daglega að skyldustörfum sínum í skipinu. Og þar sem þeim, eins og viðurkennt sé, beri full áhættuþóknun þótt skipið liggi í höfn vegna fermingar eða affermingar, þá sé sízt minni ástæða til þess, að sama regla gildi þegar þeir vinna í skipinu, er það er í viðgerð. Þá heldur hann því og fram, að er m/s Esja var til viðgerðar hér rúma viku á síðastliðnu hausti, eftir gildistöku umdeilds samningsákvæðis, hafi stefnandi greitt þessa 15 kr. áhættuþóknun á dag umyrðalaust fyrir það tímabil, er viðgerðin stóð yfir. Loks bendir stefnandi á það, að samkvæmt eldri samningi milli sömu aðilja, um viðbótarþóknun vegna ófriðarins, hafi verið greint milli millilandasiglinga og strandsiglinga, en með samningi þeim, er í þessu máli getur, hafi orðalagið orðið víðtækara, þannig, að nú sé greiðsla nefndrar þóknunar ekki því skilyrði bundin, að skipið verði talið vera í siglingum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að honum beri að greiða áhættuþóknun, er skipið liggur í höfn til viðgerðar. Telur hann, að það hafi aldrei komið til mála, að áhættuþóknun skyldi greiða er viðgerð stæði yfir. Bendir hann á, að í samningum sjómanna- og matsveinafélaganna við skipaútgerðarfélögin sé greint á milli millilandasiglinga og strandsiglinga. Af

þeim samningum sé ljóst, að áhættuþóknun beri ekki að greiða er viðgerð stendur yfir, en þar sem sama hafi átt að ganga yfir alla skipverja að þessu leyti, geti vélstjórar ekki krafizt frekari réttar sér til handa, þrátt fyrir dálítið annað orðalag. Þá mótmælir hann því, að undantekningarákvæðið um sumarleyfi í 1. gr. nefnds samnings sé eina undantekningarákvæðið, sem til greina komi. Það hafi verið sett vegna þess, að samkvæmt eldra samningi hafi vélstjórum verið greidd viðbótarþóknun, jafnt í sumarleyfi sem endranær, ef skipið var í siglingum, og hafi þess vegna þótt nauðsynlegt að undanskilja sumarleyfin nú, til þess að ljóst væri, að áhættuþóknun skyldi ekki greidd fyrir þann tíma. Ástæðurnar til þess, að áhættuþóknun var greidd, er Esja var til viðgerðar s.l. haust, kveður hann þá, að sjómennirnir hafi hótað að ganga af skipinu, ef hún yrði ekki greidd og hafi því útgerðin neyðzt til að greiða hana, til þess að skipið stöðvaðist ekki, en því hefur stefnandi eindregið mótmælt, svo og framangreindri túlkun stefnda.

Þegar litið er til þess, hversu víðtækt orðalag 1. gr. oftnefnds samnings er, þykir ekki verða hjá því komizt, að fallast á þá skoðun stefnanda, að skylda stefnda til greiðslu áhættuþóknunar til vélstjóra sinna verði ekki því skilyrði bundin, að skipið megi kallazt vera í strandsiglingum. Þar sem breytt var frá orðalagi hins eldra samnings, fellt niður orðið „strandsiglingar“, en nú talað um *„Áhættuþóknun 80 — áttatíu — kr. á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, en annars 15 — fimmtán — kr.“*, var full ástæða til þess að undanskilja það tilvik, er skipin væru í viðgerð, eins og gert var um sumarleyfin, ef 15 kr. áttu ekki að greiðast þann tíma, og það því fremur sem vélstjórar höfðu áður í slíkum tilfellum notið viðbótarþóknunar samkvæmt hinum eldra samningi, á sama hátt og í sumarleyfum, og vinna þeirra í skipinu auk þess sízt minni er viðgerð stendur yfir. Þá hafa eigi verið færðar sönnur á það, að greiðsla áhættuþóknunar, er m/s Esja var til viðgerðar í haust, hafi verið knúin fram með hótunum af hálfu sjómanna. Það var því full ástæða fyrir stefnda til þess að gefa skipstjóra fyrirmæli varðandi greiðslu umdeildrar áhættuþóknunar meðan á viðgerð stóð, er e/s Súðinni var lagt, í desember s.l., ef hann þá ætlaðizt til, að hún yrði ekki af hendi innt. Samkvæmt framansögðu þykir bera að taka kröfur stefnanda í máli þessu til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, bar, samkvæmt 1. gr. samnings frá 5. sept. 1942, að greiða vélstjórum í Vélstjórafélagi Íslands, sem lögskráðir eru á e/s Súðina, 15 krónur á dag í áhættuþóknun meðan e/s Súðin var í Reykjavíkurhöfn til viðgerðar mánuðina desember til marz s. l., enda hafi viðkomandi vélstjórar ekki verið í sumarleyfi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Eins og í dóminum segir er mál þetta risið út af ágreiningi um það, hvort stefndi, Skipaútgerð ríkisins, sé skyldur til að greiða vélstjórum á e/s Súðinni 15 kr. á dag í áhættuþóknun ávallt þegar hún er hér í höfninni, og því jafnt þó hún sé hér til viðgerðar um lengri eða skemmri tíma, enda sé hlutaðeigandi vélstjóri ekki í sumarleyfi.

Þrátt fyrir hið víðtæka orðalag 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942, sem um ræðir í dómnum, tel ég að hana beri að skilja svo, að umrædda stríðsáhættuþóknun sé því aðeins skylt að greiða, að skipið sé í siglingum, en hins vegar ekki, ef það liggur í höfn, eða er jafnvel dregið á land til viðgerðar. Bæði tel ég þetta eðlilegri skilning á ákvæðinu, þar sem greiðsla þessi er endurgjald fyrir sérstaka áhættu, sem skipverjar stofna sér í, einnig með siglingum meðfram ströndum landsins, og auk þess styðst hann við orðalag á samningum um sama efni, sem skipafélögin gerðu sama dag við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands og við Sjómannafélag Reykjavíkur. Í þeim samningum segir, að áhættuþóknun hlutaðeigandi sjómanna skuli vera 80 kr. á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, en 15 kr. í strandsiglingum, en hjá Ríkisskip 450 kr. á mánuði í strandsiglingum. Bendir þetta orðalag eindregið til þess, að þeim sjómönnum, sem þar eiga hlut að máli, beri því aðeins áhættuþóknun, að skipin séu í siglingum. En alkunnugt er, að til þess var ætlast þegar frá þessum samningi var gengið, að allir skipverjar, æðri sem lægri, nytu sömu kjara að því er áhættuþóknun snerti.

Í máli þessu er það að vísu upplýst, að stefndi, Skipaútgerð ríkisins, hafði greitt vélstjórum á e/s Esju 15 kr. á dag í áhættuþóknun er hún var hér til viðgerðar stuttan tíma á síðastliðnu hausti. En ég get ekki litið svo á, að stefndi hafi með því bakað sér skyldu til að greiða vélstjórum áhættuþóknun framvegis þegar skipin eru í viðgerð, og það, hvort sem um lengri eða skemmri tíma er að ræða.

Eftir atvikum tel ég, að málskostnaður eigi að falla niður.

Samkvæmt framanskráðu er atkvæði mitt á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 2/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Guðmundur Í. Guðmundsson hrl.)

gegn

Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda vegna h/f Alliance (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Varadómari hrl. Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar og hrl. Einar B. Guðmundsson, nefndur í dóminn af stefnda í stað hrl. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál út af því, hvort háseti, sem fór eina veiðiför á togara, hafi átt rétt til kaups meðan skipið sigldi til Englands með aflann.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19. febr. s.l., af Alþýðusambandi Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda vegna h/f Alliance, til greiðslu á kr. 550.90 auk 5% ársvaxta frá 11. nóv. 1942 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 531.89 og málskostnaður þá látinn falla niður.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 12. okt. f. á. var Bergvin nokkur Guðmundsson lögskráður sem háseti á b/v Kára, sem er eign h/f Alliance, og var að fara á ísfiskveiðar. Þann 28. s. m. kom skipið af veiðum til Reykjavíkur, áður en það fór með aflann til Englands. Urðu 15 skipverjar eftir í landi, þar sem venja er að miklu færri menn séu á togurunum, er þeir sigla með aflann, heldur en á ísfiskveiðum, og voru þeir allir afskráðir 28. okt. f. á. Nefndur Bergvin var einn þessara 15 manna og var dvöl hans á greindu skipi þar með lokið.

Í 1. mgr. 6. gr. samnings, dags. 30. sept. 1942, um kaup og kjör á togurum, milli Sjómannafélags Reykjavíkur o. fl. annars vegar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar segir svo:

„Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem stundar veiðar, skulu halda mánaðarkaupi sínu og fæðispeningum, kr. 3.75 á dag auk dýrtíðaruppbótar á hvoru tveggja, meðan skipið er í ferðinni. Fæðispeningar greiðast fyrir þann tíma, sem skipverji nýtur ekki fæðis í skipinu.“

Bergvin leit nú svo á, að sér bæri kaup samkvæmt þessu samningsákvæði fyrir daga þá, er b/v Kári var í Englandsförinni, eða til 11. nóv. 1942. Taldi hann sér bera upphæð þá, sem stefnt er til greiðslu á, og krafði h/f Alliance um hana, en honum var synjað greiðslu, þar sem veru hans á skipinu hefði verið að fullu lokið þann 28. okt. f. á. og ætti hann því ekki heimtingu á kaupi eftir þann dag. Á þennan skilning vildi Sjómannafélag Reykjavíkur, en Bergvin er meðlimur þess, ekki fallast, og höfðaði því mál þetta, svo sem að framan greinir, og hefur það fengið framsal á umræddri kröfu Bergvins.

Stefnandi telur, að nefnt samningsákvæði beri að skilja á þá leið, að sjómaður, sem lögskráður er á togara á ísfiskveiðar, en siglir ekki til útlanda með aflann, eigi fullan rétt til kaups þess, sem 1. mgr. 6. gr. samningsins kveður á um, meðan skipið sé í utanförinni, og skipti ekki máli, hvort hann fari á skipið aftur, er það fari næst á veiðar. Ekki verði heldur miðað við það, hvort skipverjinn hafi verið lengri eða skemmri tíma á viðkomandi skipi, því orðalag 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 30. sept. 1942 sé skilorðslaust að þessu leyti og leyfi ekki neinar undantekningar. Bendir hann á það, að í samningi þeim, er gilti milli aðilja næst á undan þessum, hafi samsvarandi grein, sem var 6. gr. þess samnings, hljóðað svo: Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem stundar veiðar, miðað við 19 manna áhöfn, skulu halda mánaðarkaupi sínu o. s. frv. En með samningnum frá 30. sept. hafi orðin „miðað við 19 manna áhöfn“ verið felld niður. Þetta ákvæði í eldri samningnum hafi þýtt það, að útgerðin þyrfti ekki að greiða fleirum en 19 skipverjum kaup meðan á utanlandsför stæði, þótt, eins og yfirleitt sé venja, að fleiri skipverjar séu á skipinu á veiðum. Nú hafi verið rýmkað um þetta sjómönnum í hag með yngri samningnum, til þess að tryggja það, að allir skipverjar nytu þess-

ara hlunninda, en aldrei hafi komið til mála, hvorki meðan eldri samningurinn gilti, né heldur með gildistöku samningsins frá 30. sept. f. á., að réttur skipverja til kaups samkvæmt 6. gr. samninganna væri bundinn því skilyrði, að þeir hefðu verið skipverjar tiltekinn lágmarkstíma. Telur stefnandi samkvæmt þessu, að nefnd dvöl Bergvins á b/v Kára hafi gefið honum rétt til kaups fyrir þann tíma, er skipið var í utanlandsför.

Stefndi hefur fyrst og fremst krafizt sýknu á þeim grundvelli, að áðurnefnd 6. gr. samningsins frá 30. sept. 1942 eigi aðeins við um fasta skipverja, þ. e. skipverja, sem hafi starfað óslitið á viðkomandi skipi að minnsta kosti 2 eða fleiri veiðiferðir. Hafi sú regla einnig átt að gilda samkvæmt hinum eldri samningi og skipti breyting sú, sem gerð hafi verið á 6. gr. með samningnum frá 30. sept. 1942, og áður er lýst, ekki neinu máli að því er þetta snertir. Heldur hann því fram, að ákvæði oftnefndrar 6. gr. um kaup til handa skipverjum, er í landi dvelja meðan siglt sé með aflann, séu aðeins hlunnindi til handa föstum og vönum sjómönnum, en ekki ætluð íhlaupamönnum, er aðeins fari eina veiðiför með togurunum. Til þessa bendi og ákvæði 2. mgr. 6. gr., þar sem ákveðið sé, að skipverjum skuli gefinn kostur á að sigla til skiptis til útlanda eftir réttri röð, en um slíkt geti ekki verið að ræða um mann, sem aðeins fari í eina veiðiför. Nú hafi verið svo ástatt um nefndan Bergvin og geti því hin stutta dvöl hans á b/v Kára ekki gefið honum rétt til kaups þess, er 6. gr. fjallar um.

Ekki hafa komið fram í málinu nein gögn til styrktar þeirri staðhæfingu stefnda, að samningur sá, er gilti milli aðilja máls þessa til 30. sept. 1942 hafi verið skilinn eða framkvæmdur á þá leið, sem stefndi heldur fram. Hins vegar eru ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 30. sept. 1942 svo víðtæk, að ekki verður talin felast í þeim heimild til þess að binda rétt sjómanns til kaups samkvæmt þeirri grein því skilyrði, að hann hafi farið fleiri en eina veiðiför með viðkomandi skipi. Nefnd 1. mgr. 6. gr. gerir engan greinarmun á föstum skipverjum og íhlaupamönnum og ekki verður talið, að 2. mgr. sömu greinar feli í sér næga stoð til þeirrar aðgreiningar, svo sem stefndi hefur haldið fram, enda engin leiðbeining um það í samningnum, hvernig draga skyldi slíka markalínu. Með því þannig að oftnefndur Bergvin var skráður á b/v Kára með þeim kjörum,

sem felast í oftnefndum samningi og fór með honum sem háseti á ísfiskveiðar eina veiðiför, bar honum samkvæmt framansögðu réttur til kaups og fæðispeninga eftir 1. mgr. 6. gr. margnefnds samnings, meðan skipið var í utanförinni og getur því nefnd sýknuástæða stefnda ekki orðið tekin til greina.

Þá hefur stefndi við munnlegan flutning málsins haft uppi aðra sýknuástæðu. Bendir hann á, að samkvæmt 10. gr. umgetins samnings sé útgerðarmanni heimilt að kalla skipverja þá, er kaups njóta í landi, meðan skip siglir með aflann, til þess að gera við veiðarfæri skipsins, þó ekki lengur en 2 venjulega vinnudaga hvern. Kveður hann stýrimann b/v Kára hafa 28. okt. f. á., er skipið kom úr veiðiför, tilkynnt skipverjum þeim, er eigi sigldu, hvenær þeir ættu að koma til þessarar vinnu. Hafi Bergvin heyrt þá tilkynningu sem aðrir, en þó eigi mætt til vinnunnar á ákveðnum tíma. Hefur stefndi og við munnlegan flutning málsins lagt fram vottorð frá greindum stýrimanni þessa efnis. Telur hann, að með því að koma ekki til vinnunnar hafi Bergvin svipt sig rétti til kaups umdeildan tíma, þó svo yrði annars litið à, að honum hefði borið það.

Stefnandi hefur mótmælt þessari sýknuástæðu og þeim gögnum, sem hún er studd, sem of seint fram kominni í málinu, og hefur hann eindregið mótmælt því, að Bergvin hafi á nokkurn hátt brotið af sér gagnvart útgerð b/v Kára með því að koma ekki til vinnu þessa 2 daga, sem 10. gr. samningsins heimilar útgerðarmanni að kveðja skipverja til vinnu, enda hafi honum verið tilkynnt við afskráningu, að hann yrði ekki ráðinn á skipið aftur, og er það viðurkennt af stefnda.

Þessi sýknuástæða stefnda, sem lýtur að því, að Bergvin hafi vanefnt ráðningarsamning sinn við útgerð b/v Kára, er ekki þess eðlis, að hún heyri undir úrlausn félagsdóms, samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Aðiljar hafa að vísu við flutning máls þessa samþykkt, að félagsdómur kveði á um réttmæti upphæðar fjárkröfu þeirrar, sem stefnt er til greiðslu á, og dæmi um allar þær varnir, sem fram koma gegn greiðsluskyldu stefnda. En með því að ýmislegt þykir á skorta um gögn varðandi sýknuástæðu þessa, t. d. hefur ekki verið hægt að afla skýrslu Bergvins um það atriði, hvort hann hafi heyrt tilkynningu stýrimannsins til skipverjanna, þá telur dómurinn, þegar af þeirri ástæðu, ekki rétt að beita heimild þeirri, er felst í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, til þess að

leggja dóm á málið að þessu leyti, og ber því að vísa fjárkröfu stefnanda á hendur stefnda í máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Fjárkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, á hendur stefnda, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda vegna h/f Alliance, í máli þessu, vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. júní 1943.

Nr. 4/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs vegna bílstjóradeildar þess
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs vegna bílstjóradeildar þess með stefnu 7. f. m.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. des. 1942 gerðu Vinnuveitendafélag Ísfirðinga og bílstjóradeild verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði samning um gjald fyrir akstur vörubifreiða á Ísafirði og í Hnífsdal.

Í samningi þessum er ákveðið tímakaup fyrir bíla, gjald fyrir einstakar ferðir innanbæjar á Ísafirði og milli tiltekinna staða í nágrenni kaupstaðarins, svo og til ýmissa staða á Vestfjörðum, ákveðin þyngd á bílhlassi, ákvæðisverð fyrir grjót, sand, steypuföl, snjó o. s. frv.

7. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Vinnuveitendum, sem eiga vörubifreiðar, er óheimilt að leigja hana né taka á leigu bifreiðar, sem ekki eru í Bílstjóra-

deild verkalýðsfélagsins Baldurs, nema svo standi á, að engin leigubifreið innan félagsins sé fáanleg, enda skuldbindi deildin sig til, ef hörgull er á vörubifreiðum, að láta samningsaðilja hafa forgangsrétt að því að fá vörubifreiðar til flutninga."

Með samningi, dags. 22. des. síðastl., tók Verzl. J. S. Edwalds á Ísafirði, sem er meðlimur Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, vörubifreiðina ÍS. 4 á leigu hjá h/f Brúnkolum á Ísafirði, en það félag er ekki í vinnuveitendafélaginu. Leigutíminn var frá 27. des. síðastl. til 26. maí þ. á.

Aðeins bifreiðin sjálf var leigð, en Verzl. J. S. Edwalds átti að sjá um bílstjóra, borga benzín, allt viðhald, nema eðlilegt slit, og annan reksturskostnað.

Bílstjóradeild verklýðsfélagsins Baldurs taldi, að með því að taka umrædda bifreið á leigu hefði Verzl. J. S. Edwalds brotið ofangreinda 7. gr. fyrrnefnds samnings og skrifaði mótmælabréf, dags. 29. des. síðastl., til Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, sem svaraði með bréfi, dags. 30. s. m., og neitaði, að samningsbrot hefði átt sér stað með téðum leigumála um bifreiðina.

Lauk ágreiningi þessum á þann hátt, að Verzl. J. S. Edwalds keypti umrædda bifreið af h/f Brúnkolum.

Vinnuveitendafélag Ísfirðinga telur það hafa fjárhagslega þýðingu fyrir félagsmenn sína, að téð 7. gr. nefnds samnings verði talin rétt skilin þannig, að slík leiga á bifreið, sem hér var um að ræða, sé ekki brot á henni, og hefur því höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur:

Aðallega, að viðurkennt verði, að 7. gr. ofangreinds samnings sé rétt skilin þannig, að þrátt fyrir ákvæði hennar sé meðlimum Vinnuveitendafélags Ísfirðinga heimilt að taka á leigu um tiltekið tímabil bifreiðar hjá öðrum en meðlimum bílstjóradeildar verklýðsfélagsins Baldurs, enda fylgi ekki bifreiðarstjóri með í leigunni og leigutaki greiði sjálfur einnig allan annan kostnað við rekstur bifreiðarinnar, að undanteknu eðlilegu sliti,

en til vara, að viðurkennt verði, að téð 7. gr. nefnds samnings tálmi því ekki, að gerður sé slíkur samningur sem fyrrgreindur leigusamningur milli Verzlunar J. S. Edwalds og h/f Brúnkola, dags. 22. des. síðastl.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi styður dómkröfur sínar með því, að umdeilt ákvæði 7. gr. nefnds samnings, sem óheimilar leigu bifreiðar af öðrum en þeim, sem eru í bílstjóradeild Baldurs, eigi aðeins við um það ökufyrirkomulag og þau tilvik, sem upp eru talin í samningi aðilja frá 12. des. f. á., en nái ekki til þess tilviks, ef vinnuveitandi tekur bifreið á leigu um tiltekinn tíma og án þess að henni fylgi bifreiðarstjóri, enda beri leigutaki allan kostnað af rekstri bifreiðarinnar.

Stefndi telur hins vegar, að með oftnefndri 7. gr. hafi bílstjórarnir verið að tryggja það, að þeir sætu fyrir þeim akstri á Ísafirði og í Hnífsdal, sem vinnuveitendur þar þyrftu yfirleitt á að halda, að svo miklu leyti sem þeir notuðu ekki sínar eigin bifreiðar. Ákvæði 7. gr. nái því ekki aðeins til þeirra ökutilvika, sem upp eru talin í öðrum greinum samningsins, heldur séu þau sett sem almenn takmörkun þess, að vinnuveitendur taki á leigu bifreiðar af öðrum en þeim, sem eru í bifreiðastjóradeild verklýðsfélagsins Baldurs. Heldur stefndi því fram samkvæmt þessu, að vinnuveitendum, sem bundnir eru af samningi aðilja, sé óheimilt að taka á leigu bifreiðar með þeim hætti, er greinir í samningi Verzlunar J. S. Edwalds og h/f Brúnkola.

Tilgangurinn með oftnefndri 7. gr. í samningi aðilja frá 12. des. f. á. virðist vera sá, að tryggja félagsmönnum bílstjóradeildar Baldurs þann akstur, sem í boði er á hverjum tíma á samningssvæðinu, og sem ekki er framkvæmdur með eigin bifreiðum vinnuveitanda, en hagsmunir bifreiðarstjóranna eru í því fólgnir, að geta leigt framfærslutæki sitt, bifreiðarnar. Skiptir því miklu máli fyrir þá, að ekki sé keppt við þá með öðrum bifreiðum. Með tilliti til þessa og hins almenna orðalags 7. gr. er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að greinina beri að skilja með þeim takmörkunum, er hann heldur fram. Samkvæmt þessu verður dómkröfum stefnanda hrundið, en til greina tekin sýknukrafa stefnda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs vegna bílstjóradeildar þess, skal vera sýkn af

kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. júlí 1943.

Nr. 16/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur (Eggert Claessen hrl.).

Deilt um það, hvort 16 ára unglingar eigi að fá kaup sem fullgildir verkamenn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 18. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur.

Málsatvik eru þau, að í 3. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 30. des. 1942, er m. a. svo um samið, að: „Lágmarkskaup kvenfólks og unglinga 14—16 ára skal vera kr. 1.40 pr. klst.“ En í sömu grein er ákveðið, að lágmarkskaup fyrir fullgilda verkamenn skuli vera kr. 2.10 fyrir hverja klst. Aðiljar deila um það, hvernig skilja beri ofangreint ákvæði um kaup unglinga „14—16 ára“. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt því megi aðeins greiða unglingum 14 og 15 ára lægra kaupið, en stefndi litur svo á, að undir þetta ákvæði falli unglingar 14, 15 og 16 ára. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst um ágreining þennan hefur mál þetta verið höfðað, svo sem áður er greint, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 3. gr. framannefnds samnings beri að skilja þannig, að lágmarkskaup kvenfólks og unglinga 14 og 15 ára sé kr. 1.40 fyrir hverja klst. í dagvinnu, en að verkamönnum, sem náð hafa 16 ára aldri, beri kr. 2.10 fyrir hverja klst. í dagvinnu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og skilningi hans

á umdeildu samningsákvæði og krefst hann viðurkenningar dómsins á því, að umdeilt ákvæði beri að skilja svo, að það nái til 14, 15 og 16 ára unglinga. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu var framangreindur samningur, sem gildir um vinnu norður í Árneshreppi í Strandasýslu, saminn og undirritaður hér í Reykjavík af framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins og Ólafi H. Jónssyni, framkvæmdarstjóra hér í bæ f. h. H/f Djúpuvíkur. Við samningsgerðina var ekki rætt sérstaklega um hið umdeilda atriði, en það er nýmæli í samningum aðilja og venja ekki til um þetta efni í viðskiptum þeirra. Þá er það og upp komið í máli þessu, að sá háttur gildi hér í Reykjavík, að unglingar fullra 16 ára fái venjulegt verkamannskaup. Loks liggja og fyrir upplýsingar þess efnis, að bæði á Ísafirði og í Hólmavík séu svipuð samningsákvæði og það, sem hér er deilt um, framkvæmd á þann hátt, að drengir á aldrinum 14 og 15 ára fái lægra kaupið, en þeir sem eru fullra 16 ára fái venjulegt verkamannskaup.

Með tilliti til nefndra upplýsinga þykir mega fallast á framangreindan skilning stefnanda á samningsákvæði því, sem um er deilt, og ber því að taka kröfur hans til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 3. gr. kjarasamnings, dags. 30. des. 1942, milli aðilja máls þessa, skulu framkvæmd svo, að greiða ber unglingum 14 og 15 ára kr. 1.40 fyrir hverja klst., en þeim, sem náð hafa 16 ára aldri, ber kaup sem fullgildum verkamönnum.

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júlí 1943.

Nr. 14/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Axel Sveinssyni (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um það, hvort verkamenn, sem stunduðu fagvinnu (gerfismiðir) hafi átt rétt til sumarleyfis samkvæmt samningi verkamannafélagsins Dagsbrúnar við vinnuveitendur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. maí þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Axel Sveinssyni verkfræðingi, Ásvallagötu 69 hér í bæ. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, þar með taldir þeir, sem fagvinnu stunduðu, hafi átt rétt til sumarleyfis með fullu dagvinnukaupi samkvæmt samningi, dags. 30. okt. 1941, milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þó að þeir hafi fengið greitt hærra kaup en lágmarkskaup samkvæmt þágildandi samningi vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar, og að stefnda, Axel Sveinssyni, beri því samkvæmt samningi hans við Dagsbrún, dags. 11. febr. 1942, að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í Dagsbrún, sumarleyfiskaup, miðað við það kaup, er viðkomandi verkamaður fékk greitt, en til vara miðað við lágmarkskaup samkvæmt samningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands frá 9. jan. 1941. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, að því leyti sem sumarleyfiskaups er krafizt til handa verkamönnum, er stunduðu fagvinnu, og málskostnaðar krefst hann úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að 9. jan. 1941 var undirritaður samningur milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands um kaup og kjör verkamanna í Reykjavík, er tímakaup taka, og þann 30. okt. sama ár gerðu sömu aðiljar með sér viðbótarsamning, er fjallar um sumarleyfi verkamanna. Þann 11. febrúar 1942 gerði stefndi, sem ekki er í

Vinnuveitendafélagi Íslands, samning við Dagsbrún, þar sem hann skuldbindur sig til þess að fylgja „í öllu“ framangreindum samningum vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar.

Þegar sumarleyfi og greiðslur fyrir þau skyldu hefjast sumarið 1942, taldi stefndi, að því er hann sjálfur hefur skýrt frá, að sér væri ekki, þrátt fyrir gerða samninga, skylt að greiða sumarleyfiskaup, því svo hefði verið um samið milli sín og Dagsbrúnar, að hann, sem annast ýmsar framkvæmdir fyrir hið útlenda setulið, skyldi því aðeins skyldur að greiða sumarleyfiskaup, að setuliðsstjórnin tæki á sig þau útgjöld, en því hafði setuliðsstjórnin neitað. Þessu hefur formaður Dagsbrúnar neitað. En það skiptir ekki máli hér, hversu þessu hefur verið farið, því þegar til kastanna kom greiddi stefndi sumarleyfiskaup öllum þeim félagsmönnum Dagsbrúnar, er hjá honum unnu venjulega verkamannavinnu og í munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi var samkomulag um það milli málflytjenda, að stefnda hefði verið þetta skylt samkvæmt samningnum við Dagsbrún, og að verkamönnum stefnda hefði borið sumarleyfiskaup miðað við það kaup, er þeir raunverulega fengu, þó það kynni að hafa verið hærra en lágmarkskaup samkvæmt samningnum frá 9. jan. 1941. Þarf því ekki að taka kröfur stefnanda að þessu leyti til frekari athugunar og er aðeins um það deilt í máli þessu, hvort verkamenn, sem svokallaða fagvinnu stunda („gerfismiðir“) eigi rétt til sumarleyfiskaups samkvæmt framangreindum samningum.

Hins vegar neitaði stefndi alveg að greiða sumarleyfiskaup til þeirra verkamanna, er unnu svokallaða „fagvinnu“, þ. e. a. s. að trésmíði og því líku (svo kallaðir gerfismiðir), en sá háttur var þá upp tekinn, að lagtækir verkamenn, er ekki höfðu hlotið nein iðnréttindi, unnu ýmsa vinnu, er iðnlærðir smiðir höfðu áður talið sér einum heimila og fengu þeir hærra kaup en menn, er unnu almenna verkamannavinnu; oft kaup samkvæmt kaupskrá iðnlærðra smiða.

Með bréfi, dags. 28. sept. f. á., fer verkamannafélagið Dagsbrún þess á leit við alþýðusambandið, að fenginn verði úrskurður félagsdóms um skyldu atvinnurekenda til þess að greiða verkamönnum, er „fagvinnu“ stunduðu á tímabilinu frá 1. des. 1941 til 1. júní f. á., sumarleyfiskaup. Þann 19. nóv. f. á. neitar stefndi Dagsbrún bréflega, að sér sé skylt að greiða sumarleyfispeninga til verkamanna á „fagmannakaupi“ fyrir vinnu á tímabilinu frá 1. des. 1941 til 22. ágúst 1942, en

þann dag var undirritaður nýr samningur milli vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar. Var mál þetta síðan höfðað svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt áður nefndum samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins frá 30. okt. 1941, sem stefndi undirgekkst með samningnum frá 11. febr. 1942, beri verkamönnum sumarfrí með fullu dagvinnukaupi, samkvæmt nánari ákvæðum samningsins. Eigi það jafnt við um þá, er stunda almenna verkamannavinnu og þá verkamenn, sem vegna ástands þess, er hér ríkir nú, hafa fengið, án þess að hafa nein iðnréttindi, að vinna ýmissa vinnu, sem iðnlærðir smiðir einir tileinkuðu sér áður. Telur stefndi, að í framkvæmdinni hafi orðið sú raun á, að þessir svo kölluðu „gerfismiðir" hafi notið þeirra kjara, sem áskilin voru í samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins, þar á meðal sumarleyfa, að því undanskildu, að einn atvinnurekandi auk stefnda hafi ekki viljað greiða fyrir þau. Telur stefnandi, að það geti ekki skipt máli, þótt menn þessir hafi unnið fyrir hærra kaupi en lágmarkskaupi og jafnvel fengið kaup samkvæmt lágmarkskaupskrá iðnlærðra smiða.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að honum beri að greiða „gerfismiðunum" sumarleyfiskaup. Telur hann þetta sérstaka stétt manna, sem ekki hafi verið orðin til, er sumarleyfissamningurinn frá 30. okt. 1941 var gerður. Þeir hafi að öllu leyti tekið kaup samkvæmt kaupskrá iðnfélaganna. Ef þeir ættu þar að auki rétt til sumarleyfa yrðu þeir betur settir en iðnlærðir smiðir, sem ekki hafi þá haft samninga um sumarleyfi við atvinnurekendur. Heldur hann því fram, að samningur Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins eigi ekki við um menn þessa og sjáist það m. a. bezt af því, að í samningi nefndra aðilja frá 22. ág. 1942, sé sérstaklega tekið fram, að verkamenn sem vinni „fagvinnu" skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, en óþarft hefði verið að taka slíkt fram, ef þessi réttur hefði verið falinn í eldri samningum. Þá mótmælir hann því, að sumarleyfagreiðslur af hálfu vinnuveitenda til handa „gerfismiðum" hafi verið svo almennar sem stefnandi heldur fram.

Stefnandi hefur mótmælt því, að „gerfismiðirnir" verði, þó fallizt yrði á skilning sinn á umdeildu atriði, betur settir en iðnlærðu smiðirnir. Því þó „gerfismiðirnir" hafi ef til vill oft

fengið lágmarkskaup iðnlærðra smiða, þá hafi þeir iðnlærðu yfirleitt fengið samsvarandi kjarabætur hjá vinnuveitendum.

Vinna sú, sem hér er deilt um, hvort sé þess eðlis, að þeir sem hana vinna skuli njóta þeirra kjara, er í framannefndum samningum greinir, er unnin af félagsmönnum verkamannafélagsins Dagsbrúnar, venjulegum verkamönnum, án sérþekkingar eða iðnréttinda. Mun hún að nokkru leyti vera á mörkum þess að vera verkamannavinna eða iðnlærðra manna vinna, en sem þeir síðartöldu höfðu áður heimt undir verksvið sitt, en nú vegna hins ríkjandi ástands eftirlátið venjulegum verkamönnum. Það þykir því ekki verða fullyrt, að þessi tegund vinnu sé þess eðlis, að þeir sem hana vinna hafi með því firrt sig rétti til þess að njóta þeirra kjara, er greinir í samningum vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar frá 13. jan. og 30. okt. 1941. Það getur ekki heldur ráðið úrslitum, þótt þessir svo kölluðu „gerfismiðir" fái hærra kaup en lágmarkskaup það, er í samningnum getur, því það hefur ekki áhrif á rétt manna samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga og vinnuveitenda, þó einstökum félagsmönnum sé greitt hærra kaup en lágmarkskaup það, sem um er samið. Ekki er heldur hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að ákvæði samningsins frá 22. ágúst 1942 um, „að verkamenn þeir, sem vinna að staðaldri fagvinnu og að jafnaði fá sama lágmarkskaup og greitt er í viðkomandi iðngreinum", skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, leiði til þeirrar gagnályktunar, að þessum mönnum hafi ekki áður borið umgetin réttindi. Því telja verður, m. a. með hliðsjón af því, að vinnuveitendur virðast yfirleitt hafa haft þá reglu að greiða „gerfismiðum" sumarleyfiskaup, að hér sé frekar að ræða um staðfestingu á eldri reglu.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að verkamenn, sem voru meðlimir Dagsbrúnar, eiga rétt til sumarleyfa samkvæmt samningum Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins frá 9. jan. og 30. okt. 1941 á því tímabili, er sá samningur gildir, enda þótt þeir hafi þá unnið fagvinnu, þ. e. sem „gerfismiðir" og ber stefnda, samkvæmt samningi hans við Dagsbrún, dags. 11. febr. 1942, að greiða þeim sumarleyfiskaup og skal kaupið miðast við fullt dagvinnukaup viðkomandi verkamanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Félagsmenn verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem stunduðu fagvinnu hjá stefnda, Axel Sveinssyni, áttu rétt til sumarleyfiskaups samkvæmt samningi Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 30. okt. 1941, miðað við það dagvinnukaup, er hver þeirra um sig fékk greitt.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Ég skil samning verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitendafélag Íslands frá 9. jan. 1941 á þá leið, að hann taki einungis til almennrar verkamannavinnu, sbr. ákvæði 1. gr. samningsins um forgangsrétt félagsmanna í Dagsbrún til „almennrar verkamannavinnu“ og ákvæði 4. gr. samningsins um lágmarkskaup verkamanna, sem lúta einungis að þeirri vinnu, sem nú var nefnd. Viðaukasamningur þessara aðilja frá 30. okt. s. á., um sumarleyfi verkamanna, verður ekki talinn ná til annarra en þeirra, sem falla undir frumsamninginn frá 9. jan. Samningar þessir verða því að mínu áliti ekki taldir ná til þeirra verkamanna, sem unnu „fagvinnu“ og tóku kaup samkvæmt lágmarkstaxta hlutaðeigandi iðnfélaga. Styðst þessi skilningur enn fremur við það, að í síðari samningi verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitendafélag Íslands, frá 22. ág. f. á., sem kom í stað þessara samninga, hefur þótt nauðsynlegt að taka það fram sérstaklega, að þeir verkamenn, sem slíka vinnu stunda, skuli njóta allra samningsbundinna réttinda Dagsbrúnarmanna, þótt þeir vinni fyrir hærra kaupi en ákveðið er í samningnum fyrir venjulega verkamenn, og að jafnaði sama lágmarkskaupi og greitt er í „viðkomandi iðngreinum“.

Þar eð eigi hafa komið fram önnur gögn en nú hafa verið nefnd fyrir því, að verkamenn, sem stunduðu iðnvinnu hjá stefnda og tóku kaup samkvæmt lágmarkstaxta iðnfélaga í sinni grein, hafi átt kröfu til sumarleyfis, tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum álít ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Axel Sveinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. júlí 1943.

Nr. 15/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóhannesar Jósefssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra hljóðfæraleikara (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um lögmæti félagssamþykktar stéttarfélags og um það, hvort fara hafi þurft eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80 1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. f. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Jóhannesar Jósefssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra hljóðfæraleikara, hér eftir nefnt F. Í. H. Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði, að ólögleg sé samþykkt Félags íslenzkra hljóðfæraleikara frá 26. maí þ. á. um tölu hljóðfæraleikara á Hótel Borg hér í bæ (en samþykkt þessari verður nánar lýst síðar).
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar vegna téðrar samþykktar, þar á meðal vegna þess, að brotið hafi verið gegn fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur beðið vegna umræddrar samþykktar.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málflutningi um upphæð skaðabótakröfu hefur verið frestað samkv. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, og er því 3. liður dómkrafna stefnanda nú aðeins tekinn til meðferðar að því er varðar skaðabótaskyldu stefnda.

Tildrög og atvik máls þessa eru þau, að þann 30. apríl s.l. sagði stefnandi, sem er eigandi Hótel Borgar hér í bæ, upp öllum hljóðfæraleikurum hótelsins, 6 að tölu, frá 21. maí þ. á. Nokkru síðar, líklega upp úr miðjum maí, átti stefnandi tal við tvo hljóðfæraleikaranna, þá Vilhjálm Guðjónsson og

Svein Ólafsson, sinn í hvoru lagi. Skýrði hann þeim frá því, að ætlun sín væri að hafa aðeins fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar og falaði hann þá til þess starfs. Munu þeir hafa tekið því líklega, og fyrir tilmæli stefnanda átti Vilhjálmur tal við tvo aðra úr hljómsveitinni, þá Árna Björnsson og Jóhannes Eggertsson. Virðist Árni ekki hafa tekið því fjarri, en hann var þá þegar ráðinn annars staðar, og að athuguðu máli ekki talið ósennilegt, að hann gæti fengið sig lausan. Og eftir samtal við Jóhannes Eggertsson skýrði Vilhjálmur stefnanda frá því, að hann (þ. e. Jóhannes Eggertsson) vildi spila í fjögurra manna hljómsveit. Um kaup var ekki rætt sérstaklega, en aðiljar virðast hafa gengið út frá því, að það yrði óbreytt frá því sem áður var. Taldi stefnandi, að nefndir fjórir menn hefðu ráðizt til sín í fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar, en því hafa nefndir hljóðfæraleikarar hins vegar neitað. Þann 21. maí s. l. hættu hljóðfæraleikararnir að spila á Hótel Borg, enda hófst næsta dag viðgerð á gólfinu í danssal hótelsins, er stóð nokkra daga, og var salurinn ekki notaður á meðan. Var það ætlun stefnanda, að hljómsveit byrjaði aftur að spila 29. maí s. l., að kvöldi.

Þann 26. maí s. l. var haldinn fundur í Félagi ísl. hljóðfæraleikara. Var þar þá gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Fundur í F. Í. H. haldinn 26. maí 1943 gerir þá samþykkt, að öllum meðlimum félagsins er óheimilt að spila á Hótel Borg nema því aðeins, að jafnmargir séu í hljómsveitinni og verið hafa þar undanfarið og upp á sömu kjör og síðastl. vetur. Þá samþykkir og fundurinn, að þeir menn, er þar síðast unnu, hafi forgang."

Stefnandi kveðst hafa frétt um samþykkt þessa á skotspónum þann 28. maí s. l. Kallaði hann þá áðurnefnda fjóra menn til viðtals við sig á Hótel Borg. Komu þeir allir þangað og gengu þrír þeirra á hans fund þar. Innti stefnandi þá eftir áðurnefndri samþykkt, en hún hafði þá ekki verið tilkynnt honum, og óskaði hann skýrra svara þeirra þá um kvöldið, hvaða afstöðu þeir ætluðu að taka í málinu. Þetta sama kvöld var aftur haldinn fundur í Félagi ísl. hljóðfæraleikara og þar ákveðið að halda fast við samþykktina frá 26. maí s. l., og tilkynnti Sveinn Ólafsson, sem er formaður F. Í. H., stefnanda það símleiðis þá um kvöldið.

Stefnandi, sem ekki hefur viljað fallast á réttmæti framangreindrar samþykktar, né ganga að þeim skilyrðum, sem þar

eru sett, höfðaði síðan mál þetta svo sem að framan greinir og gerði í því nefndar kröfur. Verða þær nú teknar til athugunar hver fyrir sig.

Um 1. Ólögmæti samþykktarinnar frá 26. maí 1943.

Kröfu sína um það, að oftnefnd samþykkt Félags ísl. hljóðfæraleikara verði dæmd ólögleg, byggir stefnandi á því, að vernd sú, er stéttarfélögum sé veitt með lögum nr. 80/1938, til þess að vinna að framgangi krafna sinna á hendur vinnuveitendum, nái að sjálfsögðu ekki til hvers konar fjarstæðukenndra krafna. Það geti ekki komið til mála, segir hann, að stéttarfélög geti gert samþykkt um hvað sem vera skal, svo að það sé bindandi fyrir félagsmenn viðkomandi félags. Skilyrði það, sem hér sé sett, með samþykktinni frá 26. maí, fyrir því, að félögum í F. Í. H. sé heimilt að vinna á Hótel Borg, þar sem krafizt sé tiltekinnar lágmarkstölu þeirra, sem spila skuli, sé einmitt þess eðlis, að það njóti ekki verndar samkvæmt lögum nr. 80/1938. Þá sé það og jafn fjarstætt að binda hendur hóteleigandans um það, *hvaða* menn skuli starfa í þjónustu hans og nái það ekki nokkurri átt, að slíkar kröfur, sem hér um ræðir, njóti réttarverndar samkvæmt 14. gr. laga nr. 80 1938, því óhjákvæmilegt skilyrði þess sé það, að fram komnar kröfur séu þannig, að eðlilegt sé, að þær komi fram í sambandi við vinnudeilur samkvæmt því, sem tíðkast hefur í viðskiptum vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. En því sé ekki til að dreifa um skilyrði þau, er hér séu sett.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að það sé hvergi bannað í lögum að gera slíka samþykkt og þá, er hér um ræðir. Hún fari ekki út yfir takmörk félagslaga F. Í. H. og sé því heimil. Það sé fjarri því, að samþykktin sé á nokkurn hátt óeðlileg. Hún feli í sér samskonar kröfur og áður hafi verið gerðar til stefnanda og annarra veitingahúsa, um tiltekna tölu hljóðfæraleikara, og jafnvel samið um við sum þeirra, og sé ekki annað en krafa um, að sama regla haldizt, sem verið hafi undanfarin ár, en á Hótel Borg hafi t. d. s.l. 5 ár ætíð verið 6 manna hljómsveit, að undanskildum stuttum tímabilum tvisvar. Tala hljóðfæraleikaranna sé hagsmunamál fyrir þá og skipti máli að ýmsu leyti, t. d. sé að verulegu leyti erfiðara að spila í minni hljómsveit en stærri.

Að því er forgangsréttarákvæði oftnefndrar samþykktar varðar heldur hann því fram, að það sé fullkomlega lögmætt, enda hafi ekki verið ætlunin að beita því, nema aðeins á meðan

á samningum stæði við stefnanda, en tilgangur samþykktarinnar hafi m. a. verið sá að knýja stefnanda til samninga við stefnda (F. Í. H.).

Heimild 14. gr. laga nr. 80/1938 til handa stéttarfélögum og atvinnurekendum til þess með verkfalli, vinnustöðvun eða á þvílíkan hátt að knýja andstæðing sinn til þess að fallast á kröfur sínar, er að sjálfsögðu því skilyrði bundin, að kröfur þær, sem gerðar eru, séu nægilega tengdar eðlilegum hagsmunum þess aðilja, er setur þær fram. Skal nú fyrst athugað, hvort stefnda, F. Í. H., hafi verið óheimilt að setja það skilyrði fyrir starfi félagsmanna sinna á Hótel Borg, að ekki væru færri í hljómsveitinni en áður höfðu verið, þ. e. a. s. 6. Hagsmunir F. Í. H., sem við þessa kröfu eru tengdir, virðast einkum vera auknir atvinnumöguleikar fyrir félagsmenn og svo það, að starfið muni að einhverju leyti auðveldara eftir því sem hljómsveitin er fjölmennari. Þegar þetta er haft í huga annars vegar og hins vegar, að ekki er unnt að líta svo á, að hér séu gerðar óhæfilega strangar kröfur, þar sem ekki er krafizt fjölmennari hljómsveitar en verið hefur að jafnaði á Hótel Borg hin síðari ár, og ytri aðstæður almennt óbreyttar, þá þykir ekki fullyrðandi, að oftnefnd samþykkt sé að þessu leyti ólögmæt gagnvart stefnanda.

Hins vegar verður að líta svo á, að það sé réttur vinnuveitandans að ákveða það, *hvaða* menn hann kýs að velja til starfs úr ákveðnum flokki, og felist **því ekki í 14. gr.** laga nr. 80/1938 réttarvernd til þess að beita vinnustöðvun eða viðlíka aðgerðum til þess að knýja hann til að taka, eða hafa í þjónustu sinni, ákveðna menn, umfram það sem leiðir af samningsskyldum eða er sérstaklega heimilað á annan hátt, enda verður ekki séð, að það sé hagsmunamál félagsins, að ákveðnum félagsmönnum sé veittur forgangsréttur til starfa.

Niðurlagsákvæði oftnefndrar samþykktar frá 26. maí, um forgangsrétt til handa hljóðfæraleikurum þeim, sem áður unnu á Hótel Borg, er því ólögmætt gagnvart stefnanda og óheimilt fyrir stefnda að beita því gagnvart honum, en með því að eigi þykir nægilega fram komið, að þessum lið samþykktarinnar hafi enn verið beitt sérstaklega gagnvart stefnanda, þá verður stefndi ekki dæmdur í sekt fyrir þennan þátt hennar.

Um 2. Krafa um sektir fyrir brot á II. kafla laga nr. 80/1938.

Stefnandi heldur því fram, að hvað sem líði lögmæti framangreindrar samþykktar að því er efni hennar varðar, þá hafi

með henni verið samþykkt og gert greinilegt verkfall gagnvart sér.

Hann hafi áður en hún var gerð verið búinn að ráða til sín fjóra hljóðfæraleikara, en samþykktin hafi leitt til þess, að þeir komu ekki til starfans. En þó svo yrði litið á, að ekki hefði verið um endanlega ráðningu að ræða, þá skipti það ekki máli, því þessir fjórir menn hafi allir verið fúsir til þess að spila í fjögurra manna hljómsveit, en horfið frá því einungis vegna téðrar samþykktar, sem samkvæmt yfirlýsingu formanns F.Í.H. hafi orðið til vegna þess, að búizt var við, að hótelinu mundi takast að fá fjögurra manna hljómsveit, til þess að spila þar. Þar sem þannig hafi verið um vinnustöðvun að ræða hafi stefnda borið að fara eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta hafi ekki verið gert. Engin leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram um samþykktina samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 né heldur hafi hún verið tilkynnt á þann hátt, né með þeim fresti, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. sömu laga. Hefur hann samkvæmt þessu krafizt sekta á hendur stefnda fyrir brot á þessum ákvæðum.

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið stefnanda. Hefur hann eindregið mótmælt því, að oftnefndir fjórir menn hafi verið ráðnir til starfa á Hótel Borg eftir 21. maí s.l. Einnig neitar hann því, að samþykktin frá 26. maí s.l. hafi verið einasta orsök þess, að þeir réðust ekki til starfsins. Það hafi verið ósamið um ýmis atriði, sem ekki hafi verið farið að tala um og sem auðveldlega hefðu getað leitt til þess, að samningar færu út um þúfur, svo sem það, að þeir fjórmenningarnir hafi ætlað að krefjast skriflegs samnings. Einn þeirra, Árni, hafi verið ráðinn annars staðar, og einnig ósamið um aukagreiðslur, sem þeir hafi ætlað að gera kröfu til. Hér hafi því alls ekki verið um verkfall eða vinnustöðvun að ræða í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það hafi ekki verið litið á samþykktina sem slíka, og því ekki þótt ástæða til þess að fara eftir ákvæðum II. kafla nefndra laga um samþykkt hennar og tilkynningar, en markmið hennar hafi verið að fá stefnanda til þess að semja við F. Í. H. Hins vegar hafi raunverulega verið um vinnustöðvun að ræða af hálfu stefnanda, sem með uppsögn sinni 30. apríl þ. á. hafi verið að knýja fram breytingu á kjörum.

Svo sem áður hefur verið getið um hafði stefnandi máls þessa, Jóhannes Jósefsson, í maímánuði s. l., falazt eftir því

við fjóra nafngreinda hljóðfæraleikara af þeim sex, sem þar höfðu áður starfað, að þeir spiluðu í fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar. Af því sem fram er komið í málinu er ljóst, að þeir hafa þá tekið því líklega og er ekki sýnilegt að annað hafi *þá* verið fært fram því til hindrunar, en að einn þeirra væri ráðinn annars staðar, en sennilegt talið, að hann gæti fengið sig lausan. Það er fyrst eftir 26. maí, er oftnefnd samþykkt hafði verið gerð í F. Í. H., að afturkippur kemur í þessa ráðagerð, en tilefni samþykktarinnar var, samkvæmt skýrslu formanns F. Í. H. hér fyrir dómi það, að félagsmenn F. Í. H. hafi búizt við, að Hótel Borg mundi takast að fá fjögurra manna hljómsveit til þess að starfa þar. Þá er það og fram komið, að markmið samþykktarinnar hafi verið að knýja stefnanda til samninga við F. Í. H. og að halda á meðan óbreyttu ástandi á Hótel Borg í þessum efnum.

Þar sem markmið og tilgangur samþykktar F. Í. H. frá 26. maí s. l. var sá, sem nú hefur verið lýst, og ljóst má telja, af því sem fram hefur komið í málinu, að hún var höfuðástæðan fyrir því, að hljóðfæraleikararnir fjórir hófu ekki starf á nýjan leik á Hótel Borg, verður að telja, að hún hafi verið þess eðlis, að henni verði að jafna til vinnustöðvunar samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938, og átti því um hana að beita ákvæðum 15. og 16. gr. sömu laga. Sérstaklega bar stefnda þó að gæta ákvæða 15. gr. laganna um samþykkt hennar. Þetta gerði stefndur ekki, því samkvæmt því sem upp er komið í málinu var hún gerð á venjulegum félagsfundi og ekki einu sinni fyllilega ljóst, hve margir hafa greitt henni jákvæði sitt. Hún var ekki tilkynnt sáttasemjara né stefnanda á þann hátt, sem mælt er í lögum. Hins vegar er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að uppsögn stefnanda til hljómsveitarmannanna 30. apríl s.l. og afstaða hans til þeirra hafi leyst F. Í. H. undan því, að fylgja reglum II. kafla laga nr. 80/1938 um samþykktina frá 26. maí s.l.

Samkvæmt þessu hefur stefndi gerzt brotlegur við 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að dæma hann til greiðslu sektar í ríkissjóð, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 75.00.

Um 3. Skaðabótaskyldan.

Stefnandi heldur því fram, að sökum oftnefndrar samþykktar F. Í. H. og vinnustöðvunar þeirrar, sem af henni leiddi, hafi hann orðið fyrir fjártjóni, vegna þess, að síðan hafi engin

hljómsveit spilað á Hótel Borg. Telur stefnandi, að þar sem nefnd samþykkt hafi bæði verið ólögleg að efni og ekki stofnað til hennar á lögmætan hátt, þá beri stefndi ábyrgð á því tjóni, er af því hafi hlotizt.

Stefndi hefur mótmælt skaðabótaskyldu af þessum sökum, þar sem ekki sé víst, að samþykktin hafi ein út af fyrir sig orðið þess valdandi, að stefnandi fékk ekki haldið uppi hljóðfæraslætti á hóteli sínu. En þó svo hefði verið, ætti stefnandi þá sök á því sjálfur, að hann hefði firrt sig rétti til skaðabóta úr hendi stefnda.

Því hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að stefnandi kunni að hafa beðið tjón vegna þess að engin hljómsveit hefur verið starfandi undanfarið á veitingastað hans. Og þar sem telja verður samþykkt F. Í. H. frá 26. maí s.l. höfuðorsök þessa, en samþykktin er, svo sem að framan er greint, að nokkru leyti ólögmæt að efni til gagnvart stefnanda, og ekki gerð á löglegan hátt, verður að telja stefnda bótaskyldan.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Niðurlagsákvæði samþykktar Félags íslenzkra hljóðfæraleikara frá 26. maí s. l., um forgang ákveðinna félagsmanna til starfa á Hótel Borg, er ólögmætt.
2. Stefndi, Félag íslenzkra hljóðfæraleikara, greiði 75 króna sekt í ríkissjóð.
3. Stefndi er bótaskyldur gagnvart stefnanda, Jóhannesi Jósefssyni.
4. Stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég tel að sýkna beri stefnda með tilvísun til þess, að F. Í. H. hafi ekki haft samninga við stefnandann og því hafi félaginu verið heimilt að hafa íhlutunarrétt um, að félagsmenn þess ynnu ekki hjá stefnanda nema með sömu kjörum og áður höfðu tíðkazt, enda sé vinnustöðvunin hjá stefnanda *verkbann*, en ekki verkfall af hálfu félagsins, þar eð stefnandinn hafi ákveðið vinnustöðvunina þegar hann sagði hljóðfæraleikurunum upp starfi, með það fyrir augum að rýra kjör þeirra og gat þar af leiðandi ekki fengið félagsmenn F. Í. H. til að vinna hjá sér, fyrir lakari kjör en gilt höfðu.

Rétt F. Í. H. til samþykktarinnar tel ég enn þá ríkari vegna þess, að

félagið var með henni að verjast breytingu á kjörum, sem félagsmönnum F. Í. H. voru óhagkvæmari, og svo vegna þess, að stefnandinn hafi algerlega neitað að ræða við stefnda um samninga.

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 8/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar og skaðabóta vegna afgreiðslubanns, sem hann setti á báta og bíla stefnanda sökum vinnudeilu, er stefnandi átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 5/1943: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall, sem nefnt verklýðsfélag hóf 27. jan. s.l. og beindist m.a. gagnvart stefnanda, hafi verið löglegt og er í því máli gerð krafa um það, að verkfallið verði metið ólöglegt gagnvart stefnanda þessa máls, frá upphafi. Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu, þar til úrslit eru fengin í félagsdómsmálinu nr. 5/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögn í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 5/1943.

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 9/1943. **Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ .m., er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sekta og skaðabóta vegna afgreiðslubanns, sem hann setti á báta og bíla stefnanda sökum vinnudeilu, er stefnandi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 6/1943: Þórður Guðmundsson gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklýðsfélag hóf 27. jan. s.l., og beindist m. a. gagnvart stefnanda þessa máls, hafi verið löglegt, og er í því máli krafizt, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda. Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu, þar til úrslit eru fengin í félagsdómsmálinu nr. 6/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 6/1943.

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 10/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verður dæmdur til refsingar fyrir að hafa hafið

ólögmætt samúðarverkfall gagnvart stefnanda í sambandi við vinnudeilu, er stefndi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 7/1943: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklýðsfélag hóf 27. jan. s.l. og beindist m. a. gagnvart stefnanda hafi verið löglegt. Er í því máli gerð krafa um það, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda þessa máls.

Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til sakar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu þar til fengin eru úrslit í félagsdómsmálinu nr. 7/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 7/1943.

Þriðjudaginn 26. október 1943.

Nr. 17/1943. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þróttar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um kaupgjaldsákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 8. júlí þ. á., af Síldarverksmiðjum ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar, Siglufirði.

Málavextir eru þessir:

Í síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði er tilhögun vinnu sú, að unnið er í vöktum meðan síldarvinnsla stendur yfir. Vinna vaktamenn tvær 6 stunda vaktir eða 12 tíma samtals á sólarhring. Verkamenn þessir munu vera ráðnir með mánað-

arkaupi og bar þeim samkvæmt samningum þeim, er í gildi voru árin 1941 og 1942 að skila 54 klst. á viku upp í mánaðarkaupið, en fengu 6 stundir á viku greiddar með eftirvinnukaupi. Almennur vinnutími var þá 10 stundir á dag.

Þann 7. sept. 1942 sömdu aðiljar máls þessa um kaup og kjör verkamanna við síldarverksmiðjurnar. Voru þá miklar breytingar gerðar á eldri samningum. Vinnudagurinn styttur í 8 stundir og margs konar breytingar gerðar á kaupi. Meðal annars voru sett nýmæli um kaffi- og matartíma og greiðslur fyrir vinnu í þeim. Eru ákvæði um þetta í 3. gr. samningsins, er hljóðar svo:

„Kaffitími í dagvinnu sé frá kl. 9 til 9.30. Sé unnin eftirvinna þá frá kl. 4 til 4.15 e. h. Sé unnin næturvinna, skulu kaffitímar vera sem hér segir: Kl. 11.45 til kl. 12 og kl. 3.30 til kl. 4. Matartími skal vera frá kl. 12 til kl. 1 eftir hád. og kl. 7 til kl. 8 e. h. Kaffitímar og matartími frá kl. 7 til 8 e. h., sem falla inn í vinnutímabil, reiknast sem vinnutímar, og sé unnið í þeim, reiknast tilsvarandi lengri tími, kaffitími kl. 9 f. h. og matartími kl. 12 á hádegi reiknast sem eftirvinna, ef unnið er. Í matar- og kaffitímum skal því aðeins unnið, að verkamenn séu fúsir til þess."

Um vaktavinnuna er ákvæði í 10. gr. samningsins, en hún er svo hljóðandi:

„Á meðan síldarvinnsla stendur yfir í verksmiðjunum, skulu allir fastráðnir verkamenn, sem við þær vinna, vinna í vöktum, og ber þeim að skila 45 klst. á viku fyrir mánaðarkaup. Þó er það í vali verksmiðjanna, hvort útimenn eru látnir ganga á vaktir eða ekki. Skylt skal verkamönnum að ganga á víxl á nætur- og dagvaktir."

Áður en síldarvinnsla skyldi hefjast í sumar, kom upp ágreiningur milli aðilja máls þessa um það, hvernig skilja bæri nefnd samningsákvæði. Hélt stefnandi því fram, að ákvæði 3. gr. samningsins ættu ekki við um vaktamennina, heldur skyldi aðeins farið eftir 10. gr. samningsins, og þeir þannig fá 4½ klst. eftirvinnukaup fyrir 2 sex stunda vaktir. Stefndi taldi hins vegar, að vaktmönnum bæri sérstök greiðsla fyrir unna kaffi- og matartíma samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins og ættu þeir því eftirvinnukaup fyrir 5¾ klst. sólarhring hvern.

Út af þessum ágreiningi hefur stefnandi höfðað mál þetta og eru dómkröfur hans þær, að viðurkennt verði, að 10. gr.

fyrrgreinds samnings frá 7. sept. 1942 beri að skýra sjálfstætt og án tillits til 3. gr. sama samnings, þannig, að hverjum verkamanni, sem samkvæmt framansögðu vinnur á vöktum, beri að greiða umsamið mánaðarkaup, að viðbættu 4½ klukkustundar eftirvinnnukaupi á sólarhring hverjum.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að ákvæði 3. gr. nefnds samnings eigi aðeins við um venjulega daglaunavinnu. Vaktavinnan samkvæmt 10. gr. samningsins sé hins vegar annars eðlis, og því óeðlilegt, að fyrirmæli 3. gr. nái til hennar, en ákvæði þeirrar greinar, sem séu að miklu leyti nýmæli, muni vera tekin upp eftir samningum annarra félaga, þar sem ekki sé um neina vaktavinnu að ræða. Telur stefnandi, að nauðsynlegt hefði verið að taka það skýrt fram í samningnum, ef tilætlunin hefði verið, að eftirvinnukaup vaktamanna skyldi reikna eftir ákvæðum oftnefndrar 3. gr. Þetta hafi ekki verið gert, en hins vegar taki 3. gr. samningsins sjálf af öll tvímæli um þetta, því ljóst sé af niðurlagsákvæði hennar, sem stangist algerlega á við ákvæði 10. gr., að hún geti ekki í heild átt við um vaktamenn.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda. Telur hann, að 3. gr. eigi tvímælalaust við vaktavinnuna, og hafi ekki verið þörf á því að taka slíkt sérstaklega fram. Mótmælir hann því, að niðurlagsákvæði 3. gr. útiloki, að sú grein geti átt við um vaktavinnuna. Telur hann, að nýmælin í 3. gr., sem tekin voru upp í samningana 1942, hafi að sjálfsögðu átt að vera jafnt til hagsbóta fyrir alla þá, er kaup áttu að taka samkvæmt samningnum, enda hafi tilætlunin verið sú, að sömu hlutföll og áður höfðu verið milli daglaunavinnu og vaktavinnu skyldu haldast áfram samkvæmt samningnum frá 1942 og væri hann einmitt saminn með það fyrir augum. Væri nú að því ráði horfið að reikna eftirvinnukaupið á þann hátt, sem stefnandi vildi gera, væri með því raskað eldri hlutföllum milli tímavinnumanna og vaktamanna, hinum síðari í óhag og eðlilegt samhengi milli einstakra ákvæða samningsins rofið.

Framangreindur samningur frá 7. sept. 1942 fjallar um kaup og kjör verkamanna almennt við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði. Er í honum gert ráð fyrir tvenns konar tilhögun

á kaupgreiðslum, tímakaupi og mánaðarkaupi og verður ekki annað séð, en að ákvæði hans um dagvinnu, eftirvinnu, matar- og kaffitíma eigi almennt við um hvortveggja kaupgreiðslurnar. Þá er ákvæði áðurnefndrar 10. gr. um skyldu fastra starfsmanna til þess að vinna í vöktum, en þeir eru ráðnir með mánaðarkaupi. Í þessari grein segir aðeins, að þeir skuli skila 45 klst. á viku fyrir mánaðarkaupið, en að öðru leyti eru þar engin sérákvæði um greiðslu fyrir eftirvinnu, né um matareða kaffitíma. Telja verður, að tilhögun vaktavinnunnar sé að vísu með þeim hætti, að ekki hefði verið óeðlilegt, að um hana giltu aðrar kaffi- og matartímareglur en um venjulega daglaunavinnu. En með því að nefnd grein hefur engin sérákvæði um þetta og þannig frá samningnum gengið, að sama máli getur yfirleitt gegnt, að þessu leyti, um daglaunamenn og mánaðarkaupsmenn, þá hefði, að áliti dómsins, þurft að taka það sérstaklega fram, ef ákvæði 3. gr. um matar- og kaffitíma áttu ekki að gilda um vaktavinnuna. Með því að þetta hefur ekki verið gert, er ekki hægt að fallast á kröfur stefnanda í málinu, og ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Síldarverksmiðja ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. október 1943.

Nr. 19/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi

Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda með stefnu, dags. 13. sept. s.l. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 4. gr. samnings, dags. 30. júlí þ. á., milli Iðju, félags verksmiðjufólks og Félags íslenzkra iðnrekenda beri að skilja þannig, að í 7 klst. vinnutímabili, er hefst kl. 17 eða síðar, séu faldir 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju með fullu kaupi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Þann 30. júlí s. l. var gerður kjarasamningur milli Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda. Er 3. gr. samnings þessa svo hljóðandi:

„Vinnutími skal vera á tímabilinu frá kl. 8 til kl. 18. Af þeim tíma sé ætluð 1 klukkustund til matar og 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju, þó þannig, að vinnutími hvers manns sé að meðaltali 8 klukkustundir á dag eða 48 klukkustundir á viku, og felast í þeim vinnutíma 2 stundarfjórðungar daglega til kaffidrykkju."

4. gr. sama samnings hljóðar svo:

„Vinnuveitanda er heimilt að hafa fleiri vinnutímabil á sólarhring hverjum, ef nauðsyn krefur, og má þá vinnutími byrja og enda á öðrum tímum en tekið er fram í 3. gr. Þó skal vinnutímabil, sem hefst kl. 17 eða síðar, aðeins vera 7 virkar klst. með óbreyttu kaupi, enda gangi vaktir til vikulega."

Málsaðiljar deila um það, hvort 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju með fullu kaupi, séu innifaldir í 7 klst. vinnutímabili því, er í ofangreindri 4. gr. samningsins getur, og hefst kl. 17 eða síðar. Heldur stefnandi því fram, að eins og samið hafi verið um hálftíma til kaffidrykkju í vinnutíma samkvæmt 3. gr. samningsins og virkar vinnustundir þannig 7½ stund, í stað átta eftir eldri samningi málsaðilja, þá eigi hálf stund til kaffidrykkju einnig að vera innifalin í þeim vinnutímabilum 4. gr., sem hefjast kl. 17 eða síðar, þótt það sé ekki tekið fram.

Stefndi telur hins vegar, að krafa stefnanda brjóti í bág við ótvírætt orðalag 4. gr. samningsins, en það sé óbreytt frá eldri samningi. Kveður hann skilning stefnanda gagnstæðan eldri framkvæmd þessa atriðis og hefði því þurft að koma skýrt fram, ef tilætlunin hefði verið að hér skyldi breyting á verða. Þetta hafi ekki verið gert, heldur standi beinlínis í 4. gr. að

vinnutímabilið skuli vera 7 virkar stundir, þ. e. raunverulega unnar stundir.

Það þykir mega fallast á rökstuðning stefnda fyrir því, að umdeilt ákvæði 4. gr. verði ekki skýrt á þann veg, er stefnandi vill, því það er beinlínis tekið fram í greininni, að vinnutímabilið skuli vera 7 virkar klst. Og með því að dómkröfum stefnanda verður ekki fundin stoð í öðrum ákvæðum samningsins verða þær ekki teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, svo sem hann hefur gert kröfur til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 18. desember 1943.

Nr. 20/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útg. 25. okt. s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar gegn atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að viðurkennt verði, að borið hafi samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, staðfestu í bréfi vegamálastjóra 2. maí þ. á., að greiða kr. 2.10 á klst. í dagvinnu á starfssvæði Verklýðsfélags Sval-

barðsstrandar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að dæmt verði, að aðeins hafi borið að greiða kr. 2.10 á klst. í vegavinnu á svæði því, er greinir í kröfum stefnanda, frá og með 24. júní þ. á. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að síðastliðið vor fóru fram samkomulagsumleitanir milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands um kaup og kjör í vegavinnu um land allt á s. l. sumri, en alþýðusambandið hafði fengið umboð til þess að semja um þessi málefni við ríkisstjórnina. Leiddu nefndar umleitanir til samninga og með bréfi, dags. 2. maí síðastl., tjáir vegamálastjóri alþýðusambandinu, að ríkisstjórnin hafi falið sér að skýra frá því, að hún hafi fallizt á, að í vegavinnu á komandi sumri skyldi „greitt tímakaup samkvæmt núgildandi samningum þess verklýðsfélags innan sömu sýslu, sem næst er þeim stað, sem vinnan er framkvæmd á, að vísu með nokkrum skýringum til þess að skilgreina glöggt takmörk einstakra kaupsvæða“. Enn fremur segir í sama bréfi: „Skýringar mínar, sem ég hef þegar rætt við yður, fylgja hér með á sérstöku blaði.“ Síðan eru í sama bréfi ákvæði um ýmis kjör verkamanna, svo sem um kaffihlé, ákvæðisvinnu o. fl.

Eins og greinir í bréfi vegamálastjóra fylgdi því skrá yfir kaupsvæðin, að Austurlandi undanskildu. Eru þau talin 25. Á lista þessum voru að tilhlutan alþýðusambandsins gerðar tvær breytingar, en að öðru leyti var ekki af þess hálfu hreyft athugasemdum við hann, en hann var að öllu leyti gerður samkvæmt upplýsingum, sem framkvæmdastjóri alþýðusambandsins lét vegamálastjóra í té um verklýðsfélög og umsamið kaupgjald.

Í 23. lið listans segir svo:

„Raufarhafnarkaupsvæði nær að Blikalóni og Hóli. Annars staðar í Þingeyjarsýslum greiðist kr. 1.90 á klst.“

Samkvæmt þessu greiddi vegamálastjórnin kr. 1.90 á klst. í vegavinnu á Vaðlaheiði, við Grenivíkurveg og Svalbarðsstrandarveg í Þingeyjarsýslu.

Með bréfi, dags. 25. maí s.l., en þá var vegavinnan þar nýðra hafin fyrir nokkru, sendir Verklýðsfélag Svalbarðsstrandar alþýðusambandinu kjarasamning, er það hefði gert 5. febr. þ. á. við atvinnurekendur á Svalbarðseyri. Samkvæmt þeim

samningi mundi kaup í vegavinnu á kaupsvæði þess félags hafa numið kr. 2.10 á klst. Telur nefnt félag vegavinnu í Vaðlaheiðar-, Grenivíkur- og Svalbarðsstrandarvegi vera á sínu starfssvæði og eigi hún því að greiðast með kr. 2.10 á klst., en ekki með kr. 1.90, eins og gert var.

Eftir að alþýðusambandið hafði fengið kjarasamning Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar, eða nánar tiltekið þann 23. júní s.l., átti framkvæmdarstjóri þess tal við vegamálastjóra og skýrði honum frá nefndum kjarasamningi, og að samkvæmt honum teldi alþýðusambandið að greiða bæri hærra kaup, en gert væri ráð fyrir í 23. lið kaupsvæðaskrárinnar, en þessi málaleitun var ekki tekin til greina. Og eftir að alþýðusambandið hafði ítrekað kröfu þessa bréflega 30. sept. s.l. var mál þetta höfðað af þess hálfu, svo sem að framan greinir, til viðurkenningar á kröfu þess.

Stefnandi byggir málssókn sína á því, að kaupsvæðaskráin, sem fylgdi bréfi vegamálastjóra, dags. 2. maí s.l., hafi aðeins verið til skýringar á samningi þeim, er fólst í bréfi vegamálastjóra, en ekki hluti af honum og hafi hún því verið undirorpin leiðréttingum og breytingum, sem búast hafi mátt við að gera þyrfti, ef fyllri upplýsingar kæmu frá verklýðsfélögum út um land, varðandi kaupgjald á einstökum stöðum. Hafi vegamálastjóra því verið skylt að taka til greina kröfu stefnanda um breytt kaupgjald á Svalbarðsstrandarsvæði, er það kom í ljós, að þar hafði verið gerður kjarasamningur um hærra kaup, en gert var ráð fyrir í kaupsvæðaskránni. Þar hafi verið um sjálfstætt kauplagssvæði að ræða og sé það gagnstætt anda og orðalagi samnings þess, er felst í bréfi vegamálastjóra, að ganga fram hjá heilu kauplagssvæði.

Stefndi telur hins vegar, að nefnd kaupsvæðaskrá sé hluti af samningi aðilja og með ákvæðum hennar hafi verið samið fast og endanlega um kaupið á þeim svæðum, sem hún tilgreinir, þar á meðal á svæði því, sem um er deilt í máli þessu. Hún sé að öllu leyti samin eftir upplýsingum frá alþýðusambandinu og komi ekki til mála, að síðar geti komið fram kröfur um annað kaup en þar greinir, enda óvíst, hver orðið hefðu takmörk kaupsvæðis þess, sem um er deilt, ef vitað hefði verið um samninginn á Svalbarðseyri, þegar samkomulag aðilja var gert.

Varakrafan byggist á því, að þó skylt yrði talið að greiða hærra kaupið, gæti sú skylda ekki hafizt fyrr en frá þeim

degi, er tilmæli um það komu fyrst fram, en það hafi verið 23. júní s.l.

Telja verður, að kaupsvæðaskrá sú, er fylgdi bréfi vegamálastjóra, sé raunverulega hluti af samningi þeim um kaup og kjör í vegavinnu milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, sem bréf vegamálastjóra 2. maí s.l. er staðfesting á, og því háð sömu reglum sem önnur ákvæði samningsins, þannig, að fyrirmælum hennar verði ekki breytt án samþykkis beggja aðilja.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, er skrá þessi að öllu leyti samin eftir upplýsingum frá alþýðusambandinu. Verður að telja, að vegamálastjóri hafi, er hann samdi hana, mátt byggja á því, að alþýðusambandið, sem kom fram fyrir hönd verklýðsfélaganna, hefði í höndum fullnægjandi upplýsingar um kaupgjald á þeim svæðum, er hún náði til. Þurfti hann því ekki að gera ráð fyrir því í starfsáætlun sinni varðandi vegagerð í sumar, að fram kæmu kröfur um annað kaup, en skráin gerði ráð fyrir, enda enginn fyrirvari um það gerður, að kaupákvæðum samningsins skyldi breytt, ef það kæmi í ljós síðar, að þau væru ekki í fullu samræmi við gildandi kaupgjaldssamninga. Það er og upp komið, að vegamálastjóri greiddi alls staðar það kaup, sem talið hafði verið í gildi, er kaupsvæðaskráin var samin, einnig á Raufarhafnarsvæði, þótt kaup samkvæmt þargildandi kjarasamningi reyndist lægra en skýrt hafði verið frá við samningu skrárinnar, en vitneskja um það barst honum frá alþýðusambandinu samtímis Svalbarðsstrandarsamningnum.

Samkvæmt framansögðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 25. janúar 1944.

Nr. 21/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skyldu útgerðarmanns til að greiða hlutarmanni, er stundaði síldveiðar, orlofsfé.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 6. des. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, til greiðslu á orlofsfé, kr. 228.72, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að Hannibal Einarsson var skipverji síðastliðið sumar á mótorskipinu Birni austræna, sem gert var út á síldveiðar af Friðriki Guðjónssyni útgerðarmanni á Siglufirði. Stundaði skipið eingöngu herpinótaveiðar meðan Hannibal var á því. Hannibal var ráðinn með þeim kjörum, sem getur í kauptaxta sjómannadeildar verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, en samkvæmt honum skyldu skipverjar frá 35% af veiðinni, er skiptist í 16 staði. Skipverjar áttu að

fæða sig sjálfir. Salt sem notað væri til þess „að salta með lausa síld í lest eða á dekk um borð í skipum“, skyldi greiðast af óskiptum afla samkvæmt 8. gr. kauptaxtans, en annan kostnað við útgerðina greiddi útgerðarmaðurinn. Útgerðarmaður skyldi annast sölu á aflahlut, en honum var óheimilt að gera samning um sölu á óveiddum afla, án samþykkis skipverja eða trúnaðarmanns þeirra og ávallt áttu skipverjar að njóta þess verðs, sem veiðin seldist fyrir.

Andvirði aflahluta Hannibals nam kr. 5718.06. Telur hann að sér beri samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, 4% af þeirri upphæð í orlofsfé, eða hin umstefnda upphæð, kr. 228.72. Stefndur telur hins vegar að hér eigi við ákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna, og eigi stefnandi því aðeins rétt á 2% af andvirði aflahlutans í orlofsfé, eða kr. 114.36, og hefur hann boðið fram greiðslu á þeirri upphæð.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að með orðunum „hrein hlutaskipti“ í b-lið 1. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, sé aðeins átt við þá samninga, þar sem skipverjar taki þátt í útgerðarkostnaði og beri þannig bæði áhættu af kostnaði og veiði. Hann heldur því fram, að samningar þeirrar tegundar, er hér um ræðir, er skipverjar fái tiltekinn hundraðshluta af brúttóveiði skipsins, séu ekki samningar um „hrein hlutaskipti“. Telur stefnandi, að skipverjar taki ekki þátt í útgerðarkostnaði, þótt þeir fæði sig sjálfir, og salt það, sem greiðast eigi af óskiptum afla sé almennt svo hverfandi lítið, 1—3 tonn yfir veiðitímabilið, að hlutdeild skipverja í þeim kostnaði verði ekki talin þátttaka í útgerðarkostnaði samkvæmt áðurnefndum b-lið 1. gr. orlofslaganna. Undantekningarákvæði greinarinnar eigi því ekki við um Hannibal og beri honum því réttur til 4% í orlofsfé.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að með hreinum hlutaskiptum sé átt við það, að afkoma sjómannsins sé undir því komin hvernig veiðist, og skipti því ekki máli, hvort sjómennirnir fái vissan hluta af brúttóveiði skipsins eða taki hlut sinn af veiðinni að frádregnum kostnaði. Samningur sá, sem hér ræðir um, sé út af fyrir sig um hrein hlutaskipti. Þá sé og ljóst, að fæði skipverja sé einn þáttur í útgerðarkostnaði, og með því að leggja það til sjálfir taki þeir þátt í honum, auk þess sem áðurnefnt ákvæði 8. gr. kauptaxtans, um þátttöku skipverja í saltkostnaði, leiði til þess, að þeir verði að teljast þátttakendur í útgerðarkostnaði. Af þessu telur stefndi ljóst,

að Hannibal falli undir undantekningarákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna, og eigi því aðeins rétt til 2% í orlofsfé, svo sem boðið hafi verið fram.

Samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, eru undanteknir frá ákvæðum laganna um rétt til orlofs „starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti og hlutarmaður tekur þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti. Þó skal, ef hlutarmaður óskar þess, greiða honum orlofsfé þannig, að helmingur þess sé tekinn af kaupi hans sjálfs, en hinn helminginn greiði útgerðarmaður".

Ákvæði greinarinnar verður samkvæmt orðalagi hennar að skilja svo, að tvö skilyrði þurfi til þess, að starfsmaður á fiskiskipi missi rétt til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna.

Í fyrsta lagi, að hann sé ráðinn eftir reglum um hrein hlutaskipti, og

í öðru lagi, að hann taki þátt í útgerðarkostnaði.

Verður þá fyrst að athuga, hvort samningur sá, er hér um ræðir, falli undir ákvæðið um hrein hlutaskipti.

Samkvæmt áliti meiri hluta milliþinganefndar þeirrar, er samdi frumvarpið að lögum þessum, virðast „hrein hlutaskipti" eigi að merkja, „að hlutarmaður sé sá, sem er þátttakandi í útgerðarkostnaði skipsins, þ. e. að skipshöfn greiði að jöfnu við útgerðarmann olíur, beitu, veiðarfæri og ýmislegt fleira", eins og það er orðað í nefndarálitinu. Ef leggja á þennan skilning í orðin „hrein hlutaskipti" virðist það ósamrýmanlegt ákvæðum 1. gr. laganna, því þá væri síðara skilyrðinu, um þátttöku í útgerðarkostnaði, algerlega ofaukið. Það verður því að leggja til grundvallar orðalag greinarinnar, og þykir þá ekki verða lögð önnur merking í orðin hrein hlutaskipti en sú, að þar sé átt við þess konar samninga, er sjómaðurinn fær greiðslu fyrir vinnu sína með tilteknum hluta af veiðinni, án tillits til þess, hvort hann tekur þátt í útgerðarkostnaði eða ekki. Kauptaxti sá, sem Hannibal var ráðinn eftir, og að framan er lýst, verður þá samkvæmt þessu að teljast samningur um hlutaskipti og er þannig fullnægt fyrra skilyrði b-liðs 1. gr. orlofslaganna.

Þá kemur til álita, hvort Hannibal hafi með því að leggja sér til fæði gerzt þátttakandi í útgerðarkostnaði skipsins, og með því firrt sig rétti til 4% í orlofsfé.

Það mun hafa verið föst venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna,

að sjómennirnir leggðu sér til fæði og gildir sú regla almennt um hlutaskiptaútgerð hér á landi. Virðist það vera venja við hlutaskiptaútgerð, að fæðið sé ekki talið til útgerðarkostnaðar frekar en aðrar sérþarfir skipverja, svo sem hlífðarföt. Það þykir því verða að leggja þessa venju til grundvallar við skýringu á 1. gr. orlofslaganna og verður það því ekki metið Hannibal sem þátttaka í útgerðarkostnaði, þó hann bæri sjálfur kostnað af fæði sínu. Ekki verður það heldur talin þátttaka í útgerðarkostnaði í skilningi 1. gr. orlofslaganna, þótt skipverjar bæru kostnað af saltnotkun samkvæmt 8. gr. framannefnds kauptaxta, því eftir því sem upp er komið í málinu, nemur sá kostnaður á Birni austræna á umræddu tímabili lítilræði einu, 4 til 5 kr. á hlut hvers skipverja.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að ekki verður talið, að fyrir hendi séu bæði þau skilyrði 1. gr. b-liðs orlofslaganna, er valda missi réttar til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna og á stefnandi, Hannibal Einarssonar, því rétt til orlofsfjár samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra. Og með því að ekki er ágreiningur um upphæðina ber að dæma stefnda til að greiða kr. 228.72 ásamt 5% ársvöxtum frá 6. des. f. á. til greiðsludags, sem þó aðeins reiknast af kr. 114.36, með því að viðurkennt er, að stefnanda hafi ætíð staðið til boða af hálfu stefnda greiðsla á 2%, kr. 114.36.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einn dómenda, Sigurjón Á. Ólafsson, getur ekki fallizt á þá lögskýringu í forsendum dóms þessa, að umræddur kauptaxti sé hreinn hlutaskiptasamningur, en er samþykkur meiri hluta dómsins að því er dómsniðurstöðuna snertir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar, kr. 228.72 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 114.36 frá 6. des. 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Ég er sammála forsendum dómsins, að öðru leyti en því, sem nú skal greina.

Ég lít svo á, að fæðiskostnað skipverja beri að telja til útgerðarkostnaðar, þar eð útgerðarmanni ber að leggja skipverjum til fæði, sbr. 57. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, enda sé hann ekki sérstaklega undan þeirri skyldu þeginn með samningi við þá.

Þar eð stefnandi fæddi sig sjálfur og átti auk þess að taka þátt í söltunarkostnaði, sem óvíst var fyrir fram, hverju mundi nema, tel ég bæði fullnægt skilyrði b-liðs 1. gr. laga um orlof nr. 16/1943, um hrein hlutaskipti og skilyrðinu um, að skipverji taki meiri eða minni þátt í útgerðarkostnaði. Lít ég því svo á, að stefnanda beri aðeins 2% í orlofsfé hjá stefnda. Þar sem stefnandi hefur ekki krafizt dóms um þennan hluta kröfu sinnar, ef stefndi yrði sýknaður að öðru leyti, tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 7. marz 1944.

Nr. 18/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 13. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda.

Gerir stefnandi þær dómkröfur:

1. að viðurkennt verði, að fastráðið verkafólk, sem vann

samkvæmt samningi, dags. 22. des. 1937, milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks, en fékk kaup miðað við klst., eigi samkvæmt 2. gr. II. fl. B. í nefndum samningi rétt til kaups á helgidögum þjóðkirkjunnar öðrum en sunnudögum, svo og á 1. sumardag og 1. maí, sem er frídagur.

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að 22. des. 1937 gerðu Félag ísl. iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, samning sín á milli um kaup, vinnutíma o. fl. hjá verksmiðjufólki þeirra iðnrekenda, sem samningurinn nær til. Var samningur þessi, með nokkrum breytingum, sem síðar voru gerðar, í gildi til 30. júlí f. á. Í samningnum eru einungis ákvæði um viku- og mánaðarkaup verksmiðjufólks, auk ákvæðisvinnu, en þó er gert ráð fyrir því í 2. gr. C 2 b., að um kaupgreiðslu samkvæmt öðrum reglum en í samningnum greinir geti verið að ræða.

Nú er það upplýst, að a. m. k. á síðastl. ári hefur það átt sér stað, að nokkrir starfsmenn hjá hlutaðeigandi iðnfyrirtækjum hafa verið ráðnir gegn tímakaupi. Hefur þeim eingöngu verið greitt kaup fyrir unna tíma. Þetta telur stefnandi ekki í samræmi við framangreindan samning og krefst þess, að þeim verði einnig greitt kaup fyrir helgidaga þjóðkirkjunnar, þó að sunnudögum undanskildum, svo og fyrir 1. sumardag og 1. maí, þó það séu frídagar.

Þessa kröfu sína styður stefnandi við þau ákvæði í áðurgreindum samningi, sem nú skal greina:

Í 2. gr. B er svo hljóðandi ákvæði:

„Almennir helgidagar þjóðkirkjunnar, 1. sumardagur og 1. maí, sem er frídagur, hafa engin áhrif á viku- eða mánaðarkaupið.“

Þá er í 16. gr. samningsins svo hljóðandi ákvæði:

„F. Í. I. skuldbindur meðlimi sína til að greiða ekki lægra kaup eða lakari kjör en samningur þessi inniheldur.“

Telur stefnandi það leiða af ákvæðum þessum, að tímavinnumönnum beri kaup fyrir áðurgreinda helgidaga og frídaga, þó ekki sé þá unnið í verksmiðjunum.

Þessum skilningi stefnanda mótmælir stefndi og telur hann ákvæði þessi einungis eiga við viku- og mánaðarkaupsmenn. Hefur hann gert grein fyrir því, að tímakaupsmenn þeir, sem hlut eiga að máli, hafi síst borið minna úr býtum miðað við

ársvinnu en þótt þeir hefðu verið ráðnir gegn umsömdu viku- eða mánaðarkaupi. Er sú greinargerð viðurkennd rétt af stefnanda.

Það er ekki upplýst, að þess séu dæmi hér á landi, að verkamönnum, sem ráðnir eru fyrir ákveðið kaup um klukkustund, sé greitt kaup fyrir helgidaga þjóðkirkjunnar, fleiri eða færri, eða fyrir aðra frídaga, nema þá sé unnið. Það yrði því að liggja fyrir skýrt samningsákvæði til þess, að unnt væri að taka slíka kaupkröfu til greina. En því er ekki til að dreifa, þar eð framangreind ákvæði í samningi F. Í. I. við Iðju frá 22. des. 1937 verða, að áliti dómsins, ekki talin veita stoð fyrir kröfu stefnanda. Verður að gera ráð fyrir, að þess hafi að sjálfsögðu verið gætt, þegar samið var um kaup viku- og mánaðarkaupsmanna, að þeir vinna ekki á þeim helgi- og frídögum, sem hér er krafizt kaups fyrir frekar en á sunnudögum, og fá þeir því í raun og veru ekki kaup fyrir þessa daga, enda þótt það sé fyrir hagkvæmnis sakir ákveðið jafnt fyrir hvert kaupgreiðslutímabil, án tillits til helgi- og frídagafjölda. Orðalag hinnar tilvitnuðu málsgreinar 2. gr. samningsins verður því ekki skilið á annan veg en þann. Styðst þessi niðurstaða enn fremur við það, að tímakaupsmenn bera, svo sem áður segir, eigi minna úr býtum yfir árið en hinir, þótt þeim sé ekki greitt kaup fyrir þá daga, sem hér er deilt um.

Það verður því að sýkna stefnda algerlega af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. marz 1944.

Nr. 3/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru á hendur verklýðsfélagi um að hafa stofnað til ólögmæts samúðarverkfalls. Ekki talið, að um verkfall væri að ræða.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 7. mai f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði.

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 27. nóv. 1942 hófst á Ísafirði verkfall af hálfu vörubílstjóra þar, en þeir hafa með sér félagsskap, sem er deild í verkamannafélaginu Baldri. Það er óvéfengt, að til verkfalls þessa hafi verið stofnað að lögum, en það stóð yfir fram á kvöld þann 12. des. s. á. Síðast nefndan dag, um kl. 8.30 að kvöldi, kom e/s Lagarfoss til Ísafjarðar að norðan og lagðist við bæjarbryggjuna. Munu þá hafa liðið um 2 klst. frá því að skipið var tilbúið til affermingar, þar til vinna hófst við það, en þá höfðu náðst samningar í bílstjóraverkfallinu.

Stefnandi telur, að dráttur sá, er varð á því, að vinna við skipið hæfist, hafi stafað af samúðarverkfalli af hálfu verklýðsfélagsins Baldurs, til stuðnings bílstjórunum í deilu þeirra. Samúðarverkfall þetta telur stefnandi hafa verið ólögmætt, þar sem ekki hafi verið gætt fyrirmæla II. kafla laga nr. 80/1938, um framkvæmd þess. Eru dómkröfur hans í máli þessu þær:

1. Að ofangreint samúðarverkfall, sem verklýðsfélagið Baldur á Ísafirði gerði 12. des. síðastl., verði dæmt ólöglegt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar eftir ákvörðun dómsins, fyrir að hafa með téðu samúðarverkfalli brotið ofangreind lög, og
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Staðhæfingu sína um það, að samúðarverkfall hafi átt sér

stað ca. tvo tíma framangreindan dag byggir stefnandi á því, að verkamenn hafi neitað að hefja vinnu, er verkstjóri sá, er vinnu stýrði, hafi boðið þeim það. Kveður hann ljóst, að stjórn Baldurs beri sök á þessari framkomu, því þennan dag hafi formaður verklýðsfélagsins tjáð bæði formanni Vinnuveitendafélags Ísfirðinga og afgreiðslumanni Eimskipafélags Íslands h/f þar á staðnum, að félagið ætlaði að hefja samúðarverkfall þá um kvöldið, er Lagarfoss kæmi að norðan. Þá hafi og stjórn Baldurs fest upp auglýsingu um verkfallið umræddan dag, er hafi verið svo tvíræð, að verkamenn hafi hlotið að skilja hana sem fyrirmæli um samúðarverkfall, og enda sýnt þann skilning sinn í verki með framkomu sinni. Telur stefnandi, að Vinnuveitendafélag Ísfirðinga hafi með þessu samúðarverkfalli verið á ólögmætan hátt þvingað til samkomulags í bílstjóraverkfallinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins.

Neitar hann því, að nokkurt samúðarverkfall hafi átt sér stað í umrætt skipti, enda hafi stjórn Baldurs engin fyrirmæli gefið um, að samúðarverkfall skyldi hefjast. Orsök þess, að vinna hófst ekki strax við e/s Lagarfoss í umrætt skipti telur hann þá, að ekki hafi af hálfu vinnuveitandans verið gefin fyrirmæli um að hefja vinnu, þar sem beðið hafi verið eftir því, að bílstjóraverkfallinu lyki. Þá skýrir hann svo frá, að síðan 1932 hafi öll upp- og útskipun á bæjarbryggjunni á Ísafirði farið fram með þeim hætti, að vörunum sé ekið á bílum að eða frá skipshlið, og heyri slíkir flutningar að öllu leyti undir verksvið bílstjóranna. Verkamönnunum hafi því, eins og á stóð, verið rétt að hefjast ekki handa um flutning vörunnar að eða frá skipi, enda hafi um það eitt verið að ræða í þessu tilfelli, því að þeir hafi verið reiðubúnir til þess að hefja hverja þá vinnu, er félli utan starfsviðs bílstjóranna. Auglýsingu verklýðsfélagsins segir hann aðeins hafa hljóðað um það, að verkamenn mættu ekki vinna þá vinnu, sem bílstjórarnir væru vanir að vinna, og hafi hún því að öllu leyti verið lögmæt. Þá mótmælir stefndi því, að formaður Baldurs hafi í símtalinu við framangreinda menn nefndan dag boðað samúðarverkfall af hálfu Baldurs.

Stefnandi hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að sú venja sé þar vestra, að bílstjórar annizt alla flutninga, að og frá skipi, um bæjarbryggj-

una. Mómælir hann því, að verkamenn hafi í umrætt skipti aðeins látið hjá líða að hefjast handa um vinnu, sem eingöngu verði talin bílstjóravinna.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja hér fyrir dómi, verður að byggja á því, að frá því á árinu 1932 hafi allri upp- og útskipun um bæjarbyggjuna á Ísafirði verið svo háttað, að flutningar á vörum að og frá skipi færu fram á bílum. Verður samkvæmt því að telja, að slíkir flutningar falli undir starfssvið bílstjóranna og hafi það því ekki verið ólögmætt, sbr. 18. gr. laga nr. 80/1938, þó verklýðsfélagið Baldur legði fyrir félagsbundna verkamenn að vinna ekki slíka vinnu, og þeir neitað að inna hana af hendi.

Svo er að sjá, sem vinna hafi tafizt í nálægt tvo tíma í umrætt skipti, 12. des. 1942, en ekki er framkomin full sönnun þess, að verkamenn hafi almennt neitað að hlýðnast fyrirmælum verkstjórans um að hefja vinnu, og sérstaklega er það ósannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að verkamenn hafi þetta kvöld neitað, eða látið undan falla að hefja vinnu, sem samkvæmt framansögðu lá utan starfssviðs bílstjóranna. Það verður því ekki talið sannað, að ólöglegt samúðarverkfall af hálfu verkamanna hafi átt sér stað á Ísafirði nefndan dag.

Verður stefndi, þegar af þeirri ástæðu, ekki dæmdur til refsingar fyrir brot á lögum nr. 80/1938 vegna oftnefndrar vinnutafar. Fallast má á það, að auglýsing Baldurs hafi ekki verið allskostar ótvíræð, en þar sem ekki hafa verið sönnur á það færðar, að hlutaðeigandi verkamenn hafi farið út fyrir takmörk þess, sem leyfilegt var, getur útgáfa og birting hennar út af fyrir sig, þegar af þeirri ástæðu, ekki leitt til refsingar fyrir stefnda.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda og þykir rétt, eftir þessari niðurstöðu, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan

15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómendur Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Sigurgeir Sigurjónsson hrl. í stað Gunnlaugs E. Briems fulltrúa og Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er af Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands, er stefna gefin út 4. þ. m. og birt sama dag, en málið er þingfest í dag. Umboðsmaður stefnda hefur óskað eftir viku fresti til gagnasöfnunar úti um land og til andsvara. Umboðsmaður stefnanda hefur neitað um lengri frest en einn dag.

Það er viðurkennt í málinu, að umboðsmaður stefnda hefur fengið afrit þeirra skjala, er lögð eru nú fram við þingfestingu, í sínar hendur að morgni þess 6. þ. m.

Með tilliti til þessa, og eftir atvikum þykir rétt að veita stefnda frest til næstkomandi laugardags 13. þ. m., kl. 10 árd., til þess að tjá sig um kröfur stefnanda og leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til laugardags 13. þ. m., kl. 10 árdegis.

Föstudaginn 19. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómarar Sigtryggur Klemenzson fulltrúi, Sigurgeir Sigurjónsson hrl. og Sigurjón Jónsson í stað Gunnlaugs E. Briems fulltrúa, Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm. og Jóns Ásbjörnssonar hrl.

Mál út af lögmæti verkfalls, er Alþýðusamband Íslands boðaði til.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Geir G. Zoëga vegamálastjóra f. h. ríkisstjórnar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Í aprílmánuði síðastliðnum fóru fram samningaumleitanir milli vegamálastjóra f. h. ríkisstjórnarinnar annars vegar og samninganefndar frá Alþýðusambandi Íslands hins vegar um kaup og kjör við vinnu í vega- og brúagerð um land allt á komanda sumri. Þann 13. apríl ritar alþýðusambandið sambandsfélögunum úti um land bréf þess efnis, að þar sem hugsanlegt sé, að ekki náist samningar við ríkisstjórnina um kjör í nefndri vinnu hafi sambandsstjórn ákveðið að tilkynna henni vinnustöðvun með löglegum fyrirvara og leggur fyrir félögin að hefja vinnustöðvun í vega- og brúagerðavinnu frá og með 3. maí, ef sambandsstjórn hafi ekki fyrir þann tíma tilkynnt samkomulag í útvarpinu.

Þann 24. apríl tilkynnir svo stefndi ríkisstjórninni, að samninganefnd alþýðusambandsins hafi, á fundi miðstjórnar sambandsins þann 16. s. m., verið veitt heimild til þess að ákveða og hefja vinnustöðvun við vega- og brúagerð, svo og vitabyggingar, um land allt þann 3. maí n.k., ef samningar um kaup og kjör við þá vinnu hefðu ekki tekizt fyrir þann tíma. Jafnframt var tekið fram, að samninganefndin hafi ákveðið að nota þessa heimild, og muni verkamenn því ekki koma til vinnu að morgni þess 3. maí n. k., ef samningar verði þá ekki komnir á.

Samningar tókust ekki og hófst verkfall svo sem boðað hafði

verið 3. þ. m. Ríkisstjórnin vildi ekki viðurkenna lögmæti þess. Höfðaði hún því mál þetta svo sem að framan greinir og gerir þær dómkröfur, að framangreind vinnustöðvun verði dæmd ólögmæt og stefndi dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Jafnframt hefur stefnandi áskilið sér rétt til þess að koma fram með skaðabótakröfu í sérstöku máli.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi (Alþýðusamband Íslands) hafi ekki að lögum haft sjálfstæða heimild til þess að boða og hefja vinnustöðvun, eins og hér var gert. Hér standi svo á, að fjöldi manna, sem stundi vega- og brúagerðavinnu, séu ekki félagsmenn í verklýðsfélögunum og hafi stefndi því ekki haft neina heimild frá þeim, til þess að boða verkfall. En auk þess brjóti það algerlega í bága við ákvæði 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að stefndi geti fyrirskipað og hafið vinnustöðvun á þann hátt, sem hér hafi átt sér stað. Telur hann, að ljóst sé af nefndri grein, að ákvörðun um vinnustöðvun verði að hafa verið tekin í verklýðsfélögunum sjálfum á þann hátt, er í nefndri grein getur, og geti þau ekki framselt þann rétt sinn, þó þau að venjulegum hætti geti gefið öðrum umboð til samninga fyrir sína hönd. Heldur stefnandi því fram, að til þess að verkfall þetta hefði getað orðið löglegt, hefði þurft að taka ákvörðun um það í hverju einstöku verklýðsfélagi á þann hátt, er nefnd 15. gr. kveður á um. Þetta hafi ekki verið gert, heldur hafi stefndi hafið vinnustöðvun þessa upp á sitt eindæmi, og sé hún því ólögleg.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stjórn alþýðusambandsins hafi haft rétt til þess að ákveða og hefja vinnustöðvun svo sem gert var. Kveður hann það hafa verið venju allt frá árinu 1934, að hann semdi í einu lagi um kaup og kjör í vega- og brúagerð um land allt. Þá hafi stjórn alþýðusambandsins beinlínis verið falið, á alþýðusambandsþinginu 1942, að semja við ríkisstjórnina um kjör í greindri vinnu. Hafi þar ekki verið um venjulegt umboð að ræða til sambandsstjórnar, heldur hafi hún eða alþýðusambandið fengið mál þessi að öllu leyti í sínar hendur, og þar með orðið sjálfstæður samningsaðilji, með rétti til að semja og gera verkfall, ef til kæmi. Samnings- og verkfallsrétturinn hafi að þessu leyti verið tek-

inn af verklýðsfélögunum og lagður í hendur stefnda, en rétturinn til þess að gera samninga og til að hefja og fyrirskipa vinnustöðvanir verði hér ekki skildar að. Hafi því alþýðusambandið rétt til þess samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 að gera verkfall. Þessa samningsaðild hafi og ríkisstjórnin viðurkennt með því að semja við stefnda s.l. ár, eftir að hann þá hafði boðað vinnustöðvun með sama hætti og nú. Sams konar viðurkenning telur stefndi einnig að felist í því, að 1934 hafi þáverandi ríkisstjórn samið við stefnda, eftir að gert hafði verið verkfall á sama hátt og nú. Þá telur stefndi, að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt, að hann hafi verkfallsrétt, að því er umrædda vinnu snertir, því ef svo væri ekki, væri verkfallsréttur inn að því er hana varðar í raun og veru tekinn af verklýðsfélögunum, því lítt framkvæmanlegt væri að koma við atkvæðagreiðslu samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 í öllum þeim félögum, er hér eiga hlut að máli.

Einnig heldur stefndi því fram, að áður en lög nr. 80/1938 voru sett, hafi verið komin á sú venja, að alþýðusambandið gæti fyrirskipað og hafið verkfall. Hefði því þurft að taka það sérstaklega fram, ef sú hefði verið ætlun löggjafans að svipta það slíkum rétti. Verði því að álykta, m. a. með hliðsjón af 18. gr. laganna, að það hafi enn þenna rétt og geti 15. gr. nefndra laga því ekki átt við í þeim tilfellum, er samband gerir verkfall, því reglur þessarar greinar eigi aðeins við um stéttarfélög, er nái yfir takmarkað svæði. Sé alþýðusambandið því óbundið um það, á hvern hátt það taki ákvörðun um vinnustöðvun. En ef samt yrði talið, að fara þyrfti eftir nefndri 15. gr., þá heimilaði c-liður hennar slíka framkvæmd. Stjórn alþýðusambandsins væri í raun og veru trúnaðarmannaráð í skilningi nefndrar greinar, því henni sé einmitt með lögum alþýðusambandsins veitt heimild til þess að gangast fyrir gagnkvæmum stuðningi stéttarfélaga í verkföllum og hafi æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Nú hafi ákvörðunin um umrædda vinnustöðvun verið samþykkt af 8 úr 9 manna stjórn alþýðusambandsins og þannig verið gerð með þeim meiri hluta atkvæða, sem c-liður 15. gr. tilskilur. En hvernig sem líta beri á ákvæði nefndrar greinar, þá sé það aðalatriðið, að vilji verklýðsfélaganna komi skýrt í ljós, en um hann verði ekki villst, að því er umdeilda vinnustöðvun snerti. Verkamenn hafi ekki mætt til vinnu, og auk þess hafi stefnda borist fjöldi samþykkta og yfirlýsinga frá verklýðsfélögum úti um land, er sýni,

að kröfur stefnda í vinnudeilu þessari séu í samræmi við vilja þeirra, og að þau séu samþykk ákvörðun hans um vinnustöðvunina.

Stefnandi hefur mótmælt því, að í samningsumboði stefnda frá 1942 geti falizt réttur til þess að ákveða og fyrirskipa vinnustöðvun og heldur því fram, að ekki felist nein viðurkenning á verkfallsrétti stefnda í því, þó ríkisstjórnin semdi við hann s.l. ár. Hann neitar því, að stefndi hafi sjálfstæðan rétt til að gera verkföll, og kveður það ekki geta skipt máli, hver háttur hafi verið á um þetta, áður en lög nr. 80/1938 voru sett. Þá mótmælir hann því, að samþykktir þær og yfirlýsingar frá verklýðsfélögum, sem stefndi hefur lagt fram, séu þannig úr garði gerðar, að talið verði, að með þeim hafi verið fullnægt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938.

Með framangreindri samþykkt alþýðusambandsþingsins árið 1942 var stefnda veitt umboð til þess að ganga til samninga við stefnanda vegna þeirra verklýðsfélaga, er hlut áttu að máli. Ekkert er fram komið um það, að vinnustöðvunarfyrirskipun stefnda, sem í máli þessu greinir, hafi verið beint til annarra en verklýðsfélaga innan alþýðusambandsins og verður vinnustöðvun sú, er hófst 3. þ. m., því ekki metin ólögleg á þeim grundvelli, að stefndi hafi boðað til verkfalls utan vébanda sinna.

Með lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur voru fyrst leidd í lög hér á landi fyrirmæli um það, eftir hvaða reglum stofna mætti til verkfalls og verkbanns. Eru ákvæði um þetta í II. kafla laganna. Í 14. gr. þeirra er kveðið á um það, hverjum sé heimilt að gera verkfall og verkbann, en í 15. gr. þeirra eru ákvæði um það, á hvern hátt stéttarfélög eða félög atvinnurekenda skuli taka ákvörðun um að hefja vinnustöðvun.

Telja verður að upptalning 15. gr. sé tæmandi, enda kemur það ljóst fram í athugasemdum milliþinganefndar þeirrar, er samdi frumvarpið að lögunum, því í athugasemdinni við nefnda grein segir beinlínis, að vinnustöðvun, sem samþykkt sé á annan hátt en í greininni getur, sé ólögmæt. Ákvörðunin um að hefja vinnustöðvun þá, sem um ræðir í máli þessu og hófst 3. þ. m., var tekin og fyrirskipuð af stefnda, og hefur því ekki verið haldið fram í málinu, að ákvörðun um að hefja hana, hafi verið tekin fyrir 24. apríl í hlutaðeigandi verklýðsfélögum samkvæmt reglum oftnefndrar 15. gr. stéttarfélaga-

laganna. Verður lögmæti hennar því ekki byggt á þeirri ástæðu.

Er þá að athuga, hvort stefndi hafi að lögum haft sjálfstæðan rétt til þess að hefja vinnustöðvun þessa eða hvort hann hafi fengið umboð til þess frá stéttarfélögunum.

Nú er það svo, að þótt það sé alþýðusambandið, sem ákveðið hefur og fyrirskipað umrædda vinnustöðvun, eru það í reyndinni stéttarfélögin, sem eru í sambandinu (þ. e. félagsmenn þeirra), sem leggja niður vinnu og hefja vinnustöðvun. Eiga því ákvæði 15. gr. laganna beint við um þetta tilfelli. Og þar eð sú grein, eins og áður segir, verður að teljast hafa tæmandi ákvæði að geyma um það, hvernig taka beri ákvörðun um að hefja vinnustöðvun, hefði þurft að taka það sérstaklega fram í lögunum, ef sambönd stéttarfélaga eða stjórnir þeirra ættu að hafa sjálfstæða heimild til þess. Skiptir því ekki máli í þessu sambandi, hvaða reglum kann að hafa verið beitt um þetta fyrir gildistöku laga nr. 80/1938.

Umboð það, er stefndi fékk á alþýðusambandsþinginu 1942, var að sjálfsögðu nægilegt til þess, að hann gæti gert bindandi samninga við stefnanda um kaup og kjör í vega- og brúavinnu. En til þess að í því umboði gæti falizt réttur til þess að fyrirskipa að hefja vinnustöðvun, hefðu félög þau, er hlut eiga að máli, þurft að gefa stefnda sérstakt umboð, sem veitt hefði verið í samræmi við b-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Nú hefur því ekki verið haldið fram í málinu, að stefndi hafi fengið umboð, er gefið væri með þessum hætti, og getur hann því ekki byggt ákvörðun sína um vinnustöðvun á nefndri samþykkt frá 1942.

Þá verður ekki heldur talið, að stjórn alþýðusambandsins geti hér komið í stað trúnaðarmannaráða þeirra, sem um getur í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938, þegar af þeirri ástæðu, að ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að lög stéttarfélaga þeirra, er hér eiga hlut að máli, hafi að geyma ákvæði um það, að henni sé þar falið slíkt vald. Það virðist líka vera í andstöðu við tilgang nefndrar 15. gr., sem leggur áherzlu á að félagsmenn í stéttarfélögunum taki sjálfir þátt í ákvörðun um að hefja vinnustöðvun, ef félögin gætu almennt afhent ákvörðunarrétt sinn að þessu leyti í hendur sambandsstjórnarinnar einnar.

Loks verður ekki talið, að stefndi geti nú byggt neinn rétt

til vinnustöðvunar á því, þó stefnandi hafi ekki s.l. vor mótmælt verkfalli því, er þá var boðað.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að þar sem ekki hefur verið gætt skýlausra fyrirmæla 15. gr. laga nr. 80/1938, um ákvörðun um að hefja verkfall það, sem um ræðir í máli þessu, og hófst 3. þ. m., verði ekki hjá því komizt að dæma það ólögmætt, og geta yfirlýsingar þær, er borizt hafa frá verklýðsfélögunum eftir á, um að þau hafi verið samþykk framangreindri fyrirskipun stefnda, ekki haggað þeirri niðurstöðu. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, er stefndi, Alþýðusamband Íslands, ákvað að hefja og hófst 3. maí 1944, er ólögmætt.

Stefndi greiði stefnanda, Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands, kr. 500.00 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1944.

Nr. 1/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen, hrl.).

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 24. apríl þ. á. Er málið risið út af ágreiningi um það, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944, milli Dagsbrúnar og stefnda. Orð þetta er talið vera komið inn í samninginn að tilhlutan sáttasemjara ríkisins eða sáttanefndar, er að sáttum vann með honum, meðan á samningum stóð.

Í þinghaldi 14. þ. m. óskaði stefnandi eftir fresti til þess að

kveðja sáttasemjara ríkisins og sáttanefndina hér fyrir dóm, til þess að fá vitnisburð þeirra um það, hvað þeir hefðu talið að fælist í umdeildu orði. Þá krafðist stefnandi og frests til þess, að þeir stjórnarnefndarmenn Dagsbrúnar og samninganefndarmenn, sem fjölluðu um þetta samningsatriði, gætu fyrir dómi gefið aðiljaskýrslu í málinu.

Stefndi mótmæli því, að frestur yrði veittur til nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Studdi hann mótmæli sín þeim rökum, að óheimilt sé að krefja sáttasemjara eða sáttamenn í vinnudeilum skýrslna um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Þá taldi hann og, að sér væri algerlega óviðkomandi, hvað fram hefði farið milli sáttamanna og umboðsmanna Dagsbrúnar á sáttafundum, án sinnar vitundar og því þýðingarlaust fyrir málið að leita upplýsinga um það með vitnaleiðslu eða aðiljayfirheyrslum.

Samkvæmt síðustu málsgrein 28. gr. laga nr. 80/1938, er bannað að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundi, nema báðir aðiljar samþykki. Ekki verður talið, að í þessu ákvæði felist algert bann við því, að sáttasemjari eða sáttamenn beri vitni til skýringar á samkomulagi, sem náðst hefur milli aðilja á sáttafundi, og verður slíkt bann ekki heldur leitt af öðrum lagaákvæðum. Með því að skýrslugjöf af hálfu sáttamanna þarf þannig ekki að brjóta í bág við 28. gr. laga nr. 80/1938, en hins vegar ekki útilokað, að hún gæti orðið til nota við úrlausn málsins, þykir rétt, að stefnanda gefist kostur á, að umbeðin vitnaleiðsla geti farið fram. Þá verður ekki á þessu stigi málsins fullyrt, að aðiljaskýrslur forráðamanna Dagsbrúnar og samninganefndar hljóti að verða þýðingarlausar fyrir úrslit málsins, og ber því með tilvísun til 115. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 að veita stefnanda kost á að koma þeim á framfæri hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu veitist stefnanda frestur til umbeðinnar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Því úrskurðast:

Stefnandi fær frest í máli þessu til framan nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Laugardaginn 8. júlí 1944.

Nr. 6/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar** (Áki Jakobsson hdl.)

gegn

H/f Hrafnaflóka (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Frávísunardómur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 26. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar gegn H/f Hrafnaflóka.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að Bjarna Þorsteinssyni hafi samkvæmt 6. gr. samnings milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar o. fl. annars vegar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar, dags. 30. sept. 1942, borið réttur til kaups og fæðispeninga sem skipverja á b/v Óla Garða, á tímabilinu frá 12. des. 1943 til 9. febr. 1944. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Það er uppkomið í máli þessu að stefndi, H/f Hrafnaflóki, er í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 80/1938 bar stefnanda að stefna Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda f. h. H/f Hrafnaflóka. Með því að það hefur ekki verið gert, verður að vísa málinu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi ex officio.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. júlí 1944.

Nr. 5/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af lögmæti verkfalls. Hlutarmönnum talið óheimilt að hætta róðrum, þótt landverkafólk ætti í verkfalli, þar sem sannað þótti, að hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara inn á verksvið landverkamanna. Verklýðsfélag talið hafa valdið hinu ólögmæta verkfalli og það því dæmt skaðabótaskylt og til sektargreiðslu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, útgerðarmanns, gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu, um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxta 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum og 4. jan. 1943 tilkynntu þeir verklýðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta sama haust sagði verklýðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklýðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verk-

lýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komizt á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklýðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklýðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. jan. 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðust róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu. Þann 29. janúar að kvöldi komust á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklýðsfélagsins. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Einn þeirra var stefnandi máls þessa, Finnbogi Guðmundsson. Á bátum þeim, sem hann er talinn hafa gert út, Árna Árnasyni G.K. 70, Trausta G.K. 9 og Ægir G.K. 8, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komist á milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febr. 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, þar á meðal á þeim bátum, sem hann gerði út, hafi stöðvast vegna ólögmætra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er beint gegn Alþýðusambandi Íslands, en *til vara* gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. jan. síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti Útvegsbændafélag Gerðahrepps, og þar með að því er snerti Finn-

boga Guðmundsson útgerðarmann sem meðlim þess félags, og ofangreinda vélbáta, sem gerðir voru út á hans vegum, en sérstaklega hafi verið ólöglegt framhald verkfallsins gegn téðum bátum eftir 29. jan. síðastl.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls, eða hins ólöglega framhalds þess gagnvart Finnboga Guðmundssyni 29. jan. til 1. febr. síðastl.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, *aðallega* að upphæð kr. 9053.49, en *til vara* kr. 6724.74 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins.
4. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskiptasamningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvast vegna þess, að verkfallið hafi líka, að fyrirskipan alþýðusambandsins eða verklýðsfélagsins, verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og landmanna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 hafi þetta verið algerlega óréttmætt og enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verklýðsfélaginu né tilkynning um slíkt send útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verkfallsmanna, til þess að afla bátunum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og beitu og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

En sérstaklega telur stefnandi það ólögmætt, að bátum hans hafi verið haldið í verkfalli eftir að útvegsbændafélagið samdi að kvöldi þess 29. jan., því þar sem hann hafi verið félagsmaður í því félagi, hafi hann átt rétt til þess, að engar hömlur yrðu lagðar á báta hans umfram annarra félagsmanna.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur, samkvæmt 12. gr. laga þess, beri það ábyrgð á verkfallinu og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verklýðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmætu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að bátar þeir, sem hann gerir út, og að framan eru nefndir, hafi misst af nokkrum róðrum vegna hins ólögmæta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða skaðabótaskyldu út af umræddri vinnudeilu. Hafa þeir meðal annars krafizt sýknu á þeim grundvelli, að Finnbogi Guðmundsson sé eigi réttur aðili máls þessa. Er sú mótbára fyrst höfð uppi í þinghaldi 28. marz s.l. og það fært til, að hann sé ekki eigandi framannefndra báta. Þetta skiptir þó ekki máli, heldur hitt, hvort stefnandi var útgerðarmaður nefndra báta, en það hefur hann staðhæft þegar í stefnunni. Það er fyrst í munnlegum málflutningi, að því er hreyft af hálfu umboðsmanns stefndu, að ekki sé sannað, að stefnandi sé útgerðarmaður nefndra báta, án þess að sú vefenging væri nokkrum rökum studd. Það eru því ekki efni til að taka þessa sýknuástæðu stefndu til greina.

Þá halda stefndu því fram, að, að svo miklu leyti sem róðrar bátanna hafi stöðvast, hafi það komið af sjálfu sér vegna verkfalls landverkafólksins sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á olíu og beitu, þar sem þeir menn, er afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimilt að fara inn á verksvið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verklýðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður næga sönnun þess að byggja megi á skýrslu stefnanda um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins

hafi þurft að leiða til þess, að bátarnir fengju ekki afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfssviðs sins. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt, að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna Útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. jan., og er þó talið, að afgreiðslumenn hafi ekki tekið upp starfa sinn fyrr en samningar voru komnir á við hlutafélögin, að kvöldi þess 1. febr. s. á. Stefndu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt.

Kemur þá til álita, hvort stefndu hafa átt þann þátt í því að róðrar féllu niður, að saknæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlast. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svo kallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágranna verklýðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðust frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðust, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess, að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsi- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli og ber því að sýkna það af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafi beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þor-

valdar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklýðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áðurnefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, þurftu útvegsbændur ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega, samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklýðsfélagsins hafi skapað þau skilyrði, er leitt gætu til refsiábyrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfallið bitnaði á.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningar sjómanna, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn nema skipverjar hafi áður verið lögskráðir í skiprúm. Nú hafa af hálfu stefndu verið lögð fram í máli þessu vottorð skráningarstjóra, sem sýna að lögskráð hefur verið á m/b Árna Árnason 29. jan. 1943, m/b Ægir 2. febr. 1943 og á m/b Trausta 15. febrúar 1943, og var einnig á þetta bent í munnlegum flutningi málsins. Það er því fyrst eftir lok umræddrar deilu, að lögskráð er á báta þá, er um ræðir í máli þessu, að undanskildum m/b Árna Árnasyni. Stefndu hafa að vísu ekki borið það fram sem sýknuástæðu, að bátunum hafi verið óheimilt að fara í róðra eins og á stóð, en þar sem lögskráningarskylt var á nefnda báta, þykir allt að einu, með tilvísun til 113. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, verða að taka þessa málsástæðu til greina. Með tilvísun til þessa verður ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskylt þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga til þess að mega leggja úr höfn. Verður því í máli þessu aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir þær aðgerðir hans, sem leiddu til þess, að m/b Árni Árnason komst ekki í róður þann 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklýðsfélag hafi með ólögmætu verkfalli orðið þess valdandi.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hafi verið fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, hefur verklýðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar og þykir refs-

ing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga 200 króna sekt í ríkissjóð.

Skaðabótakrafan.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefndu fyrst borin fram sú sýknuástæða, að undir samninginn 1. febrúar, milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna, hefði einnig verið skrifað af hálfu Finnboga Guðmundssonar persónulega. Hefði hann með þeirri undirskrift firrt sig rétti til þess að koma síðar fram með kröfur á hendur verklýðsfélaginu út af verkfallinu. Þessu var eindregið mótmælt af hálfu stefnanda og á það bent, að gera hefði þurft um það sérstakan áskilnað, ef bótakröfur allar hefðu þar með átt að falla niður. Þykir mega fallast á þessa skoðun stefnanda, enda hafði hér verið beitt ólögmætum verknaði gegn stefnanda. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Einn dómendanna, Gunnlaugur E. Briem, getur ekki fallizt á þessa niðurstöðu, að því er varðar skaðabótakröfuna. Telur hann, að taka beri til greina framangreinda sýknuástæðu stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki við undirskrift samningsins frá 1. febr. 1943 áskilið sér rétt til að krefjast skaðabóta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber stefndu verklýðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Árna Árnasonar þann 1. febr. 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessa róðurs er kr. 1744.32. Bótakrafan er grundvölluð á því, að meðalafli báta í Sandgerði þennan dag hafi verið 16 skpd. eða 8000 kg á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hafi hlutur útgerðarmanns þannig numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00, og ber að dæma stefnt verklýðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklýðsfélagið greiði stefnanda kr. 300.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi Alþýðusamband Íslands á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

2. Stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps greiði kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar kr. 1500.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem Finnbogi Guðmundsson í Gerðum telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 8/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F. (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Mál út af kæru um brot á 18. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 9. þ. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 31. f. m. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur sá, dags. 30. júlí 1943, er í gildi hafði verið milli Iðju- og Félags ísl. iðnrekenda, og þann 1. þ. m. hófst verkfall af hálfu Iðju hjá iðnrekendum yfirleitt. Í Niðursuðuverksmiðju S. Í. F. unnu, þegar verkfallið hófst, aðeins tveir félagsmenn úr Iðju og lögðu þeir niður vinnu. Að öðru leyti unnu þar félagskonur úr Verkakvennafélaginu Framsókn. Lögðu þær niður vinnu einn dag, en tóku hana

svo upp aftur, og hélt rekstur verksmiðjunnar áfram á sama hátt og áður, þrátt fyrir verkfallið, en vélstjóri, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri verksmiðjunnar, sem ekki eru í verklýðsfélagi, bættu á sig störfum Iðjumannanna tveggja.

Stefnandi telur, að með því að halda áfram rekstri verksmiðjunnar með þeim hætti, sem lýst hefur verið, hafi forráðamenn hennar gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938. Eru dómkröfur hans þær, að stefndi verði sektaður fyrir að hafa stuðlað að því að afstýra löglega hafinni vinnustöðvun með aðstoð meðlima stéttarfélags innan Alþýðusambands Íslands. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að Niðursuðuverksmiðja S. Í. F. hafi samkvæmt áðurnefndum samningi milli aðilja máls þessa, frá 30. júlí 1943, verið talin meðal þeirra iðnrekenda, er samningur sá hafi náð til og hafi svo verið frá því árið 1939. Í 24. gr. þess samnings sé svo ákveðið, að allt verksmiðjufólk hjá félögum Félags ísl. iðnrekenda, sem samningurinn nái yfir, skuli vera félagar í Iðju. Undanskildir eru þó eftir 25. gr. meistarar og verkstjórar. Þá hafi verið skylt samkv. 26. gr. sama samnings að tilkynna Iðju allar breytingar á starfsmannahaldi og hafi Fél. ísl. iðnrekenda tilkynnt um starfsmannahald hjá niðursuðuverksmiðjunni, bæði að því er snerti félagsfólk úr Iðju og starfsfólk úr öðrum verklýðsfélögum eða ófélagsbundið, og þar með viðurkennt, að þessi störf heyrðu undir verksvið Iðju. Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að störf í nefndri verksmiðju heyri undir starfssvið Iðju, eins og það var samkvæmt áðurgildandi samningi, þegar verkfallið hófst. Verkfall Iðju, það er hófst 1. þ. m., eigi því að lögum líka að ná til þessarar verksmiðju, án tillits til þess, hvort vinnan þar hafi verið unnin af félagsfólki úr Iðju eða öðrum. Stefnandi kveður það vera reglu og að því unnið innan verklýðssamtakanna, að ekki sé við því amast, þó félagar úr einu verklýðsfélagi vinni á verksviði annars félags, eins og hér hafi átt sér stað, en slíkt eigi ekki að hafa í för með sér neinn réttindamissi fyrir það félag, er hlut á að máli. Hins vegar sé niðursuðuverksmiðjunni óheimilt samkvæmt 18. gr. laga nr. 80/1938 að halda áfram starfrækslu með aðstoð félagskvenna úr verkakvennafélaginu Framsókn, eftir að Iðja hefur boðað verkfall, þar sem þær vinni á starfssviði Iðju, og með því að

gera slíkt, hafi stefndi gerzt brotlegur við nefnda lagagrein, því Framsókn sé í alþýðusambandinu, en það standi að verkfallinu. Heldur stefnandi samkvæmt framansögðu því fram, að takmörk verkfallsins eigi að miðast við það, sem kalla megi starfssvið Iðju, en sé ekki aðeins bundið við félagsmenn þess félags.

Stefndi krefst sýknu á þeim grundvelli, að umrætt verkfall nái ekki til annarrar vinnu í umræddri verksmiðju S. Í. F. en þeirrar, sem áðurnefndir tveir menn unnu, en hún sé nú unnin af ófélagsbundnum mönnum, og sé slík framkvæmd ekki refsiverð. Hins vegar hafi, er verkfallið hófst, önnur almenn störf þar verið unnin af konum úr verkakvennafélaginu Framsókn. Þær vinni samkvæmt samningi milli þess félags og Vinnuveitendafélags Íslands frá 14. sept. 1942 og viðbótarsamningi frá 10. maí 1944, svo og samningi milli Framsóknar og niðursuðuverksmiðjunnar frá 9. okt. 1942 og hafi Iðju verið kunnugt um samninga þessa. Hann kveður, að verkfall Iðju sé stúlkum þessum algerlega óviðkomandi. Þær fari ekki á neinn hátt inn á starfssvið þeirra tveggja manna úr Iðju, er lagt hafi niður vinnu. Telur hann, að ekki verði að þessu leyti byggt neitt á ákvæðum framannefndrar 24. gr. áðurgildandi samnings, því Iðju hafi verið fullkunnugt um, að konur úr öðru félagi unnu í verksmiðjunni, og hún samþykkt það með þögninni. Verkfallsákvörðun Iðju, segir hann, nær aðeins til félagsfólks í því félagi, en getur ekki náð til fólks í öðrum verklýðsfélögum, að því er varðar venjulega vinnu þess. Forráðamönnum niðursuðuverksmiðjunnar hafi því verið fullkomlega heimilt að halda áfram rekstri hennar á þann hátt, sem gert var, og ekki með því á neinn hátt gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938.

Starfskonur þær, er nú vinna í niðursuðuverksmiðju S. Í. F. og um ræðir í máli þessu, eru félagskonur í verkakvennafélaginu Framsókn og taka laun samkvæmt samningi við það félag. Þær eru ekki félagskonur í Iðju og hafa ekki tekið þátt í ákvörðun þess félags um að hefja verkfall það, er nú stendur yfir. Það er upp komið í málinu, að sú regla hefur að staðaldrei viðgengizt í niðursuðuverksmiðjunni, að þar ynnu aðallega félagskonur úr Framsókn. Hefur þetta verið með vitund og þegjandi samþykki forráðamanna Iðju og höfðu þeir ekki, meðan enn var í gildi samningur milli þess félags og Félags ísl. iðnrekenda, heimt sér rétt þann, er þeir byggja á 24. gr.

þess samnings, að allt verkafólk í niðursuðuverksmiðjunni væri félagsfólk í Iðju. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkfallsboðun Iðju hafi, eins og á stóð, átt að leiða til verkfalls hjá þeim félagskonum Framsóknar, er unnu í verksmiðjunni, er verkfallið hófst. Var forráðamönnum hennar því vítalaust að láta þær halda áfram sömu störfum og þær áður unnu og hafa ekki með því gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 9/1944. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmætt samúðarverkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. þ. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h .verkamannafélagsins Dagsbrúnar og gerir stefnandi þær dómkröfur í málinu:

1. Að ólöglegt verði dæmt verkfall það, er verkamannafé-

lagið Dagsbrún lét hefja hjá Stáltunnugerð J. B. Péturssonar kl. 12 á hádegi 9. ágúst 1944,

2. að stefndi verði fyrir þetta ólögmæta verkfall dæmdur til að greiða hæstu sektir, er lög leyfa,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 1000.00, eða til vara aðra upphæð eftir mati félagsdóms, fyrir hvern dag, sem líður frá kl. 12 á hádegi 9. ágúst 1944, unz téðu verkfalli er af létt, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og
4. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan sakarkostnað eftir mati félagsdóms.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt beiðni aðilja og með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, hefur dómurinn samþykkt að meðferð málsins hér fyrir dómi verði skipt þannig, að frestað verði málflutningi um upphæð skaðabótakröfunnar.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. þ. m. hóf Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, verkfall hjá félagsmönnum Félags ísl. iðnrekenda, en þann 31. f. m. hafði kjarasamningur frá 30. júlí 1943 milli þessara aðilja fallið úr gildi, að undangenginni uppsögn. Í Stáltunnugerð J. B. Péturssonar, sem verið hafði aðili að nefndum samningi sem félagi í Félagi íslenzkra iðnrekenda, vann, er verkfallið hófst, 1 maður úr Iðju og lagði hann niður vinnu. Alls unnu þarna 11 menn. Voru 7 þeirra félagsmenn úr Dagsbrún, 2 úr öðrum verklýðsfélögum, nefndur Iðjumaður og verkstjórinn. Eftir að verkfall Iðju hófst og sumarleyfum í Stáltunnugerðinni var lokið að kvöldi þess 7. ágúst héldu 10 mannanna áfram störfum sínum og er því ekki haldið fram, að þeir hafi farið inn á starfssvið þessa eina manns, er lagði niður vinnu. En 9. þ. m. kl. 12 á hád. lögðu þeir félagsmenn verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er þarna unnu, 7 að tölu, niður vinnu að tilhlutan forráðamanna félagsins og stöðvaðist þá öll vinna í Stáltunnugerðinni. Framkvæmdastjóra verksmiðjunnar hafði áður verið tilkynnt þessi ákvörðun Dagsbrúnar kl. 10.45 sama dag.

Stefnandi telur, að hér sé um samúðarverkfall að ræða af hálfu Dagsbrúnar. En þar sem ekki hafi um framkvæmd þess verið fylgt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938, um framkvæmd vinnustöðvana, sé það ólögmætt, því hvorki hafi farið

fram atkvæðagreiðsla samkvæmt 15. gr. nefndra laga né verkfallið tilkynnt þeim, sem það beindist gegn eða sáttasemjara, með lögmætum fyrirvara. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði og eigi að sæta viðurlögum fyrir það. Þá telur stefnandi og, að stefndi hafi með nefndu verkfalli bakað sér tjón og sé hann bótaskyldur fyrir það.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér sé ekki um verkfall að ræða af hálfu Dagsbrúnar, heldur sé vinnustöðvun þessi eðlileg og lögmæt afleiðing af löglega boðuðu verkfalli Iðju, er hófst 1. þ. m. Er sú staðhæfing hans studd þeim rökum, að samkvæmt áðurgildandi samningum milli Iðju, félags verksmiðjufólks og stefnanda máls þessa, þar á meðal þeim, er féll úr gildi 31. f. m., hafi Stáltunnugerðin verið meðal þeirra iðnfyrirtækja, er þeir náðu til. Í 24. gr. síðastnefnds samnings sé svo ákveðið, að allt verksmiðjufólk hjá félögum í Félagi ísl. iðnrekenda, sem samningurinn nái yfir, skuli vera félagar í Iðju. Undanskildir séu þó meistarar og verkstjórar. Af þessu leiðir, segir stefndi, að vinna í Stáltunnugerðinni heyrir undir starfssvið Iðju. Verkfall Iðju, sem hófst 1. þ. m., eigi því að lögum líka að ná til vinnu í Stáltunnugerðinni, án tillits til þess, hvort hún var þá framkvæmd af félagsfólki úr Iðju eða úr öðrum félögum. Kveður stefndi það vera reglu og að því unnið innan verklýðssamtakanna, að ekki sé við því amast, þó félagar úr einu verklýðsfélagi vinni á starfssviði annars, en slíkt eigi ekki að hafa í för með sér neinn réttindamissi fyrir félag það, er hlut eigi að máli. Af þessu leiði, að eftir að Iðja hafði fyrirskipað verkfall hafi félagsmönnum úr öðrum verklýðsfélögum innan alþýðusambandsins, en það standi að verkfalli Iðju, verið óheimilt að vinna í Stáltunnugerðinni. Dagsbrún hafi því, er Iðja hafði tilkynnt því félagi, að verkfallið næði til nefnds fyrirtækis, lagt fyrir félagsmenn sína þar að hætta vinnu. Telur hann það brot á 18. gr. laga nr. 80/1938 af hálfu forráðamanns Stáltunnugerðarinnar, að hann lét Dagsbrúnarmenn vinna þar áfram. Verði stefnda því ekki gefið það að sök, þó nú sé ekki unnið í nefndu fyrirtæki.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt þessum rökstuðningi stefnda. Heldur hann því fram, að yfirstandandi verkfall af hálfu Iðju geti aðeins náð til þess fólks, sem séu félagar í því félagi. Nú hafi menn þeir, sem í Stáltunnugerðinni unnu, allir tekið kaup og verið ráðnir samkvæmt kjarasamningi Vinnuveit-

endafélags Íslands og Dagsbrúnar og flestir þeirra verið félagsmenn þess félags. Hafi sú tilhögun verið upptekin á árinu 1941 og haldizt æ síðan. Um þetta hafi forráðamönnum Iðju verið fullkunnugt, en ekki á neinn hátt hafist handa gegn því. Neitar hann því, að verkfallsákvörðun Iðju geti verið löglegur grundvöllur fyrir því, að Dagsbrúnarmenn þeir, er hjá honum unnu, leggðu niður vinnu, eða gefi stjórn Dagsbrúnar heimild til slíkrar fyrirskipunar, án þess undirbúnings, sem heimtaður sé í II. kafla laga nr. 80/1938. Menn þeir, er hjá honum unnu, hafi heldur ekki á neinn hátt farið inn í starf áðurnefnds Iðjufélaga, er þátt tók í verkfalli félagsins. Forráðamanni Stáltunnugerðarinnar hafi því verið fullkomlega heimilt og vítalaust að halda starfseminni áfram, þrátt fyrir verkfall Iðju.

Eins og að framan er greint, tóku starfsmenn í Stáltunnugerðinni laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands, og voru 7 þeirra félagsmenn í Dagsbrún. Þessir 7 voru ekki félagar í Iðju og höfðu ekki tekið þátt í ákvörðun þess félags um að hefja verkfall það, er nú stendur yfir. Viðurkennt er, að sú regla hafi að staðaldri viðgengizt í Stáltunnugerðinni síðan á árinu 1941, að þar væri unnið aðallega af öðrum en Iðjufélögum og eftir kjarasamningi við Dagsbrún, og að þetta hafi verið með vitund forráðamanna Iðju. Hafði Iðja ekki, meðan samningurinn við iðnrekendur frá 30. júlí 1943 var enn í gildi, heimt sér rétt þann, er hún byggir á 24. gr. þess samnings, að starfsmenn Stáltunnugerðarinnar væru félagsmenn í Iðju. Ekki hefur því verið haldið fram í málinu, að aðrir félagsbundnir starfsmenn Stáltunnugerðarinnar hafi orðið að vinna verk Iðjufélaga þess, er þátt tók í verkfallinu, til þess að starfræksla hennar gæti haldið áfram. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkfallsboðun Iðju frá 1. þ. m. hafi verið löglegur grundvöllur til verkfalls hjá þeim félagsmönnum Dagsbrúnar, er unnu í Stáltunnugerðinni.

Hins vegar verður að meta verkfall það, sem Dagsbrúnarmenn gerðu hjá Stáltunnugerðinni 9. þ. m. samkvæmt ákvörðun félagsstjórnarinnar, sem samúðarverkfall af hálfu stefnda. Því hefur ekki verið haldið fram, að ákvörðun Dagsbrúnar um verkfallið hafi verið tekin samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938, né heldur verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem um getur í 16. gr. sömu laga. Verður því að meta nefnt

verkfall ólögmætt og gera stefnda að greiða sekt fyrir brot á téðum lagagreinum. Þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 300.00 sekt í ríkissjóð.

Þá verður að telja nægileg rök fram komin fyrir því, að vinna í Stáltunnugerðinni hafi fallið niður vegna nefndra aðgerða forráðamanna Dagsbrúnar og ber það félag því skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni vegna nefndrar vinnustöðvunar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Verkfall það, er Verkamannafélagið Dagsbrún lét hefja hjá Stáltunnugerð J. B. Péturssonar 9. þ. m., er ólöglegt.
2. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 200.00 í sekt í ríkissjóð.
3. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, er bótaskylt gagnvart Stáltunnugerð J. B. Péturssonar.
4. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar, kr. 300.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. september 1944.

Nr. 2/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. febr. þ. á. var undirritaður kjarasamningur milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnda. Í fyrstu málsgr. 5. gr. samnings þessa segir svo:

„Lágmarkskaup í almennri dagvinnu fyrir fullgilda verkamenn skal vera kr. 2.45 .... Fyrir slippvinnu (svo sem hreinsun á skipum, málun, smurningu og setningu skipa), kolavinnu, uppskipun og útskipun á salti, sementsvinnu (uppskipun, hleðslu þess í pakkhús og samfellda vinnu við afhendingu úr pakkhúsi og mæling í hrærivél), gæzlu hrærivélar, handlöngun hjá múrurum (hræra lögun til húðunar og færa múraranum), *hjálparvinnu í vélsmiðjum*, lýsisbræðslu og vélgæzlu á togurum í höfn greiðist kr. 2.90 á klst."

Nú deila samningsaðiljar um það, hve víðtæka merkingu beri að leggja í orðin „hjálparvinna í vélsmiðjum". Heldur stefnandi því fram, aðallega að hér sé átt við alla vinnu venjulegra verkamanna í vélsmiðjunum, en til vara, að átt sé við alla vinnu, sem talin verði aðstoð við þá fagmenn eða aðra, er þar starfa sjálfstætt, en stefndi heldur fram þrengri merkingu.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Aðallega:

1. Að viðurkennt verði, að með orðunum „hjálparmenn í vélsmiðjum" í 5. gr. samnings frá 22. febr. 1944 milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands sé átt við alla verkamenn í vélsmiðjum, sem ekki eru fagmenn.

   Til vara:

   Að viðurkennt verði, að með orðunum „hjálparmenn í vélsmiðjum" í 5. gr. samnings frá 22. febr. 1944 milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands sé átt við alla verkamenn í vélsmiðjum, sem hjálpa járnsmiðum, nemum og öðrum, sem vinna sjálfstæð störf í smiðjunum.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umdeilt samningsákvæði, sem sé nýmæli í kjarasamningum Dagsbrúnar og stefnda, sé þannig til komið, að eftir samningsgerð sömu aðilja 22. ágúst 1942 hafi orðið munnlegt samkomulag milli vélsmiðj-

anna og Dagsbrúnar um kaup verkamanna í vélsmiðjum. Hafi kaupflokkar samkvæmt því orðið þrír: 1. Venjulegir verkamenn, sem þangað til hafi unnið venjulega verkamannavinnu. 2. Hjálparmenn og 3. Verkamenn, sem vinna sjálfstæða fagvinnu. Kveður stefnandi framkvæmd samkomulags þessa hafa orðið á þá lund, að meginþorra þeirra verkamanna, sem unnu með járnsmíðaverkfæri í hönd, svo og hnoðhiturum, viðhöldurum og ásláttarmönnum í eldsmiðjum hafi verið greitt kaup sem hjálparmönnum, og kveðst hann geta fallizt á, að slík vinna verði talin hjálparvinna og greidd samkvæmt því. Önnur vinna, eins og t. d. flutningar, hreinsun á verkstæðum og vinnuplássum, kynding og annað, verði hins vegar að telja verkamannavinnu. Kveður stefndi sig hafa haft réttmæta ástæðu til að ætla, er Dagsbrún tók „hjálparvinnu í vélsmiðjum" upp í samningsuppkast sitt á síðastliðnum vetri, að þar væri aðeins átt við þá vinnu, er í hálft annað ár hefði verið greidd hærra kaupi sem hjálparvinna. Telur hann að þurft hefði að geta þess sérstaklega í samningnum, ef leggja hefði átt víðtækari merkingu í þessi orð, en um þetta hafi ekkert verið rætt sérstaklega við samningsgerðina.

Stefnandi hefur viðurkennt, að samið hafi verið munnlega á árinu 1942 um þrískiptingu þá, er stefndi skýrir frá, en heldur því hins vegar fram, að aldrei hafi komizt á samkomulag um mörkin milli venjulegrar verkamannavinnu og hjálparvinnu. Hafi um það verið stöðugt ósamkomulag milli vélsmiðjanna og Dagsbrúnar alla tíð síðan 1942. Telur hann handlöngun og þess háttar vinnu engu síður heyra undir hjálparvinnu en þá vinnu, er vélsmiðjurnar færa í þann flokk. Hefur stefnandi við munnlegan flutning málsins borið fram varakröfu sína, ef ekki yrði talið unnt að fallast á aðalkröfu hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að deilur hafi verið milli vélsmiðjanna og Dagsbrúnar um mörk hjálparvinnusviðsins meðan munnlega samkomulagið gilti. Bendir hann á, að ef svo hefði verið, þá hefði Dagsbrún einmitt haft ríka ástæðu til þess að skilgreina hjálparvinnuna nánar í áðurgreindu samningsuppkasti.

Svo sem að framan greinir er það upplýst í málinu, að á árinu 1942 hafi komizt á samkomulag um þríflokkun kaups í verkamannavinnu í vélsmiðjum, er hafi verið framkvæmt þannig allt til þessa dags, að nokkur hluti verkamannanna

hafi fengið venjulegt verkamannakaup, sem var nokkru lægra en kaup fyrir svo nefnda hjálparvinnu. Var þannig fyrir hendi, er kjarasamningurinn var gerður 22. febr. s. l., flokkun verkamannavinnu í hjálparvinnu og venjulega verkamannavinnu. Verður ekki talið, að stefndi hafi þurft að gera ráð fyrir því, að orðin „hjálparvinna í vélsmiðjum" fælu í sér breytingu frá þeirri flokkaskipun, er áður hafði tíðkazt, án þess að það væri tekið sérstaklega fram, þannig, að öll verkamannavinna í vélsmiðjum skyldi frá gildistöku samningsins teljast til hjálparvinnu. Er því ekki hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina.

Varakrafa stefnanda er svo óákveðin, að hún sker eigi úr um það, hvaða vinna ætlazt er til, að teljizt hjálparvinna í vélsmiðjum samkvæmt framangreindum samningi. Þykir því eigi fært að leggja dóm á hana og ber að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Varakröfu stefnanda í máli þessu vísast frá dómi.

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af aðalkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. september 1944.

Nr. 10/1944. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmætt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar með stefnu, dags. 25. f. m.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 22. ágúst 1942 var undirritaður samningur milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar um kaup og kjör í tímavinnu. Náði samningur þessi m. a. til h/f Shell á Íslandi sem félaga í Vinnuveitendafélagi Íslands. Á þessum tíma var komin á sú tízka, að ýmsir vinnuveitendur, svo sem heildsalar og t. d. h/f Shell á Íslandi, höfðu í þjónustu sinni Dagsbrúnarmenn, sem ráðnir voru með mánaðarkaupi, án þess þó að samningar um slíkt fyrirkomulag væru fyrir hendi milli Dagsbrúnar og vinnuveitenda eða félags þeirra. Í september og október 1942 komust á sérstakir samningar milli ýmissa vinnuveitenda og Dagsbrúnar um kaup og kjör verkamanna, er mánaðarkaup taka, þar á meðal milli Vinnuveitendafélags Íslands f. h. h/f Shell á Íslandi og Dagsbrúnar. Er sá samningur dagsettur 24. sept. 1942 og skyldi hann gilda jafnlengi og nefndur tímakaupssamningur frá 22. ágúst 1942, með sama uppsagnarfresti og framlengjast með sama hætti og sá samningur. Síðastliðinn vetur var tímakaupssamningnum frá 22. ágúst 1942 sagt upp og var gerður nýr samningur þann 22. febr. þ. á., og er hann enn í gildi. Framangreindum mánaðarkaupssamningum var hins vegar ekki sagt upp þá, og giltu þeir áfram óbreyttir. Voru sumir þeirra síðan framlengdir í júlí s. l., en samningi H/f Shell og Dagsbrúnar frá 24. sept 1942 sagði Dagsbrún upp 21. júlí s.l. frá og með 22. f. m. að telja, svo sem heimilt var samkvæmt efni hans. Þrátt fyrir samningsumleitanir tókust samningar ekki, og þann 14. ágúst s.l. sendi verkamannafélagið Dagsbrún svo hljóðandi tilkynningu til Vinnuveitendafélags Íslands:

„Á fundi trúnaðarmannaráðs félags vors þann 14. þ. m. var samþykkt að stöðva alla vinnu Dagsbrúnarmanna hjá H/f Shell á Íslandi frá og með 22. ágúst þ. á., ef ekki hafa náðst nýir samningar við H/f Shell, um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna, fyrir þann tíma.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Að morgni þess 22. ágústs s.l. hófst svo verkfall hjá H/f Shell, þar sem samningar höfðu þá ekki enn tekizt, og náði það til allra Dagsbrúnarmanna, sem þar unnu. Stendur verkfall þetta enn.

Stefnandi telur, að verkfall þetta sé að öllu leyti ólöglegt. Aðallega vegna þess, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, sem ákvörðun tók um að hefja verkfallið, fullnægi ekki skilyrðum

laga nr. 80/1938 til þess að geta tekið löglega ákvörðun um verkfall. En til vara telur hann verkfallið ólögmætt að því er snertir tímakaupsmenn. Mótmælti hann lögmæti verkfallsboðunarinnar þegar í stað, eða 15. ágúst s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega:

1. Að viðurkennt verði, að ógild og ólögleg sé að öllu leyti ákvörðun sú um vinnustöðvun af hendi verkamannafélagsins Dagsbrúnar hjá Shell h/f á Íslandi, sem ræðir um í bréfi trúnaðarmannaráðs félagsins til Vinnuveitendafélags Íslands, dags. 14. f. m., og hófst 22. ágúst s. l.,
2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt, eftir ákvörðun dómsins, vegna hinnar ofangreindu ólöglegu vinnustöðvunar,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, eftir mati dómsins, fyrir allt það tjón, sem umrædd vinnustöðvun hefur í för með sér fyrir stefnda, ákveðnar fyrir hvern dag, sem vinnustöðvunin stendur, frá og með 22. ágúst s.l.

Til vara:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall sé ólöglegt að því er snertir tímakaupsmenn, sem eru meðlimir í verkamannafélaginu Dagsbrún, og sé Shell h/f á Íslandi heimilt að láta tímakaupsmenn, sem eru meðlimir verkamannafélagsins Dagsbrúnar, vinna hvaða vinnu, sem er, þar með þá vinnu, sem mánaðarkaupsmenn hafa lagt niður 22. ágúst þ. á.,
2. að stefndi verði dæmdur til sektar fyrir ólöglegt verkfall að því er tímakaupsmenn snertir,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins fyrir það tjón, sem hann hefur orðið fyrir, vegna tálmunar stefnda gegn því, að tímakaupsmenn ynnu hjá honum, ákveðnar fyrir hvern dag, sem slík tálmun stendur, frá og með 22. ágúst þ. á.

Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt beiðni aðilja og með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, hefur dómurinn samþykkt að meðferð málsins hér fyrir dómi verði skipt þann-

ig, að frestað verði málflutningi um upphæð skaðabótakröfunnar.

I. Aðalkrafan.

Samkvæmt núgildandi lögum verkamannafélagsins Dagsbrúnar er trúnaðarmannaráð félagsins skipað 9 mönnum alls, stjórnendum félagsins, 5 að tölu, og 4 öðrum. Formaður félagsstjórnar er jafnframt formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess. Samkvæmt 35. gr. samþykkta Dagsbrúnar hefur þannig skipað trúnaðarmannaráð vald til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun og hefur það ákveðið framannefnt verkfall, sem mál þetta er risið af. Þá er og í félaginu svokallað trúnaðarráð skipað 100 mönnum. Tala félagsmanna Dagsbrúnar er nú sögð tæp 3 þúsund. Þegar lög nr. 80/1938 tóku gildi var trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, sem þá var eina stéttarfélagið hér á landi, sem hafði slíkt fyrirkomulag, skipað 100 mönnum. Áttu sæti í því fulltrúar félagsins á alþýðusambandsþingi og auk þeirra 1 maður fyrir hverja 20 félagsmenn. Mun trúnaðarmannaráð þetta hafa komizt á laggirnar á árinu 1937, en í janúar það ár eru félagsmenn í Dagsbrún taldir hafa verið 1680. Skömmu eftir gildistöku laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eða í nóvembermánuði 1938, var samþykktum Dagsbrúnar breytt á þá lund, að stofnað var trúnaðarráð, sem ekki skyldi skipað færri mönnum en 100. Jafnframt var ákveðið, að trúnaðarmannaráð skyldi skipað stjórn félagsins (5 mönnum) og fjórum fullgildum félagsmönnum öðrum, og því gefinn réttur til að taka ákvarðanir um verkföll, svo sem að framan segir.

Stefnandi telur nú, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, eins og því er nú fyrir komið, hafi ekki að lögum heimild til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Telur hann, að heimild sú, sem um ræðir í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938, geti aðeins átt við, þegar trúnaðarmannaráð félags sé svo fjölskipað í hlutfalli við félagatölu þess, að búast megi við, að vilji trúnaðarmannaráðsins verði nokkurn veginn spegilmynd af vilja félagsmanna í heild.

Hliðstæðurnar í a- og b-lið nefndrar 15. gr. sýni, að ætlazt sé til, að c-liðurinn eigi að hafa í sér fólgna svipaða tryggingu og tveir fyrstu liðirnir fyrir því, að ekki sé stofnað til vinnustöðvunar, nema fyrir hendi sé almennur vilji félagsmanna, og að ákvæði c-liðs um ¾ hluta atkvæða sýni, að þar hljóti

að vera átt við talsverðan fjölda manna. Það hafi einmitt verið hið nokkuð fjölmenna trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, samkvæmt samþykktum þess félags frá 1937, sem löggjafinn hafi haft í huga, er c-liður oftnefndrar 15. gr. var settur, og við það beri m. a. að miða, er meta skal, hversu fjölskipuð trúnaðarmannaráð skuli vera. Þá heldur stefnandi því og fram, að með lögum nr. 80/1938 hafi sjálfstæður réttur til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvanir verið tekin úr höndum félagsstjórna stéttarfélaga. Það geti því ekki samrýmzt nefndum lögum, ef trúnaðarmannaráðin séu svo skipuð, að félagsstjórnin geti ein ráðið öllu, svo sem hér eigi sér stað. Telur hann áðurnefnda breytingu, er Dagsbrún gerði á samþykktum sínum í nóvember 1938, til þess eins gerða að fara í kringum ákvæði c-liðs 15. gr. nefndra laga, en slíkt hljóti að vera óheimilt. Af þessu leiði að ógilda beri ákvörðun trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar um nefnt verkfall, svo sem krafist er.

Stefndi hefur mótmælt aðalkröfu stefnanda og krafizt sýknu af henni. Telur hann, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, eins og það er nú skipað, sé í fullu samræmi við ákvæði c-liðs 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því samkvæmt þeim lögum það vald, til þess að taka ákvarðanir um verkföll, sem því sé veitt í 35. gr. samþykkta Dagsbrúnar. Í nefndum lögum séu engin ákvæði um það, hversu fjölmenn trúnaðarmannaráðin skuli vera, heldur sé stéttarfélögum beinlínis í sjálfsvald sett í 3. gr. þeirra, hve fjölskipuð þau séu höfð. Hann mótmælir því, að það hafi sérstaklega verið tilgangur laga nr. 80/1938 að svipta stjórnir stéttarfélaga heimild til þess að gera verkföll, og telur það ekki geta skipt máli, þó meiri hluti trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar sé skipaður stjórnarnefndarmönnum þess félags. Nefnd lagaákvæði geymi ekki neinar reglur um það, hversu fjölskipuð trúnaðarmannaráð skuli vera, og sé því ekki á valdi dómsins að meta það. Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar 1937 hafi verið það eina, sem til hafi verið, þegar lög nr. 80/1938 voru sett, og verði engin ályktun dregin af skipun þess um það, hve fjölmenn þessi ráð skuli vera. Nú hafi vinnustöðvun sú, er hér um ræðir, verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi með öllum greiddum atkvæðum, og tilkynnt á réttum tíma. Sé hún því að öllu leyti lögum samkvæm.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 eru settar reglur um það, á hvern hátt taka skuli ákvörðun um vinnustöðvun, til þess að hún sé

heimil. Verður það samkvæmt henni gert á þennan hátt:

a. Við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, er staðið hafi a. m. k. í 24 tíma, enda nægilega auglýst,
b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hefur umboð til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið,
c. af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a. m. k. ¾ hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

Með nefndri lagagrein eru engin bein fyrirmæli sett um það, hversu fjölmenn trúnaðarmannaráðin skuli vera og slíkar reglur finnast heldur ekki í öðrum greinum laganna. Nú verður því að vísu ekki neitað, að það leiðir til verulegs ósamræmis milli a- og b-liðs 15. gr. annars vegar og c-liðs hins vegar, ef 9 manna trúnaðarmannaráð í nálega 3 þúsund manna félagi getur tekið ákvörðun um að gera verkfall. En eigi að síður verður að telja, að með því að löggjafinn hefur algerlega látið hjá líða að setja í lögin fyrirmæli um, hve fjölskipuð ráðin skuli vera, enda þótt umræður um þau á alþingi hafi gefið fullkomið tilefni til þess, þá sé það ekki á valdi dómsins að meta það. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að óheimil sé að lögum sú skipun trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar, er félagið hefur tekið upp. Á trúnaðarmannaráðsfundi þeim, sem tók ákvörðun um greint verkfall, voru mættir og greiddu atkvæði 7 ráðsmenn. Af þeim voru þrír utan félagsstjórnarinnar og hafði hún ein því ekki þann meiri hluta, sem ákveðinn er í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Verður því ekki hægt að telja verkfallsákvörðunina frá 14. ágúst s.l. ólögmæta af þeirri ástæðu, og ber því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

II. Varakrafan.

Stefnandi byggir varakröfu sína á því, að þar sem samningurinn frá 22. febrúar s.l. um kaup og kjör verkamanna í tímavinnu sé enn í fullu gildi, hafi H/f Shell verið heimilt að halda áfram vinnu með tímakaupsmönnum samkvæmt téðum samningi. Því hagi svo til, að verkamannavinna hjá H/f Shell sé ýmist unnin af mánaðarkaupsmönnum eða tímakaupsmönnum og verði þar engin glögg skil dregin á milli og eigi H/f Shell frjálst val þess, hvort fyrirkomulagið það kýs. Vegna samn-

ingsins frá 22. febr. s.l. sé Dagsbrún bundin að því er tímakaupsmennina snertir og óheimilt að láta þá leggja niður vinnu, þó krafizt sé breytinga á eldri samningi um mánaðarkaupsmenn. Verkfallsboðun Dagsbrúnar, að því er tímakaupsmennina snertir, sé þannig brot á samningnum frá 22. febr. s.l. og því ólögmæt.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri skoðun stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að samningar þeir um mánaðarkaup, sem Dagsbrún fer fram á, séu ekki samningar fyrir sérstakan hóp manna, heldur geti allir Dagsbrúnarmenn átt þar hlut að máli hagsmunalega séð. Dagsbrún sé því heimilt að gera almennt verkfall hjá H/f Shell til þess að koma fram kröfu sinni um sérstaka mánaðarkaupssamninga. Er hann sammála stefnanda, að störf tímakaupsmanna og mánaðarkaupsmanna séu svo samtvinnuð, að ekki sé þar hægt að greina á milli starfsflokka.

Eins og að framan greinir hefur mánaðarkaupsgreiðsla tíðkazt alllengi hjá H/f Shell og var um það gerður samningur 24. sept. 1942, svo sem getið hefur verið. Var sá samningur enn í gildi, er tímakaupssamningurinn frá 22. febr. s.l. var gerður. H/f Shell gat því ekki gert ráð fyrir að Dagsbrún hefði, að því er það félag snerti, bundizt því með síðastnefndum samningi, að gera ekki sérstakar kröfur um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna. Það verður því ekki talið gagnstætt oftnefndum samningi frá 22. febr. s.l. þó Dagsbrún beri nú fram slíkar kröfur.

Í fyrstu grein samnings þess frá 24. sept. 1942, er úr gildi féll fyrir uppsögn 22. f. m. segir:

„Vinnuveitandi skuldbindur sig til þess að láta verkamenn, sem eru gildir meðlimir í Dagsbrún, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, sem unnin er hjá honum samkvæmt mánaðarlaunum, þegar þess er krafizt og Dagsbrúnarmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.“

Ekki er upplýst, að samningar þeir, sem Dagsbrún nú krefst, séu byggðir á öðrum grundvelli að þessu leyti. Aðiljar eru samkvæmt framansögðu sammála um það, að vinna tíma- og mánaðarkaupsmanna sé svo samofin, að mánaðarkaupsmenn verði ekki taldir til sérstaks starfsflokks. Hér getur þannig verið að ræða um hagsmunamál fyrir félagsmenn í Dagsbrún almennt. Er félaginu því heimilt að framfylgja kröfum sínum

um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna hjá H/f Shell með verkfalli, og þá jafnframt verkfalli tímakaupsmanna, enda er því ekki haldið fram, að krafizt sé breytinga á þeim atriðum, sem teljast mega umsamin samkvæmt samningnum frá 22. febr. s.l.

Samkvæmt framansögðu og með tilvísun til þess, sem segir undir I. um heimild trúnaðarmannaráðs til þess að ákveða umdeilt verkfall, er ekki heldur hægt að taka varakröfu stefnanda til greina og ber því einnig að sýkna stefnda af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Þegar bornir eru saman b- og c-liðir 15. gr. laga nr. 80/1938 sézt, að óheimilt er að fela stjórnum stéttarfélaga almenna heimild til þess að taka ákvörðun um verkfall fyrir félagsins hönd. Slík almenn heimild verður aðeins falin trúnaðarmannaráði samkvæmt c-lið nefndrar greinar. Það sézt einnig á umræðunum á alþingi um frumvarpið til laga þessara, að til þess var ætlazt, að með lögunum væri almennt vald til þess að fyrirskipa verkfall tekið úr höndum félagsstjórnanna. Þegar lögin gengu í gildi mun aðeins hafa verið trúnaðarmannaráð í einu verklýðsfélagi hér á landi, verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík. Var trúnaðarmannaráð þetta skipað 100 mönnum. En skömmu eftir að lögin öðluðust gildi breytti Dagsbrún nafninu á ráði þessu í „trúnaðarráð", en jafnframt skyldi starfa í félaginu svokallað trúnaðarmannaráð, er hefði heimild til að taka ákvörðun um verkföll. Í „trúnaðarmannaráði" þessu skyldu stjórnendur félagsins, 5 að tölu, eiga sæti og auk þeirra 4 félagsmenn, kosnir sérstaklega til að taka sæti í því ásamt stjórninni. Formaður félagsstjórnarinnar skyldi vera sjálfkjörinn formaður þessa „trúnaðarmannaráðs", ritari félagsstjórnarinnar sjálfkjörinn ritari þess, og formanni er í sjálfsvald sett, hvernig það er kvatt til funda. Fundur þess er lögmætur ef fullur helmingur ráðsmanna kemur á fundinn og getur stjórn félagsins því ein tekið ákvörðun um verkfall samkvæmt ákvæðum þessum, ef svo ber undir.

Ráð þetta, eins og því nú hefur verið lýst, verður ekki talið svo sjálfstætt gagnvart stjórn félagsins, að á það verði litið sem sérstakt „trúnaðarmannaráð" í félaginu, er fullnægi c-lið 15. gr. margnefndra laga nr. 80/1938..

Þar er ákvörðunin um verkfall það, sem um er deilt í máli þessu, var einungis tekin af „ráði" því, sem nú hefur verið nefnt, verður að telja

það ólögmætt og ber þá að sekta stefnda fyrir það og dæma hann til greiðslu skaðabóta. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 300.00, en málflutningi um upphæð skaðabótanna hefur verið frestað.

Málskostnaður að því er þennan hluta málsins snertir þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, sem verkamannafélagið Dagsbrún gerði hjá H/f Shell á Íslandi 22. f. m., er ólögmætt.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði 300 kr. sekt í ríkissjóð.

Stefndi er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, út af framangreindu verkfalli.

Málskostnaður falli niður.

Hina ídæmdu sekt ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 6/1943. **Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólöglegt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Þórði útgerðarmanni Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu, um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxta 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum, og 4. jan. 1943

tilkynntu þeir verklýðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta haust sagði verklýðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklýðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verklýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komizt á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklýðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki, og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklýðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. janúar 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðust róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu. Þann 29. janúar, að kvöldi, komuzt á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklýðsfélagsins. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Einn þeirra var stefnandi máls þessa, Þórður Guðmundsson. Á bát þeim, Óðni G.K. 22, sem hann gerði út, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komizt á milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febrúar 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, þar á meðal á bát þeim, sem hann gerði út, hafi

stöðvast vegna ólögmætra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er beint gegn Alþýðusambandi Íslands en til vara gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. janúar síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti Útvegsbændafélag Gerðahrepps og þar með að því er snerti stefnanda sem meðlim þess félags og ofannefndan vélbát, Óðinn, sem gerður var út á hans vegum, en sérstaklega hafi verið ólöglegt framhald verkfallsins gegn téðum vélbát eftir 29. jan. síðastl.,
2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls eða hins ólöglega framhalds þess gagnvart stefnanda 29. jan. til 1. febrúar síðastl.,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, *aðallega* að upphæð kr. 3338.91, en *til vara* kr. 1744.32 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins,
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskiptasamningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvazt sökum þess, að verkfallið hafi, að fyrirskipan alþýðusambandsins eða verklýðsfélagsins, líka verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og landmanna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 hafi þetta verið algerlega óréttmætt, og enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verklýðsfélaginu né tilkynning um slíkt send útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verkfallsmanna,

til þess að afla bátunum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og beitu, og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

En sérstaklega telur stefnandi það ólögmætt, að bát hans hafi verið haldið í verkfalli eftir að útvegsbændafélagið samdi við verklýðsfélagið að kvöldi þess 29. janúar. Hann hafi verið félagsmaður í því félagi, og af þeim sökum átt rétt til þess, að engar hömlur yrðu lagðar á bát hans, umfram annarra félagsmanna.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur samkvæmt 12. gr. laga þess beri það ábyrgð á verkfallinu og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið, hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verklýðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmætu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að framannefndur bátur hans hafi misst af róðri, vegna hins ólögmæta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða bótaskyldu út af umræddri vinnudeilu. Halda þeir því fram, að orsök þess, að bátur stefnanda eða aðrir bátar kunni að hafa stöðvast frá róðrum hafi verið verkfall landverkafólksins. Stöðvun þeirra hafi komið af sjálfu sér sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á olíu og beitu, þar sem þeir menn, sem afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimilt að fara inn á verksvið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt, eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verklýðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður næga sönnun þess, að byggja megi á skýrslu hans um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins hafi þurft að leiða til þess, að bátur stefnanda fengi ekki nauðsynlega afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfs-

sviðs síns. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt, að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. janúar, og er þó talið, að afgreiðslumenn, en þeir voru þátttakendur í verkfalli landverkafólksins, hafi ekki tekið upp starfa sinn fyrr en samningar voru komnir á við hlutafélögin að kvöldi þess 1. febrúar s. á. Stefndu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt.

Kemur þá til álita, hvort stefndu hafa átt þann þátt í því, að róðrar féllu niður, að saknæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlazt. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svokallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágrannaverklýðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðuzt frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðuzt, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá, að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsi- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli, og ber því að sýkna það af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafa beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þorvald-

ar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklýðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áðurnefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, þurftu útvegsbændur ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmannanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklýðsfélagsins hafi með framkomu sinni skapað þau skilyrði, er leitt geti til refsiábyrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfall hlutarmanna bitnaði á.

Stefndu hafa lagt fram í máli þessu vottorð skráningarstjóra sem sýnir, að ekki hefur verið lögskráð á bát þann, Óðinn G.K. 22, sem um ræðir í máli þessu, fyrr en 28. jan. 1943. Hafa stefndu mótmælt því, að á þá verði lögð refsing eða bótaskylda vegna stöðvunar á róðrum nefnds báts stefnanda þann tíma meðan ólögskráð var á hann.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningu, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn, nema skipverjar hafi verið skráðir í skiprúm. Með tilvísun til nefndrar greinar þykir verða að taka framangreinda mótbáru stefnda til greina og verður ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskylt þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga til þess að mega leggja úr höfn. Verður því hér aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir að hafa orðið þess valdandi, að m/b Óðinn G.K. 22 komst ekki í róður þann 29. jan. og 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklýðsfélag hafi með ólögmætu verkfalli valdið því.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hefði verið fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 hefur verklýðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga 150 króna sekt í ríkissjóð. Er við ákvörðun refsingarinnar höfð hliðsjón af því, að verklýðsfélagið hefur í málinu nr. 5/1943

með dómi þessa réttar 10. júlí s.l., verið dæmt til greiðslu sektar vegna verkfalls þessa og sömuleiðis á það lögð sekt út af sama verkfalli með dómi, uppkveðnum í dag, í málinu nr. 7/1943.

Skaðabótakrafan.

Samkvæmt því sem að framan er rakið ber stefndu verklýðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Óðins þann 29. jan. og 1. febr. 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessara tveggja róðra er kr. 2478.48. Er bótakrafan grundvölluð á því, að meðalafli báta í Sandgerði þann 29. jan. 1943 hafi verið 8 skpd. eða 4000 kg. Reiknar hann hvert kg á kr. 0.45, eða samtals kr. 1800.00. Lifur reiknar hann, 264 lítra, á kr. 1.50, alls kr. 396.00. Hefði hlutur útgerðarmanns því átt að vera kr. 734.16 fyrir þennan róður. Afla þann 1. febr. 1943 áætlar hann 16 skpd. eða 8000 kg·á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hefði hlutur útgerðarmanns úr þessum róðri þá numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2100.00 og ber að dæma stefnt verklýðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklýðsfélagið greiði stefnanda upp í málskostnað kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.
2. Stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps, greiði kr. 150.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Þórði Guðmundssyni, kr. 2100.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

   Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af

öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem Þórður Guðmundsson telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 7/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmætt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðness gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxta 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum og 4. jan. 1943 tilkynntu þeir verklýðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta sama haust sagði verklýðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklýðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verklýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og

náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komizt á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklýðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki, og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklýðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. jan. 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðuzt róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu og bátum H/f Miðness, sem ekki er í því félagi. Þann 29. janúar, að kvöldi, komuzt á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklýðsfélagsins um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Á bátum þeim, sem stefnandi gerði þá út, Muninum G.K. 342 og Mugg G.K. 15, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komist á milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu í landi, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febrúar 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, og róðrar á þeim bátum, sem hann gerði út, hafi stöðvazt vegna ólögmætra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er beint gegn Alþýðusambandi Íslands, en *til vara* gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. jan. síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti vélbátaútgerð H/f Miðness, sérstaklega vélbátana Muninn og Mugg,

2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 5817.39 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins,
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskiptasamningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar milli verklýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Stefnandi kveðst nú að vísu ekki vera félagi í útvegsbændafélaginu, en hann hafi hins vegar farið eftir nefndum hlutaskiptasamningi um ráðningu á báta sína, þar á meðal í ársbyrjun 1943. Hafi enginn ágreiningur verið milli sín og verklýðsfélagsins um ráðningarkjör hlutarmanna, heldur hafi félagið verið samþykkt því, að hann réði hlutarmenn á báta sína samkvæmt ákvæðum nefnds samnings við útvegsbændafélagið. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvazt sökum þess, að verkfallið hafi, að fyrirskipan alþýðusambandsins og verklýðsfélagsins, líka verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og landmanna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 og nefndrar framkvæmdar stefnanda um ráðningarkjör hlutarmanna hafi þetta verið algerlega óréttmætt, enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verklýðsfélaginu né tilkynning um slíkt send stefnanda né útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verkfallsmanna, til þess að afla bátunum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og beitu og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur samkvæmt 12. gr. laga þess, beri það ábyrgð á verkfallinu

og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verklýðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmætu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að bátar þeir, sem hann gerir út og að framan eru nefndir, hafi misst af nokkrum róðum vegna hins ólögmæta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða skaðabótaskyldu út af umræddri vinnudeilu.

Halda stefndu því fram, að orsök þess, að bátar stefnanda, eða aðrir bátar, kunni að hafa stöðvazt frá róðrum, hafi verið verkfall landverkafólksins. Hafi stöðvun þeirra komið af sjálfu sér sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á olíu og beitu, þar sem þeir menn, sem afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimilt að fara inn á verksvið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt, eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verklýðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður nægja sönnun til þess að byggja megi á skýrslu hans um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins hafi þurft að leiða til þess, að bátarnir fengju ekki afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfssviðs síns. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. janúar, og er þó talið, að afgreiðslumenn, en þeir voru þátttakendur í verkfalli landverkafólksins, hafi ekki tekið upp starfa sinn, fyrr en samningar voru komnir á við hlutafélögin að kvöldi þess 1. febr. s. á. Stefndu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt. Kemur þá til álita, hvort stefndu hafa átt þann þátt í því að róðrar féllu niður, að saknæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlazt. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svokallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágrannaverklýðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðust frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðust, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess, að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsi- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli og ber því að sýkna það af kröfum stefnandans í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafi beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þorvaldar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklýðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áðurnefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, sem stefnandi hafði fylgt á þann hátt, sem að framan er greint, þurfti hann ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmannanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega, samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklýðsfélagsins hafi með framkomu sinni skapað þau skilyrði, er leitt gætu til refsiábyrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu

gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfall hlutarmanna bitnaði á.

Stefndu hafa lagt fram í málinu vottorð skráningarstjóra, sem sýnir, að lögskráð hefur verið á m/b Mugg G.K. 15 þann 6. jan. 1943, en hinsvegar ekki á m/b Muninn G.K. 342 fyrr en 26. febrúar 1943. Hafa stefndu mótmælt því, að á þá verði lögð refsing eða bótaskylda vegna stöðvunar á róðrum á bátum stefnanda þann tíma, sem enn var ólögskráð á þá.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningu, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn, nema skipverjar hafi verið skráðir í skiprúm. Með tilvísun til nefndrar greinar þykir bera að taka framangreinda mótbáru stefndu til greina og verður því ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskylt þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga, til þess að mega leggja úr höfn. Verður því í máli þessu aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir að hafa orðið þess valdandi, að m/b Muggur G.K. 15 komst ekki í róður þann 29. jan. og 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklýðsfélag hafi með ólögmætu verkfalli valdið því.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hefði verið fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 hefur verklýðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar, og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga, 150 króna sekt í ríkissjóð. Er við ákvörðun refsingarinnar höfð hliðsjón af því, að verklýðsfélagið hefur í málinu nr. 5/1943, með dómi þessa réttar 10. júlí s.l., verið dæmt til greiðslu sektar vegna verkfalls þessa og sömuleiðis á það lögð sekt út af sama verkfalli með dómi uppkveðnum í dag í málinu nr. 6/1943.

Skaðabótakrafan.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefndu fyrst borin fram sú sýknuástæða, að undir samninginn 1. febr. milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna hafði verið skrifað af hálfu H/f Miðness. Hefði stefnandi með þeirri undirskrift firrt sig rétti til þess að koma síðar fram með kröfur á hendur verklýðsfélaginu út af verkfallinu. Þessu var eindregið mótmælt af hálfu stefnanda og á það bent, að gera hefði þurft um það sérstakan áskilnað, ef bótakröfur allar hefðu þar

með átt að falla niður. Þykir mega fallast á þessa skoðun stefnanda, enda hafði hér verið beitt ólögmætum verknaði gegn stefnanda. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Einn dómendanna, Gunnlaugur E. Briem, getur ekki fallizt á þessa niðurstöðu, að því er varðar skaðabótakröfuna. Telur hann, að taka beri til greina framangreinda sýknuástæðu stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki við undirskrift samningsins frá 1. febrúar 1943 áskilið sér rétt til að krefjast skaðabóta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber stefndu verklýðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Muggs þann 29. janúar og 1. febrúar 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessara tveggja róðra er kr. 2478.48. Er bótakrafan grundvölluð á því, að meðalafli báta í Sandgerði þann 29. janúar 1943 hafi verið 8 skpd. eða 4000 kg. Reiknar hann hvert kg á kr. 0.45, eða samtals kr. 1800.00. Lifur reiknar hann 264 lítra á kr. 1.50, alls kr. 396.00. Hefði hlutur útgerðarmanns þá átt að vera kr. 734.16 fyrir þenna róður. Afla þann 1. febrúar 1943 áætlar hann 16 skpd. eða 8000 kg á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hefði hlutur útgerðarmanns úr þessum róðri þá numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2100.00 og ber að dæma stefnt verklýðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklýðsfélagið greiði stefnanda í málskostnað kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Miðness, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.
2. Stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps, greiði kr. 150.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðness, kr. 2100.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem H/f Miðnes er útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 8/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögmæts samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 5/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 10. júlí s.l., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. jan. 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör

hlutarmanna. Var stefnandi máls þessa, Finnbogi Guðmundsson, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á. Ýmsir bátar komu með fisk úr róðri þann 27. janúar, þar sem þeir höfðu róið aðfaranótt þess dags, eða áður en verkfallið hófst. Meðal þeirra voru tveir bátar úr útgerð Finnboga, þeir m/b Árni Árnason og m/b Trausti. Afli úr bátum þar syðra var um þessar mundir seldur matvælaráðuneyti Breta. Var hann fluttur á bifreiðum til Hafnarfjarðar í fisktökuskip þar. Unnu hlutarmenn að því að setja aflann á bifreiðarnar, og höfðu verkamenn þeir, er í landi voru og í deilu áttu um kaup og kjör, engin afskipti af því.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 5/1943 var talið, að óheimilt hefði verið að láta nefnt verkfall, eins og á stóð, ná til hlutarmanna, og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklýðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar atvinnurekenda í Gerða og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Hlífar, ef til verkfalls kæmi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal þrír bátar, er gerðir voru út á vegum stefnanda, m/b Árni Árnason, m/b Trausti og m/b Ægir. Þann 26. jan. s. á. tilkynnir svo stjórn Hlífar Geir Zoëga í Hafnarfirði, en hann var umboðsmaður Breta þar og tók á móti fiskinum frá útgerðarmönnum í fisktökuskipin, að næsta dag hefjist verkfall í Sandgerði og Garði. Hafi trúnaðarmannaráð félagsins samþykkt að afgreiða ekki á félagssvæði Hlífar, meðan á vinnustöðvuninni standi, báta eða bíla í eign eða á vegum þeirra manna, sem eru taldir upp í bréfinu. Er sú upptalning samhljóða upptalningu í nefndu bréfi alþýðusambandsins til Hlífar.

Útgerðarmenn syðra vildu ekki sætta sig við þessa ákvörðun Hlífar um afgreiðslubann, og þann 28. janúar sendu þeir hlass af fiski til Hafnarfjarðar á bifreiðinni G. 85. Er bifreið þessi, sem er ein þeirra bifreiða, sem taldar voru á afgreiðslubannslista Hlífar, kom til Hafnarfjarðar, var bifreiðarstjóranum tjáð af hálfu trúnaðarmanna Hlífar, að því er virðist, að ekki yrði unnið við hana, af því að hún væri í banni samkvæmt nefndri tilkynningu Hlífar. Bifreiðinni var eigi að síður ekið niður á bryggju til affermingar. En er þangað kom bannaði

formaður Hlífar verkamönnum, sem þar unnu að affermingu annarra bifreiða, að vinna við hana, þar sem hún væri í banni og urðu verkamenn við þeirri fyrirskipun. Umboðsmaður Geirs Zoëga, Þorleifur Jónsson, er þarna var viðstaddur, mun þá hafa innt formann Hlífar eftir því, hvort banni þessu væri beint að sér, en formaðurinn er þá talinn hafa svarað því, að banninu væri beint gegn bílnum. Var bifreiðinni síðan ekið í burtu óafgreiddri.

Stefnandi telur, að á afgreiðslubann Hlífar verði að líta sem samúðarverkfall af félagsins hálfu til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, a. m. k. ekki löglega, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga.

Þegar afgreiðslubann Hlífar hófst kveðst stefnandi hafa átt í Sandgerði 9000 kg af nýjum fiski, tilbúnum til afhendingar. En sökum athafna Hlífar hafi hann ekki getað komið fiskinum í fisktökuskip og hafi því, eftir kröfu umboðsmanns Breta og samkvæmt ákvæðum í samningi milli íslenzkra stjórnvalda og Breta, orðið að salta fiskinn. Nemi tap hans á því 6 aurum pr. kg eða alls kr. 540.00.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Hlífar hafi verið ólöglegt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar vegna hins ólöglega verkfalls.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 540.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki réttur aðilji máls þessa. Það hafi ekki verið gert

neitt verkfall hjá honum, en hins vegar geti hann ekki sótt stefnda til sakar vegna þess, þótt verkamenn í þjónustu Geirs Zoëga hafi lagt niður vinnu, að því er viðkom afgreiðslu á umræddum bíl, sem var í afgreiðslubanni samkvæmt tilkynningu Hlífar til Geirs Zoëga.

Þá mótmælir hann, að ákvörðun Hlífar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn, þess konar, sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum þeirra. En þó hið gagnstæða yrði talið, þá sé þessi ákvörðun Hlífar samt að öllu leyti lögleg, því hún hafi verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi og tilkynnt Geir Zoëga, en í hans þjónustu hafi þeir verkamenn verið, er neituðu að vinna í umrætt skipti. Hins vegar komi ekki til mála, að ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi hér við, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Hlífar um afgreiðslubann á báta og bíla, sem greinir í bréfi félagsins til Geirs Zoëga og tilkynning hennar til hans geti út af fyrir sig leitt til refsingar eða refsiábyrgðar fyrir nefnt félag eða skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda þessa máls, enda þótt bátar, sem voru á hans vegum, væru taldir meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort taka þurfti nefnda ákvörðun samkvæmt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint gegn stefnanda.

Nú er það hins vegar svo, að bifreið sú, sem flutti umræddan fisk til Hafnarfjarðar, var ein þeirra, sem upp voru taldar á afgreiðslubannslista Hlífar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en bann forráðamanna Hlífar gegn afgreiðslu hennar í Hafnarfirði 28. janúar 1943 sé á því byggt, að hún sé í afgreiðslubanni, en hvergi er að því vikið, að bannið lúti að farmi hennar. Það þykja því ekki nægar sannanir fyrir því, að afgreiðslubann Hlífar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bif-

reiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann né orðið bótaskyldur gagnvart honum og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 9/1943. **Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögmæts samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Þórði Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 6/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 19. þ. m., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943

hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör hlutarmanna. Var stefnandi máls þessa, Þórður Guðmundsson, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á. Ýmsir bátar komu með fisk úr róðri þann 27. janúar, þar sem þeir höfðu róið aðfaranótt þess dags, eða áður en verkfallið hófst. Meðal þeirra var bátur Þórðar, m/b Óðinn. Afli úr bátum þar syðra var um þessar mundir seldur matvælaráðuneyti Breta. Var hann fluttur á bifreiðum til Hafnarfjarðar í fisktökuskip þar. Unnu hlutarmenn að því að setja aflann á bifreiðarnar, og höfðu verkamenn þeir, er í landi voru og í deilu áttu um kaup og kjör, engin afskipti af því.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 6/1943 var talið, að óheimilt hefði verið að láta nefnt verkfall, eins og á stóð, ná til hlutarmanna og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklýðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar þar verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar atvinnurekenda í Gerða- og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Hlífar, ef til verkfalls kæmi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal framangreindur bátur stefnanda. Þann 26. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Hlífar Geir Zoëga í Hafnarfirði, en hann var umboðsmaður Breta þar og tók á móti fiskinum frá útgerðarmönnum í fisktökuskipin, að næsta dag hefjist verkfall í Sandgerði og Garði. Hafi trúnaðarmannaráð félagsins samþykkt að afgreiða ekki á félagssvæði Hlífar, meðan á vinnustöðvuninni standi, báta eða bíla í eigu eða á vegum þeirra manna, sem eru taldir upp í bréfinu. Er sú upptalning samhljóða upptalningu í nefndu bréfi alþýðusambandsins til Hlífar.

Útgerðarmenn syðra vildu ekki sætta sig við þessa ákvörðun Hlífar um afgreiðslubann, og þann 28. janúar sendu þeir hlass af fiski til Hafnarfjarðar á bifreiðinni G. 85. Er bifreið þessi, sem er ein þeirra bifreiða, sem taldar voru á afgreiðslubannslista Hlífar, kom til Hafnarfjarðar var bifreiðarstjóranum tjáð

af hálfu trúnaðarmanna Hlífar, að því er virðist, að ekki yrði unnið við hana, af því að hún væri í banni samkvæmt nefndri tilkynningu Hlífar. Bifreiðinni var eigi að síður ekið niður á bryggju til affermingar. En er þangað kom bannaði formaður Hlífar verkamönnum, sem þar unnu að affermingu annarra bifreiða, að vinna við hana, þar sem hún væri í banni og urðu verkamenn við þeirri fyrirskipun. Umboðsmaður Geirs Zoëga, Þorleifur Jónsson, er þarna var viðstaddur, mun þá hafa innt formann Hlífar eftir því, hvort banni þessu væri beint að sér, en formaðurinn er þá talinn hafa svarað því, að banninu væri beint gegn bílnum. Var bifreiðinni síðan ekið í burtu óafgreiddri.

Stefnandi telur, að á afgreiðslubann Hlífar verði að líta sem samúðarverkfall af félagsins hálfu til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt, og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, a. m. k. ekki löglega, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga.

Þegar afgreiðslubann Hlífar hófst, kveðst stefnandi hafa átt í Sandgerði 4000 kg af nýjum fiski tilbúnum til afhendingar. En sökum athafna Hlífar hafi hann ekki getað komið fiskinum í fisktökuskip og hafi því, eftir kröfu umboðsmanns Breta og samkvæmt ákvæðum í samningi milli íslenzkra stjórnvalda og Breta, orðið að salta fiskinn. Nemi tap hans á því 6 aurum pr. kg eða alls kr. 240.00.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Hlífar hafi verið ólöglegt,
2. að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 240.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Það hafi ekki verið gert neitt verkfall hjá honum, en hins vegar geti hann ekki sótt stefnda til sakar vegna þess, þótt verkamenn í þjónustu Geirs Zoëga hafi lagt niður vinnu, að því er viðkom afgreiðslu á umræddum bíl, sem var í afgreiðslubanni samkvæmt tilkynningu Hlífar til Geirs Zoëga.

Þá mótmælir hann, að ákvörðun Hlífar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn, þess konar sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum þeirra. En þó hið gagnstæða yrði talið, þá sé þessi ákvörðun Hlífar samt að öllu leyti lögleg, því hún hafi verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi og tilkynnt Geir Zoëga, en í hans þjónustu hafi þeir verkamenn verið, er neituðu að vinna í umrætt skipti. Hins vegar komi ekki til mála að ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi hér við, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Hlífar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í bréfi félagsins til Geirs Zoëga og tilkynning hennar til hans, geti út af fyrir sig leitt til refsingar eða refsiábyrgðar fyrir nefnt félag eða skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda þessa máls, enda þótt bátur hans væri talinn meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort taka þurfti nefnda ákvörðun samkvæmt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint gegn stefnanda.

Nú er það hins vegar svo, að bifreið sú, sem flutti umræddan fisk til Hafnarfjarðar, var ein þeirra, sem upp voru taldar á afgreiðslubannslista Hlífar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en bann forráðamanna Hlífar gegn afgreiðslu hennar í Hafnarfirði 28. janúar 1943 sé á því byggt, að hún sé í afgreiðslubanni, en hvergi er að því vikið, að bannið lúti að farmi hennar. Það þykja því ekki nægar sannanir fyrir því,

að afgreiðslubann Hlífar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda, og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bifreiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann, né orðið bótaskyldur gagnvart honum og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 10/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögmæts samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 7/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 19. þ. m., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör hlutarmanna. Var stefnandi máls þessa, H/f Miðnes, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á. Ýmsir bátar komu með fisk úr róðri þann 27. janúar, þar sem þeir höfðu róið aðfaranótt þess dags, eða áður en verkfallið hófst. Meðal þeirra voru tveir bátar úr útgerð H/f Miðnes, m/b Muninn og m/b Muggur. Afli úr bátum þar syðra var um þessar mundir seldur matvælaráðuneyti Breta. Var hann fluttur á bifreiðum til Hafnarfjarðar í fisktökuskip þar. Unnu hlutarmenn að því að setja aflann á bifreiðarnar, og höfðu verkamenn þeir, er í landi voru og í deilu áttu um kaup og kjör, engin afskipti af því.

Með dómi þessar réttar í málinu nr. 7/1943 var talið, að óheimilt hefði verið að láta nefnt verkfall, eins og á stóð, ná til hlutarmanna og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklýðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar atvinnurekenda í Gerða- og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Hlífar, ef til verkfalls komi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal framangreindir bátar stefnanda. Þann 26. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Hlífar Geir Zoëga í Hafnarfirði, en hann var umboðsmaður Breta þar og tók á móti fiskinum frá útgerðarmönnum í fisktökuskipin, að næsta dag hefjist verkfall í Sandgerði. Hafi trúnaðarmannaráð félagsins samþykkt að afgreiða ekki á félagssvæði Hlífar, meðan á vinnustöðvuninni standi, báta eða bíla í eign eða á vegum þeirra manna, sem eru taldir upp í bréfinu. Er sú upptalning samhljóða upptalningu í nefndu bréfi alþýðusambandsins til Hlífar.

Útgerðarmenn syðra vildu ekki sætta sig við þessa ákvörðun Hlífar um afgreiðslubann og þann 28. janúar sendu þeir

hlass af fiski til Hafnarfjarðar á bifreiðinni G. 85. Er bifreið þessi, sem er ein þeirra bifreiða, sem taldar voru á afgreiðslubannslista Hlífar, kom til Hafnarfjarðar var bifreiðarstjóranum tjáð af hálfu trúnaðarmanna Hlífar, að því er virðist, að ekki yrði unnið við hana, af því að hún væri í banni samkvæmt nefndri tilkynningu Hlífar. Bifreiðinni var eigi að síður ekið niður á bryggju til affermingar. En er þangað kom bannaði formaður Hlífar verkamönnum, sem þar unnu að affermingu annarar bifreiðar, að vinna við hana, þar sem hún væri í banni og urðu verkamenn við þeirri fyrirskipun. Umboðsmaður Geirs Zoëga, Þorleifur Jónsson, er þarna var viðstaddur, mun þá hafa innt formann Hlífar að því, hvort banni þessu væri beint að sér, en formaðurinn er þá talinn hafa svarað því, að banninu væri beint gegn bílnum. Var bifreiðinni síðan ekið í burtu óafgreiddri.

Stefnandi telur, að á afgreiðslubann Hlífar verði að líta sem samúðarverkfall af félagsins hálfu til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, a. m. k. ekki lögleg, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Hlífar hafi verið ólöglegt,
2. að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Það hafi ekki verið gert neitt verkfall hjá honum, en hins vegar geti hann ekki sótt stefnda til sakar vegna þess, þótt verkamenn í þjónustu Geirs Zoëga hafi lagt niður vinnu, að því er viðkom afgreiðslu á

umræddum bíl, sem var í afgreiðslubanni samkvæmt tilkynningu Hlífar til Geirs Zoëga.

Þá mótmælir hann, að ákvörðun Hlífar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn, þess konar sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum þeirra. En þó hið gagnstæða yrði talið, þá sé þessi ákvörðun Hlífar samt að öllu leyti lögleg, því hún hafi verið samþykkt á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi og tilkynnt Geir Zoëga, en í hans þjónustu hafi þeir verkamenn verið, er neituðu að vinna í umrætt skipti. Hins vegar komi ekki til mála að ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi hér við, því þau ákvæði eigi aðeins við um þau félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Hlífar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í bréfi félagsins til Geirs Zoëga og tilkynning hennar til hans, geti út af fyrir sig leitt til refsingar eða refsiábyrgðar fyrir nefnt félag, enda þótt bátar, sem voru á vegum stefnanda, væru taldir meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort taka þurfti nefnda ákvörðun samkvæmt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint gegn stefnanda.

Nú er það hins vegar svo, að bifreið sú, sem flutti umræddan fisk til Hafnarfjarðar var ein þeirra, sem upp voru taldar í afgreiðslubannslista Hlífar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en bann forráðamanna Hlífar gegn afgreiðslu hennar í Hafnarfirði 28. janúar 1943 sé á því byggt, að hún sé í afgreiðslubanni, en hvergi er að því vikið, að bannið lúti að farmi hennar. Það þykja því ekki nægar sannanir fyrir því, að afgreiðslubann Hlífar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bifreiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi

hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Miðnes h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 24. október 1944.

Nr. 1/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80/1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

I. Úrskurður.[1])

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. mætti fyrir dómi sem vitni einn sáttanefndarmanna, Emil Jónsson vitamálastjóri. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir því, að spurningarnar á réttarskjali 10 yrðu lagðar fyrir vitnið og svaraði það 1. og 2. spurningunni með samþykki umboðsmanns stefnda, en hins vegar

---

1) Úrskurður þessi var staðfestur af Hæstarétti. Sjá Hæstaréttardóma 1944, bls. 345.

mótmælti hann því, að 3. og 4. spurningin yrðu lagðar fyrir vitnið. Byggði hann mótmæli sín á því, að ólöglegt væri samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 sbr. við 13. gr. laga nr. 85/1936, að skýra frá eða leiða vitni um málsatvik þau, sem spurningarnar fjölluðu um, enda vildi stefndi ekki samþykkja að vitni yrðu leidd um þessi atriði.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að bann 4. málsgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 næði til þeirra málsatriða, sem 3. og 4. spurningin fjallaði um, en upptalning nefndrar greinar væri tæmandi.

Vitnaspurningar þær, sem um er deilt, hljóða svo:

3. spurning: Er það rétt, að sáttasemjari eða hin stjórnskipaða sáttanefnd skýrði fyrir báðum aðilum, að orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. samningsins næði yfir alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum, aðra en út- og uppskipun á lýsi?

4. spurning: Teljið þér, að samninganefnd Vinnuveitendafélags Íslands hafi samþykkt, að orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. samningsins, sem nefndur er í 1. spurningu, næði til þeirrar vinnu, sem talin er upp í 3. spurningu?

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 er óheimilt, án samþykkis beggja samningsaðilja, að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum.

Telja verður að efni 4. spurningarinnar falli beint undir nefnt lagaákvæði, þar sem spurt er um, hvort annar samningsaðilja hafi samþykkt tiltekið tilboð frá hinum samningsaðiljanum. Ber því að synja þess, að hún verði lögð fyrir vitnið.

Hvað 3. spurningunni viðvíkur, þá fjallar hún að vísu aðeins um það, hvað sáttamenn hafi sagt við samningsaðilja. En hún er nátengd 4. spurningunni og svar sáttamanns við henni gæti gert nauðsynlegt, að rannsökuð yrðu til frekari upplýsingar málavöxtum tilboð og yfirlýsingar samningsaðiljanna fyrir sáttamönnum og raunverulega skapað öðrum aðiljanum þá aðstöðu í málssókn, að hann yrði neyddur til þess að skýra frá málsatvikum, sem honum annars væri ekki skylt samkvæmt framannefndu lagaákvæði. Þá ber og á það að líta, að það verður að teljast mjög heppileg regla, að sáttamenn í vinnudeilum þurfi sem minnst að bera um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Að þessu athuguðu þykir ekki heldur rétt, að 3. spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Því úrskurðast:

Spurningarnar nr. 3 og 4 á réttarskjali nr. 10 verða ekki lagðar fyrir vitnið Emil Jónsson.

II. Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. kjarasamnings milli aðilja máls þessa, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. var af hálfu stefnanda lögð fram aðiljaskýrsla undirrituð af 4 mönnum úr stjórn Dagsbrúnar, sem þátt tóku í samningaumleitunum við samningsgerðina í s.l. febrúarmánuði og mættu á sáttafundum (réttarskjal nr. 9). Þá kom og fyrir dóm formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en hann var einn þeirra, er undirritað höfðu nefnda skýrslu. Óskaði hann eftir að gefa aðiljaskýrslu í málinu og staðfesta fyrir dómi nefnda skýrslu.

Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að leyft yrði, að aðiljayfirheyrsla færi fram til staðfestingar nefndri skýrslu, þar sem hún að efni til fjallaði um það, hvað gerzt hefði á sáttafundum hjá sáttanefnd og sáttasemjara, en óheimilt væri samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 að skýra frá því, hvað þar hefði gerzt, án samþykkis stefnda, en það væri ekki fyrir hendi. Vísaði hann og til stuðnings máli sínu til 13. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmaður stefnanda krafðist þess hins vegar, að leyfð yrði staðfesting fyrir dómi á aðiljaskýrslunni. Neitaði hann, að efni hennar félli undir ákvæði 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80 1938, því hún væri aðeins skýring á því, hvað aðiljar hefðu samið um, en ekki um tillögur þeirra á sáttafundinum.

Efni aðiljaskýrslu þeirrar, er hér um ræðir, fjallar í höfuðatriðum um viðtöl og viðskipti samninganefndar Dagsbrúnar annars vegar og sáttasemjara ríkisins og sáttanefndarinnar hins vegar og felur í sér skýrslu um það, hvaða merkingu samninganefndin hafi upphaflega ætlazt til, að fælist í ákvæðum samningsuppkastsins um lýsisvinnu og um það, hvað samn-

inganefndin telur, að orðið hafi samkomulag um milli hennar og sáttamanna um þessi efni.

Verður að telja, að efni hennar sé að verulegu leyti skýrsla um tilboð af hálfu samninganefndar Dagsbrúnar við sáttanefndina og fjalli þannig um efni, sem stefnanda jafnt sem öðrum sé samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 óheimilt, án samþykkis gagnaðiljans að skýra frá, enda þótt hér sé um hans eigin yfirlýsingar að ræða. Og þar sem stefndi, sem annar samningsaðilja, hefur mótmælt skýrslugjöf um þessi atriði, þykir verða að synja um það, að Sigurði Guðnasyni gefist kostur á að staðfesta nefnda skýrslu hér fyrir dómi.

Því úrskurðast:

Sigurði Guðnasyni gefst ekki kostur á að staðfesta framangreinda aðiljaskýrslu hér fyrir dómi.

Föstudaginn 27. október 1944.

Nr. 7/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar** (Sigurhjörtur Pétursson hdm.)

gegn

Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda f. h. H/f Hrafnaflóka (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. júlí s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar gegn Félagi isl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Hrafnaflóka h/f.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. nóv. f. á. lét togarinn Óli Garða, eign H/f Hrafnaflóka, úr höfn í Hafnarfirði, að lokinni veiðiför, og hélt til Englands með aflann til sölu þar. Í síðustu veiðiför skipsins höfðu 29 skipverjar verið á því, en samkvæmt gildandi samningum milli sjómannafélaganna og útgerðarmanna sigldu 13 skipverjar skipinu út í nefndri ferð, en 16 urðu eftir í landi.

Á leið sinni til Englands varð Óli Garða fyrir því óhappi að lenda í árekstri við annað skip og laskaðist svo, að hann varð að fara til viðgerðar, og var hún framkvæmd í North Shields í Englandi. Mun skipið hafa komið þangað 6. eða 7. des. f. á. Viðgerð er talið lokið 4. febrúar þ. á., og til Hafnarfjarðar kom skipið aftur 9. s. m. Skipverjar þeir, sem sigldu Óla Garða út, unnu við skipið meðan á viðgerð stóð og sigldu því heim aftur.

Hásetar á nefndum togara voru ráðnir samkvæmt samningi, dags. 30. sept. 1942, milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar o. fl. annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar. Fyrsta málsgr. 6. gr. hans hljóðar svo:

„Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem stundar veiðar, skulu halda mánaðarkaupi sínu og fæðispeningum, kr. 3.75 á dag, auk dýrtíðaruppbótar á hvoru tveggja, meðan skipið er í ferðinni. Fæðispeningar greiðast fyrir þann tíma, sem skipverji nýtur ekki fæðis á skipinu.“

Samkvæmt þessu samningsákvæði fengu þeir 16 skipverjar, sem eftir urðu í landi 24. nóv. f. á. kaup og fæðispeninga til 11. des. f. á., eða 17 daga alls, en voru þá afskráðir, og var Bjarni Þorsteinsson einn þeirra. Flestir munu þeir hafa farið á skipið aftur, er það hóf fiskveiðar eftir komu sína til Hafnarfjarðar 9. febr. s.l. Ekki er vitað, hvort nefndur Bjarni var meðal þeirra, enda skiptir það ekki máli hér.

Stefnandi taldi, að hásetum þeim, er eftir urðu í landi 24. nóv., bæri réttur til kaups þess og hlunninda, er um getur í nefndri 1. mgr. 6. gr. nefnds samnings, allan tímann meðan skipið dvaldi erlendis í þetta sinn og til þess, er það kom aftur til Hafnarfjarðar. Stefndi vildi ekki fallast á þann skilning. Út af þessum ágreiningi höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan greinir, og eru dómkröfur hans þær, að viðurkennt verði, að nefndum Bjarna Þorsteinssyni hafi, samkvæmt 6. gr. framangreinds samnings frá 30. sept. 1942, borið réttur til kaups og fæðispeninga sem skipverja á b/v Óla Garða, á tímabilinu frá 12. des. 1943 til 9. febr. 1944. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að togarinn Óli Garða hafi verið „í ferðinni“ frá 24. nóv. f. á. til 9. febr. þ. á., því ferð hans hafi ekki lokið fyrr, og engir skipverja, er með honum sigldu út, verið afskráðir á þessu tímabili. Telur hann,

að skýra beri nefnda 1. mgr. 6. gr. áðurnefnds samnings svo, að réttur háseta, er í landi bíða, til kaups samkvæmt henni, sé óháður því, hvort skip hafi skamma eða langa ferð, eða af hvaða orsökum för þess kann að tefjast, og skipti ekki máli, hvort þær séu útgerðinni viðráðanlegar. Tilgangur þessa samningsákvæðis sé, að skipverjar, bæði þeir sem heima sitja og þeir er sigla, siti við sama borð, að því er mánaðarkaup og fæði snertir. Og þó óvenjulegar tafir verði á ferð skips, geti það ekki að þessu leyti leyst útgerðarmenn undan skyldu við háseta þá, er í landi dvelja, meðan enn eru skráðir á skipið einhverjir þeir hásetar, er sigldu því út. Hins vegar telur hann, að útgerðarmaður eigi þess kost, að losast við kaupgreiðslur til hásetanna, með því að senda þá heim, sem erlendis eru, og skrá þá alla úr skiprúmi, þótt skipið komi ekki sjálft heim úr söluför. Telur hann og framkvæmd þessa ágreiningsatriðis hafa hnigið í þá átt, að greitt væri fyrir fullan ferðartíma skips, hver sem hann væri.

Stefndi telur hins vegar, að með oftnefndu samningsákvæði sé aðeins átt við þann tíma, er það venjulega taki togara að sigla með afla til Englands og heim aftur, þ. e. 12—14 daga. Heldur hann því fram, að skipverjum, er í landi bíða, beri ekki undir neinum kringumstæðum réttur til kaups lengur en í 14 daga, þó för skips kunni af einhverjum ástæðum að vara lengur, og hafi hvorugur samningsaðilja gert ráð fyrir öðru, þegar umræddur samningur var gerður. Telur hann, að þurft hefði að taka það ótvírætt fram í samningnum, ef ætlunin hefði verið sú, að hásetar nytu þessara hlunninda lengur en venjulegan siglingartíma.

Nú hafi skipverjar af Óla Garða, er í landi voru, fengið kaup greitt í 17 daga, eða lengur en samningar stóðu til, og eigi því engar frekari kröfur á hendur útgerð skipsins að þessu leyti. En hér við bætist, að för skipsins hafi í þetta sinn tafizt af ástæðum, sem voru óviðráðanlegar útgerð skipsins, þ. e. árekstur skipsins og erfiðleikar á að fá viðgerð, og því varað óeðlilega langan tíma. Einnig hefur stefndi haft uppi þá varnarástæðu, að tafir þær, sem urðu á ferð b/v Óla Garða í greindri för, falli undir ákvæði 41. gr. sjómannalaga frá 1930 og hafi útgerð skipsins af þeim sökum losnað undan frekari greiðsluskyldu gagnvart hásetum. Loks heldur hann því og fram, að venjan hafi hnigið í þá átt, að aðeins væri greitt

fyrir venjulegan siglingartíma, þó för skips tæki lengri tíma. Eigi þannig Bjarni Þorsteinsson eða aðrir skipverjar á nefndum togara, sem eins stóð á um, engar frekari fjárkröfur á hendur útgerð skipsins út af oftnefndri för þess.

Orðalagið á ákvæði því, sem um er deilt í máli þessu, „meðan skipið er í ferðinni", er komið inn í samninga málsaðilja við samningsgerð 14. janúar 1941. Ekki er vitað, að neitt hafi verið um það rætt við samningsgerðina, hve víðtæk merking skyldi í því felast, né heldur hefur það verið upplýst, að tilhlutan hvors samningsaðilja þetta orðalag er inn í samninginn komið. Verður því ekki stuðst við atvik við samningsgerðina við skýringu á ákvæði þessu. Ekki verður heldur talið, að venja hafi myndazt um þetta, er geti orðið til leiðbeiningar. Verður þá að leggja til grundvallar, hvað eðlilegt verði að telja að felist í umræddu orðalagi. Skipverjar þeir, sem í landi dvelja meðan skip siglir með aflann, eru ekki, samkvæmt því sem fyrir liggur, skyldir til annars framlags af sinni hálfu, eftir að skipið hefur látið úr höfn, en 2 daga vinnu til viðgerðar á veiðarfærum skipsins, ef þess er krafizt af útgerðarmanni. Og ekki er upp komið, að þeir séu bundnir sérstökum samningsskyldum um að fara aftur í skiprúm í næstu veiðiför. Að þessu athuguðu, og þar sem hér er um að ræða þá undantekningarreglu í gagnkvæmum samningum, að greiðsluskylda er lögð á annan aðilja án þess endurgjald komi á móti af hálfu hins, nema að litlu leyti, þykir eðlilegast að skýra umdeilt samningsákvæði þannig, að skylda útgerðarmanns sé takmörkuð við þann tíma, sem það tekur togara að sigla til Englands með afla og heim aftur, þegar ófyrirsjáanlegar tafir koma ekki fyrir. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að það hafi verið og sé grundvallarregla í þessum samningum málsaðilja, að skipverjar allir, þ. e. þeir sem sigla og hinir sem í landi bíða, þurfi að sitja við sama borð, að því er kaup og fæði snertir, því samkvæmt þeim samningum, er gilt hafa milli málsaðilja, hefur þessi skylda útgerðarmanns, sem hér er deilt um, stundum verið takmörkuð við 17 manna áhöfn og síðar 19 manna áhöfn, enda þótt fleiri skipverjar hafi verið á togurum í veiðiför. Verður þegar af þessari ástæðu ekki talið, að krafa stefnanda um kaup fyrir tíma þann allan, er b/v Óli Garða var erlendis í umrætt skipti, hafi stoð í oftnefndu ákvæði 1. mgr. 6. gr. greinds samnings frá 30. september 1942.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda f. h. H/f Hrafnaflóka, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Ég skil 6. gr. samnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda frá 30. sept. 1942 á þá leið, að með henni sé verið að tryggja, að söluferðir togara til útlanda skapi ekki misræmi í launagreiðslum milli háseta, sem ráðnir eru á sama togara, sbr. 1. og 2. mgr. greinarinnar. Það hefði því þurft að taka sérstaklega fram í samningnum, ef ætlazt var til, að útgerðarmanni væri heimilt að afskrá háseta, sem í landi bíða meðan togari siglir til útlanda, meðan skipið er í ferðinni og hásetar, sem út sigldu, halda fullu kaupi. Þar eð þetta er ekki tekið fram í samningnum tel ég, að 6. gr. nefnds samnings beri að skilja þannig, að Bjarni Þorsteinsson eigi rétt til kaups og fæðispeninga, sem skipverji á b/v Óla Garða frá 12. des. 1943 til 9. febr. 1944.

Eftir ástæðum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 6. gr. kjarasamnings, dags. 30. sept. 1942, milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar o. fl. annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar eru rétt framkvæmd þannig, að Bjarni Þorsteinsson fái kaup og fæðispeninga sem skipverji á b/v Óla Garða frá 12. des. 1943 til 9. febr. 1944.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 11/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80/1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af kæru um ólögmætt samúðarverkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar útgerðarmanns í Gerðum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög þessa máls eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar og vinnuveitenda suður þar hins vegar. Hóf nefnt félag verkfall þar syðra 27. janúar 1943 hjá ýmsum atvinnurekendum, þar á meðal hjá Útvegsbændafélagi Gerðahrepps, en stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, er félagsmaður í því. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til almennrar verkamannavinnu í landi. Jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn, ráðnir til vélbáta, er út voru gerðir af hlutafélögum þar syðra og félagsmönnum útvegsbændafélagsins, þó engin deila væri um kaup og kjör þeirra. Með dómum þessa réttar í málunum nr. 5—7/1943, uppkveðnum 10. júlí og 19. sept. þ. á., var talið, að óheimilt hefði verið, eins og á stóð, að láta verkfallið ná til hlutarmanna og var það dæmt ólögmætt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd framannefnds verklýðsfélags í deilu þessari. Þann 23. jan. 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar nafngreindra atvinnurekenda í Gerða og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Dagsbrúnar, ef til verkfalls komi. Síðan eru taldir upp ýmsir

bátar og bílar, þar á meðal vélbátarnir Árni Árnason, Traustí og Ægir, sem út voru gerðir á vegum stefnanda. Þann 27. og 28. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Dagsbrúnar ýmsum atvinnurekendum í Reykjavík, þar á meðal Skipaútgerð ríkisins, að Dagsbrún hafi ákveðið að verða við þessari beiðni, meðan umrætt verkfall standi, og telur upp í tilkynningunni þá báta og bíla, er um sé að ræða, þar á meðal nefnda báta Finnboga.

Um þessar mundir átti stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, 600 kg af korki á afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins. Þann 29. janúar f. á. tilkynna forráðamenn Dagsbrúnar skipaútgerðinni munnlega og árétta skriflega sama dag „að öll afgreiðsla á vörum til Finnboga Guðmundssonar í Gerðum frá afgreiðslu yðar er óheimil vegna vinnustöðvunar þeirrar, er um getur í bréfi til yðar, dags. í gær". Sama dag tilkynnir skipaútgerðin Finnboga, að hún telji sig ekki hafa neina ástæðu til að hindra, að hann fái korkið afhent, þar sem hann hafi greitt öll áhvílandi gjöld til hennar, en tjáir honum hins vegar, að verkamannafélagið Dagsbrún hafi tilkynnt, „að það hafi bannað félögum sínum, starfandi hjá skipaútgerðinni, að láta afgreiða korkið til yðar, eða vísa yður á það, þannig að þér getið látið yðar eigin menn taka það". Er það viðurkennt í málinu af stefnanda, að hér sé rétt hermt hjá skipaútgerðinni.

Stefnandi telur, að nefnd bönn Dagsbrúnar hafi komið í veg fyrir, að honum væri afhent framangreint kork, og enn fremur hindrað, að hann fengi olíu hjá H/f Shell á Íslandi í Reykjavík á bát sinn Ægir. Sé þetta samúðarverkfall af hálfu þess félags til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann samúðarverkfall þetta ólöglegt, þar sem ekki hafi af hálfu Dagsbrúnar við ákvörðun þess verið fylgt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla samkvæmt 15. gr. þeirra laga, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. sömu laga. Hér hafi líka verið að ræða um verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og því óheimilt samkvæmt 17. gr. téðra laga. Vegna framannefndra aðgerða stefnda segist stefnandi hafa orðið fyrir tjóni og vill koma fram refsi- og bótaábyrgð á hendur honum. Eru dómkröfur hans í málinu þær:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið ólöglegt,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt vegna hins ólöglega verkfalls, og
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins.

Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eftir mati dómsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ákvörðun Dagsbrúnar um framannefnt afgreiðslubann sé að öllu leyti lögleg. Bann það, sem hér var um að ræða, lúti ekki ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því það sé annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum. Hafi því hvorki þurft að taka ákvörðun um það samkvæmt 15. gr. né tilkynna það samkvæmt 16. gr. laganna. Og hvað sérstaklega snerti Finnboga Guðmundsson, þá hafi honum hvorki verið neitað um afgreiðslu á olíu, né heldur hafi verkamenn skipaútgerðarinnar lagt niður vinnu og þannig beitt verkfalli gegn honum, því þeir hafi aldrei verið beðnir um að afgreiða korkið til hans. Þá hefur hann mótmælt því, að stefnandi hafi beðið nokkuð tjón vegna afgreiðslubannsins.

Ekki verður talið, að hin almenna tilkynning verkamannafélagsins Dagsbrúnar til vinnuveitenda í Reykjavík geti út af fyrir sig leitt til refsingar og skaðabótaábyrgðar fyrir félagið gagnvart stefnanda, enda þótt bátar hans væru meðal farartækja þeirra, sem talin voru í tilkynningunni. Ekki er heldur sannað gegn mótmælum stefnda, að synjað hafi verið um afgreiðslu á olíu til vélbáts stefnanda, Ægis, hjá H/f Shell á Íslandi hér í bæ. Hins vegar liggur það fyrir, að stefndi hefur, auk hins almenna banns, sérstaklega lagt bann við því, að tiltekin vara (korkið) yrði afhent stefnanda frá Skipaútgerð ríkisins og lýst því, að félagsmönnum í Dagsbrún hefði verið bannað að láta afgreiða hana til stefnanda, eða vísa á hana, ef stefnandi vildi láta sína eigin menn sækja hana. Það er enn fremur upp komið í málinu, að það sé venjulegt verk starfsmanna í afgreiðsluhúsi skipaútgerðarinnar, að láta vörur þær, sem þaðan eru afhentar, á flutningatæki þau, sem þær eru fluttar burt á.

Telja verður, að næg rök hafi að því leidd verið, að ákvörðun forráðamanna Dagsbrúnar um afgreiðslubann á hendur stefnanda, tilkynning þeirra til skipaútgerðarinnar og bann Dags-

brúnar til félagsmanna sinna að afgreiða ekki á neinn hátt Finnboga Guðmundsson eða menn hans, hafi orðið þess valdandi, að hann ekki fékk afhent oftnefnt kork frá afgreiðslu skipaútgerðarinnar. Hér var því í raun og veru um vinnustöðvun af hálfu Dagsbrúnar að ræða gegn stefnanda.

Kemur þá til athugunar, hvort hún falli undir ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938. Í þeim lögum er ekki skilgreint, hvað felist í hugtökunum verkfall og vinnustöðvun. En samkvæmt almennri málvenju og venjulegum skilningi verður að gera ráð fyrir, að undir verkfall, sem eftir lögunum er ekki eins víðtækt og vinnustöðvun, heyri það, er verklýðsfélag ákveður og veldur því, að félagsmenn þess framkvæmi ekki venjuleg störf sín, í þeim tilgangi að knýja fram lausn í kaupdeilu milli verkamanna og vinnuveitenda. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið um málavöxtu, verður að telja, að hér hafi verið um þess konar vinnustöðvun að ræða, er falli undir nefnda skilgreiningu og bar þá að taka ákvörðun um hana og tilkynna hana samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, þar sem þess háttar vinnustöðvanir og hér er um að ræða eru ekki í lögunum sérstaklega undanskildar ákvæðum nefndra lagagreina, og ekki verður talið, að hér sé um tilvik að ræða, er falli undir ákvæði 18. gr. sömu laga. Viðurkennt er af stefnda, að þetta hafi ekki verið gert, og hefur hann því gerzt brotlegur við nefndar greinar. Fyrir þetta þykir verða að dæma stefnda til að greiða sekt í ríkissjóð, sem eftir atvikum þykir rétt að sé lágmarkssekt samkvæmt 70. gr. oftnefndra laga, kr. 50.00.

Ekki verður talið upplýst, að bann stefnda gegn afhendingu umræddrs korks hafi sérstaklega verið ætlað til stuðnings hinu ólöglega verkfalli hlutarmanna og verður stefndur því ekki dæmdur fyrir brot á 3. lið 17. gr. framangreindra laga.

Stefnandi hefur ekki fært fram nein gild rök fyrir skaðabótakröfu sinni og verður hún því ekki gegn andmælum stefnda tekin til greina.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 250 krónur í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að munnlegur flutningur máls þessa færi fram og dómur uppkveðinn stafar af því, að rétt þótti að bíða eftir dómsúrslitum í málunum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem athafnir þær, er um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, skal vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, í máli þessu.
2. Stefndi, verkamannafélagið Dagsbrún, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð.
3. Stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég tel, að hér hafi ekki verið um verkfall að ræða heldur afgreiðslubann (boycott), og með því að lög nr. 80/1938 fjalla um verkföll en ekki boycott, þá heyrir mál þetta ekki undir félagsdóm og ber því að vísa því frá dómi.

Þriðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 12/1943. **Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Þórði Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar og atvinnurekenda suður þar hins vegar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá ýmsum atvinnurekendum, þar á meðal Útvegsbændafélagi Gerðahrepps, en stefnandi er félagsmaður í því. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn ráðnir til vélbáta, er gerðir voru út af

hlutafélögum þar syðra og félagsmönnum nefnds útvegsbændafélags, þó engin deila væri um kaup og kjör þeirra manna. Var stefnandi máls þessa, Þórður Guðmundsson, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 7/1943, uppkveðnum 9. september þ. á., var talið, að óheimilt hefði verið, eins og á stóð, að láta nefnt verkfall ná til hlutarmanna, og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklýðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að bátar eða bílar nafngreindra atvinnurekenda í Gerða- og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Dagsbrúnar, ef til verkfalls komi. Eru síðan taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal bátur stefnanda, Óðinn G.K. 22.

Þann 27. og 29. janúar s. á. tilkynnir stjórn Dagsbrúnar ýmsum atvinnurekendum í Reykjavík, að félagið hafi ákveðið að verða við beiðni þessari, meðan umrætt verkfall standi og telur upp báta þá og bíla, er ekki verði afgreiddir, og var nefndur bátur stefnanda, Óðinn, meðal þeirra.

Stefnandi telur, að á nefnt afgreiðslubann Dagsbrúnar verði að líta sem samúðarverkfall af hálfu þess félags, til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt, og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga, og þannig unnið til refsingar og orðið bótaskyldur gagnvart stefnanda.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið ólöglegt,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt vegna hins ólöglega verkfalls,

3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mótmælir hann því, að ákvörðun Dagsbrúnar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn þess konar, sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum 15. né 16. gr. þeirra. Ákvæði 16. gr. um 7 daga frest eigi t. d. alls ekki við hér, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Dagsbrúnar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í framannefndu bréfi félagsins til atvinnurekenda í Reykjavík og tilkynningin til þeirra, geti út af fyrir sig leitt til refsiábyrgðar fyrir nefnt félag eða skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda þessa máls, enda þótt bátur hans væri talinn meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind, þar sem ekki er upp komið, að neins konar banni hafi verið beitt sérstaklega gegn honum. Skiptir þá ekki máli í þessu sambandi, hvort taka þurfti nefnda verkbannsákvörðun samkvæmt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80 1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint sérstaklega gegn stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að stefndi hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann né orðið bótaskyldur gagnvart honum og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta væri flutt munnlega, stafar af því, að rétt þótti að bíða eftir dómum í málunum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem athafnir þær, sem um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 13/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af kæru um ólögmætt samúðarverkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar og atvinnurekenda suður þar hins vegar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps.

Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn ráðnir til vélbáta, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kaup og kjör þeirra. Var stefnandi máls þessa, H/f Miðnes, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 8/1943, uppkveðnum 19. september þ. á., var talið, að óheimilt hefði verið, eins og á stóð, að láta nefnt verkfall ná til hlutarmanna og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklýðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar nafngreindra atvinnurekenda í Gerða- og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Dagsbrúnar, ef til verkfalls komi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal tveir bátar stefnanda, m/b Muggur og m/b Muninn. Þann 27. og 29. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Dagsbrúnar ýmsum atvinnurekendum í Reykjavík, að félagið hafi ákveðið að verða við þessari beiðni og telur upp báta þá, skip og bíla, er ekki verði afgreiddir, og voru bátar stefnanda, Muninn og Muggur, taldir meðal þeirra.

Stefnandi telur, að á nefnt afgreiðslubann Dagsbrúnar verði að líta sem samúðarverkfall af hálfu þess félags til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga. Til frekari stuðnings því, að hér hefi verið um verkfall að ræða, sem hafi beinzt gegn stefnanda, hefur hann haldið því fram, að bifreið í hans eigu hafi verið neitað um afgreiðslu á benzíni hjá H/f Shell á Íslandi í Reykjavík, og hefur hann lagt fram vottorð, undirritað af 8 verkamönnum hjá nefndu hlutafélagi, um að þeir, samkvæmt ósk félags þeirra Dagsbrúnar, megi ekki vinna að afgreiðslu til H/f Miðness. Telur stefnandi, að stefndi hafi unnið sér tjón með nefndum aðgerðum og sé bótaskyldur gagnvart sér.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið ólöglegt,

2. Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mótmælir hann því, að ákvörðun Dagsbrúnar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn þess konar sem hér um ræðir séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum 15. og 16. gr. þeirra. Ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi t. d. alls ekki við hér, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Þá hefur hann mótmælt því, að banni Dagsbrúnar hafi í verki verið beint sérstaklega gegn stefnanda og neitar því, að nokkrum bíl frá honum hafi verið synjað um afgreiðslu hjá H/f Shell á Íslandi á afgreiðslu þess í Reykjavík. Hafi hann ekki orðið fyrir neinu tjóni af völdum stefnda.

Ekki verður talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Dagsbrúnar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í framangreindum bréfum til atvinnurekenda í Reykjavík og tilkynningin til þeirra, geti út af fyrir sig leitt til refsiábyrgðar fyrir nefnt félag og bótaskyldu gagnvart stefnanda, enda þótt bátar hans væru meðal þar talinna farartækja. Gegn mótmælum stefnda verður og ekki talið sannað, að afgreiðslubanninu hafi í verki verið beitt sérstaklega gegn stefnanda. Skiptir þá ekki máli í þessu sambandi, hvort fara þurfti eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 við ákvörðun margnefnds afgreiðslubanns.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefndi hafi gerzt brotlegur við ákvæði nefndra laga vegna aðgerða gagnvart stefnda í sambandi við umrætt afgreiðslubann og ber því að taka sýknukröfu hans til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta væri flutt munnlega, stafar af því, að rétt þótti að bíða eftir dómum í mál-

unum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem athafnir þær, sem um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Miðnes, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1944.

Nr. 11/1944. **Læknafélag Reykjavíkur**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Sjúkrasamlagi Reykjavíkur
(Gunnar E. Benediktsson hdl.).

Orlofsmál.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. þ. á., af Læknafélagi Reykjavíkur gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn í Læknafélagi Reykjavíkur, sem vinna læknisstörf fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur samkvæmt samningi málsaðilja, er gildi tók 1. apríl 1941, eigi rétt til orlofs og orlofsfjár hjá stefnda samkvæmt lögum nr. 16/1943. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* algerrar sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*, að umræddir læknar eigi aðeins rétt til orlofsfjár af hreinum starfslaunum, þ. e. af launum að frádregnum reksturskostnaði. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, sem gekk í gildi 1. apríl 1941, tók stefnandi að sér, svo sem í 1. gr. þess samnings segir: „að veita hluttækum meðlimum S.R. og börnum þeirra alla þá læknishjálp utan spítala, sem S.R. tekur að sér að tryggja.“ Samkvæmt samningi þessum má stefndi „ekki ráða lækna til læknisstarfa við

sjúkrasamlagið, nema þeir séu félagar í L. R.". Samlagsmenn velja sér sjálfir lækna til eins árs í senn. Verða læknar yfirleitt að hlýta því vali og virðist það allmiklum takmörkunum háð fyrir þá að geta losnað við þá samlagsmenn, sem þá hafa valið, en hverjum heimilislækni er heimilt að hafa um áramót hver 1500 samlagsnúmer, og háls-, nef-, eyrna- og augnlæknum 9000. Stefndi greiðir hverjum lækni fast tiltekið árgjald fyrir hvert samlagsnúmer, svo sem nánar er ákveðið í samningnum, og eru launin greidd læknum mánaðarlega fyrirfram. Starfstími almennra samlagslækna er frá kl. 8—20 hvern virkan dag, og eru þeir skyldir á þeim tíma að veita samlagsmönnum sínum læknishjálp, ef þeir eru innanbæjar, en ekki er í samningnum ákveðið um viðtalstíma eða starfstilhögun læknis að öðru leyti en því, að vitjanabeiðnir skulu vera komnar til læknis fyrir kl. 14, ef óskað er eftir heimsókn samdægurs. Læknum er skylt að gæta alls þess sparnaðar í tilvísunum öllum og ráðleggingum, sem samrýmanlegar eru sjálfsagðri umhyggju fyrir sjúklingi. Kvartanir á hendur samlagsmönnum skal læknir ýmist bera fram við trúnaðarlækni stefnda eða stefnanda á annan hátt. Kvartanir frá samlagsmanni út af starfi læknis skulu bornar undir viðkomandi lækni, og athugasemdir, sem trúnaðarlæknir telur sig þurfa að gera við samlagslækni, gerir hann beint til hans, en ef slíkar athugasemdir eru gerðar bréflega, ber þó að senda stefnanda afrit af slíku bréfi. Sé læknir veikur eða fjarverandi vegna náms eða í frii, skal hann sjá samlagsmönnum sínum fyrir læknishjálp. Í sjúkdómsforföllum þarf hann þó eigi að fá annan lækni, ef veikindin vara ekki lengur en 12 daga alls á ári, en þá greiðir stefndi bráða læknishjálp samlagsmanna hans eftir gjaldskrá.

Stefnandi byggir málssókn sína og dómkröfur á því, að læknar þeir, sem vinna fyrir stefnda samkvæmt framangreindum samningi séu í þjónustu hans í skilningi 1. gr. laga nr. 16/1943 um orlof og eigi samkvæmt því rétt til orlofsfjár eða orlofs frá honum eftir ákvæðum nefndra laga. Telur hann, að nefndur samningur, sem sé um kaup og kjör lækna, beri þess ljósan vott, að hér sé um slíkt vinnusamband að ræða, er falli undir ákvæði laganna, enda sé meginhluti tekna þeirra lækna, sem hér starfa fyrir stefnda, laun til þeirra frá honum. Sé það og eðlilegt, þar sem allir þeir, sem búsettir eru á samlagssvæði stefnda, séu skyldir til þess að vera í samlaginu, og

allir, sem nokkra gjaldgetu hafa, séu það. Hefur stefnandi greint kröfur sínar þannig, að læknum þeim, sem um er að ræða verði fyrst og fremst dæmdur réttur til orlofsfjár, en til orlofs, ef þeir verði taldir fastir starfsmenn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér sé ekki um þess konar þjónustusamband að ræða, er um ræðir í 1. gr. laga nr. 16/1943. Læknar séu sjálfs sín húsbændur og sjálfstæðir atvinnurekendur og eigi því ekki rétt til orlofs. Þeir hafi opnar lækningastofur fyrir alla. Beri allan kostnað af þeim, og ráði stefndi engu um tölu lækna, né hverjir það séu, sem annast samlagsmenn, eða á hvern hátt læknar hagi starfi sínu. Hann hafi heldur ekki samið við neina sérstaka lækna, heldur séu samningar gerðir við stefnanda. Þá sé greiðslutilhögun stefnda til lækna þannig farið, að ekki geti samrýmst því, að orlofslögin eigi hér við. Neitar hann því, að ákvæði umrædds samnings geti haft þau áhrif á afstöðu lækna til stefnda, að starfsemi þeirra missi einkenni sjálfstæðs atvinnureksturs. Telur hann, að tilgangur orlofslaganna hafi fyrst og fremst verið sá að gefa verkamönnum til lands og sjávar tækifæri og möguleika til þess að verða orlofs aðnjótandi, og megi því ekki skýra þau svo víðtækt, að láta þau ná til manna, sem séu jafnvel fjárhagslega settir og læknarnir, enda hafi þóknunin til þeirra verið ákveðin með það fyrir augum, að þeir hefðu ráð á því að bera sjálfir allan kostnað af nauðsynlegum leyfum sínum.

Varakrafa stefnda byggist á því, að eigi læknar rétt til orlofsfjár, beri að miða útreikning þess við greiðslur stefnda til læknanna, að frádregnum reksturskostnaði við lækningastofu og þess háttar.

Þá kveður stefndi, að verði umræddir læknar taldir fastir starfsmenn, eigi þeir aðeins rétt til orlofs, en ekki orlofsfjár.

Samkvæmt samningi þeim milli aðilja máls þessa, sem rakinn hefur verið hér að framan, eru læknar þeir, sem gerast samlagslæknar hjá stefnda, skyldir til þess að annast ákveðin störf fyrir hann fyrir tiltekið endurgjald, sem ekki miðast við árangur verks þeirra. Verður að telja, með tilvísun til þess, sem að framan er greint um efni samnings þess, sem í gildi er milli málsaðilja, að þess konar vinnusamband stofnist milli stefnda og lækna þeirra, er gerast samlagslæknar samkvæmt oftnefndum samningi, að þeir verði að teljast í

þjónustu hans í merkingu 1. gr. laga nr. 16/1943. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að þeir séu sjálfstæðir atvinnurekendur eða að það firri þá rétti til orlofs, þótt þeir séu allsjálfstæðir um tilhögun daglegra starfa sinna, og sé ekki bannað að sinna öðrum sjúklingum en samlagssjúklingum sínum. Og hvað kostnað við lækningastofu og þess háttar snertir, þá verður ekki annað séð, en að endurgjald fyrir það sé falið í árgjaldi stefnda til þeirra. Eiga samlagslæknar, sem vinna hjá stefnda samkvæmt oftnefndum samningi, því rétt til orlofs samkvæmt 3. gr. orlofslaganna. Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið um efni samnings málsaðilja, verða samlagslæknar að teljast vera í fastri stöðu hjá stefnanda og fer þá um orlofsrétt þeirra eftir 4. mgr. 4. gr. laga nr. 16/1943, þannig, að þeim ber orlof eftir þargreindum ákvæðum, án þess að þurfa sjálfir að bera þann kostnað, sem orsakast kann af nauðsynlegri læknishjálp til samlagssjúklinga þeirra orlofsdagana. Verða dómkröfur stefnanda því teknar til greina að því leyti, að viðurkenndur verður réttur framangreindra samlagslækna til orlofs samkvæmt nefndu lagaákvæði, en hins vegar ekki krafa hans um viðurkenningu á rétti þeirra til orlofsfjár samkvæmt 1. mgr. 4. gr. orlofslaganna. Samkvæmt **þessari niðurstöðu** kemur *varakrafa* stefnda ekki til álita.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 200.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Þeir félagar í Læknafélagi Reykjavíkur, sem vinna læknisstörf sem samlagslæknar fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur samkvæmt samningi nefndra aðilja, er í gildi gekk 1. apríl 1941, eiga rétt til orlofs hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 16/1943, og fer um orlof þeirra eftir ákvæðum 4. mgr. 4. gr. laganna.

Stefndi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði stefnanda, Læknafélagi Reykjavíkur, kr. 200.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. desember 1944.

Nr. 4/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Haraldi Böðvarssyni & Co.

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar.

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum hlutaskiptasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness gegn Haraldi Böðvarssyni & Co., Akranesi, með stefnu útgefinni 19. maí þ. á.

Málavextir og tildrög máls þessa eru þeir, er nú skal greint:

Undanfarin ár hafa verið í gildi samningar milli sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness annars vegar og stefnda í máli þessu og nokkurra annarra útgerðarmanna á Akranesi hinsvegar um sjómannakjör á Akranesi. Hefur venjan verið sú, a. m. k. hin síðari ár, að gerður var samningur fyrir hverja vetrarvertíð í senn. Þann 11. nóv. 1942 var gerður samningur um kaup og kjör háseta á vélbátum frá Akranesi vetrarvertíðina 1943 milli nefndra aðilja og undirrituðu hann Haraldur Böðvarsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co. og tveir aðrir útgerðarmenn. Í samningi þessum er, svo sem venja var, samið um hlutaskipti. Er þeim þannig háttað samkvæmt 1. gr. samningsins, að fyrst skal taka af óskiptu ýmsa kostnaðarliði. Þá skal skipta aflanum til helminga. Taka skipverjar annan helminginn, en útgerðarmaður hinn. Þá er tekið sérstaklega fram um ýmis útgjöld, er greiða skuli af útgerðarmanni. Einnig er ákveðið, að skipverjar skuli vera 11 og hver þeirra hafa einn hlut. Meðal þeirra kostnaðarliða, er greiða skal af óskiptu er *„vinna, sem aðrir en skipverjar vinna vegna aflans“*, og deila aðiljar um það í máli þessu, hvernig skilja beri þessi orð. Heldur stefndi því fram, að undir þennan lið falli kostnaður vegna veikindaforfalla hlutarmanna, þ. e. greiðslur til manna, sem teknir eru til starfa í stað hlutarmanna, sem

veikjast. Stefnandi telur hins vegar, að slíkur kostnaður eigi að greiðast af bátshlut, þ. e. af útgerðarmanni. Eru dómkröfur hans í málinu þær: „að viðurkennt verði, að 1. gr. samnings, dags. 11. nóv. 1942, um kaup og kjör háseta á vélbátum frá Akranesi vetrarvertíðina 1943 sé rétt skilin þannig, að greiðslur fyrir aðkeypta vinnu vegna veikindaforfalla háseta eða annarra hlutarmanna svo og greiðslur fyrir veikindadaga þeirra, sem afskráðir eru vegna veikinda, beri að greiða af bátshluta. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi heldur því fram, að með umdeildum orðum sé aðeins átt við þann kostnað, sem af því hlýzt, að hlutarmenn báts þess, er hlut á að máli í hvert sinn, anni því ekki að hirða afla bátsins eða koma honum fyrir og þurfi því að fá sér aukamenn til aðstoðar við það, en hins vegar sé með öllu óheimilt að skýra þetta ákvæði svo, að taka megi af óskiptu hlut þeirra manna, sem gegna störfum hlutarmanna, sem annað hvort eru veikir um stundarsakir eða hætt hafa vegna veikinda, en halda þó enn hlut sínum, sbr. 32. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930. Telur hann, að þótt ráðningarkjörum hlutarmanna sé komið fyrir með þeim hætti, er í samningnum greinir, þ. e. hlutaskipti, þá séu þeir eigi að síður launþegar og eigi því veikindi ekki að hafa áhrif á hlut þeirra, þótt þeir séu frá verki um stundarsakir af þeim ástæðum, sem greinir í 27., 28. og 32 gr. sjómannalaga, en ákvæði þessara greina eigi að öllu leyti einnig við um hlutarmenn. En ljóst sé, að ef taka ætti kostnað vegna slíkra tilvika af óskiptu, þá rýrnaði hlutur hvers einstaks hlutarmanns að sama skapi. Þá hefur stefnandi haldið því fram til stuðnings máli sínu, að aðrir útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki á Akranesi en stefndi hafi fylgt þeirri reglu að greiða umdeildan kostnað af bátshlut og sé skilningur hans (stefnanda) á greindu ákvæði þannig í samræmi við almenna framkvæmd þess. Hafi oft og einatt verið eftir því gengið við stefnda af hálfu verklýðsfélagsins, að hann fylgdi skilningi stefnanda og framkvæmd annarra útgerðarmanna um þessi efni, en án árangurs. Loks bendir hann á, að samkvæmt 4. mgr. 1. gr. nefnds samnings sé ákveðið, að skipverjar skuli vera 11 og hver þeirra fá einn hlut. Hafi þetta ákvæði verið sett inn í samninginn, er samið var í þetta sinn og væri það

ósamrýmanlegt þessu samningsákvæði, ef hlutur skipverja væri skertur, með því að taka kostnað vegna aukamanna að einhverju leyti af þeirra helmingi.

Stefndi telur hins vegar, að í umdeildum orðum felist heimild til þess að taka kostnað vegna nefndra aukamanna af óskiptu, enda hafi hann frá upphafi vega fylgt þeirri reglu. Byggir hann kröfu sína um sýknu fyrst á því, að þátttaka skipverja í útgerðinni sé þess konar, að þeir séu í raun og veru útgerðarmenn, og sé hér um félagsútgerð milli útgerðarmanns og þeirra að ræða. Af þessu leiði, að eðlilegt sé og reyndar sjálfsagt, að þeir taki að jöfnu við hann þátt í umdeildum aukakostnaði vegna veikindaforfalla.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að hér sé um félagsútgerð að ræða, heldur sé hlutaskiptasamningurinn aðeins samningur um kaup og kjör hlutarmanna og þeir launþegar í þjónustu útgerðarmanns, enda þótt endurgjaldið fyrir störf þeirra sé ákveðið með þessum hætti. Verður að fallast á þessa skoðun stefnanda og verður þá ekki talið, að heimild til þess að taka umdeildan kostnað af óskiptu verði byggð á þessari málsástæðu stefnda, sem mundi, ef hún hefði orðið tekin til greina, hafa leitt til vísunar málsins frá dómi, þar sem þá var um þess konar samning að ræða, að félagsdómur hefði ekki átt úrlausn um ágreining út af honum, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að enda þótt samningum þessum hafi verið breytt undanfarin ár, hafi umdeilt ákvæði staðið óbreytt í mörg ár, og hafi það alla tíð undantekningarlaust verið skilið á einn og sama veg af stefnda og framkvæmt samkvæmt því á þann hátt, að á bátum hans hafi kostnaður vegna veikinda hlutarmanna ávallt verið tekinn af óskiptu. Telur hann, að aðrir útgerðarmenn á Akranesi hafi og í höfuðatriðum fylgt þeirri reglu og megi telja, að skapazt hafi föst venja um það. Geti stefnandi, sem vitað hafi um þessa venju stefnda, ekki gert kröfu til þess, að samningurinn verði að þessu leyti skilinn á annan veg, meðan orðalagi hans um aðkeypta vinnu sé ekki breytt. Bendir hann á, að sumarið 1941 hafi stefnandi kvartað yfir þessu skriflega, en svo látið frekari aðgerðir niður falla og síðan samið þrisvar sinnum, án þess að nefndu ákvæði væri breytt að efni til. Loks telur stefndi, að orðalag oftnefnds samningsákvæðis sé á þann veg, að eðlilegt sé og sjálfsagt, að lagður sé í það hans skilningur,

enda sé það svo, að síðan hætt var að salta aflann, sé í raun og veru ekki um neina aðra aðkeypta vinnu við hann að ræða en þá, sem hlýst af veikindaforföllum háseta.

Samkvæmt því sem upp er komið í málinu, hefur sams konar ákvæði og það, sem um er deilt í máli þessu, verið í samningum aðilja mörg undanfarin ár, og er komið inn í samninga þeirra þegar árið 1924. Í samningum þeim, sem gerðir voru á tímabilinu frá því haustið 1938 og til hausts 1942, en þeir eru 4 alls, dags. 13. des. 1938, 3. jan. 1940, 3. jan. 1941 og 2. jan. 1942, er þetta ákvæði orðað svo: „vinna, sem aðrir en skipverjar vinna að honum" (þ. e. aflanum), en með samningi þeim, sem mál þetta er risið út af, dags. 11. nóv. 1942, er þetta, eins og að framan greinir, orðað svo: „vinna sem aðrir en skipverjar vinna *vegna* aflans". Aðiljar eru sammála um, að framkvæmd þessa samningsákvæðis af hálfu stefnda hafi ætíð verið sú, sem hann heldur fram, enda þótt þá greini á um framkvæmd þess hjá öðrum útgerðarmönnum á Akranesi. Upp er komið í málinu, að með bréfi dags. 24. júlí 1941 kvartar verklýðsfélag Akraness yfir því við stefnda, að hann hafi vetrarvertíðina 1941 tekið þau útgjöld af óskiptu, sem leiddi af því að taka þurfti aukamenn vegna veikinda skipverja á vertíðinni. Telur félagið þetta brot á ákvæðum kjarasamnings aðilja frá 3. jan. 1941 og óskar þess, að samkomulag náist um þetta ágreiningsefni fyrir 1. ágúst þ. á., en ella muni verða leitað dómsúrskurðar um það. Stefndi kveðst hafa neitað að fallast á skilning verklýðsfélagsins, og er ekki vitað að frekar hafi verið afhafst í þessu efni af hálfu félagsins. Síðan sömdu aðiljar á nýjan leik 2. jan. 1942 og er þá, eins og þegar er greint, haldið nákvæmlega sama orðalagi og áður, þrátt fyrir það, þótt verklýðsfélaginu hafi þá verið ljóst, hvernig stefndi framkvæmdi umdeilt ákvæði. Enn er samið 11. nóv. 1942 og þá gerð breyting sú á orðalagi ákvæðisins, sem lýst hefur verið, en ekki verður talið að feli í sér neina efnisbreytingu. Loks semja aðiljar á nýjan leik 30. desember 1943 og er þá haldið sama orðalagi á umdeildu ákvæði, og upp var tekið 11. nóv. 1942. En ekki er séð, að gangskör að málssókn þessari, sem varðar kaup og kjör skipverja á vetrarvertíð 1943, sé gerð fyrr en í janúar 1944.

Þegar annars vegar er litið til viðurkenndrar og óslitinnar framkvæmdar stefnda á margnefndu samningsákvæði og neitunar hans 1941 að hverfa frá þeirri framkvæmd og hins vegar

til nefndra athafna stefnanda sumarið 1941, síðari samningsgerða, sérstaklega samningsgerðarinnar 2. jan. 1942, sem lýst hefur verið, verður dómurinn að telja, hvernig sem annars mætti skýra hin umdeildu orð út af fyrir sig, að stefnandi hafi þegar af greindum ástæðum firrt sig því, að viðurkenndur verði gagnvart stefnda sá skilningur á umdeildu ákvæði samningsins frá 11. nóv. 1942, sem hann (stefnandi) hefur gert kröfu til í máli þessu. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að ákvæði 1. gr. samningsins um 11 skipverja þurfi að fela í sér takmörkun á því, hvað greiða skuli af óskiptu. Því þótt í þetta sinn hafi verið kveðið á um þessa tölu skipverja, þá voru í eldri samningum svipaðar takmarkanir, t. d. er í samningi aðilja frá 1938 tekið fram, að skipverjar megi ekki vera fleiri en 11, og í öðrum, að þeir skuli ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 12.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Haraldur Böðvarsson & Co., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Þorsteins Péturssonar.

Ég tel, að eigi sé hægt að fallast á þá málsástæðu stefnda, að skapazt hafi hefð um þá greiðsluaðferð í veikindaforföllum hlutarmanna á Akranesi, sem stefndi hefur haldið fram og framkvæmt, og að réttur sá, er stefnandi á til greiðslu í veikindaforföllum af bátshluta, sé samkvæmt samningi aðilja, dags. 11. nóvember 1942, vafalaus, og að stefnandi hafi ekki firrt sig neinum rétti og það, að stefndi hefur áður neitað að greiða kostnað vegna veikinda hlutarmanna geti ekki hafa skapað honum neinn rétt umfram það, er orðalag samningsins gefur til kynna.

Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Þriðjudaginn 19. desember 1944.

Nr. 1/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands.

Málavextir eru þeir, að þann 22. febrúar þ. á. samdi verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík við Vinnuveitendafélag Íslands um kaup og kjör verkamanna í Reykjavík. Í 5. gr. samnings þessa segir svo: „Lágmarkskaup í almennri dagvinnu fyrir fullgilda verkamenn skal vera kr. 2.45.“ Síðan eru talin upp verk, sem greiðast skulu með kr. 2.75 á klst. Næst eru taldar upp ýmsar tegundir vinnu, er greiðast skuli með kr. 2.90 á klst. og er „lýsisbræðsla“ talin meðal þeirra.

Er samningur þessi kom til framkvæmda varð strax ágreiningur um það, hvað fælist í orðinu „lýsisbræðsla“. Taldi stefnandi, að undir það orð félli yfirleitt öll vinna á lýsisvinnslustöðvum, en stefndi hélt fram, að þar væri aðeins átt við sjálfa bræðslu lifrarinnar. Höfðaði þá stefnandi mál þetta, og hefur hann við munnlegan flutning þess gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að með orðinu „lýsisbræðsla“ í 5. gr. framannefnds samnings sé átt við alla vinnu í lýsisvinnslustöðvum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samningsuppkast það, sem lagt var til grundvallar við samningsgerðina var samið af stefnanda og lagt fram af honum. Í því var m. a. talin *„lýsisvinna“*, sem greiðast skyldi hærra kaupi en almenn dagvinna. Samningar komust á í þetta

sinn fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sérstakrar sáttanefndar. Við samningsgerðina var orðið *„lýsisvinna“* fellt niður, en í stað þess kom, að tilhlutan sáttamanna, að því er talið er, orðið *„lýsisbræðsla“*.

Stefnandi heldur því fram, að sáttanefndin hafi rökstutt þessa orðabreytingu með því, að öll lýsisvinna, þar á meðal hreinsun lýsis o. s. frv., félli undir lýsisbræðslu, það er öll önnur lýsisvinna en uppskipun og útskipun lýsis og hafi hann (stefnandi) samþykkt téða breytingu á þeim grundvelli. Stefndi mótmælir, að sáttanefndin hafi borið fram þessi rök og hafi engin skýring komið fram frá henni á orðinu „lýsisbræðsla“.

Undir rekstri málsins hugðist stefnandi að leiða sáttanefndina sem vitni, til þess að gefa skýrslu um það, hvernig hún hafi skýrt orðið „lýsisbræðsla“ fyrir aðiljum og enn fremur, hvort hún teldi, að stefndi hafi samþykkt að orðið „lýsisbræðsla“ næði til allrar vinnu á lýsisvinnslustöðvum.

Stefndi mótmælti, að sáttanefndin gæfi skýrslu um þessi atriði. Með skírskotun til 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938, þar sem ákveðið er, að óheimilt sé, án samþykkis beggja samningsaðilja að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, úrskurðaði félagsdómur, að sáttanefndarmennirnir mættu ekki gefa skýrslu um framangreind atriði. Þessi úrskurður var staðfestur með dómi hæstaréttar 17. f. m.

Auk framangreindrar staðhæfingar um skýringar sáttanefndarinnar byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að eðlilegt sé, að öll vinna á lýsisvinnslustöðvum sé greidd með hærra kaupi en venjuleg verkamannavinna. Þessi vinna sé erfið og sóðaleg, og auk þess þurfi nokkra kunnáttu við þessi störf. Þetta séu einkenni þeirrar vinnu, sem greidd sé með hærra kaupi en venjuleg verkamannavinna samkvæmt kjarasamningnum frá 22. febrúar s. l. Þá beri og þess að gæta, að bræðsla lifrar fari fram aðeins í einni lýsisvinnslustöð hér í bæ og við hana starfi aðeins einn verkamaður. Sé því ekki líklegt, að sett hafi verið sérstakt ákvæði í kjarasamninginn vegna vinnu þessa eina manns.

Stefndi hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda og skýringum hans á umræddu samningsákvæði. Heldur hann því fram, að vegna tækni þeirrar, sem nú sé viðhöfð á lýsisvinnslustöðvunum sé vinnan þar hvorki erfið né sóðaleg, og því ekki

ástæða til að greiða hærra kaupgjald fyrir hana en aðra verkamannavinnu.

Þá heldur stefndi því og fram, að hann hafi samþykkt að greiða hærra kaup fyrir sjálfa bræðslu lifrarinnar vegna þess, að hér hafi verið um lítið fjárhagsatriði að ræða, þar sem þetta ákvæði hafi aðeins snert fáa verkamenn á lýsisvinnslustöðvunum.

Í máli þessu hefur stefndi lagt fram skýrslu um starfsemi lýsisbræðslu- og lýsisverkunarstöðva, réttarskjal nr. 7, og hefur ekki verið véfengt, að þar væri rétt skýrt frá vinnsluaðferðum.

Í skýrslunni er lýsisbræðslu lýst þannig:

Lýsisbræðsla er framkvæmd með tvennu móti víðast hvar.

a. Lifrin er brædd með vatnsgufu, sem látin er streyma með allmiklum þrýstingi inn í lifrina í opnu eða lokuðu íláti, við botn þess. Gufan verkar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi verkar gufuhitinn til þess að sjóða lifrarholdið og hleypa því í kekki, og við það leysist fitan að mestu úr frumum lifrarinnar, en því næst og samhliða veldur þrýstingur gufunnar róti í lifrinni, svo að hún tætist í smáagnir og verður að lokum að ólgandi mauki þegar fullsoðið er. Er þá hætt og látið setjast til. Lýsið er því næst fleytt ofan af maukinu.

b. Í maukinu (grútnum) er enn talsvert af lýsi. Er það unnið á þann hátt, að maukið er gufusoðið á ný og blandað með vítissóda, sem leysir upp holdið í vökva, sem sezt undir lýsið. Lýsið er oftast í kvoðukenndu ástandi vegna íblöndunar smáagna úr holdinu. Lýsið, sem þannig er unnið með aðferð a og b þarf síðan verkunar með, áður en það verður útflutningsvara.

Síðan er nákvæm lýsing á verkun meðalalýsisins, sem miðar að því að gera lýsið að verðmeiri vöru.

Svo sem að framan er greint komust samningar á fyrir milligöngu sáttasemjara, og er það upp komið í málinu, að samningsaðiljar hafi ekki ræðzt við um einstök atriði samningsins, heldur hafi sáttamenn gengið á milli þeirra. En þar sem þeir urðu ekki leiddir sem vitni um það, sem á sáttafundum gerðist, svo sem greint hefur verið, verður ekki við úrlausn þessa málsatriðis stuðzt við atvik við samningsgerðina.

Hið umdeilda ákvæði kjarasamningsins, að „lýsisbræðslu“ skuli greiða með hærra kaupi, kr. 2.90 á klst., en almenna dagvinnu, er nýmæli í samningum aðilja máls þessa og undanteknigarákvæði frá þeirri reglu samningsins, að lágmarkskaup í

almennri dagvinnu skuli vera kr. 2.45 á klst. Þykir því ákvæðið ekki verða skýrt rýmra en sjálft orðið gefur tilefni til.

Orðið „lýsisbræðsla“ verður samkvæmt málvenju ekki talið eiga við nema sjálfa bræðslu lifrarinnar og bræðslu grútsins, sbr. framangreinda lýsingu. Þá ber einnig á það að líta, að orðið „lýsisbræðsla“ felur í sér ótvíræða takmörkun á orðinu „lýsisvinna“, sem er miklu víðtækara og notað var í samningsuppkasti stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður þannig ekki talið sannað, að stefndi hafi við samningsgerðina þurft að gera ráð fyrir, að orðið „lýsisbræðsla“ í samningnum ætti að merkja alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum, heldur hafi hann mátt gera ráð fyrir, að í því fælist aðeins framangreind starfsemi, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Af skjölum málsins tel ég, að stefnandi, verkamannafélagið Dagsbrún, hafi samþykkt orðin „lýsisbræðsla“ með þeim skilningi, að með því væru allir verkamenn á lýsisvinnslustöðvunum á hærra kaupi samkvæmt 5. gr. kaups og kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu átti stefnda, Vinnuveitendafélagi Íslands, að vera ljós þessi skilningur stefnanda, er það undirritaði samningana. Ber því að fallast á kröfur stefnanda, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Þriðjudaginn 16. janúar 1945.

Nr. 13/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Steindóri Einarssyni f. h. Kristjáns Steindórssonar (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar.

Mál út af orlofsfé.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 18. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar gegn Steindóri Einarssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Kristjáns Steindórssonar, til greiðslu á orlofsfé fyrir tímabilið frá og með 24. maí 1943 til 1. apríl 1944, að upphæð kr. 480.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins. Með framhaldsstefnu 9. okt. f. á. hefur stefnandi hækkað dómkröfu sína um kr. 66.85, og nemur þá orlofsfjárkrafa hans fyrir greint tímabil alls kr. 546.85.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að í marzmánuði 1943 réðist Jenni Jónsson til stefnda sem bifreiðarstjóri, til að aka bifreið hans. Segist hann hafa verið ráðinn með þeim kjörum, að hann fengi 30% af brúttó aksturgjöldum bifreiðarinnar. Hafi hann frá upphafi ráðningartímans fengið kaup samkvæmt því, en eigi ófengið orlofsfé samkvæmt orlofslögunum. Aðiljar eru sam-

mála um það, að Jenni hafi fengið greidd mánaðarlega 30% af brúttó akstursgjöldum, en stefndi telur orlofsfé falið í því, og er ekki véfengt í máli þessu af hans hálfu, að Jenni hafi átt rétt til orlofsfjár. Hann bar úr býtum á tímabilinu frá 24. maí 1943 til 1. apríl 1944 kr. 13671.22, en eins og áður segir er orlofsfjárkrafa hans miðuð við það tímabil. Krefst hann 4% í orlofsfé af þeirri upphæð.

Í aðalstefnu málsins er talið, að Jenni hafi átt að fá 25% af brúttó akstursgjöldum og hafi tekjur hans framangreint tímabil numið ca. 12 þús. krónum. Var upphaflega stefnt til greiðslu á 4% af þeirri upphæð, kr. 480.00. En er stefndi hafði tekið til andsvara kom í ljós, að tekjur Jenna á þessu tímabili höfðu numið hærri upphæð, eða kr. 13671.22, og krafði stefnandi þá með framhaldsstefnu um orlofsfé af kr. 1671.22.

Stefndi byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að Jenni hafi fengið greitt allt það orlofsfé, sem honum bar. Hann hafi verið ráðinn með þeim kjörum, að hann fengi 25% af brúttó akstursgjöldum, en auk þess skyldi hann fá í orlofsfé 5% af sömu fjárhæð, eða alls 30% af akstursgjöldum, svo sem hann hafi fengið. Kveður stefndi sig hafa tekið upp þetta fyrirkomulag um greiðslu orlofsfjár í stað þess að greiða með orlofsmerkjum, þar sem þetta hafi kostað minni fyrirhöfn, enda þótt hann með þessu móti greiddi hærra orlofsfé en lögskylt var. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi viðurkennt þetta með kröfugerð sinni, þar sem sagt sé í stefnu, að Jenni hafi átt að fá 25% af akstursgjöldum.

Stefndi hefur lagt fram kvittanir þær, er Jenni gaf mánaðarlega fyrir kaupi sínu. Kvittar hann þar fyrir kaupi ásamt afnotum af húsnæði, er hann naut hjá stefnda. Endar hver kvittun svo: „Fullnaðargreiðsla fyrir þann mánuð, sem hér með kvittast fyrir.“ Telur stefndi, að með þessum kvittunum hafi Jenni firrt sig öllum rétti til þess að koma fram með frekari kröfur á hendur sér, því í þeim felist einnig viðurkenning þess, að fullnægt hafi verið skyldum stefnda um greiðslu orlofsfjár. Krefst hann einnig sýknu á þessum grundvelli.

Stefnandi, Jenni Jónsson, hefur komið hér fyrir dóm og staðfest þá skýrslu sína, að ráðningarkjör hans hafi verið svo sem að framan er greint. Kveðst hann hafa átt tal við bróður stefnda, sem annaðist stjórn á bifreiðastöð föður þeirra, en þaðan gekk bifreið sú, er Jenni ók. Kveður hann hafa verið

svo um samið, að hann fengi í kaup 30% af aksturgjöldum. Hann staðhæfir, að ekki hafi verið minnst á orlofsfé, enda hafi ráðningin farið fram ca. 2 mánuðum áður en orlofslögin gengu í gildi. Jafnframt skýrði hann frá því, að hann hefði haustið 1943 fengið sér orlofsbók og krafið þennan sama mann um orlofsfé, en hann þá svarað því, að það yrði ekki greitt, án þess að úrskurður gengi um það.

Því er eindregið mótmælt af hálfu stefnanda, að í kröfugerð hans og greinargerð í stefnu verði talin felast nokkur viðurkenning þess, að Jenni hafi verið ráðinn með þeim kjörum, er stefndi heldur fram. Hefur málflytjandi stefnanda, sem er hæstaréttarlögmaður, gert þá grein fyrir kröfugerð sinni í máli þessu, að það hafi í upphafi verið höfðað að tilhlutan formanns stéttarfélags Jenna, til þess að fá úr því skorið, hvort bifreiðarstjórar, sem ráðnir væru með sama hætti og Jenni, ættu rétt til orlofsfjár, en því hafði stefndi, að sögn formannsins, sí og æ neitað. Hefði krafa Jenna verið valin, en þar sem hann var þá fjarverandi hefði ekki verið vitað, hve háan hundraðshluta hann hefði átt að fá. Hins vegar hefði formaðurinn tjáð sér að kaup bifreiðarstjóra væri 25—35% af brúttó aksturgjöldum, og væri því rétt að miða við lægsta hundraðshlutann og áætla tekjurnar ca. 12 þúsund krónur. Síðan kveðst hæstaréttarlögmaðurinn hafa átt tal við lögráðamann stefnda, sem ekki hafi gert athugasemdir við þennan málatilbúnað. Hafi hann ekki getað skilið lögráðamanninn öðru vísi en svo, að hann viðurkenndi ekki skyldu sína til að greiða orlofsfé. Hins vegar kveðst hæstaréttarlögmaðurinn hafa, er hin rétta fjárhæð kaupsins kom í ljós og Jenni hafði gefið honum upplýsingar um, hversu háan hundraðshluta hann hafi átt að fá, leiðrétt kröfugerðina til samræmis við það sem rétt var.

Til stuðnings skýrslu sinni um það, með hvaða kaupi Jenni hafi verið ráðinn, hefur stefnandi bent á það, að engin breyting hafi orðið á kaupi hans er orlofslögin gengu í gildi, en ólíklegt, að honum hafi verið greitt orlofsfé í tvo mánuði, áður en orlofslögin gengu í gildi. Þá neitar hann því og eindregið, að Jenni hafi með hinum mánaðarlegu kvittunum sínum firrt sig rétti til þess að krefjast nú orlofsfjár. Orlofsfé skuli greiða með sérstökum hætti, þ. e. orlofsmerkjum. Þetta hafi ekki verið gert. Auk þess sé afsal á orlofsrétti óheimilt og hafi Jenni því ekki getað svipt sig slíkum rétti með fullnaðarkvittunum sínum.

Málflytjandi stefnanda hefur gert þá grein fyrir kröfugerð sinni og málatilbúnaði, að ekki verður talið að í þeim felist viðurkenning þess, að um kaup Jenna hafi verið samið á þann veg, er stefndi heldur fram. Hins vegar hefur Jenni, svo sem að framan er greint, staðfest skýrslu sína hér fyrir dómi. Hefur stefndi að vísu mótmælt henni. En þrátt fyrir ábending dómsins, og þó ítrekaður frestur væri veittur til þess að leiða sem vitni mann þann, er við Jenna samdi í marz 1943 og að sögn hans (Jenna) neitaði honum um orlofsfé haustið eftir, kom hann aldrei fyrir dóm til þess að tjá sig um þessi atriði. Svo sem áður er greint fékk Jenni 30% af aksturs-gjöldum frá upphafi ráðningartíma síns og varð engin breyting á því, er orlofslögin gengu í gildi. Þykir sú staðhæfing stefnda ósennileg, að samið hafi verið um það í upphafi, að greiðsla orlofsfjár skyldi hefjast alllöngu fyrir gildistöku orlofslaganna og að orlofsféð skyldi vera 5% af brúttó aksturs-gjöldum bifreiðarinnar, eða margfalt hærra en lögin mæla fyrir um. Að framangreindu athuguðu, þykir það nægilega í ljós leitt, að Jenni hafi verið ráðinn með þeim kjörum, sem hann heldur fram, og að orlofsfé hafi þá ekki verið falið í þeim kaupgreiðslum, sem hann fékk.

Samkvæmt orlofslögum nr. 16 frá 1943 ber að greiða orlofsfé með orlofsmerkjum. Stefndi, sem játað hefur í máli þessu, að Jenna beri réttur til orlofsfjár, hefur viðurkennt að hafa ekki innt það af höndum með þeim hætti, sem nefnd lög mæla fyrir um. Hann hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi greitt það á annan hátt og getur hann því ekki að þessu leyti borið fyrir sig framannefndar fullnaðarkvittanir Jenna, sbr. og 2. mgr. 2. gr. orlofslaganna, sem kveður svo á, að samningar um takmarkanir á orlofsrétti séu ógildir.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefnda til þess að greiða honum orlofsfé, 4% af kr. 13671.22 fyrir tímabilið frá og með 24. maí 1943 til 1. apríl 1944, alls kr. 546.85 ásamt vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 200 krónur í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson f. h. Kristjáns Steindórssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h.

bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar, orlofsfé, kr. 546.85 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. sept. 1944 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 5/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Skipaafgreiðslu Ólafsvíkur (Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar hrl.

Úrskurður.[1])

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og 56. gr. síðarnefndra laga, að fram fari aðiljayfirheyrsla og aðiljum gefist kostur á því að afla frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

I. Taka skal aðiljaskýrslu af þeim stjórnarnefndarmönnum verklýðsfélagsins Jökuls, eða vitnaskýrslur af mönnum þeim, — ef þeir eru ekki í stjórn Jökuls —, sem önnuðust samninga við vinnuveitendur af hálfu nefnds félags 30. janúar 1943 um það, hvort rætt hafi verið sérstaklega um það við nefnda samningsgerð, hversu háttað skyldi kaupi fyrir vinnu þá, sem greind er í b-, c- og d-lið 1. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 28. okt. 1942, og ef svo var, hvernig orð hafi fallið milli samningamanna um þessi atriði.

II. Leita skal skýrslna um það, hverjir önnuðust samninga af hálfu vinnuveitenda. Hvort það var síra Magnús Guðmundsson einn, og ef svo var, hversu háttað var umboði hans til þess. Skal hann eða fulltrúar vinnuveitenda spurðir um þau atriði, sem greind eru í I. Ef síra Magnús var eini fulltrúinn af hálfu vinnuveitenda, skal eftir því leitað, hvaða skýringar hann hafi gefið vinnuveitendum þeim, sem undirrituðu samn-

1) Mál þetta var hafið 28. nóv. 1945.

inginn 30. jan. 1943 um efni hans. Skulu bæði hann og þeir spurðir um þetta atriði.

III. Leitað skal upplýsinga um það, hvenær forráðamönnum Jökuls varð fyrst kunnugt um það, eftir 30. janúar 1943, að stefndi greiddi fyrir skipavinnu kr. 1.75 um klst., eða sama og fyrir almenna verkamannavinnu, hvenær fyrst var að því fundið af þeirra hálfu við stefnda, og hvers vegna verklýðsfélagið hófst ekki handa með málshöfðun þessa fyrr en 12. apríl 1944, eða meir en ári síðar en formaður þess kveðst hafa að þessu fundið við stefnda.

IV. Einnig skal aflað skýrslu um það, hvort lækkun sú, sem stefndi telur að hafi orðið á útskipunargjöldum hraðfrystihússins, úr kr. 2.00 í kr. 1.50 fyrir kassa, hafi orðið strax eftir 30. jan. 1943, og hvort hún hafi náð til annarrar vöru, svo sem uppskipunar fyrir hraðfrystihúsið og út- og uppskipunar fyrir aðra en það.

V. Annarra þeirra gagna, er framantaldar skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Framan talinna gagna ber að afla svo fljótt sem kostur er.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 12/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar hrl.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, með stefnu, dags. 15. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar til

greiðslu á orlofsfé. Það var þingfest 10. okt. f. á. og lauk gagnasöfnun í því 30. jan. þ. á. Með lögum nr. 29/1945 frá 12. febrúar s. l., er gildi tóku þann dag, er 19. gr. orlofslaganna breytt á þá lund, að mál, sem rísa út af réttindum eða skyldum samkvæmt orlofslögum nr. 16/1943, skuli sæta almennri meðferð einkamála, ef eigi sé öðruvísi ákveðið í lögunum, en áður skyldu slík mál dæmd af félagsdómi.

Er mál þetta kom til munnlegs flutnings, 22. þ. m., krafðist stefndi þess, að því yrði vísað frá félagsdómi og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Studdi hann kröfu sína þeim rökum, að eigi væri í lögum nr. 29/1945 gert ráð fyrir neinni undantekningu frá því, að orlofsmál öll væru tekin undan dómsvaldi félagsdóms, og þá einnig þetta mál, þannig að félagsdómi væri eigi heimilt að leggja dóm á málið.

Stefnandi mótmælti frávísunarkröfu stefnda og var þetta ágreiningsatriði tekið til úrskurðar eða dóms 22. þ. m. eftir munnlegan málflutning um kröfuna.

Það er að vísu svo, að eigi er neitt tekið fram um það í lögum nr. 29/1945, að mál, sem þingfest hafi verið fyrir félagsdómi fyrir gildistöku nefndra laga, skuli dæmd þar. En með tilliti til allra þeirra dómsathafna, sem þegar hafa fram farið í máli þessu og áður er lýst, svo og með hliðsjón af ákvæðum 2. málsgr. 222. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, þykir þó óeðlilegt að skýra nefnd lög nr. 29/1945 öðruvísi en svo, að félagsdómur hafi heimild til að ljúka máli því, er hér liggur fyrir, með því að láta fram fara munnlegan málflutning og kveða upp í því efnisdóm. Þykir því bera að hrinda kröfu stefnda um vísun þess frá félagsdómi, svo og kröfu hans um málskostnað.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um vísun máls þessa frá félagsdómi verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 16. apríl 1945.

Nr. 12/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar hrl.).

Úrskurður.

Munnlegur flutningur máls þessa, sem höfðað er hér fyrir dómi 15. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar, fór fram 13. þ. m. Er málið höfðað til greiðslu á orlofsfé, kr. 162.36 auk vaxta og málskostnaðar, vegna dvalar Jóhanns Sigurðar Jónssonar á v/b Magna sumarið 1943, en bátur þessi var gerður út af stefndu.

Samkvæmt viðskiptareikningi Jóhanns Sigurðar (rskj. 5) er svo að sjá sem viðskipti útgerðar nefnds báts og Jóhanns hafi verið gerð upp að fullu 3. nóv. 1943, að orlofsfé undanskildu. En 27. maí 1944 hefur hann fengið greiddar kr. 100.00 frá stefnda Ásgeiri, og segir í kvittun Jóhanns Sigurðar, að þar með séu að fullu gerð upp reikningsviðskipti hans við v/b Magna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þessi upphæð sé umsamin greiðsla á orlofsfjárkröfu Jóhanns Sigurðar, enda hafi engin viðskipti átt sér stað milli þeirra frá 3. nóv. 1943 til þess er greiðslan fór fram. Stefnandi hefur hins vegar neitað því, að nokkur greiðsla á orlofsfé hafi átt sér stað, en ekki hefur af hans hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig á nefndri 100 króna greiðslu stendur.

Vegna framangreindra málsatvika og gagnstæðra staðhæfinga málsaðilja þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og 56. gr. síðarnefndra laga, að aðiljar komi fyrir dómara og séu yfirheyrðir um það, hvernig á framangreindri 100 króna greiðslu stendur, og önnur þau atriði, er skýrslur þeirra kunna að gefa efni til.

Því úrskurðast:

Framangreind aðiljayfirheyrsla skal fara fram svo fljótt sem unnt er.

Miðvikudaginn 4. júlí 1945.

Nr. 1/1945. **Erlingur Friðjónsson f. h. Verkalýðsfélags Akureyrar vegna Bergþórs Baldvinssonar**
(Erlingur Friðjónsson)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Mál út af ákvæði kjarasamnings um forgangsrétt félagsmanna í verklýðsfélagi til vinnu hjá samningsbundnum vinnuveitendum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 23. maí s. l., af Erlingi Friðjónssyni fyrir hönd Verkalýðsfélags Akureyrar, Akureyri, vegna Bergþórs Baldvinssonar, félagsmanns þess félags, gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, Akureyri. Hefur stefnandi gert þær kröfur í stefnu málsins, að dæmt verði ógilt ákvæði í 9. gr. samnings frá 2. júní 1943 milli verkamannafélagsins og Vinnuveitendafélags Akureyrar, og að dómurinn leggi fyrir alþýðusambandið vegna verkamannafélagsins að nema ákvæði þetta burtu úr samningnum, en það hljóðar svo:

„Meðlimir Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra þeirra stéttarfélaga í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambands Íslands og aðrir þeir, sem stjórn Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar veitir vinnuréttindi, skulu sitja fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er.“

Svo krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins kom það upp, að samningurinn frá 2. júní 1943 hafði verið felldur úr gildi með síðari samningi milli verkamannafélagsins annars vegar og vinnuveitendafélagsins, Kaupfélags Eyfirðinga og Byggingameistara-

félags Akureyrar hins vegar. Í upphafi 10. gr. þessa samnings, sem enn er í gildi, er ákvæði öldungis samkynja að efni því ákvæði 9. gr. hins eldra samnings, sem í stefnu er krafizt ógildingar á. Breytti því stefnandi við málflutninginn með samþykki stefnda dómkröfum sínum á þá leið, að framangreindar kröfur hans í stefnu varðandi ákvæði 9. gr. samningsins frá 2. júní 1943 beindust nú að samsvarandi ákvæði 10. gr. hins gildandi samnings.

Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1943 fór Bergþór Baldvinsson þess á leit við tvo nafngreinda félaga í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, þá Jakob Karlsson og Sverrir Ragnars, að þeir tækju hann í vinnu, en báðir synjuðu honum þess og tilgreindu sem ástæðu fyrir neituninni ákvæði 9. gr. samningsins frá 2. júní 1943, um forgangsrétt félaga verkamannafélagsins til vinnu hjá þeim. Reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að greint ákvæði samningsins frá 1943 hafi verið ógilt gagnvart Bergþóri, og sama sé um sams konar ákvæði gildandi samnings. Styður stefnandi þetta álit sitt fyrst og fremst við það, að upphaflega hafi ákvæðið komist inn í samninginn frá 1943 vegna ólögmætrar og jafnvel refsiverðrar nauðungar gagnvart vinnuveitendafélaginu. Hafi nauðungin verið fólgin í því, að verkamannafélagið hafi beitt hótun um vinnustöðvun og alþýðusambandið heitið því fullum stuðningi sínum, sbr. eftirfarandi símskeyti, er alþýðusambandið hafi sent vinnuveitendafélaginu meðan á samningaumleitunum stóð: „Ef samningar takast ekki milli yðar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og til vinnustöðvunar þarf að koma, mun alþýðusambandið veita verkamannafélaginu allan þann stuðning, sem það getur í té látið.“ Nauðung hafi einnig verið beitt til þess að koma ákvæðinu inn í gildandi samning.

Þá heldur stefnandi því fram, að umdeilt ákvæði miði að því að útiloka Bergþór og aðra félagsmenn verkalýðsfélagsins, svo og sérhvern verkamann, sem ekki sé í stéttarfélagi á Akureyri innan alþýðusambandsins, frá því að geta fengið verkamannavinnu á Akureyri. Brjóti því ákvæðið greinilega í bága við þann tilgang, sem stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum sé heimilaður í 1. gr. laga nr. 80 frá 1938 svo og 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Enn rökstyður stefnandi kröfur sínar með því, að umrætt ákvæði útiloki Bergþór frá allri verkamannavinnu hjá þeim vinnuveitendum á Akureyri, sem samningsbundnir séu við

verkamannafélagið, en hann sé verkamaður og eigi lífsafkomu sína undir því að geta fengið slíka vinnu. Með ákvæðinu séu því lögð veruleg bönd á atvinnufrelsi Bergþórs og sé það af þeim ástæðum ólöglegt samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Loks bendir stefnandi máli sínu til framdráttar á 3. gr. laga nr. 80 frá 1938, er hann telur gera ráð fyrir, að félagsmaður geti gengið úr verklýðsfélagi án réttindamissis, svo og 45. gr. sömu laga, sem gerir ráð fyrir ófélagsbundnum aðilja.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Heldur stefndi því fram, að engri nauðung hafi verið beitt, hvorki við samningsumleitanirnar sumarið 1943, né heldur er gildandi samningur var gerður.

Þá mótmælir hann því, að umdeilt ákvæði komi í bága við nokkra grein stjórnarskrárinnar eða laga nr. 80 frá 1938.

Loks andmælir stefndi síðustu málsástæðu stefnanda.

Þó að alþýðusambandið hafi, eins og áður er greint, meðan samningar stóðu yfir sumarið 1943 milli verkamannafélagsins og vinnuveitendafélagsins, lofað verkamannafélaginu fullum stuðningi sínum, ef samningar tækjust ekki og til vinnustöðvunar þyrfti að koma, verður ekki talið, að í þeim aðgerðum hafi falizt hótun um að beita ólögmætri nauðung. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að nokkrar nauðungaraðgerðir hafi átt sér stað, er umdeilt ákvæði 10. gr. gildandi samnings var í hann sett. Hefur því fyrst greind málsástæða stefnanda ekki við rök að styðjast.

Verður nú athugað, hvort umþrætt ákvæði brýtur í bága við lög.

1. gr. laga nr. 80 frá 1938 er svo hljóðandi: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.“ Ákvæði í kjarasamningum milli verklýðsfélaga og atvinnurekenda, um forgangsrétt félagsmanna verklýðsfélags til vinnu hjá viðkomandi atvinnurekendum verður að teljast falla undir þann tilgang, sem lýst er í greininni, að vinna að hagsmunamálum verklýðsstéttarinnar. Styðst þessi skýring og við það, að áður en greind lög voru sett, tíðkuðust slík forgangsréttarákvæði nokkuð í kjarasamningum. Hefði því í lögunum frá 1938 beinlínis átt að banna forgangsréttarákvæðin, ef löggjafinn taldi þau ekki samrýmast löglegum tilgangi stéttarfélaga. Þetta var ekki gert, enda hefur

forgangsréttarákvæðum fjölgað mjög í kjarasamningum eftir gildistöku laganna. Af þessu er ljóst, að ákvæði það, sem ógildingar er krafizt á í máli þessu, verður talið samræmast ákvæðinu í 1. gr. laga nr. 80 frá 1938 og þá einnig 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Þrátt fyrir forgangsrétt félagsmanna verkamannafélagsins til vinnu hjá atvinnurekendum þeim, sem félagið hefur samið við, hefur Bergþór óhindraðan aðgang að því að leita sér atvinnu hjá ósamningsbundnum atvinnurekendum. Hann er frjáls að því að stofna til eigin atvinnurekstrar eftir því sem geta hans leyfir og lög heimila. Þá virðist hann og geta orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem félagar verkamannafélagsins njóta, með því að ganga í það félag, sbr. 2. gr. laga nr. 80 frá 1938 og ákvæði í 10. gr. gildandi samnings milli verkamannafélagsins og fyrrgreindra þrigga aðilja, en í því ákvæði segir, að allir verkamenn, sem búsettir eru á félagssvæðinu, eigi rétt á að ganga í Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Verður því umdeilt forgangsréttarákvæði ekki talið brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Loks verður ekki séð, að 3. og 45. gr. laga nr. 80 frá 1938, sem stefnandi hefur vitnað til, ógildingarkröfu sinni til stuðnings, séu af atriði fyrir úrslit málsins.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, og þykir eftir þeim úrslitum og öllum málavöxtum rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Erlings Friðjónssonar f. h. Verkalýðsfélags Akureyrar vegna Bergþórs Baldvinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlí 1945.

Nr. 12/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar hrl.

Orlofsmál.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 15. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar til greiðslu orlofsfjár, að upphæð kr. 162.36, en til vara kr. 81.18, með 5% ársvöxtum frá 25. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu á kr. 81.18 og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1943 var Jóhann Sigurður Jónsson háseti á v/b Magna N.K. 68 á tímabilinu frá því um mánaðamótin maí—júní og fram í byrjun október. Var nefndur bátur gerður út af stefndum útgerðarmönnum og stundaði hann þorskveiðar á línu. En allur aflinn var seldur jafnóðum nýr í fisktökuskip.

Samkvæmt ráðningu og skráningu Jóhanns Sigurðar skyldi um kjör hans farið eftir samningi um launakjör sjómanna, dags. 7. janúar 1943, milli Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Vélstjórafélagsins Gerpis annars vegar og Útvegsmannafélags Norðfjarðar hins vegar. Í samningi þessum, sem fjallar um hlutaskipti, er svo kveðið á m. a., að við þorskveiðar með línu skuli hlutarmenn greiða salt að sínum hluta. Bátshöfn skal og skila bátnum og veiðitækjum hreinum og ganga frá veiðarfærum að lokinni vertíð, útgerð að kostnaðarlausu. Við dragnótaveiðar skal greiða ís af óskiptu.

Aflahlutur Jóhanns Sigurðar af þorskveiðum með línu fram-

angreint tímabil nam kr. 4059.05. Telur hann að sér beri 4% af þeirri fjárhæð í orlofsfé samkvæmt 4. gr. orlofslaganna nr. 16 frá 1943, þar sem hann falli ekki undir ákvæði b-liðs 1. gr. sömu laga. Til vara krefst hann þó 2% af aflahlutsupphæðinni, ef talið yrði að við hann ætti síðarnefnt ákvæði orlofslaganna.

Kröfu sína um 4% af andvirði aflahlutar í orlofsfé byggir stefnandi á því, að þótt Jóhann Sigurður hafi verið ráðinn sem hlutarmaður samkvæmt framannefndum samningi, sem geri ráð fyrir þátttöku í saltkostnaði, þá hafi reyndin orðið sú, að hann hafi alls engan þátt tekið í útgerðarkostnaðinum, þar sem allur þorskurinn hafi verið seldur jafnóðum nýr í fisktökuskipin. Af þessu leiði það, að Jóhanni Sigurði beri fullt orlofsfé án tillits til þess, með hvaða kjörum hann var ráðinn og skráður á skipið. Þá heldur stefnandi því og fram, að þó svo yrði litið á, að miða ætti við ráðningarkjörin eins og þau eru ákveðin í nefndum kjarasamningi frá 7. jan. 1943, þá leiði það sjónarmið allt að einu til þess, að Jóhann Sigurður eigi rétt á fullu orlofsfé, því þátttaka sú, sem til mála kæmi af hálfu hlutarmanns samkvæmt þeim kjarasamningi (saltið og hreinsun bátsins) sé svo lítilfjörleg, að hún geti ekki leitt til þess, að hann falli undir undantekningarákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna.

Stefndi hefur ekki mótmælt skyldu til þess að greiða í orlofsfé 2% af andvirði umrædds aflahlutar, eða þá fjárhæð, sem stefnandi hefur krafizt til vara. En frekari greiðsluskyldu mótmælir hann eindregið. Eru varnir hans fyrst og fremst byggðar á því, að samkvæmt b-lið 1. gr. orlofslaganna ráði það úrslitum *hvernig* hlutarmenn séu *ráðnir*. Nú hafi Jóhann Sigurður verið ráðinn samkvæmt hlutaskiptasamningi þeim, sem að framan hefur verið lýst, en samkvæmt honum taki hlutarmaður þátt í útgerðarkostnaði. Eigi ákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna við um ráðningu hans og beri honum því ekki nema 2% í orlofsfé. Þá telur stefndi, að þó fallist yrði á þann skilning stefnanda, að ekki beri að miða við ráðningarkjörin ein, heldur og hvernig framkvæmdin hafi orðið, þá falli Jóhann Sigurður allt að einu undir b-lið 1. gr. laganna. Hér hafi að vísu ekki orðið um hluttöku í saltkostnaði að ræða vegna þess, að þorskurinn var seldur nýr í fisktökuskipin, en hins vegar beri hlutarmönnum samkvæmt hlutaskiptasamningnum að skila bátnum og veiðitækjum hreinum að lokinni vertíð og

ganga frá veiðarfærum. Þetta verði að teljast þátttaka í útgerðarkostnaði, en samkvæmt orðalagi b-liðs 1. gr. orlofslaganna sé nægilegt, að hún sé einhver.

Samkvæmt b-lið 1. gr. orlofslaganna verður að telja, að tvö skilyrði þurfi til þess, að starfsmaður á fiskiskipi missi rétt til orlofsfjár samkvæmt orlofslögum. Í *fyrsta lagi,* að hann sé ráðinn á skipið samkvæmt hlutaskiptasamningi, og í *öðru lagi,* að hann taki „þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti". Nú var samningur sá, sem Jóhann Sigurður var ráðinn eftir á v/b Magna, hlutaskiptasamningur, og er þannig fyrra skilyrðið fyrir hendi, að því er hann varðar.

Kemur þá til álita hvort hann hafi tekið þátt í útgerðarkostnaði umrædda sumarvertíð. Þar sem fiskurinn var seldur nýr var ekki um að ræða neina þátttöku í saltkostnaði. Ekki er heldur neitt komið fram í málinu um ísnotkun á vertíð þessari.

Eins og að framan er greint, ber skipverjum að skila bát og veiðitækjum hreinum að lokinni vertíð og ganga frá veiðarfærum. Eftir því sem upp er komið í málinu, getur þetta orðið allt að 6—8 stunda vinna fyrir hvern skipverja, eða nær heill vinnudagur. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að Jóhann Sigurður hafi ekki tekið þátt í vinnu þessari að lokinni vertíð v/b Magna haustið 1943 að venjulegum hætti sjómanna austur þar.

Hér er að vísu ekki um mikið framlag að ræða af hálfu skipverja. En þegar litið er til orðalags b-liðs 1. gr. orlofslaganna, um þátttöku *„að meira eða minna leyti",* verður að telja, að framlag Jóhanns Sigurðar við hreinsun bátsins hafi verið þátttaka í útgerðarkostnaði samkvæmt nefndu lagaákvæði. Eru því í máli þessu fyrir hendi bæði þau skilyrði 1. gr. nefndra laga, sem leiða til þess, að starfsmaður á fiskiskipi á ekki rétt til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum orlofslaganna. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Hins vegar ber að taka til greina varakröfu hans um 2% í orlofsfé, sem ekki hefur verið mótmælt af stefnda.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda orlofsfé, kr. 81.18, ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Einn dómenda, Þorsteinn Pétursson, vill taka til greina aðalkröfu stefnanda og gerir grein fyrir sinni afstöðu í sératkvæði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Útvegsmannafélag Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar, kr. 81.18 í orlofsfé ásamt 5% ársvöxtum frá 25. september 1944 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þorsteins Péturssonar.

Skrifa undir með þeim fyrirvara,

a, ég tel að stefnandi hafi ekki verið ráðinn samkvæmt samningi um hrein hlutaskipti, og þess vegna sé ekki hægt að svipta hann orlofsfé samkvæmt b-lið 1. gr. laga um orlof,

b, og að þátttaka stefnanda vegna hreinsunar báts og veiðarfæra geti enganveginn talizt þátttaka í útgerðarkostnaði, enda hér ekki um annað framlag en vinnu af hálfu stefnanda,

c, þá vil ég benda á, að þótt svo yrði litið á, að stefnandi hafi tekið þátt í útgerðarkostnaði með því að vinna að hreinsun báts og því að koma veiðarfærum fyrir, að lokinni vertíð, þá er þátttaka hans þó mun minni en svonefndur útgerðarkostnaður í félagsdómsmálinu nr. 21/1943, þar sem útgerðarmaður var dæmdur til að greiða fullt orlofsfé.

Með tilvísun til þessa tel ég að taka beri allar kröfur stefnanda til greina.

Þriðjudaginn 17. júlí 1945.

Nr. 3/1945. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Félagi kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um það, hvort tiltekið félagið sé stéttarfélag og hvort því sé rétt að koma fram fyrir hönd félagsmanna vegna kaups og kjara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 9. þ. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga gegn Félagi kaupsýslumanna í Vestmanna-

eyjum. Hafa aðiljar með samningi 5. þ. m. komið sér saman um að leggja undir úrskurð dómsins „Ágreining milli félaganna um það, hvort Verzlunarmannafélagið sé stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lögum nr. 80 frá 1938 að semja um kaup og kjör meðlima sinna við atvinnurekendur og gera kröfur um slíka samninga.“ Jafnframt var samið um það, að hvorugur aðili skyldi krefjast málskostnaðar af hinum í málinu og skyldi hlutkesti ráða, hver yrði stefnandi og kom upp hlutur verzlunarmannafélagsins.

Málavextir eru þeir, að þann 22. júní 1944 var stofnað í Vestmannaeyjum félag verzlunarmanna, er hlaut nafnið Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga. Stofnendur félagsins eru taldir hafa verið 55, allt afgreiðslu- eða skrifstofufólk hjá tilgreindum vinnuveitendum í Vestmannaeyjum. Þegar á stofnfundinum var samþykkt að fela stjórn félagsins að athuga og undirbúa kjarasamninga eða taxta fyrir verzlunarfólk í Vestmannaeyjum. Þann 8. sept. s. á. tilkynnir félagið bréflega Félagi matvörukaupmanna og hverjum einstökum kaupmanni og framkvæmdarstjóra verzlana, sem félagsmenn í verzlunarmannafélaginu unnu hjá, að samþykkt hafi verið í félaginu, að það leitaði samninga um kaup og kjör starfsfólks í verzlunum, og jafnframt er tilkynnt, að kosin hafi verið samninganefnd og hverjir skipi hana og þess óskað af þeim, sem bréfin eru rituð til, að þeir sendi samningamenn til móts við félagið. Þessi málaleitun fékk engar undirtektir og 25. s. m. ritar félagið sömu aðiljum á ný. Vísar félagið til bréfsins frá 8. september, endurtekur ósk sína um samninga og tekur fram, að ef samningaumleitanir hafi ekki hafizt fyrir lok mánaðarins muni félagið gera þær ráðstafanir, er lög heimili í slíkum tilfellum og það telji nauðsynlegar. Þessi málaleitun virðist enn hafa verið virt að vettugi af kaupsýslumönnum.

Næst gerist það, að 5. okt. 1944 stofna kaupsýslumenn með sér félag, er hlaut nafnið Félag kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum.

Er nú ekki vitað um frekari aðgerðir af hálfu verzlunarmannafélagsins þar til 10. júní þ. á. En þann dag ritar það sömu aðiljum og 8. og 25. sept. f. á. Er vísað til nefndra bréfa og þess óskað enn á ný, að teknar séu upp við það samningaumleitanir um kaup og kjör verzlunarfólks. Segir í bréfi þessu, að ef svar hafi eigi borizt eða samningar komist á fyrir kl. 18 þann 12. júní s.l. muni félagið „gera allar viðeigandi og

löglegar ráðstafanir, er nauðsynlegar kunna að reynast til að fá samningsrétt vorn viðurkenndan". Daginn eftir ritar það í fyrsta sinn stefnda. Sendir honum afrit af greindu bréfi frá 10. júní, þar sem gera megi ráð fyrir, að margir eigendur verzlananna séu nú félagsmenn í því félagi. Þá segir í bréfi þessu, að þrátt fyrir það, þó að formaður kaupsýslumannafélagsins hafi „áður neitað að eiga viðræður við oss um kjarasamninga, erum vér enn reiðubúnir til að taka upp samningaumleitanir við yður fyrir hönd þeirra verzlana, sem eru meðlimir félags yðar".

Þessu bréfi svarar stefndi 12. júní á þá leið, að hann hafi „á s.l. ári samið um kaup og kjör verzlunarfólks hér í Eyjum við Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja og þar með viðurkennt það sem réttan aðilja til þeirra samninga", og vísar þar með á bug umleitun verzlunarmannafélagsins um samninga.

Þann 14. júní s.l. boðar svo verzlunarmannafélagið verkfall hjá stefnda frá og með 22. s. m., ef ekki hafi fyrir þann tíma komizt á samningar milli félaganna um kaup og kjör verzlunarfólks, og ítrekar jafnframt enn á ný, að það sé reiðubúið til viðræðna um þessi mál.

Samningaumleitanir hófust hins vegar ekki milli félaganna og kom til verkfalls nefndan dag. Þá voru einnig af hálfu Alþýðusambands Íslands boðuð samúðarverkföll af hálfu annarra félaga gagnvart þeim verzlunarfyrirtækjum, sem Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga hafði gefið alþýðusambandinu upp, og eigi höfðu við félagið samið. Og þann 26. júní boða 4 verklýðsfélög í Vestmannaeyjum, önnur en verzlunarmannafélagið, samúðarvinnustöðvun hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, sem ekki er félagi í Félagi kaupsýslumanna, frá og með 4. þ. m., ef ekki verði þá leyst kjaradeilan milli aðilja máls þessa. Hófst verkfall þann 4. júli, en áður hafði sáttasemjari reynt að miðla málum, en sú viðleitni leiddi ekki til sátta.

Þann 5. júlí varð það svo að samkomulagi milli verzlunarmannafélagsins og Félags kaupsýslumanna að leggja undir úrskurð þessa dóms þann ágreining milli félaganna, er að framan getur, og jafnframt var svo um samið að fresta skyldi verkföllunum um tiltekinn tíma, en hefja samningaumleitanir. Var mál þetta síðan höfðað, og hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lög-

um nr. 80/1938 að semja um kaup og kjör meðlima sinna við atvinnurekendur og gera kröfur um slíka samninga.

Kröfur stefnda eru hins vegar þær, að dæmt verði, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga geti ekki talizt stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938 og að þó svo yrði talið, hefði það þó ekki rétt til þess að gera almenna kröfu til þess, að Félag kaupsýslumanna geri við það samning.

Stefnandi hefur mótmælt, að lagður verði dómur á varakröfu stefnda, að svo miklu leyti sem talið yrði, að hún væri viðtækari en samkomulag aðilja um málshöfðun þessa, en til vara hefur hann krafizt sýknu af henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé félag skrifstofu- og afgreiðslufólks í ýmsum fyrirtækjum í Vestmannaeyjum og hafi í samþykktum sínum ákveðið að láta hagsmunamál þess til sín taka. Það hafi þegar eftir stofnun sína hafist handa um þau mál. Sé því ljóst, að það sé stéttarfélag samkv. 1. gr. laga nr. 80/1938. Það eigi því kröfu til þess að koma fram fyrir hönd félagsmanna sinna um kaup og kjör samkvæmt 5. gr. sömu laga og geti gert kröfu til þess, út af fyrir sig, að verða viðurkennt sem samningsaðili, ef sá réttur þess sé véfengdur, en ljóst sé af afstöðu stefnda, að hann hafi einmitt neitað slíkum rétti félagsins, og hafi því ekki komið til álita um einstök samningsatriði.

Andmæli sín gegn því, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé stéttarfélag, byggir stefndi á því, að samkvæmt 2. gr. samþykkta verzlunarmannafélagsins sé tilgangur félagsins m. a. sá, að fá þá, sem *vinna* að verzlunar- og skrifstofustörfum til þess að gerast félaga í því, og samkvæmt 3. gr. þeirra geti þeir einir fengið inntöku í félagið, sem vinni við verzlunar- og skrifstofustörf. Nú hafi það komið í ljós, að af 66 manns, sem taldir séu félagar, séu alls 28, sem ekki uppfylli þetta skilyrði. Þetta fólk hafi þó gengið til atkvæða um málefni félagsins. Af þessu sé ljóst, að félagið uppfylli ekki að þessu leyti skilyrði félagslaganna og geti því félagið ekki verið löglegt stéttarfélag.

Þá heldur stefndi því fram, að þó verzlunarmannafélagið yrði talið stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, þá hafi það hins vegar skort heimild til þess að haga kröfugerð sinni gagnvart sér á þann hátt, er gert hafi verið. Verzlunarmannafélagið hafi ekki fyrr en eftir að verkfall var byrjað lagt fram samningsuppkast eða gert nokkrar kröfur um kaup og kjör

félagsmanna sinna. Kröfugerð þess, sem feli aðeins í sér almenna kröfu um að stefndi geri við það samning, og eftirfarandi athafnir félagsins hafi því ekki haft við lög að styðjast. Heldur stefndi því fram öðrum þræti, að það mundi hafa skipt máli um viðskipti málsaðilja, ef strax hefðu verið afhentar af hálfu verzlunarmannafélagsins kröfur um kaup og kjör í einstökum atriðum. Auk þessa hafi stefndi þegar á s.l. ári gert kjarasamning við annað félag, Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja, og þar með viðurkennt það sem réttan samningsaðilja um kaup og kjör verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að það geti skipt nokkru máli um það, hvort verzlunarmannafélagið sé stéttarfélag eða ekki, þótt þar séu taldir sem félagar ýmsir þeir, sem ekki stundi að staðaldri verzlunar- eða skrifstofustörf. Einnig mótmælir hann því, að þeir séu eins margir og stefndi heldur fram. Þá telur hann það ekki eiga að skipta neinu máli, þótt ekki hafi verið settar fram kröfur um kaup og kjör í einstökum atriðum fyrr en varð, því aðaldeiluefnið hafi ætíð verið það, að stefndi vildi ekki viðurkenna aðild verzlunarmannafélagsins.

Samkvæmt gögnum málsins er Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga stofnað af 55 mönnum og konum, starfandi við verzlunar- eða skrifstofustörf. Í 2. gr. samþykkta þess segir, að tilgangur þess sé „að vinna að hagsmunamálum verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum“, en samkvæmt 1. gr. samþykktanna er starfssvæði þess bundið við þann stað. Inntöku í félagið geta þeir fengið, sem vinna við verzlunar- og skrifstofustörf, enda séu þeir eigi atvinnurekendur, og ef félagsmaður gerizt atvinnurekandi missir hann félagsréttindi. Félagið er því löglega stofnað sem stéttarfélag í merkingu 1. gr. laga nr. 80/1938. Af því sem að framan er rakið um athafnir þess frá stofnun þess, sést, að það hefur starfað samkvæmt tilgangi sínum, eins og hann er ákveðinn í samþykktunum, og er ekki véfengt, að af 66 meðlimum, sem nú eru í félaginu, séu a. m. k. 38, sem fullnægja öllum inntökuskilyrðum í það. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að það svipti félagið þeim eiginleikum að vera stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938, þótt til félaga þar teljist eitthvað af fólki, sem ekki mundi eiga lögvarinn rétt til inngöngu í það. Þykir því ekki þörf á frekari rannsókn þess, hversu háttað er að þessu leyti högum þeirra 28 félaga, sem stefndi telur vera í félaginu andstætt samþykktum þess, en af stefnanda hálfu er því haldið

fram, að þeir vinni allir eða allflestir að verzlunar- eða skrifstofustörfum að meira eða minna leyti.

Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga er þá eftir framansögðu stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938. Af því leiðir, að það hefur samkvæmt 5. gr. sömu laga rétt til þess að koma fram sem samningsaðilji um kaup og kjör félagsmanna gagnvart atvinnurekendum og getur krafizt slíkra samninga, þar sem það hefur í samþykktum sínum ákveðið að láta þá starfsemi til sín taka, sbr. 2. gr. samþykkta þess, og ráð fyrir því gert í 5. gr. þeirra, að félagið geri samninga við atvinnurekendur. Nú er það ekki véfengt, að hjá félagsmönnum í Félagi kaupsýslumanna starfi fólk, sem er meðlimir í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga. Var síðarnefnda félaginu því rétt að beina kröfu um kjarasamning til stefnda, og gat sú krafa miðast við það eitt, að verzlunarmannafélagið væri viðurkennt sem samningsaðilji fyrir hönd félagsmanna þess, ef sá réttur þess var ekki viðurkenndur. En af gögnum málsins og skýrslum stefnda er ljóst, að neitun hans um samninga byggist fyrst og fremst á því, að verzlunarmannafélagið sé ekki að lögum réttur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna þess. Samningur stefnda við annað félag, Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja, getur ekki útilokað samningsaðild Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga fyrir hönd félagsmanna sinna.

Samkvæmt framansögðu ber að taka dómkröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Þar sem samið var um að krefjast ekki málskostnaðar fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga er stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lögum nr. 80/1938 að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna við atvinnurekendur og gera kröfu um slíka samninga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 17. júlí 1945.

Nr. 2/1945. **Hraðfrystistöð Vestmannaeyja**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 2. júlí 1945, af Hraðfrystistöð Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum, og hefur stefnandi gert þær kröfur, að samúðarverkfall Vélstjórafélags Vestmannaeyja, er boðað var hjá honum og hófst 4. þ. m., verði dæmt ólöglegt og stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 22. júní 1944 var í Vestmannaeyjum stofnað félag verzlunarmanna, er nefnt var Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga. Eru stofnendur félagsins taldir að hafa verið 55, allt afgreiðslu- eða skrifstofufólk hjá nafngreindum atvinnurekendum í Vestmannaeyjum. Á stofnfundinum var þegar ákveðið að fela félagsstjórninni að athuga og undirbúa kjarasamninga eða taxta verzlunarfólks í Vestmannaeyjum. Tilkynnti þetta félag 8. sept. sama ár bréflega Félagi matvörukaupmanna og hverjum einstökum kaupmanni og framkvæmdastjóra verzlana, er félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga unnu hjá, að það leitaði samninga um kaup og kjör starfsfólks í verzlunum. Var jafnframt tilkynnt, að kosin hefði verið samninganefnd og hverjir hana skipuðu, og þess óskað, að þeir sem skrifað hafði verið gengju til samninga við félagið. Engar undirtektir fékk þessi málaleitun og endurnýjar félagið hana 25. sept. 1944 og vísar til bréfsins frá 8. s. m. Endurtekur það þá ósk sína um samninga og tekur jafnframt fram, að ef samningaumleitanir hafi ekki byrjað fyrir lok mánaðarins, muni félagið gera þær ráðstafanir, sem lög heimili, og það telji nauðsynlegar. Virðist þessi málaleitun hafi verið að vettugi virt af þeim, sem hún var stíluð til.

Samkvæmt því sem upp hefur komið, var hinn 5. okt. 1944 stofnað kaupsýslumannafélag í Vestmannaeyjum og hlaut það nafnið Félag kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum.

Ekki er séð, að sérstakar aðgerðir af hálfu Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga hafi átt sér stað þar til 10. júní þ. á., en þann dag ritar það sömu aðiljum og bréfin frá 8. og 25. sept f. á. voru stíluð til. Er í bréfi þessu vísað til nefndra bréfa og þess óskað á ný, að samið verði við félagið um kaup og kjör verzlunarfólks. Segir í bréfi þessu, að ef svar hafi eigi borizt eða samningar komizt á fyrir kl. 18 þann 12. júní s. l. muni félagið „gera allar viðeigandi og löglegar ráðstafanir, er nauðsynlegar kunna að reynast, til að fá samningsrétt vorn viðurkenndan". Ritar félagið daginn eftir kaupsýslumannafélaginu og sendir því afrit af bréfinu frá 10. júní og gerir þá grein fyrir þessu, að gera megi ráð fyrir því, að margir eigendur verzlana séu nú félagsmenn í kaupsýslumannafélaginu. Segir og í bréfi þessu, að enda þótt formaður kaupsýslumannafélagsins hafi „áður neitað að eiga viðræður við oss um kjarasamninga, erum við enn reiðubúnir til að taka upp samningsumleitanir við yður fyrir hönd þeirra verzlana, sem eru meðlimir félags yðar". Bréfi þessu svarar kaupsýslumannafélagið á þá leið, að það hafi „á síðastliðnu ári samið um kaup og kjör verzlunarfólks hér í Eyjum við Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja og þar með viðurkennt það sem réttan aðilja til þeirra samninga". Vísar kaupsýslumannafélagið með þessu á bug tilraunum Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga til samninga.

Hinn 14. júní s.l. boðaði Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga til verkfalls hjá kaupsýslumannafélaginu frá og með 22. s. m., ef ekki hefðu fyrir þann tíma komizt á samningar milli félaganna um kaup og kjör verzlunarfólks, og ítrekar enn á ný, að það sé reiðubúið til umræðna um þessi mál. Engar samningaumleitanir áttu sér stað og kom því til verkfalls hinn 22. júní. Voru þá af hálfu Alþýðusambands Íslands boðuð samúðarverkföll af hálfu ýmissa annarra félaga gagnvart þeim verzlunarfyrirtækjum, sem Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga hafði gefið alþýðusambandinu upp og eigi höfðu samið við félagið, og hinn 26. júní boða 4 verklýðsfélög í Vestmannaeyjum önnur en Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga vinnustöðvun hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja frá og með

4. þ. m., en það fyrirtæki er ekki félagi í kaupsýslumannafélaginu.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því fyrst og fremst, að samúðarverkfall það, sem að framan greinir hjá stefnda, sé ólöglegt af þeim sökum, að verkfall það, sem samúðarverkfallið á að styðja, eigi ekki rétt á sér, og vísar í því efni til 17. gr. laga nr. 80/1938. Telur hann og, að hér sé ekki um vinnudeilu að ræða vegna þess, að ekki hafi komið fram ákveðin krafa um kaup og kjör, heldur aðeins almenn krafa um það, að samningur yrði gerður.

Í öðru lagi telur stefnandi, að verkfall það, sem samúðarverkfallið varðar, sé ólögmætt af þeim sökum, að sáttasemjari hafi þann 2. þ. m. borið upp miðlunartillögu í deilu þeirri, sem í upphafi máls þessa er greind. Félagar kaupsýslumannafélagsins hafi samþykkt hana og vísar í því efni til símskeytis frá formanni kaupsýslumannafélagsins, dags. 11. júlí, þess efnis, að 14 atkvæðisbærir félagsmenn af 15 hafi goldið henni jáyrði sitt. Félagar Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga hafi ekki greitt um hana atkvæði, og fari því um þetta eftir 32. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir, að ef ekki hafi að minnsta kosti 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði teljist tillagan samþykkt.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að hann hafi gert samning við Vélstjórafélag Vestmannaeyja og hafi sá samningur verið í fullu gildi, og félaginu því ekki verið heimilt að hefja samúðarverkfall. Þá sé málinu og svo háttað, að Hraðfrystistöð Vestmannaeyja sé ekki í félagi kaupsýslumanna og geti það fyrirtæki því engin áhrif haft á deilu þá, sem hér um ræðir.

Stefndi hefur mótmælt hverri af framangreindum málsástæðum stefnanda fyrir sig og haldið því fram, að þær hafi ekki við rök að styðjast.

Verða nú framangreindar málsástæður stefnanda athugaðar.

Um 1. Eins og að framan greinir er Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga stofnað af 55 mönnum og konum starfandi við skrifstofu- og afgreiðslustörf. Í 2. gr. samþykkta félagsins segir, að tilgangur þess sé „að vinna að hagsmunamálum verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum“, en samkvæmt 1. gr. samþykkta félagsins er starfssvæði þess bundið við þann stað. Eftir 3. gr. laga greinds félags geta þeir fengið inntöku

í félagið, er vinna verzlunar- og skrifstofustörf, enda séu þeir eigi atvinnurekendur. Verður því að telja félagið löglega stofnað sem stéttarfélag samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938. Þá verður og að telja, að félaginu hafi verið heimilt að beina kröfu um kjarasamning til kaupsýslumannafélagsins, en óvéfengt er, að nokkrir félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga unnu hjá félögum í kaupsýslumannafélaginu. Og þar sem kaupsýslumannafélagið hafði neitað samningsaðild Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga verður að telja, að það félag hafi haft heimild til vinnustöðvunar, þegar samningsaðild þess var neitað, án þess að koma fram með ákveðnar kaup- og kjarakröfur. Verður því fyrsta málsástæða stefnanda ekki tekin til greina.

Um 2. Eftir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur skal atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sáttasemjara vera leynileg. Dómnum hafa ekki borizt nein gögn frá sáttasemjara um úrslit atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu í deilu þeirri, sem hér skiptir máli, og ber því þegar af þeirri ástæðu að hrinda þessari málsástæðu stefnanda.

Um 3. Þó að Vélstjórafélag Vestmannaeyja hafi verið bundið samningi við stefnda, verður því að teljast heimilt, eins og á stóð, að hefja samúðarverkfall, þar sem ekki var um að ræða breyting á kjörum eða samningum félagsins sjálfs, heldur til styrktar öðru félagi. Vöruhús Vestmannaeyja h/f er í Félagi Kaupsýslumanna. Samkvæmt símskeyti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 16. þ. m., er Einar Sigurðsson, sem óvéfengt er, að sé einkaeigandi Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, einn eigandi að öllum hlutabréfum í H/f Vöruhúsi Vestmannaeyja samkvæmt tilkynningu hans til firmaskrár Vestmannaeyja hinn 16. maí 1936. Hér fyrir dómi hefur því verið haldið fram, en ósannað, að Vöruhús Vestmannaeyja sé hlutafélag, en samkomulag er um það, að Einar Sigurðsson og kona hans eigi 80% af hlutafé þess. Eftir því sem málið horfir við hér fyrir dómi verður að telja, að nægilegt samband sé á milli Vöruhúss Vestmannaeyja, sem er félagi í kaupsýslumannafélaginu, og Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, til þess að umdeilt samúðarverkfall hjá stefnanda verði talið réttmætt.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Einn dómenda, Sigurjón Jónsson, vill taka til greina dóm-

kröfu stefnanda og gerir grein fyrir sérstöðu sinni í ágreiningsatkvæði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Jónssonar.

Tel samúðarverkfallið hjá vélstjórafélaginu ólöglegt af þessum ástæðum:

a. Einar Sigurðsson, sem er einkaeigandi að hraðfrystihúsinu, er ekki meðlimur í Félagi kaupsýslumanna, sem verkfallið beinist gegn.

b. Það hefur ekki komið fram, að Einar Sigurðsson sé í stjórn nokkurs þess fyrirtækis, sem er í Félagi kaupsýslumanna.

c. Einar Sigurðsson hefur því ekki nokkur bein áhrif á vinnudeilu þá, sem samúðarverkfallið er sprottið af.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Framangreint samúðarverkfall Vélstjórafélags Vestmannaeyja er ólöglegt.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 29. september 1945.

Nr. 4/1945. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings um áhættuþóknun sjómanna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19. þ. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að

1. gr. samnings milli aðilja máls þessa, frá 5. sept. 1942, gildi óbreytt áfram þann tíma, sem samningurinn sé í gildi og að hún sé rétt skilin svo, að áhættuþóknun háseta og kyndara, 80 krónur á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, skuli greiða jafnt fyrir dvöl í erlendum höfnum, og meðan skipin eru á siglingu frá höfn á Íslandi til erlendrar hafnar, þ. e. að millilandasigling verði talin allur tíminn frá því skip lætur úr höfn á Íslandi og þar til það kemur aftur til hafnar hér á landi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að skaðlausu, eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 29. apríl 1941 gerði Sjómannafélag Reykjavíkur ásamt öðrum stéttarfélögum farmanna samning við Eimskipafélag Íslands h/f og önnur skipaútgerðarfélög um stríðstryggingu og stríðsáhættuþóknun. Er 1. gr. hans svo hljóðandi:

„Fyrir siglingar milli Íslands og annarra landa og dvöl skips í höfn í landi ófriðaraðilja eða hernumdum löndum, að Íslandi undanteknu, greiðist skipverjum áhættuþóknun, sem hér segir: Yfirmenn allir (þar með taldir loftskeytamenn) fá krónur 60.00 á dag. Aðrir skipverjar kr. 40.00 á dag."

Í 5. gr. samnings þessa eru hins vegar ákvæði um viðbótarþóknun til skipverja í strandsiglingum meðan ófriðarástand vari.

Sumarið 1942 gerði stefndi sérsamninga við áhafnir ýmissa skipa um áhættuþóknun, eftir að þær höfðu sett fram kröfu um sérstaka hækkun hennar, kaupuppbót þegar skipin væru hér við land og aukin hafnarfrí.

Þann 5. september 1942 var svo gerður viðbótarsamningur milli stefnanda máls þessa annars vegar og stefnda hins vegar, við fyrri samninga sömu aðilja. Er 1. gr. samnings þessa svo hljóðandi:

„Áhættuþóknun háseta og kyndara skal vera 80.00 — áttatíu — krónur á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, en 15.00 — fimmtán — krónur á dag í strandsiglingum. — Hjá Ríkisskip kr. 450.00 á mánuði."

Þá fjallar samningur þessi um kaup og kjör sjómanna. Í 9. gr. hans er tekið fram, að uppsagnarfrestur skuli vera 2 mánuðir miðað við lok samningstíma. 10. gr. kveður á um, að

samningurinn skuli felldur inn í meginmál þágildandi samnings milli aðilja og gildi sami uppsagnarfrestur fyrir þá. Loks er tekið fram, að nefndir sérsamningar við áhafnir skipanna séu fallnir úr gildi og „svo og 1. og 5. gr. samnings um stríðstryggingu og stríðsáhættuþóknun, dags. 29. apríl 1941".

Er ófriðarlok urðu í sumar neitaði stefndi að greiða hásetum áhættuþóknun fyrir dvöl í þeim erlendum höfnum, sem væru í löndum, sem ekki áttu lengur í ófriði eða leyst höfðu verið úr hernámi. Taldi hann sér aðeins skylt að greiða áhættuþóknun í siglingum milli landa, og fyrir dvöl skips í höfn í landi, sem ætti í ófriði, eða væri hernumið og félli slík greiðsluskylda því niður jafnskjótt og land ætti ekki lengur í ófriði. Stefnandi, sem ekki hefur viljað fallast á þennan skilning stefnda, höfðaði þá mál þetta og eru kröfur hans þær, sem að framan greinir.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að samkvæmt 1. gr. samningsins frá 5. september 1942 eigi áhættuþóknun að greiðast „í millilandasiglingum", en þetta hugtak taki tvímælalaust bæði yfir siglingu skips milli landa og dvöl þess í erlendri höfn. Með þessum samningi hafi 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941 beinlínis verið numin úr gildi og þar með niðurfallin sú greining milli dvalar í höfn í ófriðar- eða hernumdu landi og dvalar í hlutlausu landi, sem 1. gr. þess samnings geri ráð fyrir. Samkvæmt uppsagnarákvæði samningsins frá 5. september 1942 falli ákvæði samningsins, þar á meðal ákvæði 1. gr. hans um áhættuþóknunina þá fyrst úr gildi, er honum hafi verið sagt upp samkvæmt ákvæðum hans. Nú hafi honum verið sagt upp frá 1. næsta mánaðar og sé því stefndi bundinn skyldu um greiðslu á áhættuþóknun til þess tíma, er hann falli úr gildi fyrir uppsögn, og þá einnig í höfnum erlendis, hvort heldur sem landið var hlutlaust eða átti í ófriði.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því fyrst og fremst, að það hafi ekki verið ætlun samningsaðilja, þrátt fyrir orðalag 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942, að breyta efnisákvæðum 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941, að öðru leyti en því, að áhættuþóknunin skyldi hækka. Til stuðnings þessu hefur hann fært fram, að allt til þess tíma, er samið var í september 1942, hafi aldrei verið greidd áhættuþóknun fyrir dvöl í höfn í hlutlausu landi nema beinlínis hefði verið um það samið, svo sem um Holland og Belgíu á sínum tíma. Ekki hafi verið að slíku vikið í kröfubréfi áhafna skipanna, dags. 29. júní 1942, né

krafa um það gerð í sambandi við sérsamninga þá, er gerðir voru við áhafnir skipanna sumarið 1942. Og við samningsgerðina í september 1942 hafi ekki komið fram kröfur um þetta af sjómanna hálfu, og ekki á það minnst, er samið var þá. Einnig telur stefndi það sanna skilning sinn á umdeildu samningsákvæði, að eftir að samið var í september 1942 lét stefnandi fella samninginn frá 5. september inn í eldri samninga, svo sem ráð var fyrir gert, og prenta þá. Hafi þá í þessari útgáfu stefnanda verið haldið orðalagi 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941, þar sem talað er sérstaklega um dvöl í höfn í ófriðarlandi, en ekki tekið orðalag síðara samningsins um millilandasiglingar. Að þessari útgáfu hafi staðið starfsmaður stefnanda, sem þátt hafi tekið í samningum aðilja og því vitað vel, hvað um var samið í raun og veru. Stefndi hafi líka haustið 1942 fellt saman samninga við vélstjóra, stýrimenn og loftskeytamenn á skipunum, sem voru árangur samninganna frá 5. sept. 1942. Hafi í þeim verið um að ræða sams konar mismun á orðalagi og í samningunum við stefnanda, en í samfellingunni hafi verið haldið sama orðalagi og stefnandi gerði, án þess nokkurt samband væri þeirra á milli. Hafi ekki, hvorki fyrr né síðar, af hálfu farmannanna komið fram neinar athugasemdir við þessa framkvæmd, og texti samninganna þó eftir samfellinguna verið undirritaðir af einum manni frá hverju hinna nefndu félaga. Heldur stefndi því fram, að af þessu öllu sé ljóst, um hvað hafi í raun og veru verið samið, og að samningsaðiljar hafi ekki ætlazt til þess, að efnisbreyting yrði á ákvæðum 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941, þrátt fyrir annað orðalag. Telur stefndi, að það hefði þurft að taka það alveg skýlaust fram 5. september 1942, ef taka hefði átt upp greiðslu áhættuþóknunar fyrir dvöl í höfn í hlutlausu landi, en orðið „millilandasiglingar" þurfi ekki að merkja annað en sjálfa siglinguna milli landanna. Loks telur hann það ekki koma til mála, að áhættuþóknun sé greidd nema um áhættu sé að ræða.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum rökum stefnda. Kveður hann því hafa verið haldið fram við sáttanefnd þá, er kom á samningum 5. september 1942, að áhættuþóknunin skyldi miðast við allan tímann frá því skip legði úr íslenzkri höfn og þar til það kæmi heim á ný. Umrædd útgáfa hans á samningunum hafi orðið svo af vangá starfsmanns þess, er sá um hana, en geti ekki leitt til neinna breytinga frá því sem um

var samið með 1. gr. seamningsins frá 5. september 1942, enda felist í þeirri grein skýlaust ákvæði um það, að áhættuþóknun skuli einnig greidd fyrir dvöl í hlutlausu landi. Um hina aðra samninga, sem stefndi sá um samfellingu á, sé það að segja, að hún hafi ekkert gildi gagnvart sér, enda mótmæli menn þeir, sem rituðu undir hana, að þeir hafi með undirskrift sinni talið sig samþykkja, að standa skyldi óbreytt efni 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941 um áhættusvæðin. Viðkomandi félög hafi og neitað því, að þau væru bundin við undirskrift þessara manna. Þá beri og þess að gæta, að áhættuþóknunin sé ekki aðeins greiðsla fyrir áhættu, heldur felist einnig í henni kaupatriði, en hún eigi að sjálfsögðu að greiðast, meðan umræddur samningur sé í gildi.

Telja verður, að í orðum 1. gr. viðbótarsamningsins frá 5. september 1942 „í millilandasiglingum" felist það, að áhættuþóknun skuli greiða bæði þegar skip er í siglingu milli landa og þegar það dvelur í höfn erlendis, enda hefur greinin verið skilin og framkvæmd svo að því er ófriðarlönd snertir. En þá á þetta eftir orðalaginu einnig við um siglingar til landa, sem ekki eiga í ófriði, þar eð það tilvik er ekki sérstaklega undanskilið. Er orðalag greinarinnar að þessu leyti ósamrýmanlegt orðalagi 1. gr. áhættusamningsins frá 29. apríl 1941 og verða greinar þessar þannig ekki felldar saman. Eins og áður getur er svo mælt í 10. gr. samningsins frá 5. sept. 1942, að hann skuli felldur inn í meginmál gildandi samnings og beint tekið fram í 11. gr. hans, að 1. gr. samningsins frá 29. apríl 1941 sé úr gildi fallin og sömuleiðis 5. gr. sama samnings, sem fjallar um áhættuþóknun í strandsiglingum, en nú er samið um með 1. gr. fyrrnefnda samningsins. Af þessu þykir ljóst, að leggja verður til grundvallar réttarstöðu aðilja 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942. Kemur þá til athugunar sú fullyrðing stefnda, að það hafi verið ætlun samningsaðilja, að hin eldri skipun skyldi haldast um áhættusvæðin, þrátt fyrir breytt orðalag í síðastnefndum samningi. Staðhæfing stendur gegn staðhæfingu um það, hvaða kröfum hafi verið haldið fram við sjálfa samningsgerðina og sker nefnt bréf skipshafnanna frá 29. júní 1942 ekki úr um það. Ekki verður heldur talið, að áðurgreind prentun og útgáfa stefnanda í sambandi við samfellingu samninganna, geti breytt skýlausum og undirrituðum samningi aðiljanna, enda þótt maður sá, sem sá um útgáfuna, væri einn úr samninganefnd stefnanda, en samkvæmt vottorði hans, sem

ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestu, varð þetta af vangá hans. Sýnt er og, að samfelling þessi hefur verið óvandvirknisleg, því upp í hana er tekinn uppsagnarfrestur, sem óvéfengt er, að breytt var með samningnum frá 5. september 1942.

Samfelling stefnda á samningunum við vélstjórana og stýrimennina getur heldur ekki ráðið hér úrslitum. Verður þannig ekki talið, gegn eindreginni neitun stefnanda og skýlausu orðalagi 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942, að fram séu komnar nægar sannanir fyrir staðhæfingum stefnda um það, hvernig skilja beri umdeilt ákvæði.

Samkvæmt þessum úrslitum verður dæmt, að í 1. gr. samningsins frá 5. sept. 1942 beri að leggja þann skilning, sem stefnandi heldur fram og ber því að taka dómkröfur hans til greina.

Einn dómenda, Sigurjón Jónsson, getur ekki fallizt á þessa niðurstöðu og gerir grein fyrir sinni afstöðu í sératkvæði.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Samkvæmt 1. gr. framangreinds samnings, frá 5. sept. 1942, skal áhættuþóknun háseta og kyndara, 80 kr. á dag, þegar skipin eru í millilandasiglingum, greiðast jafnt, hvort heldur skipið er á siglingu milli landa eða dvelur í höfn erlendis.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Jónssonar.

Ég hefi ekki getað orðið meðdómsmönnum mínum sammála um dómsniðurstöðu þessa máls af þeim ástæðum, sem hér verða greindar:

Áhættuþóknun sú, sem um er deilt og um getur í 1. gr. samnings frá 5. september 1942, er stríðsáhættuþóknun. Er það hvort tveggja, að ekki verður annað ályktað, bæði af fyrri samningum um þessa þóknun, þar sem hún ávallt er nefnd stríðsáhættuþóknun, og eins af hinu, að ekkert hefur það komið fram undir rekstri málsins, er bendi til þess gagnstæða. Sækjandi málsins hefur að vísu á réttarskjali 2 haldið því fram, að í áhættuþóknuninni væri „innifalið kaupatriði“, eða að nokkuð af hinni umsömdu ákveðnu þóknun væri greiðsla fyrir unnin verk. Hins vegar er ekkert í samningnum frá 5. sept. 1942 né eldri samningum um þetta mál, sem styður þá skýringu stefnanda á áhættuþóknuninni.

Hin umdeilda þóknun verður því að skoðast sem stríðsáhættuþóknun eingöngu eða þóknun til skipverja vegna þeirrar hættu, sem af stríðinu leiddi, á lífi þeirra og limum í siglingum, hvort sem skipverjar voru á sjó eða í löndum stríðsaðilja.

Í umræddum samningi eru engin ákvæði um það, að áhættuþóknuninni beri að breyta eftir því, hve mikil eða lítil stríðshættan er í siglingunum,

enda þóknunin verið umyrðalaust greidd til þessa dags, þótt áhættan hafi geysi mikið þorrið frá því að samningurinn var gerður, ef aðeins um einhvern snefil af stríðsáhættu gat verið að ræða. Í þessu máli er um það deilt, hvort áhættuþóknunina skuli greiða eftir stríðslok í höfnum eða á landi þeirrar þjóðar, sem hefur lokið stríðinu við skilyrðislausa uppgjöf mótaðiljans. En í landi eða í höfnum þeirrar þjóðar, sem stríðinu hefur lokið með skilyrðislausri uppgjöf mótaðiljans, er enginn snefill af stríðsáhættu til, fremur en á algerlega normölum tímum.

Með öðrum orðum er hér um það deilt, hvort umrædd þóknun skuli greidd, þótt grundvöllurinn til samninganna — stríðsáhættan — sé algerlega horfinn.

Eiga skipverjar rétt til þóknunar fyrir áhættu, sem ekki er til snefill af, ber ekki að greiða umsamda þóknun til loka samningstímans, jafnvel þótt það, sem þóknunin er greidd fyrir, sé algerlega horfið, samanber það, að áhættan gat minnkað, án þess að þóknunin raskaðist við það. Á þessu tvennu virðist, að greinarmun verði að gera. Áhættan gat verið meiri eða minni, og sýndi sig einnig í reyndinni að vera mjög mismunandi, en um eina stríðsáhættuþóknun varð að semja, hins vegar er og var fundamentalt atriði við samninginn, að einhver stríðsáhætta væri til. Þess vegna heitir þóknunin áhættuþóknun, og ef greiða bæri þóknunina jafnt, þótt áhættan væri ekki til staðar, þá yrði að nefna hana einhverju öðru nafni en áhættuþóknun.

Áhættuþóknun virðist því eiga að falla niður af sjálfu sér, þegar grundvöllurinn undir samningnum, þegar áhættan, sem þóknunin er greidd fyrir, er algerlega horfin. Þótt samningurinn frá 5. sept. 1942 greini ekkert um þetta, þá virðist mér samt, að þessi ályktun sé sú rétta í þessu efni. Ég tel einnig, að stuðning sé að finna við þessa skoðun mína á réttarskjölum nr. 13, 14, 15 og 16. Alveg sérstaklega verður að líta svo á, að réttarskjal 13, bæklingur Sjómannafélags Reykjavíkur, sem gefinn er út þegar eftir samningsgerðina 5. sept. 1942, styðji þessa skoðun. Bæklingur þessi er gefinn út af einum þeim aðilja — Sig. Ólafssyni —, sem undirritaði f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur margnefndan samning frá 5. sept. 1942. Þar segir í 1. gr., að áhættuþóknunina skuli greiða fyrir dvöl í höfn í landi ófriðaraðilja, en óbeint er með því sagt, að áhættuþóknunin falli af sjálfu sér niður fyrir dvöl í höfn og í landi þess aðilja, sem lokið hefur ófriði og í engum ófriði á lengur, eða þar sem enginn minnsta stríðsáhætta er framar til.

Af þeim ástæðum, er hér hafa verið greindar, tel ég rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en hins vegar mundi ég hafa lagt til, að málskostnaður félli niður, þótt þessi hefði orðið niðurstaða dómsins.

Mitt dómsorð í þessu máli er því á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda. Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 25. maí 1946.

Nr. 1/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f (Eggert Claessen hrl.).

Varadómendur Ragnar Jónsson cand. jur. og Sigtryggur Klemenzson fulltrúi í stað Gunnlaugs E. Briems og Hákonar Guðmundssonar.

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að 11. gr. í samningi gerðum hinn 23. nóv. 1945 um kaup og kjör háseta og 10. gr. í samningi gerðum samtímis um kaup og kjör kyndara, — báðir samningarnir gerðir milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands h/f hins vegar — séu rétt skildar þannig, að einungis beri að telja þá sunnudaga, sem skip liggur í heimahöfn, með frídögum samkvæmt greinunum, en enga aðra helgidaga með frídögum, og ekki heldur þá helgidaga, sem taldir eru í niðurlagi 2. gr. samninganna.

2. Að hinu stefnda félagi verði dæmt skylt að greiða hásetum og kyndurum eftirvinnukaup samkvæmt 2. gr. samninga aðiljanna fyrir þá daga í mánuði hverjum, er vanta kynni upp

á 4 frídaga, eða fyrir alla 4 dagana, ef skipverjar þessir fá enga frídaga í mánuðinum, eins og 10. og 11. gr. samninganna gerir ráð fyrir, að þeir skuli fá.

3. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Í 11. gr. hásetasamningsins segir svo:

„Hásetar skulu fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annarri heimahöfn og enn fremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálfs dags frí tvisvar á mánuði eða einn dag heilan á mánuði. Séu óviðráðanlegar ástæður, er hamli því, að unnt sé að veita þetta frí, ber að greiða það samkvæmt ákvörðun 2. gr.“

10. gr. kyndarasamningsins geymir samhljóða ákvæði varðandi kyndarana.

Stefnandi rökstyður kröfu sína með því, að sjómönnum beri réttur til að fá frí á helgidögum, svo sem öðrum mönnum, og sé ekki unnt að veita þeim það, beri þeim bætur fyrir. Telur hann, að samningarnir séu gerðir út frá þessu sjónarmiði, og sé farmönnum með þeim tryggður réttur til 4 mánaðarlegra frídaga meðan skip liggur í heimahöfn eða í Hafnarfirði, og eigi þeir að svara til sunnudaga mánaðarins. Hins vegar taki ákvæði samningsins ekki til annarra helgidaga, svo sem bænadaganna, né heldur til annarra hátíðisdaga, svo sem 17. júní eða 1. maí. Beri farmönnunum því réttur til að fá frí á þeim dögum, eða verði því ekki við komið, þá réttur til eftirvinnukaups.

Í 56. gr. sjómannalaga nr. 41 1930 er gengið út frá, að skipverjar séu bundnir við skip sitt á sunnudögum og öðrum lögteknum helgidögum, en bann lagt við því að setja þá til vinnu við þau störf, er fresta má. Í flutningi máls þessa hafa ekki verið leiddar fram, gegn mótmælum stefnda, sannanir fyrir því, að venjur hafi myndazt um frekari fritíma farmanna á lögboðnum helgidögum, en sjómannalögin greina. Verður því ekki talið, að farmönnum beri frekara frí en samningarnir taka til samkvæmt orðalagi sínu, eða allt að 4 daga samtals á

mann á mánuði, ef skilyrði þau, er samningarnir taka fram, eru fyrir hendi.

Varðandi 2. kröfulið sinn heldur stefnandi því fram, að farmenn eigi samkvæmt samningunum skilyrðislausan rétt á 4 frídögum á mánuði, eða yfirvinnukaupi, verði því ekki við komið, að þeir fái notið frídaganna að fullu. Heldur stefnandi því fram, að frídagana eigi þeir undantekningarlaust, hvort sem skip dvelur í heimahöfn svo lengi að unnt sé að veita þeim frídaga, svo sem í samningunum greinir, eða ekki.

Í 3. mgr. umræddra samningsgreina er talað um ástæður, „er hamli því, að unnt sé að veita þetta frí". Telja verður þessi orð vísa til 1. mgr. samningsgreinanna, og verði þargreind skilyrði að vera fyrir hendi, ef greiða skal yfirvinnukaup samkvæmt 2. gr. samninganna, það er að segja, að skip hafi legið í heimahöfn eða í Hafnarfirði það lengi, að því hafi orðið við komið að veita hina umræddu frídaga, en samt ekki verið gert. Ber farmönnum ekki yfirvinnukaup yfir lengri tíma en svo.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 2/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar (Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson cand. jur. í stað Hákonar Guðmundssonar.

Úrskurður.

Áður en dómur gengur í máli þessu í félagsdómi, þykir rétt að fresta málinu samkvæmt 69. gr. laga nr. 80 frá 1938, sbr.

120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og veita aðiljum kost á því að afla skýrslna fyrir dómi um eftirgreind atriði, og önnur þau atriði, er málið varða og efni kunna að standa til:

1. Aðiljar skulu inntir eftir tildrögum og undirbúningi kaup- og kjarasamnings þess, sem í málinu greinir. Sérstaklega skulu menn þeir, er önnuðuzt samningsgerðina, um það spurðir, hvort borið hafi á góma, hvernig skilja bæri ákvæði 2. málsgr. 8. gr. samningsins, og ef svo var, hvað um þetta var rætt. Skal einkum lögð áherzla á að fá það fram, hvort aðiljarnir hafi verið sammála um það, að með „stéttarfélögum almennt" í greindu samningsákvæði væri eingöngu átt við stéttarfélög í Vestmannaeyjum.

2. Þá skulu aðiljar spurðir um það, hvernig áritunin frá 22. febrúar 1944 á samninginn sé til komin. Skulu aðiljarnir einkum inntir eftir því, hvort þeir hafi gert með sér sérstakt samkomulag um kauphækkun þá, er þar greinir, eða hækkunin hafi gengið í gildi sjálfkrafa með stoð í ákvæði 2. málsgr. 8. gr. samningsins og að undangenginni samsvarandi kauphækkun hjá stéttarfélögum í Vestmannaeyjum.

Því úrskurðast:

Aðiljum skal gerður þess kostur að láta í té framangreindar skýrslur.

Mánudaginn 3. marz 1947.

Nr. 1/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um lögmæti uppsagnar kjarasamnings og eftirfarandi verkfalls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Eru dómkröfur stefnanda þær, *aðallega* að dæmt verði, að kjarasamningur milli Verkamannafélags Akureyrar og Óla Konráðssonar frá 21. des. 1944 hafi fallið úr gildi með samningi aðilja máls þessa frá 26. júní f. á. og sé því uppsögn stefnda á fyrrnefndum samningi, er fram fór 30. ágúst f. á., markleysa, *en til vara* að dæmt verði, að nefnd uppsögn hafi verið ólögmæt.

En hvor þessara krafna, sem til greina yrði tekin, þá krefst stefnandi þess enn fremur, að dómurinn kveði svo á, að netaverkamönnum á Akureyri beri beint samkvæmt samningi málsaðilja frá 26. júní 1946, eða venju, grunnkaup samkvæmt 1. lið 1. mgr. 5. gr. nefnds samnings, og að krafa stefnds verkamannafélags um grunnkaupshækkun netaverkamanna, í kr. 2.80 pr. klst., hafi verið ólögmæt, og enn fremur, *að* verkfall verklýðsfélagsins hjá netaverkstæðaeigendum á Akureyri, er stóð yfir frá 24. okt. til 4. nóv. f. á., hafi verið ólögmætt.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Þann 21. desember 1944 gerði Óli Konráðsson netagerðarmaður á Akureyri, sem var félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, og hafði verið það a. m. k. frá 10. júní 1944, samning við Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar um kaup og kjör þess fólks, er hjá honum vinnur við neta- og nótavinnu. Samningur þessi er í 5 liðum. Í fyrsta lið er kveðið á um kauphæð. Í öðrum lið er sagt, hvaða kaup skuli goldið um síldveiðitímann. Þriðji liður segir, að útborgun vinnulauna skuli fara fram mánaðarlega. Fjórði liður kveður á um uppsagnarfrest. Skal hann vera einn mánuður, nema fyrstu þrjá mánuði byrjanda, þá er hann vika. Fimmti liður hljóðar svo: „Að öðru leyti skal farið eftir samningum Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, gerðum við atvinnurekendur í júlí 1944.“ Loks er ákveðið, að samningur þessi skuli gilda frá 1. okt. 1944.

Kaup það, sem um var samið með samningi þessum, var kr. 1.60—2.20 á klst., miðað við lengd starfstíma við þess konar vinnu, en þeir, sem stundað höfðu nótarvinnu í tvö ár, þ. e. þriggja mánaða vinnu tvö sumur, skyldu fá kr. 2.50 um klst. Var það sama kaup og grunnkaup verkamanna á Akureyri í almennri dagvinnu samkvæmt samningum verklýðsfélagsins við atvinnurekendur frá því í júlí 1944. Haustið 1945 fengu verkamenn hjá Óla því framgengt, án þess að gerður væri um það sérstakur skriflegur samningur, eða verkamannafélagið hlutaðist sérstaklega til um það, svo vitað sé, að kaup þeirra allra yrði jafnhátt og goldið var í almennri verkamannavinnu, þ. e. kr. 2.50 um klst., og stóð svo til júníloka s.l. ár, er kaup í almennri dagvinnu hækkaði í kr. 2.65, samkvæmt samningnum frá 26. júní s.l. Frá þeim tíma og til 3. nóv. f. á., er samið var á ný, svo sem síðar verður lýst, kveðst Óli hafa, samkvæmt kröfu verkafólks síns, greitt kr. 2.65 á klst. En ekkert hefur komið fram um það í málinu, né því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að horfið hafi verið frá öðrum ákvæðum samningsins frá 21. des. 1944.

Sigfús Baldvinsson, sem einnig rekur nú nótavinnustofu á

Akureyri og er einnig félagi í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, lét hefja vinnu við netabætingar 2. jan. 1946. Greiddi hann starfsfólki sínu kaup samkvæmt „gildandi almennum verkalýðstaxta Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar þar til 3. nóv. s.l.“, eins og segir í skýrslu hans, þ. e., að því er virðist, kr. 2.50 á klst., þar til í júlímánuði 1946, en kr. 2.65 frá þeim tíma til 3. nóv. s.l. Þó kveðst hann hafa greitt nokkrum mönnum, sem ekki töldust fullgildir í þessari grein (lærlingar), kaup samkvæmt samningi Óla Konráðssonar, frá 21. des. 1944 til 1. júlí 1946, en frá þeim tíma hafi einnig þeir krafizt og fengið kaup samkvæmt samningi þeim, er þá gekk í gildi. Er af þessu ljóst, að Sigfús hefur þekkt samninginn við Óla og farið eftir honum að þessu leyti hálft árið 1946, en hins vegar hefur ekki komið fram, að hann hafi bundizt honum skriflega né gert annan slíkan samning við verkamannafélagið.

Hinn 26. júní 1946 er gerður kjarasamningur milli Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar annars vegar og Vinnuveitendafélags Akureyrar o. fl. hins vegar. Kom hann í stað áðurnefnds samnings frá því í júlí 1944 milli sömu aðilja. Samkvæmt 5. gr. hans er kaup í almennri dagvinnu kr. 2.65, en kr. 2.80 eða kr. 2.90 á klst. í ýmis konar sérstaklega tiltekinni vinnu.

Þann 30. ágúst s.l. sagði verkamannafélagið upp samningnum við Óla Konráðsson frá 21. des. 1944, frá 30. sept. s. á. að telja. Var uppsögn þessari beint til Óla og honum sent uppkast að nýjum samningi og þess óskað, að viðræður hæfust, en hann taldi sig þá, að sögn stefnda, ekki samningsaðilja um þessi mál, þar sem hann væri félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar. Eftir nokkrar árangurslausar viðræður, að því er virðist við forráðamenn vinnuveitendafélagsins, tilkynnti verklýðsfélagið vinnuveitendafélaginu með bréfi, dags. 9. okt. f. á., að verkfall mundi hefjast hjá atvinnurekendum í neta- og nótavinnu frá og með 16. okt. f. á., ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir þann tíma um nefnda vinnu. Verkfalli þessu mótmælti vinnuveitendafélagið sem ólögmætu, þar sem samið hefði verið um kaup fyrir þessa vinnu með samningnum frá 26. júní f. á. Samkomulag varð ekki um þetta milli aðilja, og hófst verkfall í umræddri vinnu, er stóð frá 24. okt. til 4. nóv. f. á. Lauk því með samningi deiluaðilja, dags. 3. nóv. f. á., en með honum er samið allýtarlega um kaup

og kjör fólks, sem starfar að því að búa til og bæta síldarnætur. Í 4. gr. þess samnings er kveðið svo á, að það skuli fara eftir því, hver úrslit verði hér fyrir dómi á ágreiningi samningsaðilja um skilning á vinnusamningnum frá 26. júní f. á., hvort kaup verkafólks verði kr. 2.65 eða kr. 2.80 á klst. Skipta því úrslit máls þessa, þegar af þeirri ástæðu, máli fyrir málsaðilja.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að með nefndum samningi frá 26. júní 1946 hafi samningurinn við Óla Konráðsson verið þegjandi úr gildi felldur. Styður hann þá staðhæfingu sína þeim rökum, að með því að krefjast almenns verkamannakaups þegar haustið 1945 og fara síðan eftir kaupi í almennri verkamannavinnu, hafi netavinnufólkið sjálfkrafa fallið undir hin almennu ákvæði í samningum málsaðilja um kaup í almennri dagvinnu. Sé það nú samkvæmt 1. lið 1. mgr. 5. gr. nefnds samnings kr. 2.65 á klst., en aðrir liðir greinarinnar komi hér ekki til álita, því í þeim sé tæmandi upptalning á þeirri vinnu, sem skuli goldin hærra kaupi, og sé netavinna ekki talin þar með. Vinnuveitendur hafi því mátt gera ráð fyrir, að engir sérsamningar væru í gildi, né ættu að gilda, um vinnu þessa. Krafa stefnda, um annað og hærra kaup netavinnufólkinu til handa og nýja samninga vegna þess, hafi því brotið í bága við síðastnefndan samning og verið ólögmæt. Þá heldur stefnandi því fram og byggir varakröfu sína á því, að þó ekki yrði litið svo á, að samningurinn við Óla hefði fallið niður af sjálfu sér með samningnum frá 26. júní f. á., þá hafi honum ekki verið löglega sagt upp. Samningurinn geymi sjálfur engin uppsagnarákvæði og eigi því við hann uppsagnarákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Hefði því orðið að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við 1. október. Þetta hafi ekki verið gert, og sé því uppsögn hans 30. ágúst f. á., miðað við 30. sept. s. á., og eftirfarandi verkfall, hvorttveggja andstætt lögum og ógilt.

Stefndi hefur í fyrsta lagi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að Vinnuveitendafélag Akureyrar sé ekki bært til fyrirsvars eða málshöfðunar út af deilu um gildi samnings þess, er Óli gerði, og komi hún því félagi ekki við.

Svo sem að framan er greint, liggur fyrir yfirlýsing stefnda um það, að Óli hafi, er samningnum við hann frá 21. des. 1944 var sagt upp og leitað var nýrra samninga af hálfu verkamannafélagsins, ekki talið sig réttan samningsaðilja um

mál þessi og vísað til félags sins. Enn fremur hefur af hálfu stefnanda verið lögð fram í málinu skýrsla Óla um framkvæmd oftnefnds samnings, og ekkert hefur komið fram, er bendi til umboðsskorts af hálfu stefnanda, til þess að fara með mál þetta, að því er varðar þau atriði, er snerta kunna Óla sérstaklega. Að þessu athuguðu, þar sem hér er um kjarasamning að ræða, og með tilvísun til 45. gr. laga nr. 80/1938, verður þessi málsástæða, sem leiða ætti til frávísunar að þessu leyti vegna umboðsskorts, ef á réttum rökum væri byggð, ekki tekin til greina.

Að því er snertir aðalkröfu stefnanda, heldur stefndi því fram sér til sýknu, að ekki komi til mála, að samið hafi verið um kaup netavinnufólksins með samningi málsaðilja frá 26. júní f. á. Þegar samið hafi verið við Óla 21. des. 1944 hafi þetta starf verið orðið sérgrein, og því ekki getað talizt til almennrar verkamannavinnu, enda margt af fólki því, er að því vann, kunnáttufólk í starfinu. Telur hann, að ekki skipti máli í þessu sambandi, þó netavinnufólkið hafi um nokkurt skeið, eða frá því haustið 1945, fengið sömu laun og goldin voru þá á Akureyri í almennri dagvinnu. Kaup í síðast talinni vinnu hafi ekki hækkað neitt á tímabilinu frá 1. júlí 1944 til júlí 1946, og því ekki annað gerzt á þessu tímabili en það, að netavinnufólkið hafi fengið kjarabætur, en verklýðsfélagið ekki á nokkurn hátt fallizt á, að horfið yrði frá því, að samið væri um þessa vinnu sérstaklega. Loks hafi netavinnufólkið orðið að krefjast þess sérstaklega að fá kr. 2.65 á klst., eftir að samningurinn frá 26. júní f. á. tók gildi, en þess hefði það ekki þurft, ef atvinnurekendur hefðu þá verið þeirrar skoðunar, að samið hefði verið um netavinnukaupið með þeim samningi.

Varakröfunni mótmælir stefndi á þeim grundvelli, að uppsögn hans 30. ágúst f. á. hafi í alla staði verið lögmæt. Í fyrsta lagi hafi sú venja verið komin á gagnvart Óla að breyta ákvæðum samningsins án nokkurs uppsagnarfrests, og hefði því verið hægt að segja honum upp án nokkurs frests. Í öðru lagi hafi mánaðar uppsagnarfrestur verið nægilegur, bæði með tilliti til uppsagnarákvæða samnings þess frá júlí 1944, sem samningurinn við Óla vísar til, og einnig hafi það verið og sé venja á Akureyri að segja kjarasamningum upp með mánaðar fyrirvara, en uppsögnina telur hann réttilega miðaða við 1. október, þar sem samningurinn gildir frá þeim degi. Af

þessu leiði og, að verkfall stefnda síðast liðið haust hafi verið löglegt.

Eins og að framan er greint var Óli Konráðsson orðinn félagi í Vinnuveitendafélagi Akureyrar þegar hann í des. 1944 gerði samninginn við verkamannafélagið. Má af því marka, að á þeim tíma hafi ekki verið litið svo á, að samið hafi verið um kaup fyrir netavinnu með kjarasamningi þeim, sem gekk í gildi í júlí 1944, og netavinna þannig ekki fallið undir hugtakið „almenn dagvinna" í þeim samningi, enda var umsamið kaup fyrir netavinnu að ýmsu leyti nokkru lægra samkvæmt samningnum við Óla haustið 1944. Og þó grunnkaup í netavinnu hækkaði svo á samningstímabilinu, að það yrði að lokum almennt það sama og kaup í almennri dagvinnu, var ekki gefið, að verkamannafélagið tapaði þar með þeirri aðstöðu, sem það hafði náð að semja sérstaklega um netavinnukaupið.

Ekkert hefur komið fram um það í máli þessu, að vikið hafi verið frá ákvæðum samnings þess, er gerður var við Óla Konráðsson, að undanskildum 1. lið hans um kaupið almennt, svo sem að framan er greint. Hins vegar er það komið fram, að Sigfús Baldvinsson, sem einnig er félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, hefur svo síðla sem á árinu 1946 farið a. m. k. að nokkru eftir honum, og það einmitt eftir þeim kaupákvæðum 1. liðs, sem Óli hafði gengizt inn á að greiða hærra kaup samkvæmt, en umsamið var. En þessir tveir menn eru taldir vera einu atvinnurekendurnir í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, sem reka netavinnustofur.

Þegar virt eru þau atriði, sem hér hafa verið rakin, verður ekki talið, að Vinnuveitendafélag Akureyrar hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla, er það samdi við Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar 26. júlí f. á., að kaup fyrir netavinnu skyldi felast í hinum almennu kaupákvæðum þess samnings, án þess að um það væri samið sérstaklega. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Kemur þá til athugunar varakrafa stefnanda um það, að uppsögnin hafi ekki verið framkvæmd á lögmætan hátt.

Í samningnum frá 21. des. 1944 er ekki getið um neinn uppsagnarfrest, en í V.-lið hans er tekið fram, svo sem áður hefur verið rakið, að samningur verkamannafélagsins við atvinnurekendur frá því í júlí 1944 skuli að öðru leyti, þ. e. að því leyti, sem ekki sé samið um sérstaklega í samningnum frá 21. des. 1944, eiga við um viðskipti aðiljanna. Nú er svo

um samið í nefndum samningum, að uppsagnarfrestur skuli vera einn mánuður miðað við 1. júlí eða 31. des., en þeir samningar tóku gildi 1. júlí 1944 og skyldu gilda til 31. des. s. á. Samkvæmt þessu verður að telja, að samið hafi verið um mánaðaruppsagnarfrest á samningnum frá 21. des. 1944, og þar sem upphaf samningstíma er þar tiltekið, 1. október, er rétt að miða við þann dag. Var uppsögn stefnda 30. ágúst f. á. því lögmæt.

Samkvæmt framangreindu þarf ekki að taka aðrar dómkröfur stefnanda til athugunar og verða úrslit málsins þau, að stefndi verður algerlega sýknaður af öllum kröfum hans í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1947.

Nr. 2/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómur:

Mál þetta hefur Alþýðusamband Íslands höfðað f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja með stefnu, dags. 26. apríl f. á., gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar, allra í Vestmannaeyjum.

Hinn 11. júní f. á. var málið flutt munnlega hér fyrir dómi

og með úrskurði félagsdóms 14. s. m. var aðiljum gefinn kostur á að láta í té ýmsar upplýsingar. Verulegur dráttur varð á skýrslugjöf þessari af hendi beggja málsaðilja, og er málið því ekki dæmt fyrr en nú.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. september 1942 var gerður kjarasamningur milli vélstjórafélagsins og framangreindra vinnuveitenda í Vestmannaeyjum. Er 8. gr. samnings þessa svo hljóðandi:

„Samningurinn gildir frá 1. september 1942 til 31. desember 1943. Sé honum ekki sagt upp í nóvembermánuði framlengist hann um eitt ár í senn. Verði grunnkaupsbreytingar hjá öðrum stéttarfélögum almennt skal samningur þessi endurskoðast samkvæmt því."

Í febrúarmánuði 1944 hækkaði kaup hjá félagsmönnum í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, samkvæmt samningi þess félags við Vinnuveitendafélag Íslands. Verklýðsfélag Vestmannaeyja hafði samið svo um við atvinnurekendur í Vestmannaeyjum með samningi, dags. 7. sept. 1942, að ef kaup breyttist hjá verkamannafélaginu Dagsbrún skyldi kaup í Vestmannaeyjum breytast í samræmi við það. Af þessum sökum leiddi kauphækkun Dagsbrúnar í febrúar 1944 til sömu hækkunar í Vestmannaeyjum, hjá félagsmönnum verklýðsfélagsins þar. Frá sama tíma hækkaði einnig kaup vélstjóranna frá því, sem um var samið með samningnum frá 1. sept. 1942, og að því er virðist um sama hundraðshluta og hjá verklýðsfélaginu. Ætla verður, að hækkunin hjá vélstjórunum hafi orðið án kröfu frá forráðamönnum félags þeirra, og er svo að sjá, að vinnuveitendur hafi ótilkvaddir tekið að greiða hærra kaup. Að minnsta kosti var kaupbreyting þessi hvorki staðfest skriflega af samningsaðiljum né rædd munnlega, en forráðamenn vélstjórafélagsins rituðu á samninginn frá 1. sept. 1942, að með vísun til 8. gr. þess samnings, væri kaupið svo sem þar segir og tekur upp þær tölur, sem greitt var eftir frá 22. febr. 1944. Geta má þess, að frá sama tíma og framangreindar kaupbreytingar áttu sér stað, hækkuðu atvinnurekendur þeir, sem að vélstjórasamningnum stóðu, einnig kaup verkakvenna í verkakvennafélaginu Snót, og hefur því ómótmælt verið haldið fram af þeirra hálfu, að engin ákvæði um endurskoðun eða kaupbreytingu hafi verið í samningum þeirra við verkakvennafélagið, þó kaup breyttist hjá öðrum félögum á samningstímabilinu.

Hinn 1. marz 1946 hækkaði kaup félagsmanna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík í almennri vinnu. Nam sú hækkun 8%, að því er talið er. Varð þá samsvarandi hækkun hjá Verklýðsfélagi Vestmannaeyja og verkakvennafélaginu þar. Vélstjórarnir vildu þá fá sömu hækkun og byggðu þann rétt sinn á ákvæðum síðasta málsliðs 8. gr. samningsins frá 1. sept. 1942, að ef grunnkaupsbreytingar yrðu hjá öðrum stéttarfélögum almennt skyldi samningurinn endurskoðast samkvæmt því. Atvinnurekendur synjuðu þeim þessarar hækkunar og þar sem samkomulag náðist ekki, skaut vélstjórafélagið ágreiningi þessum hér fyrir dóm.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að dæmt verði, að stefndu sé samkvæmt 8. gr. framangreinds samnings málsaðilja frá 1. september 1942 skylt að greiða félagsmönnum í Vélstjórafélagi Vestmannaeyja 8% grunnkaupshækkun frá og með 1. marz 1946, á það kaup, sem þá var goldið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í framangreindu ákvæði 8. gr. samningsins frá 1. sept. 1942, þ. e. síðasta málslið greinarinnar, felist tvímælalaus og óskoruð skylda, til þess að breyta kaupákvæðum hans í samræmi við þær breytingar, er verði á kaupi hjá öðrum stéttarfélögum í Vestmannaeyjum. Nú hafi almennar kaupbreytingar orðið þar tvisvar. Fyrst í febrúar 1944 og síðar 1. marz 1946. Sé því í bæði skiptin fullnægt ákvæðum nefndrar 8. gr. Hlutaðeigandi vinnuveitendur hafi og með framkomu sinni í febrúar 1944, er þeir hækkuðu kaup vélstjóranna í samræmi við kauphækkanir hjá hinum verklýðsfélögunum, sýnt í verki, að skilningur stefnanda á umræddu ákvæði sé réttur, þó þeir nú telji skyldu sína samkvæmt ákvæði þessu ekki svo víðtæka, sem stefnandi heldur fram.

Stefndu byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að umrædd ákvæði oftnefndrar 8. gr. feli ekki í sér óskoraða skyldu til þess, að kaupákvæði samningsins skuli breytast sjálfkrafa, þótt kaupbreytingar verði hjá öðrum verklýðsfélögum. Ákvæðið geri aðeins ráð fyrir heimild til þess að taka samninginn til endurskoðunar að þessu leyti, og sé í

raun og veru aðeins rýmkun á uppsagnarákvæðum greinarinnar, sem hefði getað leitt til uppsagnar á kaupákvæðum samningsins, þó samningstími væri ekki liðinn. Telja þeir, að ef binda hefði átt kaupbreytingar við ákvarðanir annarra en samningsaðiljanna, hefði slíkt þurft að vera sett fram á þann hátt, að ekki yrði um villst, að sú hefði verið ætlun aðiljanna. Mótmæla stefndu því, að kauphækkunin 1944 hafi verið byggð á þessu samningsákvæði, heldur hafi vinnuveitendur aðeins, er þeir þá hækkuðu kaupið, farið eftir því, sem þá hafi mátt teljast sanngjarnt, og án þess að nokkur krafa kæmi fram um það frá vélstjórunum. Jafnframt benda þeir á, að þeir hafi þá einnig hækkað kaupið hjá félögum verkakvennafélagsins Snótar, þó ekkert ákvæði væri í samningi þeirra við það félag um endurskoðun eða breytingu á kaupi, þó kaupbreytingar yrðu hjá öðrum félögum á samningstímabilinu.

Skýrslum þeirra manna, sem stóðu að samningsgerðinni 1. sept. 1942 og settu umdeilt ákvæði í hann, ber ekki saman um það, hversu víðtæk skylda til hækkunar eða lækkunar kaups skyldi í því felast. Hafa því ekki fengizt svo skýrar skýrslur um yfirlýsingar aðiljanna þá, að á þeim verði byggt.

Eins og að framan greinir er hið umdeilda ákvæði á þá leið, að *„verði grunnkaupsbreytingar hjá öðrum stéttarfélögum almennt skal samningur þessi endurskoðast samkvæmt því“*. Dómurinn lítur svo á, að gegn mótmælum annars samningsaðiljans verði þetta orðalag ekki talið nægilega ótvírætt til þess, að hægt sé að byggja á því sjálfstæðan rétt til hækkunar eða lækkunar á kaupi um tiltekna upphæð eða hundraðshluta. Verður að telja, að nota hefði þurft ákveðnara orðalag, ef það var ætlun aðilja að semja sig skilorðslaust undir ákvarðanir þriðja aðilja um hæð kaupsins. Og þó atvinnurekendur hækkuðu sjálfkrafa kaupið í febrúar 1944 verður það, eins og á stóð, ekki talin næg sönnun þess, að skilja beri umrætt ákvæði á þann hátt, er stefnandi heldur fram.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að vélstjórarnir áttu ekki sjálfstæðan samningslegan rétt til 8% hækkunar á kaupi sínu frá 1. marz 1946, og ber því þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefndu til greina. Er þá ekki þörf að ræða aðrar málsástæður þeirra.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. júní 1947.

Nr. 3/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands** (Eggert Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um lögmæti samúðarverkfalls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar með stefnu dags. 10. þ. m.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 30. maí s. l. boðaði verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík Vinnuveitendafélagi Íslands, að það mundi hefja verkfall frá og með 7. þ. m., og með bréfi, dags. 4. þ. m., sem barst stefnanda 6. s. m., tilkynnti verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði honum eftirfarandi samþykkt trúnaðarmannaráðs félagsins:

„Fundur haldinn í trúnaðarmannaráði V.m.f. Hlíf miðvikudaginn 4. júní 1947, samþykkir verkbann á allar vörur eða flutningatæki, sem V.m.f. Dagsbrún í Reykjavík lýsir í bann frá og með 7. júní.

Enn fremur samþykkir fundurinn samúðarvinnustöðvun frá og með 14. júní 1947 eftir því, sem tilefni gefst til hjá eftirtöldum aðiljum: H/f Eimskipafélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavíkurbæ, Vinnuveitendafélagi Íslands.“

Stefnandi telur, að „verkbann“ það, sem umræðir í fyrri hluta samþykktarinnar sé raunverulega samúðarverkfall með nefndu verkfalli Dagsbrúnar, er hófst 7. þ. m. Nú hafi verkamannafélagið Hlíf tilkynnt það án nokkurs fyrirvara og

þannig brotið gegn ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938. Þá heldur stefnandi því og fram, að sá galli sé á síðari lið nefndrar samþykktar, að ekki komi nægilega ljóst fram, með hvaða verkfalli sú samúðarvinnustöðvun sé gerð, sem þar er boðuð. Verði því að meta hana ógilda með öllu. Eru dómkröfur stefnanda í málinu þær, að verkbannsboðun sú, er umræðir í fyrra lið samþykktarinnar, verði metin ólögmæt og stefndur dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot á 16. gr. laga nr. 80 1938. Þá krefst hann þess, að boðun sú um samúðarverkfall, er felst í síðari lið samþykktarinnar, verði dæmd ógild að öllu leyti. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi á því, að afgreiðslubann það, er umræðir í fyrra lið samþykktar trúnaðarmannaráðsins, lúti ekki ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Auk þess sé samþykktin í fullu samræmi við 18. gr. nefndra laga, þar sem afgreiðslubannið hafi átt að takmarkast við þær tegundir vinnu, sem Dagsbrúnarmenn framkvæmi venjulega í Reykjavík, og miði að því að hindra, að slík vinna verði flutt frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hafi tilkynning um afgreiðslubannið því í raun og veru verið óþörf.

Þá telur stefndi, að ljóst sé af samþykkt trúnaðarmannaráðsins, að samúðarverkfall það, sem boðað er í síðari lið hennar, sé til stuðnings verkfalli Dagsbrúnar, er hófst 7. þ. m., og komi ekki til mála, að tilkynningin um samúðarverkfallið verði metin ógild.

Af því, sem fram er komið við munnlegan flutning málsins, verður að byggja á því, að stefndi hafi ekki ætlazt til þess, að „verkbann“ það, er hann boðaði stefnanda 4. þ. m., væri víðtækara en svo, að það næði aðeins til þeirrar vinnu, sem félagsmenn í Dagsbrún vinna venjulega. Stefnandi hefur og lýst yfir því, að hann hafi ekki lagt víðtækari merkingu í „verkbannið“. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkbannstilkynning Hlífar gangi lengra en 18. gr. laga nr. 80/1938 heimilar, og var hún því nægilega boðuð. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda að þessu leyti.

Enda þótt ekki sé tekið fram berum orðum í síðari lið oftnefndrar trúnaðarmannaráðssamþykktar, að samúðarvinnustöðvun Hlífar sé til stuðnings verkfalli verkamannafélagsins

Dagsbrúnar, þá verður að telja, að stefnanda hafi, af samhengi síðara liðs samþykktarinnar við þann fyrri, mátt vera nægilega ljóst, að sú var tilætlunin. Ber því einnig að sýkna stefnda af kröfu stefnanda að því er þetta málsatriði snertir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júní 1947.

Nr. 4/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Síldarverksmiðja ríkisins** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þróttar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Einar Arnalds borgardómari í stað Ísleifs Árnasonar prófessors.

Úrskurður:[1])

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Síldarverksmiðja ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði með stefnu útgefinni 20. f. m. Gerir stefnandi þessar dómkröfur:

að viðurkennt verði, að lögmæt sé atkvæðagreiðsla sú, er sáttasemjari lét fram fara um miðlunartillögu sína, dags. 5. júní s. l., meðal félagsmanna í verkamannafélaginu Þrótti á Siglufirði dagana 6. og 7. júní 1947,

að viðurkennt verði, að samþykkt félagsmanna verkamannafélagsins Þróttar við téða atkvæðagreiðslu annars vegar og samþykkt stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins hins vegar hafi skapað bindandi samning milli aðilja um kaup og kjör félagsmanna téðs verkamannafélags við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði,

---

1) **Mál þetta var hafið 7. júlí 1947.**

að stjórn verkamannafélagsins Þróttar verði dæmd til að undirrita með stjórn Síldarverksmiðja ríkisins samning í samræmi við þetta, að viðlögðum sektum til stefnanda, kr. 1000.00, eða annarri upphæð eftir mati dómsins, fyrir hvern dag, er líður frá löglegri birtingu dóms í málinu, unz undirskrift samnings fer fram af hálfu stjórnar nefnds verkamannafélags,

að verkfall verkamannafélagsins Þróttar hjá síldarverksmiðjunum á Siglufirði verði dæmt ólöglegt,

að stefndi verði dæmdur bótaskyldur til Síldarverksmiðja ríkisins fyrir allt það tjón, er þær kunna að bíða af hinu ólöglega verkfalli,

að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu lögum samkvæmt fyrir mótþróa sinn gegn fyrirmælum sáttasemjara um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu hans frá 5. júní s.l., fyrir ólöglegan áróður í sambandi við atkvæðagreiðsluna 6. og 7. s. m. um greinda miðlunartillögu, fyrir synjun sína á að undirrita samning í samræmi við hina samþykktu miðlunartillögu og fyrir hið ólögmæta verkfall hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var þingfest 23. þ. m. og fékk þá umboðsmaður stefnda frest til 28. s. m. til þess að rita greinargerð í málinu. Í þinghaldi þann dag kom fram greinargerð af hálfu stefnda og fengu þá umboðsmenn aðilja frest til gagnasöfnunar til dagsins í dag. Voru í dag lögð fram ýmis gögn af hálfu beggja aðilja, jafnframt því að vitnaleiðsla fór fram. Umboðsmaður stefnanda taldi gagnasöfnun lokið af sinni hálfu, en umboðsmaður stefnda óskaði eftir viku fresti til gagnasöfnunar og bar fram þær ástæður, að hann þyrfti að láta endurrita þingskjöl þau, er hann lagði fram í dag, og útvega félagaskrá eða kjörskrá verkamannafélagsins Þróttar og enn fremur vottorð og fleiri gögn.

Umboðsmaður stefnanda taldi stefnda þegar hafa haft nægan frest til að koma að gögnum í málinu og mótmælti öllum frekari fresti í þessu skyni.

Var atriðið síðar tekið til úrskurðar.

Við þingfestingu málsins skoraði umboðsmaður stefnanda

á stefnda að leggja fram félagatal Þróttar eða kjörskrá félagsins, ef hann véfengdi, að þeir, sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu héraðssáttasemjara 6. og 7. þ. m., væru löglegir félagar í verkamannafélaginu Þrótti. Jafnframt beindi dómurinn þeim tilmælum til umboðsmanns stefnda, að hann hlutaðizt til um, að lagt yrði fram í málinu framangreint félagatal eða kjörskrá. Þessi tilmæli ítrekaði umboðsmaður stefnanda og dómurinn í þinghaldi árdegis 28. þ. m. Telja verður, að stefnda hafi gefizt nægur tími til þess að leggja fram félagatal sitt eða kjörskrá. Verður frekari frestur því ekki veittur í þessu skyni. Stefndi hefur ekki gert næga grein fyrir því, hvaða annarra gagna hann hyggst að afla, og verða honum því ekki veittir frekari frestir til gagnaöflunar, enda hlutast dómurinn sjálfur til um endurritun þeirra skjala, er umboðsmaður stefnda lagði fram í dag.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er ekki veittur.

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 3/1946. **Vélstjórafélag Íslands** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi um rétt vélstjóra til kaupuppbótar, ef vélstjórar eru færri á skipi en lögmælt er.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 20. sept. f. á. af Vélstjórafélagi Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 9. nóvember 1945 fór varðskipið Ægir til Kaupmannahafnar til viðgerðar. Kom skipið þangað 17. sama mánaðar. Var það til viðgerðar þar næstu mánuði. Frá Kaupmannahöfn fór það 18. apríl 1946 og kom til Reykjavíkur 24. s. m. Er skipið sigldi frá Reykjavík 9. nóv. 1945, voru ekki nema 3 vélstjórar á því, en miðað við vélarstærð þess áttu þeir, samkvæmt þágildandi lögum og samningum vélstjórafélagsins við stefnda, að vera fjórir.

Í 4. mgr. 4. gr. kjarasamnings þess, dags. 21. des. 1945, sem

í gildi var milli málsaðilja meðan skipið var í viðgerð, einnig á tímabilinu frá 9. nóv. til 21. des. 1945 að því er Ægir varðaði, sbr. 11. gr. samningsins, segir svo:

„Komi það fyrir af einhverjum *óviðráðanlegum ástæðum*, að á skipi séu færri vélstjórar eða vélaraðstoðarmenn, *en ákveðið er í lögum* um vélgæzlu á íslenzkum skipum frá 23. júní 1936 og í 5. gr. samnings þessa, eða að aðstoðarmenn eru skráðir sem vélstjórar, þá skal hið fasta mánaðarkaup, sem sparast við þetta, skiptast á milli vélstjóranna eftir mati 1. vélstjóra. Ekki má þó, hvernig sem á stendur, stöðva skipið, þótt ekki sé hægt að fá 4. vélstjóra eða aðstoðarmann."

Með skírskotun til þessa samningsákvæðis töldu vélstjórar þeir, er með skipinu fóru umrædda för og dvöldu við það allan tímann meðan viðgerð fór fram, að þeir ættu að fá í sinn hlut hið fasta mánaðarkaup 4. vélstjóra. Þessu neitaði stefndi. Taldi hann vélstjórana aðeins eiga rétt til kaups 4. vélstjóra meðan á ferð skips stóð milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar og heim aftur. Er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta, og eru dómkröfur hans þær, að viðurkennt verði, að hið fasta mánaðarkaup 4. vélstjóra á v/s Ægi, eigi á tímabilinu frá 9. nóv. 1945 til 24. apríl 1946, er skipið var á ferð milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar og í viðgerð þar, að skiptast milli hinna vélstjóranna þriggja, er þá voru á Ægi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að nefnd ákvæði 4. mgr. 4. gr. kjarasamnings málsaðilja, sem staðið hafi í samningum vélstjórafélagsins við skipafélögin árum saman, hafi alla tíð verið framkvæmd og skilin svo, bæði af stefnda og öðrum skipafélögum hér, að vélstjórum hvers skips væri, ef færri voru á skipi en lögmælt er og samið var um, greitt hið fasta kaup hins vantandi vélstjóra, og það jafnt, hvort heldur skipið væri í siglingum eða í höfn, til dvalar eða viðgerðar um skamman eða langan tíma. Telur hann, að samkvæmt orðalagi nefndrar málsgreinar sé ljóst, að vélstjórarnir þrír á Ægi hafi nefnt tímabil átt rétt til kaups 4. vélstjóra, fyrst þeir hafi allan tímann verið lögskráðir á skipið. Ákvæði greinarinnar eigi jafnt við um það, þó skipi sé lagt upp, meðan einhverjir vélstjórar séu á það skráðir. Kveður stefnandi það ekki eiga að hafa áhrif á rétt vélstjóranna til kaups, þó viðgerð v/s Ægis

læki þetta langan tíma í umrætt skipti. Þeir hafi allan tímann, meðan hún stóð yfir, unnið að eftirliti og ýmsum störfum vegna vélarinnar, en meginþáttur viðgerðarinnar var viðgerð á henni. Störf þeirra hafi því sízt orðið minni, þó skipið lægi í höfn, heldur en þó það hefði verið í siglingum.

Stefndi hefur viðurkennt, að vélstjórarnir á Ægi umræddan tíma hafi átt rétt á að fá til skipta sín á milli hið fasta kaup 4. vélstjóra, meðan ferð skipsins stóð yfir, þ. e. 9.—17. nóv. 1945 og 18.—24. apríl 1946, þar sem skipið hefði þá verið á siglingu. Hins vegar hefur hann algerlega neitað rétti þeirra til kaups 4. vélstjóra þann tíma, sem viðgerð stóð yfir. Telur hann, að 4. mgr. 4. gr. framannefnds samnings nái aðeins til þeirra tilvika, að lögskylt sé að hafa vissa tölu vélstjóra á skipum, en hún sé því aðeins lögbundin, að skipið sé í siglingum. Ef skipi sé hins vegar, eins og hér hafi staðið á, lagt upp til viðgerðar, sé útgerðinni frjálst, hversu marga vélstjóra hún hafi og henni þá jafnframt óskylt að skipta kaupi vantandi vélstjóra milli þeirra, sem þá kunni að vera við skipið. Jafnframt kveður hann það hafa verið samkomulag milli sín og vélstjóranna, þegar Ægir fór umrædda för, að vélstjórum skyldi fækkað, og fækkunin því ekki stafað af óviðráðanlegum orsökum. Þá mótmælir hann því, að það sé venja, að vélstjórar fái kaup vantandi vélstjóra, þegar skip séu til viðgerðar, og sé hann ekki bundinn neinni venju um slíkt.

Með því að ágreiningslaust var við munnlegan flutning málsins, að þeir þrír vélstjórar, sem voru á Ægi umrædda för, ættu rétt til kaups 4. vélstjóra daga þá, sem skipið var á ferð til og frá Kaupmannahöfn, að komu og burtfarardögum meðtöldum, ber að viðurkenna rétt vélstjóranna þriggja til kaups 4. vélstjóra þá daga alla.

Ekki verður talið, að skylt sé samkvæmt lögum nr. 104 frá 23. júní 1936, eða síðari lögum um vélgæzlu á íslenzkum skipum, að hafa tiltekna lágmarkstölu vélstjóra á skipi, sem ekki er í siglingu, en hefur verið lagt upp eða tekið í þurrkví til viðgerðar. Skylda stefnda til slíks verður ekki heldur grundvölluð á orðalagi 4. mgr. 4. gr. nefnds kjarasamnings frá 21. des. 1945. Af þessu leiðir, að réttur þeirra þriggja vélstjóra, sem fóru með Ægi umrædda för, til kaups hins vantandi vélstjóra, verður ekki reistur á orðalagi nefnds samningsákvæðis.

Af gögnum málsins verður ekki talið sannað, að það sé viðtekin venja, að vélstjórar þeir, sem á skipi eru, er svo stendur

á, að vélstjóra er þar vant samkvæmt lögum réttum og samningum, fái kaup hins vantandi vélstjóra, hvernig sem á stendur. Og í flutningi málsins hefur ekki verið bent á fordæmi hjá stefnda, sem sé fullkomlega hliðstætt því tilviki, er hér átti sér stað, er varðskipið fór gagngert til útlanda til viðgerðar, sem óvíst var, hversu lengi mundi standa yfir. En upp er komið í málinu, að vélstjórum var kunnugt um tilgang fararinnar og var um það talað af hálfu stefnda við 1. vélstjóra og samþykkt af honum, að vélstjórar yrðu aðeins þrír í för þessari.

Verður því ekki talið, að réttur framangreindra vélstjóra til kaups 4. vélstjóra, meðan viðgerð Ægis stóð yfir, verði byggður á venju. Með skírskotun til framanritaðs verða úrslit málsins þau, að aðeins ber að taka til greina kröfur stefnanda að því er varðar framangreinda daga, er varðskipið Ægir var á ferð til og frá Kaupmannahöfn, en hins vegar ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda varðandi tímabilið 18. nóv. 1945 til 17. apríl 1946 að báðum dögum meðtöldum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Vélstjórar þeir, sem fóru með varðskipinu Ægi í ferð þess til Kaupmannahafnar 9.—17. nóv. 1945 og voru á því, á ferð þess til Reykjavíkur 18.—24. apríl 1946, ber réttur til kaups 4. vélstjóra á nefndu skipi framannefnda daga, að öllum meðtöldum.

Að öðru leyti skal stefndi, Skipaútgerð ríkisins, vera sýkn af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.